# Gjörðabók sýslunefndar

# í Skagafjarðarsýslu

byrjuð 12. júní 1884

enduð 1893

Þjóðskjalasafn Íslands
REYKJAVÍK

Ár 1884 fimtudaginn 12. dag júnímánaðar átti sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu fund með sjer á Sauðárkrók. Fundinum stýrði í umboði oddvita sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu fulltrúi hans Ólafur Briem. Á fundinum mættu sýslunefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar nema Akrahrepp

Til meðferðar voru tekin þessi mál.

1. Amtsráðskosning.

Á fundinum voru framlögð 2 brjef amtsráðsins yfir Norður- og Austuramtinu viðvíkjandi kosningu í amtsráðið, annað af 27. desember f. á. og hitt af 18. apríl þ. á., ásamt kjörskrá yfir alla kjörgenga menn í amtinu. Síðan var gengið til kosningar, og hlutu þá eptir nokkrar umræður 11 samhljóða atkvæði: Benedikt Blöndal í Hvammi í Húnavatnssýslu og Páll Vigfússon á Hallormsstað í Múlasýslu.

## 2. Búnaðarskóli.

Á næstliðnum sýslunefndarfundi kom til umræðu, að nauðsynlegt væri að fulltrúafundur viðvíkjandi tilhögun á búnaðarskólanum á Hólum yrði haldinn á yfirstandandi vori, eins og næstliðið vor hefði átt sjer stað, og voru í því skyni kosnir 2 menn af sýslunefndinni nefnil. sýslumaður E. Briem og sýslunefndarmaður Árni Ásgrímsson á Kálfstöðum, og vænti fundurinn að hinar sýslurnar myndu gjöra slíkt hið sama. Þessi fulltrúafundur framfór að Hólum þann 28. til 30. maí. Á fundinum mættu: úr Húnavatnssýslu, Erlendur Pálmason í Tungunesi og fyrir hönd sýslumanns, er var forfallaður, Pjetur Pjetursson búfræðingur á Gunnsteinsstöðum. Úr Skagafjarðarsýslu, Árni Ásgrímsson á Kálfstöðum og vegna sýslumanns, sem ekki gat mætt vegna veikinda, Magnús Jónsson á Fjalli.



Úr Eyjafjarðarsýslu mætti enginn. Gjörðir fundar þessa voru framlagðar og samþykktar í einu hljóði. Í skólastjórnina voru kosnir: sem aðalmaður Magnús Jónsson á Fjalli og sem varamaður Jónas Jónsson í Hróarsdal.

Fundurinn samþykkti að fela oddvita á hendur að sækja um 3000 króna styrk til skólans af fje því, er í fjárlögunum væri veitt til eflingar búnaði fyrir yfirstandandi ár, og ennfremur um 400 króna styrk úr búnaðarsjóði amtsins.

Síðan var samþykkt að hlutdeild Skagafjarðarsýslu fyrir árið 1884 af þeim 20000 króna styrk, sem með fjárlögunum er veitt til eflingar búnaði, verði lagt til búnaðarskólans eins og að undanförnu bæði til verkfærakaupa og styrktar námssveinanna.

Einnig var framlagt yfirlit yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum fyrir árið 1883–84

Viðvíkjandi kirkjunni á Hólum, var samþykkt að panta nú í sumar járnglugga og zinkþak ásamt ýmsu fleiru, er þarf til viðgjörðar henni að utan. Til þess að fá útborgaðan þann hluta kirkjusjóðsins, sem jörðin Nautabú stendur í veði fyrir, var samþykkt að sú jörð yrði seld.

### 3. Sýsluvegir.

Með því það hafði komið til orða, að sýsluvegurinn frá Víðimýrarbrúarenda ofan fyrir Húseyjarkvísl yrði færður út og ofan að Kirkjuvaði, vóru í því skyni skipaðir 4 menn af sýslumanni til að skoða vegbreytingu þessa og segja álit sitt um hana, og var álitsgjörð þeirra framlögð. En með því að sýslunefndin sá sjer ekki fært vegna ókunnugleika, að samþykkja eða breyta áliti þessara manna, þá kaus fundurinn 4 menn úr sínum flokki, til þess að gjöra nýtt álit um vegbreyt-



ingu þessa, og skal álitsgjörð þeirra leggjast fyrir næsta sýslufund, sem leggur þá endilegan úrskurð á málið. Sýslunefndarmenn þeir, sem kosnir vóru, eru Björn Pjetursson á Hofsstöðum, Jónas Jónsson á Hróarsdal, Jóhann Pjetursson á Brúnastöðum og Sveinn Sölvason á Skarði.

### 4. Jarðabótastyrkur

Á fundinum var framlagt brjef amtsráðsins dags. 26. janúar þ. á. viðvíkjandi beiðni Magnúsar Árnasonar á Utanverðunesi um jarðabótastyrk og leggur amtsráðið það til, þar sem það hafi ekki fje fyrir hendi, að beiðandinn snúi sjer til sýslunefndarinnar í því skyni, en með því sýslunefndin hefir ekki heldur fje fyrir hendi, en viðurkenndi þar á mót, að maðurinn væri verðugur fyrir styrk, þá samþykkti fundurinn að mæla fram með Magnúsi við umráðendur jarðarinnar, að þeir vildu veita honum linun í eptirgjaldi.

### 5. Fiskiveiðar.

Ennfremur var framlagt brjef frá amtmanninum yfir Norður og Austuramtinu dags. 27 maí þ.á. viðvíkjandi fiskiveiðum í landhelgi við Ísland. En með því að fundurinn sá sjer eigi fært að segja nú þegar álit sitt í því efni, kaus hann 3 menn til þess að yfirvega mál þetta og segja álit sitt um það nefnil. Einar Guðmundsson á Hraunum og sýslunefndarmennina Svein Sveinsson á Haganesi og Konráð Jónsson í Miðhúsum.

### 6. Gjafastyrkur.

Samkvæmt beiðni frá oddvita sýslunefndarinnar, hefir landshöfðingi með brjefi af 2. febrúar þ.á. veitt Skagafjarðarsýslu 1000 krónur af hinum útlendu gjafasamskotum, og hefir þeim verið varið til kornkaupa sem þegar er útbýtt af sýslumanni samkvæmt framlagðri skýrslu, er sýslunefnd nú samþykkir.



### 7. Hallærislán.

Eptir tillögum sýslunefndarinnar, hefir landshöfðingi veitt Skagafjarðarsýslu 1000 kr. hallærislán, sem eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda er skipt milli Lýtingsstaða og Hóla hreppa, 500 kr. til hvors. En aptur á móti hafa Skefilstaða og Hofs hreppar afsalað sjer láni því, er þeir höfðu askt eptir.

### 8. Brúarmál

Á fundinum var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld brúarsjóðsins 1877–1880, og sömuleiðis um tekjur og gjöld sjóðsins 1881–83, með áteiknun yfirskoðanda og voru reikningarnir samþykktir. Í annan stað er ákveðið að lagður verði pallur úr borðum á brúna á Gönguskarðsá og var sýslunefndarmanni Sveini Sölvasyni á Skarði falið á hendur að hafa umsjón yfir því.

Fundi slitið.

Í umboði sýslumanns
Ólafur Briem
Björn Pjetursson
Jóh. P. Pjetursson
Magnús Jónsson
Sv. Sölvason
G. Jónsson
Jónas Jónsson á
Árni Ásgrímsson
S. Sveinsson
S. Jónsson
Á. Jónsson
E. Gottskálksson

mjer sýnd 28/8 84
J. Havsteen
amtm.

Ár 1885 hinn 28. dag janúarmánaðar var á Sauðárkrók haldinn aðalársfundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar.

Á fundinum voru tekin til meðferðar þessi mál.

## 1. Sýslureikningar.

Reikningar um tekjur og gjöld sýslunnar 1884, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins



og um þurfamannaflutning, voru framlagðir með fylgiskjölum og yfirlitum af nefndarmönnum. Sýslunefndarmaðurinn í Hofshreppi tók það fram, að í verkfærraskýrslunni frá Hólshreppi og ýmsum öðrum hreppum sýslunnar mundu ef til vill fleiri vera taldir óverkfærir en rjett væri, og benti á, að til þess að sýslunefndin gæti haft nógu nákvæmt eptirlit með þessu, væri nauðsynlegt, að í þessum skýrslum væru taldir allir karlmenn frá 20 til 60 ára, og að því leyti sem einhverjir á þessum aldri væru ekki verkfærir, þá komi skýrslunum með sjer ástæðurnar til þess. Var þetta samþykkt af sýslunefndinni, og oddvita falið að brýna þetta fyrir hlutaðeigandi hreppstjórum. Eptir að nefndarmenn höfðu kynnt sjer reikningana, án þess að neitt annað væri að þeim fundið, voru þeir afhentir endurskoðanda Agli Gottskálkssyni, og verða síðan sendir amtsráðinu, en ágrip af þeim hefur verið sent til allra hreppsnefnda í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar

Þá voru framlagðir sveitarsjóðsreikningar hreppanna í sýslunni 1883–84 með fylgiskjölum og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar Jónssonar til Lýtingsstaðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig reikningar hreppsvegasjóðanna og kláfanna á Jökulsá, ennfremur endurrit af fundargjörðum hreppsnefnda 1884, áætlanir um tekjur og gjöld sveitarsjóða og skrár um niðurjöfnun aukaútsvara 1884–85. Eptir að þessi skjöl höfðu verið yfirfarin, án þess að nefndarmenn fyndu ástæðu til að gjöra við þau sjerstaklega athugasemdir, bar oddviti upp þá tillögu, að þareð sýslunefndin ætti að endurskoða framannefnda reikninga, en því yrði naumast við komið, að nefndin í heild sinni rannsakaði þá til hlítar á fundinum, þá væri maður kosinn til þess í hennar umboði að endurskoða þá. Var þessi uppástunga samþykkt, og endurskoðun reikninganna í þetta sinn falin Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum.



## 3. Kláfdráttur

Framlagt var brjef oddvitans í Lýtingsstaðahrepp, dagsett 23. þ. m., þar sem hann skýrir frá, að óumflýjanlegt sje að gjöra talsvert við kláfdráttinn á Hjeraðsvötnunum undan Flatatungu á næsta sumri, og sje kostnaðurinn við hina nauðsynlegu viðgerð áætlaður minnst 100 kr., og fer hann þess á leit, að uppí þennan kostnað verði 70–80 kr. veittar úr vegasjóði sýslunnar. Í þessu skyni var samþykkt að veita 50 kr. úr sýsluvegasjóði, móti því að hreppsnefndirnar í Lýtingsstaða- og Akrahreppum legðu jafna upphæð til þeirrar viðgerðar. Í annan stað var oddvita falið að skora á hlutaðeigandi hreppsnefndir að koma sjer saman um hækkun kláftollsins, svo að kláfdrátturinn gæti eptirleiðis staðist kostnað þann, er leiðir af nauðsynlegum endurbótum, án þess að þurfa styrk úr vegasjóði sýslunnar.

## 4a. Útsvarsmál

Sýslunefndinni hafa borist kærur um útsvör haustið 1884 frá þessum mönnum:

1. frá Jóni Jónssyni á Reynistað í Staðarhrepp borin upp á hreppsnefndarfundi 10. nóvember f. á.
2. frá Ingibjörgu Sveinsdóttur á Glæsibæ í Staðarhrepp borin upp á sama fundi.

Áður en þessum kærumálum yrði ráðið til lykta, áleit sýslunefndin nauðsynlegt að hjáaukanefnd til að segja um álit sitt um þau. Til þessa starfa voru kosnir 3 af nefndarmönnum, Egill Gottskálksson á Skarðsá, Sveinn Pálsson á Skarði og Konráð Jónsson í Miðhúsum, og þeim jafnframt falið að láta uppi þarðlútandi álit sitt, áður en þessum fundi verður slitið.

## 5. Almenningshagur

Oddviti brýndi fyrir nefndarmönnum að hafa vakandi auga á því, að hreppsbúar þeirra líði ekki sára neyð fyrir bjargarskort, og ef



hlutaðeigandi sveitarstjórnir sjái sjer ekki fært að bæta úr vandræðum þeim, er þaraf kunna að leiða þá beri þær sig í tækan tíma upp við yfirvöldin til að fá styrk af opinberu fje, annaðhvort af hinum erlendu gjafasamskotum eða sem hallærislán úr landssjóði. Nefndarmenn álitu, að nú sem stendur væri ekki brýn nauðsyn til að bera sig upp í þessu efni, en sjerstaklega tók nefndarmaðurinn í Holtshrepp það fram, að ef sjávarafli bryggðist á næsta vori, væri allt útlit fyrir, að það sveitarfjelag gæti ekki af eigin rammleik borið þá byrði, er slíkur atvinnubrestur hlyti að hafa í för með sjer. Var það því afráðið, að fresta þaraðlútandi ráðgjörðum til næsta fundar.

## 6. Yfirsetukvennamál

Samkvæmt beiðni yfirsetukvennanna í Holtshrepp, Fells og Hofs sóknum, Viðvíkur og Rípur hreppum og Hóla og Miklabæjar sóknum, Karólínu Jónsdóttur, Hólmfríðar Jónatansdóttur, Þorbjargar Arna-

dóttur og Margrjetar Þórarinsdóttur, vill sýslunefndin mæla með því, að þeim konum verði af amtmanni veitt lausn frá störfum sínum. Í þessum umdæmum hafa þær Margrjet Grímsdóttir á Minnireykjum, Guðfinna Jónsdóttir á Höfða og Þorbjörg ~~J~~ Árnadóttir á Hofi hinn 21. júlí og 15. nóvbr. f.á. og 5. jan. þ.á., með ráði hlutaðeigandi hjeraðslæknis, verið settar til bráðabirgða til að gegna yfirsetukvennastörfum, og eru þessar ráðstafanir samþykktar af nefndinni. Í annan stað vill sýslunefndin mæla með því, að þessar yfirsetukonur verði skipaðar:

1. í Holtshreppi áðurnefnd Margrjet Grímsdóttir, þá er hún hefur lokið lögmæltu prófi í yfirsetufræði
2. í Fells og Hofs sóknum Margrjet Jónsdóttir frá Syðribrekkum.
3. í Viðvíkur og Rípur hreppum Pálína Björnsdóttir á Hofstöðum
4. í Hóla og Miklabæjar sóknum Guðrún Guðmundsdóttir frá Saurbæ.



Þvínæst voru framlögð 3 amtsbrjef dagsett 17. septbr., 3. nóvbr. og 16. desbr. f.á., er brýna fyrir sýslunefndinni að hafa nákvæmt eptirlit með því, að yfirsetukonur þær, er fá lausn frá störfum sínum, skili af sjer verkfærum umdæmanna, svo að þau geti orðið að notum handa yfirsetukonum þeim, er skipaðar verða í þeirra stað. Til þess að ljetta þetta eptirlit, var nefndarmönnum falið að hafa gjörsamlega gætur á því, að yfirsetukonur yfirgefi ekki sýslanir sínar, án þess að hafa fengið lausn, og skili af sjer verkfærunum, þegar þær verða leystar frá störfum sínum.

## 7. Brúarmál

Oddviti framlagði brjef amtsráðsins dags. 10. septbr. f.á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist að athuga við reikninga yfir tekjur og gjöld brúasjóðsins fyrir árin 1877–80 og 1881–83.

Ennfremur var framlögð álitsgjörð þeirra 3 manna, Bjarnar Pjeturssonar, Konráðs Jónssonar og Einars Guðmundssonar, er á síðasta aðalfundi voru kosnir til að skoða fyrir-

hingað brúarstæði á Grafará. Lýtur álit þeirra að því, að hið hagfelldasta brúarstæði sje milli klappanna fyrir sunnan og neðan Ártún, og mældist þeim, að sjálf brúarlengdin mundi verða 30 álnir. Í brjefi dags. 17. þ. m. hefur almennur fundur að Grafarósi skorað á sýslunefndina að gera gangskör að því, að koma upp brú á Grafará, er sökum vaðleysis, stórgrýtis og straumhörku sje eitt af hinum verstu vatnsföllum hjer í sýslu. Kostnaðurinn til téðrar brúargerðar er áætlaður 787 kr. Þetta fyrirtæki álítur sýslunefndin mjög þarflegt, og vill styrkja það með fjárframlögum, fyrst og fremst með upphæð brúarsjóðsins 334 kr. 29 a. og í öðru lagi með brúargjaldi sýslunnar, sem ákveðið er að jafna niður á næstkomandi vori; þannig að á Hofs, Hóla, Viðvíkur og Akrahreppa leggist 2½ e. af hverju jarðar og lausafjár hundraði, en á alla aðra hreppa sýslunnar leggist 2 a. af hverju hundraði.



Var oddvita falið á hendur að semja við kaupmann L. Popp um pöntun á efninu til brúargjörðarinnar og flutning viðsins hingað til landsins, en sýslunefndarmaðurinn í Hofshrepp tók að sjer að sjá um grjótakstur til brúarstöplanna.

## 8. Ferjumál

Ferjumaðurinn að vestanverðu við vesturós Hjeraðsvatnanna, Guðmundur Sigurðsson á Tjörn, hefur borið sig upp um það, að hann skorti fje til að kaupa ferjubát, og þurfi hann því, til þess að geta haldið lögferju á ósnum, að fá 40 til 50 kr. bráðabirgðalán til ferjukaupa, og hefur kaupmaður Pjetur Sigurðsson, sem eigandi og umráðamaður Sjávarborgar, lofað að ábyrgjast endurborgun lánsins innan 3 ára, ef framanlega sem hann fái það veitt úr sýsluvegasjóði. Til að spara vegasjóðnum útgjöld, býðst einn af nefndarmönnunum, Sveinn Sveinsson í Haganesi, að lána upphæðina með framangreindum skilyrðum, og er þetta tilboð þakksamlega þegið af hlutaðeiganda.

## 9. Bólusetning

Hjeraðslæknirinn í 16. læknishjeraði, er var

við staddur, skyldi sjá, að hann hefði komist að raun um, að bólusetning væri ekki alstaðar í svo góðu lagi, sem æskilegt væri, og skoraði á sýslunefndina að skerpa eptirlit það, sem henni er falið í 39. gr. sveitarstjórnarlaganna. Var nefndarmönnum falið að áminna hlutaðeigandi bólusetjara um, að rækja eptirleiðis vandlega skyldu sína í þessu efni, og ef misbrestur verður þar á, að sjá um, að hlutaðeigandi skýrslur komi fyrir næsta nefndarfund, svo að nefndin þá geti gert þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

Í annan stað fann sýslunefndin ástæðu til að brýna fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum, að hafa ávallt nægar birgðir af nýtilegu bóluefni.

Þareð dagur var kominn að kveldi, var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 29. janúar var fundinum fram haldið.

### 10. Þjóðjarðasala

Í brjefum dags. 20. þ. m. hafa ábúendur umboðsjarðanna Skíðastaða með Herjólfsstöðum og Hafragils í Skefilsstaðahreppi, Hjörtur



Hjálmarsson og Gunnar Gunnarsson, farið þess á leit, að fá keyptar ábýlisjarðir sínar. Eptir því sem vex áhugi landsmanna á jarðabótum, er ekkert eðlilegra, en að sjálfseignarbændur sýni af sjer mest framtak í þá stefnu. Fyrir því verður sýslunefndin að álíta, að landið í heild sinni hafi vinning við sölu þjóðjarða til leiguliða, og vill þessvegna mæla með því að nefndar jarðir verði seldar ábúendunum fyrir hæfilegt verð, en þareð nefndin hefur eigi við hendina nægilega upplýsingu um gæði jarðanna, sjer hún sjer eigi fært í þetta sinn að meta þær til verðs, og álítur því haganlegast, málinu til fyrirgreiðslu, að kjósa 3 manna nefnd til þess í umboði sýslunefndarinnar að meta þær, eptir að hún hefur fengið álitsgjörð hlutaðeigandi umboðsmanns um gæði þeirra. Til þessa starfa voru kosnir Oddviti sýslunefndarinnar, Sveinn Pálsson í Skarði og Sigurður Jónsson á Hvalnesi.

### 11. Markaskrárkostnaður

Framlagt var brjef Árna hreppstjóra Þor-

leifssonar á Ystamói dags. 12. júlí f. á.; þar sem hann fer þess á leit, að honum verði endurborgaðar 12 kr. er hann hefur lagt út fyrir sendiferð eptir markaskrá hreppsins. Þareð gjald það, er á sínum tíma var jafnað niður á markeigendur, gerði betur en að vinnast fyrir áföllnum kostnaði, og afganginum 25 kr. rann í sýslusjóðinn, er samþykkt að borga úr þeim sjóði ofantjeðar 12 kr.

12. Fjallvegir

Oddviti skýrði frá, að til fjallveganna hjer í sýslu hefði ekkert fje verið lagt fyrir næst liðið ár, og þessvegna þurfi þeir nú talsverðra endurbóta við, og í því skyni hefur oddviti í umboði nefndarinnar sótt um 1000 kr. tillag úr landssjóði, en þareð óvíst er, að hve miklu leyti þessi upphæð verður veitt, er oddvita falið að skipta því fje, sem fæst, til vegabóta á Siglufjarðarskarði, Heljardalsheiði, Öxnadalsheiði og Vatnsskarði, og jafnframt að sjá um, að því verði varið á haganlegasta hátt.

13. Sýsluvegir

Eptir framlögðum reikningi hefur 918 kr. 45 a.



verið varið til vegabóta á sýsluvegum og þar af á aðalpóstleiðinni í Akra og Seilu hreppum 249 kr., en af þeirri upphæð hefur amtsráðið veitt 170 kr. af því fje, sem þar til er ætlað í fjárlögunum.

Framlagt var brjef amtsráðsins dags. 11. sept. f. á., er bendir á, að þareð það heyri undir amtsráðið samkvæmt 4. gr. laga 15. okt. 1875 að ákveða, hverjir vegir skuli vera sýsluvegir, geti ákvörðun sýslunefndarinnar á síðasta aðalfundi um að veginum frá Karastaðaferju út á Sauðárkrók verði tekinn í sýsluvegatölu, eigi náð gildi, fyrri en hún nær staðfestingu amtsráðsins, og er því oddvita falið að leggja hana undir úrskurð ráðsins með meðmælum sínum.

Nefnd sú, er á fundi 12. júní f. á. var kosin til að segja álit sitt um færslu vegarins frá Víðimýri ofan fyrir Húseyjarkvísl, skýrði frá, að ýmsra orsaka vegna hefði hin fyrirhugaða skoðun enn eigi komist á, og sje henni frestað til næsta vors. Þar við hefur einn nefndarmanna Björn Pjetursson á Hofstöðum í brjefi dags. 10. nov.

þ. á: talið uppi álit sitt byggðarbúanda, og krafist 3 kr. fyrir ómak sitt við að skoða afstöðuna, en það álit hans eins út af fyrir sig getur eigi haft gildi, er með að kvaðaþjölda óhreinindið, að láta kostnaðarkröfu hans að svo stöddu falla niður.

Í bréfi dags. 21. þ. m. hefur Erlendur Pálmason í Tungunesi skýrt frá, að þareð hinn svonefndi Kambavegur milli Húnavatns og Skagafjarðar sýslna hafi ekki verið tekinn í sýsluvegatölu, hafi eigi að undanförnu verið lagt fje til hans úr vegasjóðum sýslnanna, en með því veginum sje mjög þjóðfarinn af lestamönnum til kaupstúnsins á Sauðárkrók, sje nauðsynlegt að endurbæta hann, og hefur því farið þess á leit fyrir hönd Húnvetninga, að sýslunefndin styrkji til þess með fjárframlagi. Jafnvel þó nefndin viðurkenni, að full þörf sje að endurbæta hinn umrædda veg, hljóta aðrar enn þá nauðsynlegri endurbætur á þeim vegum, sem þegar eru teknir í sýsluvegatölu, að sitja í fyrirrúmi, og treystist nefndin því eigi til að svo stöddu að veita fje til hans,



en felur oddvita að skora á hreppsnefndina í Staðar og Sauðárhreppum að leggja saman eitt með Húnvetningum að bæta veginn eptir föngum.

Frá hreppsnefndunum í Fells, Hofs, Akra, Staðar og Rípur hreppum hafa komið tillögur um vegabætur á næsta vori. Annars gáfu nefndarmenn skýringar um ástand veganna hver fyrir sinn hrepp. Og í bréfi dags. 26. þ. m. hefur Jón Stefánsson á Völlum farið þess á leit, að 100 kr. verði lagðar til framhalds veginum yfir landeign hans.

Með tilliti til þessara skýringa var samin

## Áætlun

um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins 1885.

| | | | Kr. a |
|---|---|---|---|
| | **Tekjur** | | |
| I | Sýsluvegagjald 1885 | | 950.00 |
| | **Gjöld** | | |
| I | Skuld við árslok 1884 | | 3.26 |
| II | Endurgjald 1500 kr láns úr viðlagasjóði | | |
| | a. ársleiga af 1000 kr | 40.00 | |
| | b. 6. afborgun lánsins | 100.00 | 140.00 |
| | Flyt | | 143.26 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 143.26 |
| III | Til kláfdráttar á Hjeraðsvötnunum | | 50.00 |
| IV | Sýsluvegagjaldsins 1885 | | |
| | 1. í Holts hrepp | 30.00 | |
| | 2. í Fells — | 200.00 | |
| | 3. í Hofs — | 70.00 | |
| | 4. í Hóla — | | |
| | 5. í Viðvíkur — | 40.00 | |
| | 6. í Akra — | 110.00 | |
| | 7. í Lýtingsstaða — | 40.00 | |
| | 8. í Seilu — | 70.00 | |
| | 9. í Staðar — | 70.00 | |
| | 10. í Sauðár — | 40.00 | |
| | 11. í Skefilsstaða — | 40.00 | |
| | 12. í Rípur — | 40.00 | 750.00 |
| V | Ýmisleg gjöld | | 6.74 |
| | | samtals | 950.00 |

Nefndarmenn tóku að sjer að sjá um vegabætur hver í sínum hrepp, og senda oddvita í tæka tíð nákvæmar reikningsskýrslur yfir tilkostnaðinn. En oddvita er falið að sækja um 200 kr. styrk til vegabóta á aðalpóstleiðinni í Akra og Seilu hreppum af því fje, sem þar til er veitt í fjárlögunum.



## 14 Póstmál

Fyrst var framlagt brjef frá ýmsum málsmetandi mönnum dags. í gær, er fara þess á leit, að póstafgreiðslan verði flutt frá Miklabæ að Víðimýri, en Miklibær aptur gerður að brjefhirðingarstað, af þeim ástæðum, að flestar innkomandi póstsendingar frá Reykjavík og útlöndum til sýslubúa vestan Hjeraðsvatna eptir hinu núverandi fyrirkomulagi gangi til póststöðvarinnar á Miklabæ, en þaðan fari enginn aukapóstur vestur yfir Vötn, svo að slíkar sendingar geti ekki komist til skila fyrr en um seinan, einkum þegar Hjeraðsvötnin opt og tíðum eru mjög ill yfirferðar. Eins og sýslumaðurinn á síðasta aðalfundi hefur látið í ljós, er hann mjög meðmæltur þessari uppástungu, og leyfir sjer því, með skírskotun til gjörða sinna á þeim fundi, að ítreka beiðni sína um, að á Víðimýri verði stofnuð sjerstök póstafgreiðsla.

## 15 Drangeyjarkaup

Í brjefum dags. 17. og 24. f. m. hafa hreppsnefndaroddvitarnir í Hofs, Sauðár og Rípur hreppum ásamt nokkrum öðrum

mönnum valtíð alleyfi í því, að Drangey
innan vera föl til kaups, og enda helst á
sendi; að eyjan verði ef til vill selt einhverjum
útlending, er geti orðið til hins mesta tjóns
fyrir sýsluna, þareð eyjan hafi til lang-
frama ár eptir ár verið forðabúr almennings
á vorum, ekki að eins þeim, sem þangað
róa til fuglveiði og fiskiafla, heldur einnig
margra annara, er hafa langa leið-hvorjum
langarlegi til fuglkaupa, þegar Drangeyarmenn
koma í land. Þareð eyjan þannig er hin
mesti bjargvættur sýslunnar, og í alla staði
best til fallið, að hún verði sameiginleg eign
þeirra, ályktar sýslunefndin að festa kaup
í eyjunni, ef hún er fáanleg til kaups fyrir
viðunanlegt verð, og felur Konráði Jónssyni
í Miðhúsum að semja um kaupin á hagan-
legasta hátt.

16. Afrjettartollar

Á síðasta aðalfundi voru sýslunefndar-
mennirnir í Seilu, Sauðár og Rípur hreppum
kvaddir til þess, ásamt hreppstjóranum í
Staðarhrepp og prófasti Jóni Hallssyni



sem eiganda Reynistaðarfjalla, að segja álit
sitt um frumvarp til reglugjörðar um ýmis-
leg atriði áhrærandi afrjettartolla og upp-
rekstur á tjeða afrjett, en þareð þeir hafa
enn eigi mælt sjer mót til að bera saman
skoðanir sínar um þetta efni, finnur sýslu-
nefndin ástæðu til að ítreka áskorun sína
til þeirra um, að láta uppi álit sitt þar
að lútandi.

17. Fiskiveiðar

Eptir að aukanefnd sú, er á síðasta
fundi var kosin til að lýsa áliti sínu
viðvíkjandi fiskiveiðum í landhelgi við
Ísland, hafði á fundi að Hraunum 28. júlí
þ. á. samið þarlútandi álitsskjal, var það
sent amtmanni áleiðis til landshöfðingja.
Eptirrit af tjeðu álitsskjali er nú framlagt,
og þareð sýslunefndin í heild sinni fellst
algjörlega á ástæður þær, sem þar eru fram
teknar, finnur hún ekki tilefni til að gera
neinar frekari athugasemdir viðvíkjandi
þessu máli.

18 Hreppsnefndarkosning

Í brjefi dags. 27. f. m. hefur oddviti

hreppsnefndarinnar í Lýtingsstaðahrepp skýrt frá, að einn af nefndarmönnum, Björn Þorkelsson í Sveinsstöðum, hafi skorast undan að taka þátt í nefndarstörfum, þrátt fyrir það, að oddviti sýslunefndarinnar hafi úrskurðað, að hann gæti eigi losast úr nefndinni, og óskar að sýslunefndin hlutist til um, að Björn gegni störfum sínum sem hreppsnefndarmaður, eða annar starfandi maður komi í hans stað. Jafnframt var framlagt brjef frá nefndum Birni, er fram fer, að hann fyrir beiðni meðnefndarmanna sinna haustið 1883 hafi, án þess að kenna sig mann til þess, látið til leiðast að vera það árið í nefndinni, með því skýlausa skilyrði, að hann fengi lausn vorið eptir. Og þetta hafi hreppsbúar samþykkt með því, að kjósa annan mann í sinn stað vorið 1884. Þessar ástæður Björns tekur sýslunefndin gildar með 12 atkvæðum gegn 1, og álítur, að sá maður, sem kosinn var í hans stað, Ólafur Guðmundsson í Litladalskoti, sje rjett kjörinn í hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps, og að hann sje skyldur að gegna nefndarstörfum



eptirleiðis, nema því að eins, að hann sanni lögmæt forföll.

Þá var framlagt brjef frá forstöðumanni búnaðarskólans á Hólum, Jósef Björnssyni, dags. 24. þ. m., er gjörir þá fyrirspurn, hvort hann sem búlaus maður sje skyldur til að taka kosningu í hreppsnefnd. Sýslunefndin úrskurðar, að nefndur skólastjóri sje eptir stöðu sinni kjörgengur í hreppsnefnd, en þareð störf hans sem hreppsnefndarmanns geta komið í bága við skylduverk hans sem skólastjóra og kennara, finnst ástæða til, að veita honum lausn úr nefndinni frá næsta vori, og ber kjörstjórn Hólahrepps að láta kjósa annan mann í hans stað á næsta hreppskilaþingi.

19. Búnaðarskóli.

Sýslunefndarmaðurinn í Seiluhrepp, Magnús Jónsson á Fjalli, sem jafnframt er einn í stjórn búnaðarskólans á Hólum, skýrði frá hag skólans, og lagði fram til sýnis ýmisleg skjöl og skýrslur þar að lútandi, meðal annars fundargjörðir skólastjórnarinnar 4.–6. okt. og

10–11 nóv. f. á., reglugjörð fyrir skólastjórn, fjárhagsreikninga skólasjóðsins og búsins fyrir árið 1883–84, og áætlun um tekjur og gjöld skólans 1884–85.

Í annan stað skýrði oddviti frá, að samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar á síðasta fundi hafi búnaðarskólanum verið veittar 1100 kr. styrkur af fje því, sem í fjárlögunum er veitt til eflingar búnaði, og 200 kr. úr búnaðarsjóði amtsins, og sömuleiðis hafi landshöfðingi samþykkt, að hlutdeild sýslunnar fyrir árið 1884 í því fje, sem ætlað er til búnaðareflingar, að upphæð 750 kr., verði lagt til skólans. Fyrir þetta ár er búnaðarskólanum veittur 150 kr styrkur úr sýslusjóði, með því skilyrði, að jafnmikil upphæð að minnsta kosti verði lögð til skólans úr sýslusjóði Húnvetninga.

Ennfremur framlagði oddviti amtsbrjef dags. 3. þ. m., ásamt erindi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann krefst þess að fá endurborgaðar 500 kr., er hann hafi borgað til búnaðarskólans 1882, í þeirri von,



að landshöfðingi samþykkti hlutdeild Eyfirðinga í skólanum. Þessa kröfu getur sýslunefndin eigi tekið til greina, af þeim ástæðum, sem fram færðar eru í brjefi til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu dags. 2. maí f. á., og leyfir sjer því að skírskota til þeirra.

Sýslunefndinni hafa borist reikningar frá prófdómendum við vorpróf búnaðarskólans 1883, síra Einari Jónssyni á Felli og Sigmundi Pálssyni á Ljótsstöðum, að upphæð 16 kr hvor um sig. Þessa reikninga samþykkir sýslunefndin fyrir sitt leyti, en þareð hún hefur skilað af sjer fjárstjórn skólans í hendur hinni nýju skólastjórn, er afráðið að senda stjórninni tjeða reikninga til útborgunar við fyrsta tækifæri.

20 Búfræðingur

Með brjefi dags. í dag hefur búfræðingur Þórarinn Jónsson, er næstliðið vor lauk námi við búnaðarskólann á Hólum, gefið kost á, að ferðast um meðal sýslubúa, til að leiðbeina þeim í ýmsu, er að búnaði lýtur, og segja fyrir verkum við jarðabætur.

Þetta tilboð vildu reyndar sumir nefndarmenn þiggja, en eigi að síður voru fleiri á því, að umferð eins manns um heila sýslu eða mikinn hluta hennar gæti ekki komið að tilætluðum notum, og fyrir því er áðurnefndu tilboði hafnað með 8 atkvæðum gegn 4.

## 4b Útsvarsmál

Aukanefnd sú, er í gær var kosin til að segja álit sitt um útsvarskærur þeirra Jóns Jónssonar og Ingibjargar Sveinsdóttur, lagði fram álitsskjal, þar sem það meðal annars er tekið fram, að þótt Jón, sem hefur til ábúðar 86.2 ct, tíunda 20 ct í lausafje, og er gert 70 kr aukaútsvar, sje í afarmiklum skuldum, þá muni talsvert af þeim vera svo til komið, að hann hafi á næstliðnum vori keypt fjenað með nokkrum hagnaði, á annan stað sje Jón ómagalaus maður, og laus við að gjalda tíundir af ábúðarjörð sinni. En þareð efnahagur hans, þegar á allt er litið, virðist standa á veikari fótum en ýmsra annara hreppsbúa, sem þó hafa lægra aukaútsvar eptir niðurjöfnun hrepps-



nefndarinnar, er það lagt til, að útsvar hans verði lækkað um 10 kr. Í tilliti til Ingibjargar, sem er húskona, á ekkert til tíundar og er gert 2 kr. aukaútsvar, er það lagt til, að þareð hún sje bæði efnalítil og komin á efri aldur, sje útsvar hennar sett niður um 1 kr.

Þessar tillögur eru samþykktar af sýslunefndinni með atkvæðafjölda, þannig að útsvar Jóns Jónssonar á Reynistað sje ákveðið 60 kr og Ingibjargar Sveinsdóttur í Glæsibæ — 1 kr.

## 21 Kvennaskóli

Oddviti framlagði eptirrit af kaupbrjefi sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu fyrir jörðinni Ytriey í Vindhælishrepp 14.6 ct að dýrleika handa kvennaskólastofnun Húnvetninga og Skagfirðinga fyrir 2000 kr. Tjeður kaupgjörningur var í einu hljóði samþykktur af sýslunefndinni.

Eptir tillögu, sem komið hefur fram á fundi kvennaskólanefndarinnar 5. þ. m., er það samþykkt, að í nefndinni verði eptirleiðis að eins 6 menn, 3 konur og 3 karlar,

Og það hefir sést er við, að í Húnavatnssýslu verði kosin 1 kona og 2 menn, er ákveðið að kjósa hjer í sýslu 2 konur og 1 mann. Fyrir þeirri kosningu urðu Halldóra Pjetursdóttir á Álfgeirsvöllum, Guðrún Jónsdóttir á Páfastöðum og Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum.

Samkvæmt beiðni kvennaskólanefndarinnar dags. 8. þ.m. er ákveðið að veita skólanum 150kr. styrk úr sýslusjóði fyrir þetta ár.

22 Barnaskóli

Eins og að undanförnu hefir stjórn barnaskólans á Sauðárkrók sótt um 200kr styrk úr landssjóði móti 100 kr. tillagi úr sveitarsjóði, og þar öllum kemur saman um, að skólinn sje einkar þarfleg stofnun, vill sýslunefndin leggja sín beztu meðmæli með því, að skólinn verði slíkrar fjárveitingar aðnjótandi, og felur oddvita að leiðbeina málinu til landshöfðingja.

23 Lækningaleyfi

Sýslunefndarmaðurinn í Sauðárhrepp, Sveinn Sölvason á Skarði, sem um næstliðin



25 ár hefir stundað lækningar í Skagafjarðar og Húnavatns sýslum, hefir í brjefi dags. 20. þ.m. óskað meðmæla sýslunefndarinnar til þess, að honum verði veitt leyfi til að fást við lækningar undir umsjón hjeraðslæknisins í IX. læknishjeraði. Og þareð læknishjálp Sveins hefir ávallt þótt vel gefast, er sýslunefndin þessu mjög meðmælt, og felur oddvita, eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi hjeraðslæknis þessu máli viðvíkjandi, að leiðbeina því á beztan hátt.

24 Jarðabótastyrkur

Búnaðarfjelagið í Hjaltadal hefir ekki fullnægt því skilyrði, er á síðasta aðalfundi var sett fyrir því, að það gæti orðið aðnjótandi hlutdeildar í þeim 100kr., er þá var skipt milli 4 búnaðarfjelaga í sýslunni, þannig að hvert þeirra fengi 25 kr., er tjeð upphæð enn í sjóði. Og með því sýslunefndarmaðurinn í Rípurhrepp hefir fyrir hönd Magnúsar Árnasonar á Utanverðunesi ítrekað beiðni sína um verðlaun fyrir þúfnasljettun 960 □ faðma að stærð, samþykkir

sýslunefndin, að honum sjeu í þessu skyni
veittar tjeðar 25 kr.

## 25 Heilbrigðismál

Oddviti skýrði frá, að í vetur hafi tauga-
veiki gert vart við sig á Glaumbæ og í nokkrum
bæjum í Fljótum, og fyrir því hafi hann
stranglega bannað samgöngur við slíka bæi og
lagt sektir við, ef útaf væri breytt. Þessar
ráðstafanir álítur sýslunefndin mjög þarflegar,
og óskar, að hvenær sem næmur sjúkdómur
þykir að koma upp í sýslunni, þá verði líkum
varúðarreglum beitt og ítast gengið eptir, að þeim
sje hlýtt. Sömuleiðis álítur æskilegt, að
hlutaðeigandi sóknarnefndir fái áminningu um
að leggjast á eitt með lögreglustjórninni að
varna útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Þareð dagur var kominn að kveldi, var
fundi frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 30. janúar var fundinum
fram haldið.

## 26 Kynbótamál

Þá næst var framlagt brjef til amts-
ráðsins frá Jóni Jónssyni á Reynistað, er



skýrir frá tilraunum sínum til að endurbæta
fjárkyn sitt, fyrst og fremst með úrvali af
innlendum stofni og síðan með kynblöndun
frá útlöndum, og sækir um 300 kr. úr lands-
sjóði fyrir framkvæmdir sínar í þá stefnu.
Þareð öllum nefndarmönnum kemur saman
um, að Jón eigi þakkir heiður og lof skilið
fyrir tilraunir sínar til að bæta hið
íslenzka fjárkyn, jafnvel þó enn sje
eigi full reynsla fengin fyrir því, að hve
miklu leyti hin útlenda kynblöndun
verði til verulegra bóta, þegar fram í sækir,
er það í einu hljóði samþykkt, að veita
Jóni eindregin meðmæli, að honum verði
veitt verðlaun þau, er hann sækir um,
af því fje, sem lagt er til eflingar búnaði.

## 27 Sauðárkrókshöfn

Framlagt var brjef frá Sigurði Ólafssyni
á Vatnskoti dags. 26. þ. m., þar sem hann
leggur það til, að tilraun verði gerð til að
bæta höfnina á Sauðárkrók með grjót-
garði fram af Gönguskarðsárósnum, allt
að 50 föðmum, sem áætlað er að muni
kosta 16500 kr. Þareð nefndarmenn

er hvaddir eru, að áætlun þessi sje allt of lág, og í öllu falli fari kostnaðurinn langt fram yfir það, sem menn sjeu færir um að bera, álítur sýslunefndin enn ekki kominn tíma til að hreifa þessu máli, og er því með 11 atkvæðum gegn 1 afráðið, að fresta öllum framkvæmdum og tilkostnaði til þessa fyrirtækis.

## 28. Selvíkurhöfn

Sýslunefndarmaðurinn og oddvitinn í Sauðárhrepp hafa í brjefi dags 17. þ.m. óskað tillögu nefndar um, að Selvík á Skaga verði skoðuð af útlendum skipstjóra, í því skyni, að hún síðan fengist löggilt til uppsiglingar. Þareð almennt er álitið, að [illegible] sje ef til vill hin tryggasta skipalega og besta lending umhverfis Skagafjörð, og því hin tiltækilegasta höfn til útflutnings lifandi fjár á haustum, virðist brýn nauðsyn til bera, að fá hana löggilta, og lýsir því sýslunefndin að ítreka ósk sína á fundi 22. feb. 1882 um, að afstaðan við Selvík verði skoðuð af (og öll innsiglingin í Skagafjörð)



formanni hins danska herskips (Ingólfs) eða öðrum þartil hæfum manni.

## 29 Fjallskilamál

Oddviti hreppsnefndarinnar í Sauðárhrepp ásamt fleiri hreppsbúum hefur í brjefi dags 17. þ.m. leitað samþykkis sýslunefndarinnar til, að byggja skilarjett í hreppnum, þar sem hentast þykir, helzt á milli Skarðs og Veðramóts, og rjetta þar á haustum fje það, er kemur á Tindastól og Hnjúkunum, í stað þess að fje þetta hefur að undanförnu verið rekið til Bakkarjettar í Laxárdal. Þareð sýslunefndina í heild sinni skorti kunnugleika til að útkljá þetta mál, er afráðið, að kjósa 5 manna nefnd til að segja álit sitt þarum, til undirbúnings undir næsta nefndarfund. Til þessa starfa voru kosnir Magnús Jónsson í Fjalli, Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum, Sveinn Sölvason á Skarði, Gunnar Gunnarsson á Hafragili og Ólafur Sigurðsson í Ási.

Oddviti hreppsnefndarinnar í Seylu

hrepps hefur í brjefi 21. s. m. farið þess á leit, að fjallskilareglugjörð sýslunnar frá 1879 verði endurskoðuð, og sjerstaklega sje fastákveðið, hvort Seiluhreppur eigi allur eptirleiðis upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, eða hvernig honum sje skipt til upprekstrar á Eyvindarstaðaheiði og Reynistaðarfjöll. Til að segja álit sitt um þetta mál, eru kosnir sýslunefndarmennirnir í Lýtingsstaða, Seilu og Staðar hreppum, og þar að auki er upprekstrarfjelögunum í Seiluhrepp gefinn kostur á, að kjósa sinn manninn hvort í þá undirbúningsnefnd.

Þá voru framlögð 2 brjef frá oddvitanum í Lýtingsstaðahrepp dags. 27. des. næstl. og 23. f. m., brjef frá hreppsnefndinni í Staðarhrepp dags. 24. f. m., og brjef frá Steingrími Jónssyni á Silfrastöðum, áhrærandi breytingar á ýmsum greinum í fjallskilareglugjörð sýslunnar og nánari ákvarðanir um ýms önnur afrjettamál. Skjöl þessi voru upplesin, en þareð þau innihalda ýms atriði, er þurfa nákvæmrar



athugunar við, er samþykkt, að kjósa 3 manna nefnd til að lýsa áliti sínu um þessi mál, og urðu fyrir þeirri kosning Ólafur Sigurðsson í Ási, Magnús Jónsson í Fjalli og Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum.

## 30. Sýslusjóður

Oddviti framlagði brjef amtsráðsins dags. 12. sept. f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist að athuga við sýslusjóðsreikninginn 1883. Til að standast áfallandi útgjöld þetta ár, er ákveðið, að leggja 8 aura á hvert jarðar og lausafjár hundrað. Síðan var samin svolátandi:

### Áætlun

um tekjur og gjöld sýslusjóðsins 1885

**Tekjur**

| | | Kr. a |
|---|---|---|
| I | Sjóður við árslok 1884 | 325.09 |
| II | Sýslusjóðsgjald 1885 | 900.00 |
| | samtals | 1225.09 |

**Gjöld**

| | | |
|---|---|---|
| I | Sýslunefndarfundar kostnaður | 250.00 |
| II | Yfirsetukvennalaun | 375.00 |
| III | Búnaðarskólastyrkur | 150.00 |
| IV | Kvennaskólastyrkur | 150.00 |
| V | Ýmisleg gjöld | 300.09 |
| | samtals | 1225.09 |

31. Gripasýning

Í brjefi dags. 16. þ. m. hefur Jón Jónsson á Reynistað vakið máls á því, hve mikil áhrif gripasýningar geti haft til umbóta á skepnum manna og öllum handiðnum, og sjerstaklega benti hann sýslunefndarmönnum á, hve áríðandi það væri, að fara sjer í nyt það álit, sem íslenzkur iðnaður hefur nýlega unnið á gripasýning í Englandi, á þann hátt, að landsmenn leggðust á eitt að vanda svo iðnaðarvörur sínar, að þær gæti orðið útgengilegar á erlendum markaði. Samt sem áður treystist sýslunefndin eigi til, að koma á almennri sýningu fyrir sýsluna þetta ár, en felur nefndarmönnum að hlynna að því, hver í sínum hrepp, að haldnar verði hreppasýningar á næsta vori.

32. Sveitaverzlun

Oddviti gat þess, að Jóni Jónssyni í Kimbastöðum hefði hinn 30. júní næstl., uppá væntanlegt samþykki sýslunefndarinnar, verið veitt leyfi til að reka



sveitaverzlun samkvæmt 5. gr. lag. 7. nóv. 1879, og var þetta leyfi samþykkt af nefndinni í einu hljóði.

Með atkvæðafjölda var samþykkt að halda sýslunefndarfundi eptirleiðis á Sauðárkrók.

Var svo fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson. Magnús Jónsson
S. Sveinsson Björn Pétursson
Sveinn Sölvason Sigurður Jónsson
Konráð Jónsson Árni Ásgrímsson
Jóhann P. Pjetursson Guðm. Jónsson
Gottskalksson Egill Steingrímsson
Jónas Jónsson.

Ár 1885 laugardaginn 23. maímánaðar átti sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu fund með sjer á Sauðárkrók. Fundinum stýrði oddviti sýslunefndarinnar. Á fundinum mættu nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar nema Akrahrepp.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

## 1. Búnaðarstyrkur.

Oddviti framlagði brjef amtmannsins yfir norður og austur amtinu dags. 21. marz þ. á., þar sem hann skorar á sýslunefndina að senda amtinu tillögu um, hverning verja skuli þeim 770 kr. styrk, er sýslunni er veittur af þeim 20000 kr., sem með fjárlaganna 10. gr. C. 4. eru lagðar til eflingar búnaði fyrir árið 1885. Var það samþykkt í einu hljóði, að fje uppgetið verði í þetta sinn eins og að undanförnu lögð til búnaðarskólans á Hólum, bæði til verkfærakaupa og annara nauðsynja skólans.

## 2. Fjallskilamál

Framlögð voru ýmis brjef áhrærandi fjallskilamál sýslunnar, og þar á meðal álitsskjal aukanefndar þeirrar, er á síðasta aðalfundi var kosin til að endurskoða fjallskilareglugjörðina, þar sem þess er krafist, að í reglugjörðina sje tekin ákvörðun um að sýslunefndin semji skrá yfir öll uppreksturssvæði í sýslunni með tölu og ummerkjum, og hverjar jarðir tilheyri hverju uppreksturssvæði, einnig um það, hvaða fjárrjettir



skuli vera aðalrjettir og aukarjettir svo og hver uppreksturssvæði tilheyri hverri aðalrjett. Til þess að sýslunefndin geti tekið gildar ákvarðanir um þessi atriði, virðist nauðsynlegt, að hún hafi til leiðsögnar tillögur hlutaðeigandi hreppsnefnda, og fyrir því er oddvita falið að útvega slíkar tillögur fyrir næsta aðalfund. Sömuleiðis var samþykkt að fresta til þess fundar ályktunum um öll önnur fjallskilamál, er fyrir liggja.

## 3. Heiðurslaun

Í brjefi dags. 30. apríl þ. á. hefur Einar Guðmundsson á Hraunum óskað meðmæla sýslunefndarinnar til þess að hann geti orðið aðnjótandi heiðurslauna af styrktarsjóði Christians konungs IX, og hefur hreppsnefndin í Haganeshrepp veitt honum sín beztu meðmæli í þessu tilliti. Bæði sýslunefndinni er kunnugt, að Einar hefur sýnt mikla viðleitni og framtakssemi í því að bæta sjávarútveg sveitunga sinna og vanda verkun á sjávarafla, einnig að hann hefur byggt timburhús á ábýlisjörðu sinni og útbýsi með hagarlegu fyrirkomulagi, en-

fremur að hann hefir unnið talsvert að jarðabótum sjerílagi túngirðingu og áveislu á tún, og komið á álitlegum vísi til ásar-vaps, sömuleiðis stuðlað til ýtra framfara í sveit sinni og í því skyni stofnað búnaðarfjelag í hreppnum og haldið búfræðing til leiðbeiningar við jarðabótastörf, vill sýslunefndin mæla sem best fram með því, að Einari verði veitt 200 kr. heiðurslaun af konungssjóði; eða svo mikil upphæð, sem veitingarvaldið álítur hæfilega.

4. Þjóðjarðasala

Eptir að hlutaðeigandi umboðsmanni hafði verið sent erindi ábúendanna á Skíðastöðum með Heijúlfstöðum og Hafragili um að fá keyptar ábýlisjarðir sínar hefir hann í brjefi dags. 10. marz þ. á. lýst tjeðum jörðum á þessa leið:

a. Skíðastaðir

Túnið er um 15 dagsláttur að meiri hlut sljett en þýft og fóðrar 5 kýr. Engjar eru greiðfærar, sumpart blautlendar heldur mýrlendar, er liggja mestmegnis fyrir handan



Laxá, og gefa af sjer um 300 hesta af góðu heyi. Að öðru leyti verður að sækja heyskap langan veg í hitthaga fram á Laxárdalsheiði, en þar fæst eigi nema slæmt sinuhey úr brokflóum. Beitilandið er víðlent fjallland, sumstaðar skriðuhætt, kjarngott til beitar sumar og vetur, en vetrarbeitin er mjög stopul vegna snjóþyngsla, og þar að auk lökust heima við. Til hlunninda telst víðlent selland og nægilegt upprekstrarland. Jörðin er talin 51.3 5/4 með Herjólfsstöðum og er byggð með 160 álna landskuld og 80 álna leigum, en Herjólfsstaðir með 60 álna landskuld og 20 álna leigum

b. hjáleigan Herjólfsstaðir

Túnið er um 6 dagsláttur að meiri hluta þýft, og fóðrar naumlega 2 kýr. Engjar eru víðslægar en fremur reytingslegar, og sumt af þeim langt frá, er gefa af sjer um 170 hesta af sæmilega góðu heyi. Beitilandið er víðlent fjallland sameiginlegt við heimajörðina er það fremur kjarngott til beitar sumar og vetur, en vegna þess jörðin liggur í harðinda sveit, er vetrarbeitin mjög stopul. Til hlunninda telst nægilegt upprekstrarland og engja-

teigur í Skíðastaðaengjum, er gefur af sjer um 35 hesta af góðu heyi.

c. Hafragil

Túnið er um 7 dagsláttur, að meiri hluta greiðfært og fóðrar vanalega 2 kýr. Nokkuð af því liggur í allt of miklum bratta, en víða við það er engi, sem með góðum skurðum og ræktun gæti orðið að túni, með því líka að hún er girt með stæðilegum garði. Engjar eru heldur litlar og snögglendar, en víða greiðfærar og skammt frá, er gefa af sjer um 200 hesta af góðu heyi; að öðru leyti verður að sækja heyskap upp í fjall í brokflói. Aðalengjarnar liggja undir nokkrum skemmdum af Laxá, þannig hún brýtur af þeim árlega á sumum stöðum, sem eigi er hægt að sporna við. Beitilandið er víðlent fjallland, hjer um gott til beitar sumar og vetur, en stopult mjög á vetrum vegna þess jörðin liggur í snjósveit; þar að auk er landið hrjóstrugt og hættast heima við. Til hlunninda telst víðáttumikið selland og nægilegt uppreksturland. Jörðin er talin 24,9 54 að dýrleika, og er byggð með 120 álna landskuldi og 50 álna leigum.



Eptir því sem nefndarmönnum er frekast kunnugt, álítur sýslunefndin að í skýrslu umboðsmanns sje framannefndum jörðum rjett lýst og svo nákvæmlega sem kostur er á. En þar sem hann setur verð Skíðastaða með Herjúlfsstöðum 5000 kr. og Hafragils 2500 kr., virðist nefndinni það heldur hátt, og leggur hún það til, að leiguliðum verði gefinn kostur á að kaupa ábýlisjarðir sínar fyrir þetta verð:

a. Hirti Hjálmarssyni Skíðastaði með Herjúlfsstöðum - - - - - - 4800 kr.
b. Gunnari Gunnarssyni Hafragil - - 2400 –

Í brjefi dags. 11. apríl þ. á. hefur ábúandi umboðsjarðarinnar Hafsteinsstaða í Staðarhrepp Jón Jónsson farið þess á leit, að fá ábýlisjörð sína í skiptum fyrir jarðirnar Illugastaði og Bakka í Holtshrepp eða að öðrum kosti að fá hana keypta fyrir sanngjarnt verð. Í álitsskjali dags. 6. maí þ. á. hefur umboðsmaður lagt á móti þessum jarðaskiptum af þeim ástæðum, að jarðirnar Illugastaðir og Bakki liggi í harðindasveit og í gagnstaðri átt við aðrar umboðsjarðir og þar að auk sje Bakki hjáleiga frá Hvammi.

og eigi beitiland óskipt með heimajörðinni. Af sömu ástæðum er sýslunefndin því mótfallin, að Hafsteinsstöðum sje skipt fyrir tjeðar jarðir. Lýsing umboðsmanns á jörðinni Hafsteinsstöðum er þannig:

Jörðin hefur tún um 14 dagsláttur að meiri hluta þýft en sljett, er fóðrar tæplega 4 kýr. Engjar eru út frá túninu mestpart þýfðar, er gefa af sjer um 250 hesta af sjertgóðu heyi. Beitilandið er kjarngott fjallland. Til hlunninda telst því upprekstur fyrir selstöðu, sem nú hefur lengi ekki verið notuð. Jörð þessa álítur umboðsmaður fulldýra á 2800 kr., en það verð þykir sýslunefndinni of hátt sett, og vill því mæla með því, að Jóni Jónssyni verði gefinn kostur á að kaupa ábýlisjörð sína Hafsteinsstaði fyrir 2400 kr.

Því næst var framlagt brjef ábúandans á umboðsjörðinni Veðramóti í Sauðárhrepp Stefáns Stefánssonar, dags. 16. maí þ. á., þar sem hann fer þess á leit að fá keypta ábýlisjörð sína. Jafnframt var til sýnis lýsing umboðsmanns á jörðinni svohljóðandi:



Jörðin hefur tún um 18 dagsláttur að meiri hluta þýft, er fóðrar árlega 5 kýr; engjar eru víðslægar, sem liggja í fjallbrekkum, er gefa af sjer um 500 hesta af kjarngóðu heyi. Beitilandið er víðlent fjallland, kjarngott til sumarbeitar, en skjólgott á vetrum. Til hlunninda telst nægilegt upprekstrarland og góð selstaða, sem þó er mjög erfitt að nota, þar selið er á landsjaðri vestur við Laxá, og vegurinn þangað um 2 mílur. Þessvegna hefur nú um langan tíð verið notað annað sel (Mosfell), sem er hjer um 1/4 mílu frá bænum, með því þaðan er vinnandi að ná til vetrarbeitar-ítaks í Sauðárhálsum, sem líka telst með hlunnindum jarðarinnar. Á seli þessu er búið að girða út tún um 3 dagsláttur, sem gefur af sjer um 20 hesta af töðu. Fyrir beitarítakið í Sauðá engjateig í Veðramótsengjum og annan engjateig í Skarð fyrir skipsuppsátur í Skarðskrók. Jörðin er talin 49,9 hdr. að dýrleika, og er byggð með 180 álna landskuld og 100 álnir í kúgildaleigur. Verð jarðarinnar er af umboðsmanni sett 5000 kr., en sýslunefndin álítur hana hæfilega metna 4600 kr., og vill því

leggja það til, að ábúandanum Stefáni Stefánssyni verði gefinn kostur á að kaupa hana fyrir það verð.

5. Verslunarleyfi

Í brjefi dags. 22. maí þ. á. hefur Jón Ásgrímsson á Hólum sótt um leyfi til sveitaverslunar samkvæmt 5. gr. laga 7. nóvbr. 1879, og er samþykkt að veita slíkt leyfi.

6. Reikningaskoðun

Oddviti framlagði athugasemdir endurskoðanda við sveitarsjóðsreikninga hreppanna í sýslunni, ásamt svörum hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita. Þau skjöl voru yfirfarin af nefndinni. Það, sem að er fundið, hefur sumpart verið rjettlætt eða leiðrjett með svörunum, og sumpart hafa oddvitar lofað leiðrjettingum í næsta árs reikningum, enda er í fæstum athugasemdunum um neinar peninga upphæðir að ræða, en að því leyti sem um er nokkur vafi um þær atriði, sem einhverja þýðingu hafa, er oddvita falið að leita ýtarlegri upplýsinga hjá hlutaðeigandi,



og síðan leggja úrskurð á athugasemdirnar eða samþykkja reikningana.

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson Björn Pjetursson Jóh. P. Pjetursson
Gudm. Jónsson [illegible]
Jónas Jónsson Sv. Sölvason Árni Ásgrímsson
Gottskálksson [illegible] Jónsson S. Jónsson Magnús Jónsson

Ár 1886 hinn 25. dag janúarmánaðar var á Sauðárkrók haldinn aðalársfundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr Hofs, Viðvíkur, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár, Skefilsstaða og Rípur hreppum.

Á fundinum voru tekin til meðferðar þessi mál:

1. Sýslureikningar.

Reikningar um tekjur og gjöld sýslunnar 1885, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins og um þurfamannaflutning, voru framlagðir með fylgiskjölum og yfirlitum af nefndarmönnum. Að því leyti sem samþykki

amtsráðsins útheimtist til einhverrar útborgunar úr sýslusjóðnum samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, óskar sýslunefndin að slíkt samþykki verði veitt. Eptir að nefndarmenn höfðu kynnt sjer reikningana, án þess neitt sjerstaklegt væri að þeim fundið, voru þeir afhentir hinum kosna endurskoðanda Agli Gottskálkssyni, og verða síðan sendir amtsráðinu, en ágrip af þeim hefur verið sent til allra hreppsnefnda í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar.

Þá voru framlagðir sveitarsjóðsreikningar hreppanna í sýslunni 1884–85 með fylgiskjölum og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar Jónssonar til Lýtingsstaðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig reikningar hreppsvegasjóðanna og kláfanna á Jökulsá, ennfremur áætlanir um tekjur og gjöld sveitarsjóða og skrár um niðurjöfnun aukaútsvars 1884–85. Eptir að þessi skjöl höfðu verið yfirfarin, án þess nefndarmenn fyndu ástæðu til að gjöra við þau sjer-



stakar athugasemdir, var hin nánari endurskoðun reikninganna falin Ólafi Briem á Frostastöðum.

## 3. Almenningshagur.

Oddviti brýndi fyrir nefndarmönnum að hafa vakandi auga á því, að hreppsbúar þeirra líði ekki neyð fyrir bjargarskort, og tóku nefndarmenn þeir, er viðstaddir voru, að sjer að skora á hlutaðeigandi hreppsnefndir að bæta úr vandræðum þeim, er þarat kunna að leiða, að því leyti sem kostur er á, og ef nauðsyn ber til, að snúa sjer til yfirvaldanna um að fá hallærislán úr landssjóði, en oddvita var falið að rita um þetta mál í þá hreppa, sem nefndarmenn eru ekki mættir fyrir. Þareð nú er mjög ískyggilegt útlit með fóðurbirgðir fyrir búpening, finnur sýslunefndin ástæðu til að brýna fyrir sveitarstjórnum að hafa nákvæmt eptirlit með heybirgðum manna og skepnuhöldum, og hlutast til um, að fóðurlausum skepnum, einkum hrossum og geldpeningi, verði lógað í tíma, áður en

málnytupeningi, sem einkum er áríðandi fyrir hendur að halda í bjargleg standi; jafnframt var nefndarmönnum falið að út vega skýrslur um ástand almennings yfir höfuð og senda þær oddvita fyrir febrúarlok.

## 4a. Útsvarsmál.

Sýslunefndinni hafa borist kærur um útsvör haustið 1885 frá þessum mönnum:

1. frá Birni Sehram í Glesibæ í Staðar hrepp, borin upp á hreppsnefndarfundi 3. nóvbr. f. á.
2. frá Birni Jónssyni á Heiði í Sauðár hrepp, borin upp á nefndarfundi 30. s. m.
(3. frá Þorláki Þorlákssyni á Sauðárkrók í sama hrepp, borin upp á sama fundi.)

Áður en þessum kærumálum yrði ráðið til lykta, var samþykkt að kjósa aukanefnd til að segja álit sitt um þau. Til þessa starfa voru kosnir 3 af nefndarmönnum Konráð Jónsson í Miðhúsum, Björn Pétursson á Hofstöðum og Magnús Jónsson í Fjalli; og þeim jafnframt falið að láta uppi þar

## 5. Ferjumál.

Oddviti framlagði skrá yfir ferjutolla í sýslunni samkvæmt ýmsum ákvörðunum sýslunefndarinnar, svohl.

| Tala | Ferjustaðir | fyrir hvern mann (með reiðtýgjum) aur. |
|---|---|---|
| 1 | Hraun | 40 |
| 2 | Haganes | 40 |
| 3 | Lón | 40 |
| 4 | Garður | 40 |
| 5 | Hofstaðir | 50 |
| 6 | Ás | 40 |
| 7 | Syðstagrund | 16 sd. 20 |
| 8 | Vellir a. á syðri ferjustaðnum | 16 – 20 |
| | b. á ytri — " — | 20 |
| | | 25 |
| 9 | Egilsdarholt | 16 sd. 25 |
| 10 | Kárastaðir | 16 – 20 |
| 11 | Utanverðunes | 32 |
| 12 | Tjörn | 40 |
| 13 | Húsey | 16 |
| 14 | Fyrir hest á eptir ferju | 4 |
| 15 | —"— klyfjar með reiðingi | 16 |
| 16 | —"— lausan reiðing | 4 |
| 17 | —"— hverja kind (haustlömb eins) | 4 |

Ferjumaðurinn að vestanverðu við vesturós Hjeraðsvatnanna, Guðmundur Sigurðsson á Tjörn, hefur borið sig upp yfir það, að ferjumaðurinn að austanverðu við ósinn, Magnús Árnason í Utanverðunesi, ferji menn iðulega ekki einungis af sínu landi heldur einnig austur yfir ósinn, og færir því fram, að þessi tilhögun sje svo mikil skerðing á atvinnu sinni sem ferjumanns, að hann geti ekki staðið sig við að halda ferjubát og vera sjálfur bundinn við ferjustörf, nema því að eins að hann hafi einkarjett til að ferja af sínu landi. Sýslunefndin álítur það heppilegast, að hlutaðeigandi ferjumenn komi sjer sjálfir saman um þetta atriði, en að því leyti sem slíkt samkomulag getur ekki fengist, er þaraðlútandi úrslitum frestað til næsta fundar.

## 6. Heilbrigðismál.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 23. septbr. f. á. áhrærandi stofnun heilbrigðisnefnda, þar sem amtið neitar að samþykkja kosningar



því í heilbrigðisnefndir, er fram fóru á síðastliðnu vori í nokkrum hluta sýslunnar eptir undirlagi læknisins í IX. læknishjeraði. Þareð sýslunefndin álítur haganlegra, að eptirlit með heilbrigðisásigkomulagi manna sje falið sjerstökum nefndum heldur en að láta það eptirlit heyra undir hreppsnefndir eins og að undanförnu, vill hún leggja það til, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að skipaðar verði heilbrigðisnefndir í hverjum hrepp og samin reglugjörð fyrir þessar nefndir.

## 7. Brúarmál.

Oddviti framlagði reikning um tekjur og gjöld brúarsjóðsins 1884–85, er á í sjóði 338 kr. 33 a., en aptur hvílir á honum talsverð skuld fyrir við til hinnar fyrirhuguðu brúar á Grafará, og ennfremur fellur bráðlega til borgunar kostnaður við smíði á brúnni, sem Einar Guðmundsson á Hraunum hefur tekið að sjer að framkvæma í vetur. Eins og kunnugt er, vildi það slys til á næstliðnu sumri, að stórkostlegt flóð í Valagilsá braut stöpulinn undan öðrum enda brúarinnar,

sem sett var á ána fyrir nokkrum árum, og velti að brúnni svo miklu grjóti og möl, að hún fór nær öll í kaf. Að vísu var í sumar gerð tilraun til að grafa upp brúna, en með því sú tilraun varð árangurslítil, álítst nauðsynlegt að gera að nýju gangskör að því að ná upp brúnni, svo framarlega sem efni leyfa, enda er það nú eptir sögu kunnugra manna talsvert hægra en í fyrra.

Til að standast kostnaðinn við brýrnar er ákveðið að jafna niður brúagjaldi á næsta vori, þannig að á Hofs, Hóla, Viðvíkur og Akra hreppa leggist 3 aurar af hverju jarðar- og lausafjár hundraði, en á alla aðra hreppa sýslunnar leggist 2½ e. af hverju hundraði. Jafnframt er oddvita falið að sækja um styrk úr landssjóði uppí kostnaðinn við Valagilsárbrúna, sem liggur á aðalpóstleið sýslunnar.

## 8. Bólusetning

Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir sýslunefndarinnar hefur sú raun orðið á, að bólusetning er alment ekki í svo góðu



lagi, sem æskilegt væri, en með því öllum kemur saman um, að bólusetning sje mjög áríðandi, hefur hjeraðslæknirinn í IX. læknishjeraði, sem er nú staddur, gefið kost á því að ferðast um sýsluna og bólusetja fólk með því skilyrði að hann fái 25 aura borgun fyrir hvern mann, einsog öðrum bólusetjurum er veitt. Þareð sýslunefndin sjer ekki annan betri veg til að bæta úr þessum vandkvæðum, en að taka þessu tilboði læknisins, vill hún fyrir sitt leyti stuðla til þess, að það fái framgang og felur því oddvita að fara þess á leit við amtið að veita lækninum hina uppsettu borgun.

## 9. Fjallvegir

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður og austur amtinu dags. 26. nóvbr. f. á., er tilkynnir tillögur sínar um, að 1200 krónur verði á þessu ári veittar til að endurbæta veginn yfir Öxnadalsheiði að vestanverðu, er varð fyrir afarmiklum skemmdum á næstliðnu sumri af vatnsflóði og skriðuhlaupi. Þareð fjallvegirnir yfir Vatnsskarð og Siglufjarðarskarð þurfa nokkurt

viðhald, er oddvita falið að sækja um 150 kr. til endurbóta á þeim vegum.

## 10. Drangeyarkaup.

Samkvæmt því umboði, er sýslunefndin veitti Jóhanni Pjeturssyni á Brúnastöðum, samdi hann við eiganda hennar J. V. Havsteen um kaup á eynni fyrir 1800 kr., og var framlagt kaupbrjefið dags. 24. júní f. á. Þessar 1800 krónur eiga að borgast annaðhvort á þá leið, að allt kaupverðið sje goldið innan ársloka 1886, ef sýslunefndinni tekst að fá lán úr landssjóði til kaupanna, eða á þá leið, ef sýslunefndin eigi fær lánið úr landssjóði, að 600 kr. greiðist árlega í 3 ár innan septemberloka. Upp í þetta kaupverð er ákveðið að greiða á þessu ári 600 kr. úr sýslusjóði, en sækja um 1200 kr. lán úr landssjóði til að borga eptirstöðvarnar, og er oddvita falið, áður en sótt er um lánið, að æskja samþykkis amtsráðsins til þessarar lántöku.

Í brjefi dags. 23. f. m. hafa þeir, síra Magnús Jósefsson í Hvammi og Ólafur



Grímsson á Þorbjargarstöðum boðist til að taka eyna á leigu fyrir 60 kr. Að því er snertir afnot eyarinnar, er ákveðið að kjósa aukanefnd til að semja reglugjörð þaraðlútandi, er leggist fyrir næsta nefndarfund, sömuleiðis til að ráða byggingu eyarinnar þetta ár og semja um afgjald hennar. Til þessa starfa voru kosnir 3 af nefndarmönnum, Konráð Jónsson í Miðhúsum, Sveinn Sölvason á Skarði og Jónas Jónsson í Hróarsdal.

## 11. Sýsluvegir.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður- og austuramtinu dags. 20. júní f. á., er tilkynnir athugasemd amtsráðsins við sýsluvegasjóðs reikninginn 1884, og er þaraðlútandi útskurði fullnægt í reikningnum 1885.

Eptir framlögðum reikningi hefur 739 kr. 75 a. verið varið til endurbóta á sýsluvegum og þar af á aðalpóstleiðinni 131 kr., en af þeirri upphæð hefur amtsráðið veitt 110 kr. samkv. tjál. 10. gr. C. 5. b.

Í brjefi dags. 18. júní f. á. hefur amtsráðið samþykkt, að vegurinn frá Kárastaðaferju út á Sauðárkrók sje tekinn í sýsluvega-

Áliti. Aukanefnd sú, er á fundi 12. júní 1883 var kosin til að segja álit sitt um færslu vegarins frá Víðinýpi ofan fyrir Húseyar-kvísl, hefur 11. maí þ. á. gert áreið á veginn, og er það sameiginlegt álit hennar, að tiltækilegast muni að halda við gamla veginum frá Víðinýparbrú austur að Vallamóum sunnanvert við Húseyarkvísl, og er þetta álit samþykkt af sýslunefndinni.

Í brjefi dags. í dag hefur Pjetur Sigurðsson farið þess á leit, að veginum frá Víkurvaði niður á Vatnabakkana, er liggur um engi jarðarinnar Sjávarborgar, verði endurbættur með brúm og skurðum.

Frá nokkrum hreppum hafa komið tillögur um vegabætur á næsta vori, en að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar um ástand veganna hver fyrir sinn hrepp.

Með tilliti til þessara skýringa var samin

## Áætlun

um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins 1886.

| Tala | Tekjur | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Sjóður við árslok 1885 | | 170.14 |
| II | Sýsluvegagjald 1886 | | 980.00 |
| | samtals | | 1150.14 |
| | **Gjöld** | | |
| I | Endurgjald 1500 kr. láns úr viðlagasjóði | | |
| | a. ársleiga af 900 kr | 36.00 | |
| | b. 7. afborgun lánsins | 100.00 | 136.00 |
| II | Endurborgun láns úr sýslusjóði | | 200.00 |
| III | Sýsluvegabætur 1886 | | |
| | 1 í Holts hrepp | 30.00 | |
| | 2 í Fells — " — | 30.00 | |
| | 3 í Hofs — " — | 100.00 | |
| | 4 í Viðvíkur — " — | 60.00 | |
| | 5 í Akra — " — | 110.00 | |
| | 6 í Lýtingsstaða — " — | 70.00 | |
| | 7 í Seilu — " — | 120.00 | |
| | 8 í Staðar — " — | 70.00 | |
| | 9 í Sauðár — " — | 90.00 | |
| | 10 í Skefilstaða — " — | 50.00 | |
| | 11 í Rípur — " — | 50.00 | 780.00 |
| IV | Óviss gjöld | | 34.14 |
| | samtals | | 1150.14 |

Nefndarmennirnir þeir, er við staddir voru, tóku að sjer að sjá um vegabætur hver í sínum hrepp,

og senda oddvita í tækn til nákvæmar skýrslu yfir tilkostnaðinn. Oddvita er falið að setja um 200 kr. styrk til vegabóta í aðal-póstleiðinni í Akra og Seilu hreppum af því fje, sem þartil er veitt í fjárlögunum.

## 12. Búnaðarstyrkur.

Að því er snertir hlutdeild sýslunnar í þeim 20000 krónum, sem með fjárlögunum 10. gr. C. 4. eru lagðar til eflingar búnaði fyrir árið 1886, var það í einu hljóði samþykkt, að sú hlutdeild verði í þetta sinn eins og að undanförnu lögð til búnaðarskólans á Hólum bæði til verkfærakaupa og annara nauðsynja skólans.

## 13. Búnaðarskóli.

Sýslunefndarmaðurinn í Seiluhrepp, Magnús Jónsson á Fjalli, sem jafnframt er einn í stjórn búnaðarskólans á Hólum, skýrði frá hag skólans og sýndi reikning um tekjur og gjöld búsins hans 1884-85.

Oddviti framlagði brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 3. oktbr. f. á., þar sem hann skýtur því til sýslunefndarinnar, hvort hún ásamt sýslunefnd Húnavatnssýslu



vilji veita samþykki til og taka ábyrgð á 10000 króna láni til húsbygginga handa búnaðarskólanum, og fylgdi þessu amtsbrjefi bónarbrjef hlutaðeigandi skólastjórnar, er skýrir frá nauðsyn þessarar húsbyggingar. Eptir nokkrar umræður samþykkti sýslunefndin með atkvæðafjölda að taka jafnan þátt með sýslunefnd Húnavatnssýslu í 10000 króna lántöku úr landssjóði til skólahúsbygginga á Hólum gegn 6% afborgun í 28 ár.

Samkvæmt 21. gr. skólareglugjörðarinnar var Ólafur Briem á Frostastöðum kosinn til endurskoðunar skólasjóðsreikningsins til 6 ára.

## 14. Hólakirkja.

Oddviti framlagði reikning um tekjur og gjöld kirkjunnar 1884-85, og hafði nefndin ekkert þarvið að athuga. Eptir þeim reikningi á kirkjan í sjóði 2104 kr. 63 a. fyrir utan talsverðan efnivið, sem pantaður hefur verið til hinnar fyrirhuguðu aðgerðar á kirkjunni, er á að framkvæmast á næsta sumri. Umsjón þeirrar aðgerðar er falin oddvita ásamt stjórnarnefnd bún-

adarskólans á Hólum.

Þarð dagur var kominn að kveldi, var fundinum frestad til morguns.

Daginn eptir hinn 26. janúar var fundinum fram haldid.

## 15. Þingvallafundarkostnadur.

Í brjefi dags. 22. þ. m. hefur síra Árni Þorsteinsson á Ríp, er á sídastlidnu vori var kosinn til þess ásamt ödrum manni, Jósef Bjarnarsyni á Hólum, ad mæta sem fulltrúi sýslunnar á Þingvallafundi 27. júní f. á., farid þess á leit, ad sýslunefndin sjái um, ad hann fái ferdakostnadinn endurgoldinn med 150 kr. Ad vísu álítur nefndin enga heimild til ad greida hinn umrædda kostnad úr sýslusjódi, en med því þad samt sem ádur virdist sanngjarnt, ad hinir kosnu fulltrúar fái hæfilega þóknun fyrir ferd sína, er afrádid ad skora á hreppsnefndirnar ad safna frjálsum samskotum hjá hreppsbúum sínum uppí þennan kostnad.

## 16. Þóknun fyrir hreppsnefndarstarf.

Í brjefi dags. 16. þ. m. hefur nokkur hluti



hreppsnefndarinnar í Lýtingstadahrepp skotid því til sýslunefndarinnar, ad hve miklu leyti hún vilji samþykkja, ad borgad sje úr sveitarsjódi þóknun til hreppsnefndarmanns Jóhanns Jónssonar á Lýtingsstödum fyrir ad mæta fyrir fátækraeignina Midvelli og Grímsstadi vid áreid og landamerkjagjörd, sem framfór 28. ágúst milli Írafells og ádurgreindra kota. Þetta vill sýslunefndin samþykkja, þó svo, ad krafa Jóhanns ad upphæd 10 kr. setjist nidur í 4 kr.

## 17. Áreid á Skagaheidi.

Hinn 20. og 21. júlí f. á. var samkvæmt útnefningu sýslumannanna í Húnavatns og Skagafjardar sýslum af nokkrum mönnum úr bádum sýslunum gjörd áreid á Skagaheidi, til þess ad ákveda merki milli hins svonefnda Almennings og adliggjandi jarda, einnig sýslumerki eptir almenningi þessum. Nú hafa þeir menn innan þessarar sýslu, er tekid hafa þátt í áreidinni eda undirbúningi þessa máls, sent sýslunefndinni reikninga yfir tilkostnadinn, ad upphæd 95 kr., og óskad ad hún sjái um borgun kostnadarins.

Þareð sýslunefndin álítur, að áðurtjeður Almenningur eða sá hluti hans, er liggur í þessari sýslu, sje eingöngu eign Skefilstaðahrepps, án þess aðrir sýslubúar hafi rjett til neinna afnota af honum, er ákveðið, að kostnaður sá, er af áreiðinni hefur leitt, skuli, að því er þessa sýslu snertir, greiðast úr sveitarsjóði hreppsins.

## 18. Fjallskilareglugjörð

Álitsskjal aukanefndar þeirrar, er á fundi 30. jan. þ. á. var kosin til að endurskoða fjallskilareglugjörðina, var framlagt og tekið til umræðu. Breytingartillögur hennar voru flestar samþykktar og þar að auki 4 nýjar greinar, er nefndin hafði stungið uppá. Þessar breytingar og viðauka er oddvita falið að tilkynna hreppsnefndunum til leiðbeiningar. Einnig er oddvita falið samkvæmt 2. viðaukagrein að útvega álit og tillögur hreppsnefnda um öll upprekstrarsvæði í sýslunni og hverjar jarðir tilheyri hverju upprekstrarsvæði, svo og um það, hverjar rjettir skuli vera aðalrjettir og aukarjettir, og hvaða svæði tilheyri hverri



aðalrjett, og skulu tjeðar tillögur lagðar fyrir næsta aðalfund.

## 19. Fjallskilamál.

Framlagt var álitsskjal aukanefndar þeirrar, er á síðasta aðalfundi var kosin til að segja álit sitt um rjettarbygginguna í Sauðárhrepp, og hefur meiri hluti nefndarinnar lagt það til, að hlutaðeigandi hreppar komi sjer saman um að byggja eina aðalrjett fyrir sunnan Grinsá í Skíðastaðalandi, en að Bakkakotsrjett verði lögð niður, og er þessi niðurstaða samþykkt af sýslunefndinni með atkvæðafjölda.

Í annan stað var framlagt álitsskjal aukanefndar þeirrar, er á sama fundi var kjörin til að lýsa áliti sínu um skiptingu Seiluhrepps til upprekstrar á Eyvindarstaðaheiði og Reynistaðarfjöll, og ræður nefndin til að takmörk hreppsins, að því er upprekstur snertir, verði eptirleiðis eins og að undanförnu, nefnilega að Valagerði, Gröfargil og Krossanes sje norðurjaðar frampartsins, sem notar upprekstur á Ey-

vindarstaðaheiði, og er þessi tillaga samþykkt.

Að því er snertir erindi oddvitans í Lýtingsstaðahreppi, hreppsnefndarinnar í Staðarhrepp og Steingríms bónda á Silfrastöðum áhrærandi ýmsar skýringar og breytingar á fjallskilareglugj. sýslunnar, er þess að geta, að þaraðlútandi ákvarðanir eru teknar upp í hinar nýju greinar reglugjörðarinnar, er samþykktar hafa verið á þessum fundi, og leyfir sýslunefndin sjer að skírskota til þeirra.

Ennfremur voru framlögð brjef frá oddvitunum í Rípur og Seilu hreppum áhrærandi upprekstur á heiðalönd á Eyhildarholti og Egg á Eyvindarstaðaheiði dags. 16. maí f. á. og 21. s. m., en þareð svo er ákveðið í 2. viðaukagrein fjallskilareglugjörðarinnar, að sýslunefndin segji skil yfir öll upprekstrarsvæði í sýslunni með tölu og ummerkjum, vill sýslunefndin fresta því að svara fyrirspurnum oddvitanna, þangað til upprekstrarmálið verður tekið fyrir í heild sinni til endilegra úrslita.



4b. Útsvarsmál.

Aukanefnd sú, er í gær var kosin til að segja álit sitt um útsvarskærur þeirra Björns Sehrams og Björns Jónssonar lagði fram álitsskjal, þar sem það af tilgreindum ástæðum er lagt til, að útsvar Björns Sehrams verði lækkað um 2 kr. og útsvar Björns Jónssonar fært niður um 7 kr.

Þessar tillögur eru samþykktar af sýslunefndinni.

20. Sýslusjóður

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður og austur amtinu dags. 19. júní f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist að athuga við sýslusjóðsreikninginn 1884. Til að standast áfallandi útgjöld þetta ár, er ákveðið að leggja 10 aura á hvert jarðar og lausafjár hundrað. Síðan var samin svolátandi

Áætlun

um tekjur og gjöld sýslusjóðsins 1886.

Tekjur

| Tala | | Kr. a |
|---|---|---|
| I. | Sjóður við árslok 1885 | 362.86 |
| II. | Sýslusjóðsgjald 1886 | 1153.00 |
| | Flyt | 1515.86 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 1515.86 |
| III | Endurborgað lán sýsluvegasjóðs | | 200.00 |
| | samtals | | 1715.86 |

## Gjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| I | Sýslunefndarkostnaður | | 300.00 |
| II | Yfirsetukvennalaun | | 375.00 |
| III | Kvennaskólastyrkur | | 150.00 |
| IV | Andvirði fyrir Drangey | | |
| | a. vextir af 1800 kr. | 72.00 | |
| | b. 1. afborgun lánsins | 600.00 | 672.00 |
| V | Óviss gjöld | | 218.86 |
| | samtals | | 1715.86 |

21. Kjörstjórnir til sýslunefndar.

Á næstu manntalsþingum á að kjósa sýslunefndarmenn í 6 hreppum sýslunnar, og eru eptir 29. gr. tilsk. 4. maí 1872 kosnir í kjörstjórnir:

1. í Fellshrepp — Friðrik Stefánsson Skálá; sr. Pálmi Þóroddsson Felli
2. í Viðvíkurhrepp — Bessi Steinsson Hýlholti; Sigurður Pjetursson Hofstöðum
3. í Akrahrepp — Ólafur Briem Frostastöðum; Gísli Þorláksson Hjaltastöðum



4. í Seiluhrepp — Eyólfur Hannsson Valadal; Jóhann Ingjaldsson Bakka
5. í Staðarhrepp — Jón Jónsson Hafsteinsstöðum; Jón Jónsson Reynistað
6. í Sauðárhrepp — Björn Þorbergsson Fagranesi; Björn Jónsson Heiði

22. Kjörfundarstaður.

Þareð Rípur þingstaður, sem næstur er miðju kjördæminu, er að sumu leyti óhentugur til alþingiskosninga, vill sýslunefndin leggja það til, að kjörþing það, sem haldast á næsti vor, verði haldið á Sauðárkrók.

23. Kjörstjórn til alþingis.

Í kjörstjórn til alþingis samkvæmt 19. gr. laga 14. septbr. 1877 eru kosnir:

1. Ólafur Briem á Frostastöðum
2. Egill Gottskálksson á Skarðsá

24. Yfirskattanefnd.

Í yfirskattanefnd sýslunnar eru eptir 19. gr. laga 14. desbr. 1877 kjörnir:

1. Ólafur Briem á Frostastöðum
2. Magnús Jónsson á Fjalli

| | | Flutt | 1515.86 |
|---|---|---|---|
| III | Endurborgað lán sýsluvegasjóðs | | 200.00 |
| | samtals | | 1715.86 |

## Gjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| I | Sýslunefndarkostnaður | | 300.00 |
| II | Yfirsetukvennalaun | | 375.00 |
| III | Kvennaskólastyrkur | | 150.00 |
| IV | Andvirði fyrir Drangey | | |
| | a. vextir af 1800 kr. | 72.00 | |
| | b. 1. afborgun lánsins | 600.00 | 672.00 |
| V | Ýmiss gjöld | | 218.86 |
| | samtals | | 1715.86 |

### 21. Kjörstjórnir til sýslunefndar.

Á næstu manntalsþingum á að kjósa sýslunefndarmenn í 6 hreppum sýslunnar, og eru eptir 29. gr. tilsk. 4. maí 1872 kosnir í kjörstjórnir:

1. í Fellshrepp — Friðrik Stefánsson Skálá; sr. Pálmi Þóroddsson Felli
2. í Viðvíkurhrepp — Bessi Steinsson Kýlholti; Sigurður Pétursson Hofstöðum
3. í Akrahrepp — Ólafur Briem Frostastöðum; Gísli Þorláksson Hjaltastöðum
4. í Seiluhrepp — Eyjólfur Hannsson Valadal; Jóhann Ingjaldsson Bakka
5. í Staðarhrepp — Jón Jónsson Hafsteinsstöðum; Jón Jónsson Reynistað
6. í Sauðárhrepp — Björn Þorbergsson Fagranesi; Björn Jónsson Heiði

### 22. Kjörfundarstaður.

Þareð Reynir þingstaður, sem næstur er miðju kjördæmisins, er að sumu leyti óhentugur til alþingiskosninga, vill sýslunefndin leggja það til, að kjörþing það, sem haldast á næsta vor, verði haldið á Sauðárkrók.

### 23. Kjörstjórn til alþingis.

Í kjörstjórn til alþingis samkvæmt 19. gr. laga 14. septbr. 1877 eru kosnir:

1. Ólafur Briem á Frostastöðum
2. Egill Gottskálksson á Skarðsá

### 24. Yfirskattanefnd.

Í yfirskattanefnd sýslunnar eru eptir 19. gr. laga 14. desbr. 1877 kjörnir:

1. Ólafur Briem á Frostastöðum
2. Magnús Jónsson á Fjalli

og til vara: Egill Gottskálksson á Skarðsá.

25. Barnaskóli.

Oddviti lagði fram brjef frá nokkrum íbúum Sauðárkróks dags. 21. þ. m., er bera það undir sýslunefndina, hvort hún vilji ekki taka að sjer barnaskólastofnunina þar á staðnum, og gera hana að almennum unglinga og barnaskóla fyrir sýsluna, en jafnvel þó flestir nefndarmenn sjeu málinu hlyntir, er það afráðið sökum fjárskorts að fresta málinu í þetta sinn.

26. Búnaðarskóli

Framlagðar voru fundargjörðir skólastjórnar búnaðarskólans á Hólum 1885.

Fundi slitið.
Jóhannes Ólafsson.
Magnús Jónsson Jóhann P. Pjeturss.
Jósef Jósefsson (?) Björn Pjetursson
Sigurður Jónsson Gottskalksson (?) Konráð Jónsson
Jónas Jónsson



Ár 1886 miðvikudaginn 9. júnímánaðar átti sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu fund með sjer á Sauðárkrók. Fundinum stýrði oddviti sýslunefndarinnar. Á fundinum mættu nefndarmenn úr Fells, Hofs, Hóla, Viðvíkur, Akra, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár, Skefilstaða og Rípur hreppum.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

1. Sýslunefndarkosning

Þareð kjörtími þeirra 6 nefndarmanna, er kosnir voru á manntalsþingum 1880, og síðan hafa átt sæti í nefndinni, var liðinn á umliðnu vori, bar samkvæmt 29. grein tilskipunarinnar 4. maí 1872 að kjósa nýja nefndarmenn í þeirra stað í Fells, Viðvíkur, Akra, Seilu, Staðar og Sauðár hreppum til 6 ára. Við þjóða kosningu, er var fyrirtekin á manntalsþingum 1886, urðu þessir fyrir flestum atkvæðum, og eru því rjett kjörnir í sýslunefndina:

1. í Fellshrepp Guðmundur Jónsson Ystahóli.
2. í Viðvíkur — Bessi Steinsson Kýrholti.
3. í Akra — Rögnvaldur Bjarnason Rjettarholti.
4. í Seilu — Magnús Jónsson Fjalli.
5. í Staðar — Jón Jónsson Hafsteinsstöðum
6. í Sauðár — Sveinn Pálmason Skarði

## 2. Drangeyjar reglugjörð

Oddviti framlagði frumvarp til reglugjörðar um Drangey, afnot hennar, veiði þar og fleira, samið af aukanefnd þeirri, er þar til var kosin á síðasta aðalfundi. Tjeð frumvarp var upp lesið og eptir nokkrar umræður samþykkt með litlum breytingum.

## 3. Hallærislán

Hreppsnefndin í Hofshrepp hefur í brjefi dagsettu 21. april farið þess á leit, að sýslunefndin hlutist til um að útvega hreppnum hallærislán allt að 1000 kr. sökum yfirvofandi bjargarskorts meðal almennings, og ennfremur hafa hreppsnefndirnar í Holts og Fells hreppum gefið í skyn



að á yfirstandandi ári mundi verða óumflýjanlegt að fá lán til að afstýra hallæri í þeim hreppum. Áður en sýslunefndin fastræður nokkuð um þessar lántökur, álítur hún nauðsynlegt að útvega ítarlegar skýrslur um ástand manna í hinum umræddu hreppum, og ef það þá kemur fram, að lánin sjeu óumflýjanleg, vill sýslunefndin samþykkja (að) taka allt að 500 kr. lán handa hverjum þessara hreppa, móti því að hlutaðeigandi hreppsnefndir gangi í fulla ábyrgð fyrir vaxtaborgun og endurgreiðslu lánanna. Jafnframt var oddvita falið að æskja samþykkis amtsráðsins til hinnar fyrirhuguðu lántöku samtals allt að 1500 kr., og gera aðrar ráðstafanir til þess að lánveitingin fáist.

## 4. Hreppstjóra kosning

Hreppstjórinn í Skefilstaðahrepp, Friðbjörn Björnsson í Hóli, hefur

í brjefi dagsettu í dag óskað lausnar.
Í hans stað eru kosnir þessir menn:
1. Hjörtur Hjálmarsson Skíðastöðum
2. Sigurður Jónsson Hvalnesi
3. Gunnar Gunnarsson á Hafragili

## 5. Búnaðarskólamál

Fram lagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu dags. 28. apríl þ. á., er óskar tilkynningar um, að sýslunefndin hjer í sýslu skori á sýslunefndina í Eyjafjarðarsýslu að gefa innan loka yfirstandandi árs skýlausa yfirlýsingu um, hvort hún vill eptirleiðis taka þátt í búnaðarskólahaldinu á Hólum eða ekki. Var það samþykkt, og oddvita falið að rita sýslunefnd Eyfirðinga um þetta mál.

Sýslunefndarmaðurinn í Seiluhrepp, sem er einn í forstöðunefnd búnaðarskólans á Hólum, skýrði frá, að þrátt fyrir það að til skólans hefði verið lagður allur sá styrkur, er þessi sýsla hefði



hlotnast í þeim 2000 kr., sem með fjárlögunum 10. gr. C. 4. eru lagðar til eflingar búnaði fyrir árið 1886, hefði sýslunefndin í Húnavatnssýslu ekki lagt til skólans nema 400 kr. af sinni hlutdeild í þeirri fjárveitingu. Sýslunefndin fal oddvita að tilkynna sýslunefnd Húnvetninga óánægju sína út af þessu, og láta henni í ljósi þá von, að hún eptirleiðis legði skólanum jafnan styrk og Skagfirðingar.

## 6. Kvennaskólamál

Eptir óskum oddvita hefur stjórn kvennaskólans í Ytriey sent ágrip af fjárhagsreikningi skólans 1884-85 með tilheyrandi fylgiskjölum og jafnframt skýrt frá hag skólans yfir höfuð. Við það skjal hafði sýslunefndin ekkert að athuga.

## 7. Reikningaskoðun

Oddviti skýrði frá, að hann hefði

sent hreppsnefndunum athugasemdir
við sveitarsjóðsreikningana 1884-85,
og meðtekið svör þeirra, er hafa gjört
létt eða leiðrjett það, sem að er fundið,
og eru reikningarnir samþykktir af
sýslunefndinni.

Fundi slitið

Jóhannes Ólafsson. J. Jónsson Gjáinsson
Jóh. P. Pjetursson Árni Sigurðsson
B. Steinsson J. Sölvason
Rögnvaldur Björnsson J. Jónsson
Páll Jónsson Magnús Jónsson.

Ár 1887 hinn 3. dag febrúarmánaðar
var á Sauðárkrók haldinn aðalársfundur
sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.
Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn
úr Holts, Fells, Hofs, Hóla, Viðvíkur,
Akra, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar og Rípur
hreppum, og nefndarmaðurinn í Sauðár



hrepp kom litlu eptir að fundurinn var settur.
Sýslunefndarmaðurinn í Skefilsstaðahrepp hefur
tilkynnt oddvita forföll sín. Til að
stýra fundinum, ef oddviti getur eigi verið
við staddur, var kosinn varaoddviti sýslu-
nefndarmaðurinn í Lýtingsstaðahrepp.

Á fundinum voru tekin til meðferðar
þessi mál:

## 1. Sýslureikningar.

Reikningar um tekjur og gjöld sýsl-
unnar 1886, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðs-
ins og um þurfamannaflutning voru fram-
lagðir með fylgiskjölum og yfirlitum af
nefndarmönnum. Að því leyti sem
samþykki amtsráðsins útheimtist til
einhverrar útborgunar úr sýslusjóðnum
samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, óskar
sýslunefndin að slíkt samþykki verði
veitt. Eptir að nefndarmenn höfðu kynnt
sjer reikningana, lýstu þeir því yfir, að
þeir hefðu ekkert sjerstaklegt við þá

að athuga. Til að endurskoða reikningana í stað Egils Gottskálkssonar á Skarðsá, er gekk úr sýslunefndinni á síðastliðnu vori, var kosinn sýslunefndarmaðurinn í Sauðárhreppi Sveinn Sölvason á Skarði, og voru honum afhentir reikningarnir. Verða þeir síðan ~~afhentir~~ sendir til amtsráðsins, en ágrip af þeim til allra hreppsnefnda í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar.

Þá voru framlagðir sveitarsjóðsreikningar hreppanna í sýslunni 1885-86 með fylgiskjölum, og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar Jónssonar til Lýtingsstaðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig reikningar hreppsvegasjóðanna og kláfanna á Jökulsá 1886, ennfremur áætlanir um tekjur og gjöld sveitasjóða og skrár um niðurjöfnun aukaútsvars 1886-87. Eptir að þessi skjöl höfðu verið yfirfarin, án þess nefndarmenn



fyndu ástæðu til að gjöra við þau verulegar athugasemdir, var endurskoðun reikninganna falin Ólafi Briem á Frostastöðum.

## 3. Þingstaðarfærsla.

Framlagt var brjef oddvitans í Holtshreppi, dags. 18. ágúst f. á., er skýrir frá, að á manntalsþingi hreppsins síðastliðið vor hafi komið fram tillaga um, að flytja þingstað hreppsins frá Stóraholti að Haganesi, og að þessi tillaga hafi ekki mætt neinum andmælum, enda megi þessi þingstaðaskipti álítast hin haganlegustu, og sjeu samþykkt af eiganda og ábúanda Haganess. Hreppsnefndin fer þess því á leit, að hið almenna þing hreppsins verði framvegis haldið að Haganesi, og er þetta samþykkt af sýslunefndinni í einu hljóði.

## 4. Fasteignarveðsetning

Framlagt var brjef oddvitans í Rípur

hrepp dags. 22. f. m., er skýrir frá, að á hreppsnefndarfundi 19. s. m. hafi orðið til rætt um úrræði til að standast hin afarmiklu hreppsþyngsli, sem útlit sje fyrir að fari æðum vaxandi, og sú orðið niðurstaðan að selja hreppseignina ½ Keflavík í Hegranesi eða veðsetja hana fyrir láni úr landsbankanum. Sýslunefndinni virðist ísjárvert að selja tjeða fasteign að svo stöddu, en þareð henni er kunnugt um hinn bágborna hag sveitarinnar, er hún því samþykk, að hreppsnefndin veðsetji áðurnefnda fasteign fyrir peningaláni.

## 5. Hreppsvegabreyting.

Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Seiluhrepp dags. 18. f. m., er fer þess á leit, samhvæmt tillögu er fram kom á hreppaskilaþingi 21. júní síðastl., að lagður verði nýr hreppsvegur frá Geldingaholti



upp á sýsluveginn fyrir sunnan Syðra-Skörðugil, sem bæði sje kirkjuvegur frá Holti og Holtskoti og auk þess alfaraleið fyrir allmarga sýslubúa. Var þessi tillaga samþykkt af sýslunefndinni í einu hljóði. Ennfremur var samþykkt sú tillaga hreppsnefndarinnar, að brúin fyrir austan Vallholt verði felld úr hreppsvegatölu.

## 6. Ferjumál.

Í brjefi dags. 29. f. m. hefur ferjumaðurinn að vestanverðu við austurós Hjeraðsvatnanna, Hallur Jóhannsson í Garði, sótt um 50 kr. lán úr sýslusjóði til að útvega sjer fyrir ferjubát, þareð hann í brimi á næstliðnu hausti hafi misst ferjukugg þann, er hann hafði til flutninga yfir vatnaósinn. Að vísu kom það fram, að hinn umræddi ferjubátur hefði að eins laskast, svo að ef til vill mætti gjöra við hann með ekki allmiklum kostnaði, en aptur á móti er það kunnugt, að ferju-

mönnunum hefir tvívegis áður orðið fyrir
þeim skaða að missa ferjubát sinn, sökum
þess að ill-mögulegt er að hafa þann útbúnað,
að eigi geti þar farist ferja, þá er minnst
varir. Með tilliti til þessa var samþykkt
að veita beiðanda 25 kr. styrk úr sýslusjóði.

Í annan stað hafa ábúendurnir í
Haganesi, Sveinn Sveinsson og Sigurður Pjeturs-
son, í brjefi dags. 28. f. m. farið þess á leit, að
fá 60 kr. úr sýslusjóði til að koma upp hæfi-
legri ferju á Hraunaós. Reyndar treysti
sýslunefndin sjer ekki til að veita í þessu
skyni svo háa upphæð, sem um er beðið, en
af sjerstökum ástæðum var samþykkt að
veita Haganesbændum 30 kr. styrk úr sýslu-
sjóði til ferjukaupa, móti því að þeir ávallt
haldi ferju á Hraunaós í góðu standi.

## 7. Kláfdráttur

Þá var framlagt brjef ábúendanna á
Merkigili, Skatastöðum og Ábæ dags. 6. f. m.



þar sem þeir fara þess á leit við sýslu-
nefndina, að hún veiti 200 kr. styrk úr
sýslusjóði til að koma upp kláfdrætti á
austari Jökulsá, er sje bæði straumhörð og
stórgrýtt og að jafnaði ill yfirferðar; Að
vísu er sýslunefndin beiðendum samdóma
um, að hinn umræddi kláfdráttur sje
mjög þarflegt fyrirtæki, en eigi að síður
álítur hún ekki umtalsmál, að sýslan
í heild sinni kosti að öllu leyti þetta
fyrirtæki, sem einungis varðar sárfáa bæi,
heldur sje það nauðsynlegt skilyrði fyrir
nokkurri fjárveitingu úr sýslusjóði, að þeir,
sem næstir standa, leggi fram að minnsta
kosti helming kostnaðarins, en þar sem ekki
liggur fyrir af þeirra hendi tilboð um
að leggja sjálfir neinn styrk til fyrirtækis
þessa, getur sýslunefndin ekki að svo
stöddu sinnt beiðni þeirra, og álítur þá
fyrst takandi mál að styrkja fyrirtækið
að einhverju leyti, þegar hlutaðeigendur
hafa sýnt, hve mikið þeir vilja til þess
vinna.

## 8. Hallærislán.

Hreppsnefndin í Fellshreppi hefur í brjefi dags. 29. f. m. farið þess á leit, að sýslunefndin hlutist til um að útvega hreppnum hallærislán ekki minna en 300 kr. sökum yfirvofandi bjargarskorts í hreppnum, en þrátt fyrir fyrirsjáanleg vandræði er meiri hluti sýslunefndarinnar á því, að enn sje ekki útkula vonar um, að hreppsbúar geti af eigin rammleik greitt úr þeim, án þess að binda sjer byrði með lántöku úr almennum sjóði, og fyrir því ályktar sýslunefndin með atkvæðafjölda, að fresta samþykki til hinnar eptiræsktu lántöku, þangað til reynslan sýnir, að hún verði óumflýjanlega nauðsynleg.

## 9. Almenningshagar.

Oddviti framlagði brjef amtmannsins yfir Norður og austur amtinu dags. 12 ágúst f. á., er skorar á sýslunefndina að gjöra í tíma þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kynnu að vera til þess að afstýra hallæri, og hvaðst sýslumaður hafa brýnt það fyrir hreppstjórum að hafa vakandi auga á því, að hreppsbúar þeirra líði ekki neyð fyrir bjargarskort. Þareð nú er mjög ískyggilegt útlit með fóðurbirgðir fyrir búpening, finnur sýslunefndin ástæðu til að brýna fyrir sveitarstjórum að hafa nákvæmt eptirlit með heybirgðum manna og skepnuhöldum, fyrirskipa þaraðlútandi skoðanir, ef þurfa þykir, og hlutast til um að fóðurlausum skepnum verði lógað, einkum hrossum til fóðurdrýginda handa kúpeningi.

## 10. Drangeyarkaup.

Oddviti skýrði frá, að landshöfðingi hefði í brjefi 28. maí f. á. veitt sýslunni 1200 kr. lán úr landssjóði til að kaupa eyna Drangey handa sýslufjelaginu gegn því að lán þetta endurborgist á 12 árum með 100 kr. á ári og ávaxtist á venjulegan hátt. Jafnframt var framlagt kaupbrjef fyrir Drangey með áritnu afsali dags. 16 ágúst 1886, sem ákveðið er að þinglýst

verði á næstkomandi manntalsþingi á kostnað sýslusjóðsins.

## 11. Kærumál.

Í brjefi dags. 17. f.m. hefur Sigurður Sigurðsson á Víðivöllum óskað tilhlutunar sýslunefndarinnar um, að hreppsnefndin í Akrahrepp greiði honum 25 kr. skaðabætur fyrir ústarraf ekkjunnar Ingibjargar Guðmundsdóttur, er síðastliðið vor kom til ráðstöfunar hreppsnefndarinnar, en eptir á sá sjer sjálf fyrir samastað meðgjafarlaust. Sýslunefndin álítur sjer mál þetta óviðkomandi en þar á móti heyrandi undir úrslit dómstólanna, og er oddvita falið að benda kæranda á það.

## 12. Póstmál.

Framlögð voru brjef sveitarstjórnanna í Viðvíkur, Hóla og Akra hreppum, er óska meðmæla sýslunefndarinnar til þess, að stofnuð verði brjefhirðing á leið



Siglufjarðarpóstsins að Viðvík og á leið aðalpóstsins að Miklabæ. Ennfremur hefur hreppstjórinn í Lýtingsstaðahrepp í brjefi dags. 26. f.m. óskað tilhlutunar um, að aukapóstur verði látinn ganga frá Víðimýri við hverja póstferð að sunnan fram í Lýtingsstaðahrepp ekki skemur en að Lýtingsstöðum. Allar þessar tillögur vill sýslunefndin styðja með sínum beztu meðmælum, og felur oddvita að koma þeim á framfæri við póststjórnina.

## 13. Afrjettarmál

Oddviti framlagði skýrslur og tillögur flestra hreppsnefnda í sýslunni um upprekstrarsvæði og fjárrjettaskipun, er sýslunefndin hefur óskað eptir til leiðbeiningar við að semja aðalskrá fyrir sýsluna um þetta efni, en þareð slíkar skýrslur vanta enn frá nokkrum hreppum sýslunnar, getur sýslunefndin ekki að svo stöddu ráðið þar til lykta, og verður þessvegna að fresta því

til næsta fundar.

Þareð maður sá, er hingað til hefur haft þann starfa á hendi að taka móti lýsingum óskilafjár og koma þeim til prentunar, Egill Gottskálksson á Skarðsá, hefur í brjefi 7. júní f. á. afsalað sjer þeim starfa, var í hans stað kosinn sýslunefndarmaðurinn í Rípurhrepp, Jónas Jónsson í Hróarsdal.

Í brjefi dags. 2. þ. m. hefur sýslunefndarmaðurinn í Seiluhrepp farið þess á leit, að skora verði á sýslunefndina í Húnavatnssýslu að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að sú óregla eigi sjer ekki stað eptirleiðis, að bændur í Langadal noti Staðarfjöll til upprekstrar fyrir geldfjenað sinn, sem stundum hafi borið við að undanförnu, jafnvel þó slíkt sje með öllu heimildarlaust. Jafnframt hefur hann skýrt frá, að bændur á Laxárdal þurfi vegna afstöðu heimalanda sinna að vera í fjallskilafjelagi við þá, er



nota upprekstur á Staðarfjöll, og lagt það til, að farið sje á leit við sýslunefnd Húnvetninga að hlutast til um, að Laxdælir, sem lönd eiga að Staðarfjöllum, frá Litlavatnsskarði að Vatnshlíð, megi nota heimalönd sín til upprekstrar, og gegni þar fullum gangnaskilum, en sjeu aptur lausir við fjallskil á Eyvindarstaðaheiði.

Þareð dagur var kominn að kvöldi, var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 4. febrúar var fundinum fram haldið.

## 14. Kvennaskóli

Framlagt var eptirrit af fjárhagsreikningi kvennaskólans á Ytriey 1885–86 með tilheyrandi fylgiskjölum og jafnframt brjef skólastjórnarinnar um hag skólans yfir höfuð dags. 5. f. m., þar sem stjórnin sækir um 150 kr. styrk til skólans úr sýslusjóði. Við áðurnefnd skjöl hefur sýslunefndin ekkert að athuga, og ályktar að veita

skólanum hinn umbeðna styrk, að upphæð 150 kr.

## 15. Búnaðarstyrkur

Að því er snertir hlutdeild sýslunnar í þeim 20000 kr., sem með fjárlögunum 10. gr. C 4. eru lagðar til eflingar búnaði fyrir árið 1887, var eptir tillögu forstöðunefndar búnaðarskólans á Hólum á fundi að Tungunesi 15. f. m. samþykkt, að láta ~~nefnd~~ skólann njóta þeirrar fjárveitingar eins og að undanförnu, þó með því fasta skilyrði, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu veiti jafnupphæð af hlutdeild sinni í umræddum búnaðarstyrk, og fyrir því var afráðið að kjósa 3 manna nefnd til að semja við Húnvetninga um þetta efni, en meðan þeir samningar eru ekki fullgjörðir, verður ekki frekari ~~um~~ ályktun um það, hvernig verja skuli umræddri fjárveitingu. x)

## 16. Búnaðarskóli.

Sýslunefndarmaðurinn í Seiluhrepp,



sem jafnframt er einn í stjórn búnaðarskólans á Hólum, skýrði frá hag skólans, og sýndi reikning um tekjur og gjöld hans 1885-86. Jafnframt skýrði skólastjóri Jósef Björnsson, sem var við staddur, frá ýmsum framkvæmdum búnaðarins á Hólum. Ennfremur voru framlagðar fundargjörðir skólastjórnarinnar 12-15. maí og 7-8. október f. á. Hin síðarnefnda fundargjörð ber með sjer, að á þeim fundi kom fram tillaga um, að breytt væri fyrirkomulagi á kennslu og bústjórn skólans framvegis, þannig, að annar kennari væri jafnframt bústjóri með ákveðnum verkahring, en skólastjóri skyldi aptur hafa aukna bóklega kennslu. Þareð svo var álitið, að slíkt fyrirkomulag gæti bætt hag búsins, án þess þó að hafa aukin

---

x) Í tjeða aukanefnd voru kosnir, auk oddvita sýslunefndarinnar, nefndarmennirnir í Seilu og Rípur hreppum, Magnús Jónsson á Fjalli og Jónas Jónsson í Hróarsdal.

fjárframlög í för með sjer, hefur þessi breyting á fyrirkomulaginu síðan verið samþykkt af skólastjórninni. Um þessa breytingu urðu allmiklar umræður í nefndinni. Að vísu kom sýslunefndarmaðurinn í Rípurhrepp fram með nýja tillögu um skipulag skólans, á þann hátt, að jörðin og búið væri leigt manni, sem þetti hafa til að hafa búsljórn á hendi, og þannig sparaðist kostnaðurinn við að halda annan kennara en skólastjóra. En þó nefndarmenn viðurkenndu, að mikið mælti með þessari síðustu tillögu, sjerstaklega í tilliti til kostnaðarins, var það samt eindregið álit, að hún geti ekki að svo stöddu komið til framkvæmdar. Aptur á móti er breyting sú á fyrirkomulaginu, er skólastjórnin hefur afráðið, í einu hljóði samþykkt af sýslunefndinni.

Þá voru framlögð brjef amtsráðsins í Norður og austur amtinu dags. 13. júlí og



25. septbr. f. á., er innihalda tilkynningu um, að ekki geti orðið veitt það 5000 kr. lán, er sýslunefndin hafði sótt um að fá úr viðlagasjóði til húsabygginga á Hólum.

Framlögð var krafa Jóns Ásgrímssonar á Nýjabæ um vexti af verði fyrir fjárinu, er hann seldi búnaðarskólanum vorið 1883, og var samþykkt, að í þessu skyni væri greiddar 20 kr. 96 a. úr skólasjóði.

## 17. Hólakirkja

Oddviti framlagði reikning um tekjur og gjöld kirkjunnar 1885-86, og hafði nefndin ekkert þarvið að athuga. Eptir þeim reikningi átti kirkjan við árslok 1886 219 kr. 7 a., en aptur skuldaði hún 194 kr. 81 e. Síðan er áfallinn nokkur kostnaður til framhalds á viðgerð kirkjunnar, sem framkvæmd hefur verið næstliðið ár undir umsjón oddvita.

og Sjómannafundar kvennaskólans á Hólum. Til að standast þennan kostnað hefir skólastjórinn á fundi að Tungunesi 15. f. m. sótt um 150 kr lán úr sýslusjóði, og var samþykkt að veita hið umbeðna lán.

Þá var framlagt bréf forstöðunefndar kvennaskólans á Hólum dags. 15. f. m., þar sem þess er farið á leit, að sýslunefndin leggi samþykki sitt á, að ýmsir forngripir úr Hólakirkju verði seldir og afhentir forngripasafninu í Reykjavík fyrir tiltekið verð. Samkvæmt þessari tillögu er sýslunefndin því samþykk fyrir sitt leyti, að hinir umræddu forngripir verði seldir gripasafninu fyrir 1000 kr.

## 18. Fjallvegir.

Oddviti skýrði frá, að á Öxnadalsheiði hefði verið framkvæmd vegagjörð á síðastliðnu sumri fyrir þær 800 kr., er þartil voru veittar, en þareð sú upphæð entist ekki



til að fullgera veginn, vill sýslunefndin mæla sem best fram með því, að fje verði lagt til framhalds vegagjörðinni á þessari fjölförnu póstleið, og felur oddvita að sækja um það, og jafnframt um 100 kr. fjárveitingu til nauðsynlegra endurbóta og vörðusetningar á fjallveginum yfir Vatnsskarð.

## 19. Sýsluvegir

Framlagt var bréf amtsráðsins í Norður og austur amtinu dags. 16. ágúst f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athugavert við sýsluvegasjóðsreikninginn 1885

Eptir framlögðum reikningi hefur 1104 kr. 16 a. verið varið til endurbóta á sýsluvegum, þaraf á aðalpóstleiðinni 228 kr. Samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. 5. b. hefur amtsráðið veitt alls 400 kr., en af þeirri upphæð hefur gengið til búnaðarsjóðsins 300 kr. tillag.

Frá Hofs, Akra, Lýtingsstaða og Staðar hreppum hafa komið tillögur um vegabætur á næsta vori, en að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýrslur um ástand veganna hver fyrir sinn hrepp,

Með tilliti til þessara skýringa var samin

# Áætlun

um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1887.

## Tekjur

| Tala | | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Sjóður við árslok 1886 | | 28.22 |
| II | Sýsluvegagjald 1887 | | 970.00 |
| | Samtals | | 998.22 |

## Gjöld

| Tala | | | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| I | Endurgjald 1500 kr. láns úr viðlagasjóði | | | |
| | a. ársleiga af 800 kr | | 32.00 | |
| | b. 8. afborgun lánsins | | 100.00 | 132.00 |
| II | Endurborgun láns úr sýslusjóði | | | 200.00 |
| III | Sýsluvegabætur 1887 | | | |
| | 1. í Holts | hreppi | " | |
| | 2. í Fells | –"– | " | |
| | 3. í Hofs | –"– | 90.00 | |
| | 4. í Hóla | –"– | " | |
| | 5. í Viðvíkur | –"– | 50.00 | |
| | 6. í Akra | –"– | 110.00 | |
| | 7. í Lýtingsstaða | –"– | 80.00 | |
| | 8. í Seilu | –"– | 110.00 | |
| | | Flyt | 440.00 | 332.00 |



| Tala | Gjöld | | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt | 440.00 | 332.00 |
| | 9. í Staðar | hreppi | 60.00 | |
| | 10. í Sauðár | –"– | 70.00 | |
| | 11. í Skefilsstaða | –"– | 45.00 | |
| | 12. í Rípur | –"– | 45.00 | 660.00 |
| IV | Ýmiss gjöld | | | 6.22 |
| | | Samtals | | 998.22 |

Nefndarmenn tóku að sjer að sjá um vegabætur hver í sínum hrepp, og senda oddvita í tæka tíð nákvæmar skýrslur um tilkostnaðinn. Oddvita er falið að sækja um styrk til vegabóta á aðalpóstleiðinni í Akra og Seilu hreppum af fje því, sem þartil er veitt í fjárlögunum.

Þá var framlagt brjef hreppsnefndarinnar í Hólahrepp dags. 29. f. m., er leggur það til, að vegurinn frá Heljardalsheiði ofan svokallaða Gróf og vestur á Hrísháls verði tekinn í sýsluvegatölu, en þessi tillaga var felld með atkvæðafjölda.

## 20. Brúarmál.

Oddviti framlagði reikning um tekjur og

gjöld brúasjóðsins 1886, er á í sjóði 96 kr. 6 a. Reikningurinn sýnir, að brúin á Grafará hefur kostað 775 kr. 11 a., og kostnaðurinn við að ná upp Valagilsárbrúnni 77 kr. Jafnframt var til sýnis skýrsla um við þann, er bjargað var, og ber (hún) með sjer, að megnið af brúarviðunum er að miklu óskemmt, en járnverkið allmjög gallað. Þareð það er áform sýslunefndarinnar að koma aptur upp Valagilsárbrúnni svo fljótt sem auðið er, sem hlýtur að hafa allmikinn kostnað í för með sjer, er ákveðið að jafna niður brúagjaldi á næsta vori með 3 aurum af hverju jarðar og lausafjár hundraði í öllum hreppum sýslunnar. Oddvita er falið að sækja um styrk úr landssjóði uppí kostnaðinn við endurbygginguna brúarinnar, sem liggur á aðalpóstleið sýslunnar. Sýslunefndarmanninum í Hofs hrepp var falið að sjá um málun brúarinnar á Grafará.

## 21. Amtsráðskosning

Oddviti framlagði brjef amtsráðsins í



Norður og austur amtinu dags. 11. nóvbr f. á., er fyrirskipar kosningu eins amtsráðsmanns og tveggja vara-amtsráðsmanna í stað þeirra Einars Ásmundssonar, Skapta Jósefssonar og Páls heitins Vigfússonar. Var síðan gengið til kosningar, á þann hátt, að hver sýslunefndarmaður greiddi atkvæði um þrjá menn, og hlutu þessir atkvæði:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ólafur Briem á Frostastöðum | 12 |
| 2. | Einar Guðmundsson á Hraunum | 9 |
| 3. | Einar Ásmundsson í Nesi | 8 |
| 4. | síra Davíð Guðmundsson á Hofi | 2 |
| 5. | Eggert Laxdal á Akureyri | 1 |
| 6. | Jóhann Pjetursson á Brúnastöðum | 1 |
| 7. | Magnús Þórarinsson á Halldórsstöðum | 1 |
| 8. | Ólafur Sigurðsson á Ási | 1 |
| 9. | Valgarð Claessen á Sauðárkrók | 1 |
| | | = 36 |

## 22. Sýslusjóður

Framlagt var brjef amtsráðsins í Norður og austur amtinu dags. 16. ágúst f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist

athugavert við sýslusjóðsreikninginn 1885.
Ákveðið er, að jafna niður sýslusjóðsgjaldi þetta ár með 8 aurum af hverju jarðar og lausafjár hundraði. Síðan var samin

## Áætlun

## um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1887

| Tala | Tekjur | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Sjóður við árslok 1886 | | 206.29 |
| II | Sýslusjóðsgjald 1887 | | 901.00 |
| III | Endurborgað lán sýsluvegasjóðs | | 200.00 |
| IV | Afgjald af Drangey 1887 | | 100.00 |
| | Samtals | | 1407.29 |
| | **Gjöld** | | |
| I | Sýslunefndarkostnaður 1887 | | 300.00 |
| II | Yfirsetukvennalaun 1887 | | 375.00 |
| III | Kvennaskólastyrkur 1887 | | 150.00 |
| IV | Endurgjalds 1200 kr. láns úr landssjóði | | |
| | a. ársleiga af 1200 kr. | 48.00 | |
| | b. 1. afborgun lánsins | 100.00 | 148.00 |
| V | Fyrir þinglestur kaupbréfs fyrir Drangey | | 12.16 |
| VI | Styrkur til ferjukaupa | | |
| | Flyt | | 985.16 |



| Tala | Gjöld | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 985.16 |
| | a. til Haganes ábúanda | 30.00 | |
| | b. til Gards ábúanda | 25.00 | 55.00 |
| VII | Lán til Hólakirkju | | 150.00 |
| VIII | Ýmiss gjöld | | 217.13 |
| | Samtals | | 1407.29 |

Fundi slitið.
Jóhannes Ólafsson. Jóh. P. Pétursson
Magnús Jónsson Sv. Sveinsson Jón Jónsson
Bessi Steinsson Árni Ásgrímsson
Guðm. Jónsson Jónas Jónsson
Sveinn Sölvason Rögnvaldur Bjarnason
Konráð Jónsson

Ár 1887, miðvikudaginn 15. júnímánaðar, var á Sauðárkrók haldinn aukafundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar. Á fundinum voru tekin til meðferðar þessi mál:

# 1. Hallærismál.

Sökum óþurkanna og þar af leiðandi illrar nýtingar á heyjum síðastliðið sumar reyndist heyafli almennings, þó hann að vöxtum sýndist nægilegur fyrir pening þann, er settur var á vetur, svo ljettur og óhollur, að skepnurnar gátu ekki á þeim þrifist. Sjerstaklega urðu menn fyrir miklum skaða af því, hve kýr reyndust gagnslitlar, svo að annað bjargræði varð fyrir þá sök venju fremur uppgangssamt, og urðu menn því að hleypa sjer í stórskuldir fyrir kornvörulán. Í annan stað voru mikil brögð að lungnaveiki í lömbum, svo að þau drógust fram og drápust frá nægum heyjum, en þótt fullorðið fje í sumum sveitum væri orðið langdregið og magurt um sumarmál, hjelst það allvíðast í bjarglegu standi til þess tíma. En þá kom hið mikla sumarmálahret, með snjókomu og frost-hörku, sem eðlilega leiddi af því, að hafísinn barst þá að norðurlandi, og þótt ísinn innan skamms leysti frá landinu, kom hann aptur í 5. viku sumars með óvanalegri norðanstórhríð með fádæma fann-komu, er stóð í samfleytta 5 daga. Í þessari hörmungatíð um það leyti, sem menn gátu farið að gera sjer von um sumarblíðu, voru margir búnir að eyða hinum ljelega heyforða, svo að þeir voru orðnir allsendis fóðurlausir fyrir allar skepnur, og margir höfðu sleppt sauðfje til fjalla. Af þessu leiddi, að skepnurnar, sem víðast voru veikar fyrir af ýmsum kvillum, hrundu niður í húsunum af hungri eða ónýtu fóðri, en það fje, sem ekki náðist í hús, fennti hópum saman, hrakti í vötn eða króknaði af kulda. Af þeim skepnum, sem eptir lifðu, urðu kýrnar sumstaðar básgeldar, og ærnar gátu ekki fætt lömb sín, svo að þar af leiðir, að mikill hluti málnytupeningsins verður að nokkru eða öllu leyti gagnslaus á komanda sumri. Ennfremur hefur hafísinn teppt siglingar og vöruflutninga til verslananna, sem ekki höfðu neinar kornvörubirgðir síðan vetrinum, auk þess sem af ísnum hefur leitt fullkomið bjargarbann á sjó, og sjerstaklega hefur algjörlega farist fyrir fuglveiði við Drangey, sem annars hefði orðið mönnum að mikilli björg.

Eptir tilhlutun oddvita hafa sýslunefndinni borist skýrslur úr öllum hreppum sýslunnar um

ástand almennings, og bera þar skýrslur með sjer, að frá veturnóttum 1886 til fardaga 1887 hefur skepnufellirinn orðið þessi:

| | Nautgripir | Sauðfje | Hross |
|---|---|---|---|
| 1. í Holts hrepp | 23 | 549 | 12 |
| 2. í Fells -"- | 9 | 268 | 9 |
| 3. í Hofs -"- | 12 | 1098 | 15 |
| 4. í Hóla -"- | 3 | 631 | 4 |
| 5. í Viðvíkur -"- | " | 392 | 9 |
| 6. í Akra -"- | 9 | 2079 | 20 |
| 7. í Lýtingsstaða -"- | 3 | 1611 | 31 |
| 8. í Seilu -"- | 2 | 1288 | 29 |
| 9. í Staðar -"- | 2 | 563 | 9 |
| 10. í Sauðár -"- | 5 | 403 | 15 |
| 11. í Skefilstaða -"- | 6 | 865 | 41 |
| 12. í Rípur -"- | 5 | 353 | 10 |
| Samtals | 79 | 10100 | 204 |

Afleiðingin af öllum áðurtöldum hörmungum er sú, að ekki er sjáanlegt, að almenningur geti fram dregið lífið næsta vetur, nema því að eins,



að sýslufjelagið fái einhverja hjálp í neyðinni. Og með því sýslunefndin sjer engan annan veg til að sporna við mannfelli af hungri og harðrjetti á komanda vetri en lántöku, var það eptir allmiklar umræður afráðið með öllum samhljóða atkvæðum nefndarmanna að sækja um hallærislán úr landssjóði, að upphæð 12000 krónur; er oddvita falið á hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að þetta lán verði veitt. Jafnframt var samþykkt, að senda alþingi bænarskrá um, að fá hið umbeðna lán með sem vægustum kjörum að unnt er.

## 2. Heiðurslaun

Framlögð var bænarskrá frá Einari Guðmundssyni á Hraunum dags. 9. apríl þ. á. um heiðurslaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. með 2 fylgiskjölum, og er umsókn hans einkum byggð á því, að hann hefur smíðað brú yfir svokallaða Grafará með sjerstöku nýju byggingarlagi, er eptir allra dómi hefur reynst ágætlega, og getur orðið góð fyrirmynd til slíkra

brúargjörða eptirleiðis. Ennfremur hefur hann unnið að ýmsum umbótum á sjávarútvegi, sjerstaklega skipasmíðum, einnig byggt timburhús í bæ sínum, komið á æðarvarpi og bætt ábýlisjörð sína að öðru leyti, stofnað verksmiðju til að smíða úr járnþynnum og þar jafnhliða niðursuðu á matvælum. Sýslunefndinni er kunnugt, að öll atriði í umsóknarbrjefinu eru rjett hermd, og vill nefndin styðja það með sínum beztu meðmælum.

## 2. Styrktarsjóðir.

Þvínæst var framlagður kaupsamningur milli Þorleifs Jónssonar á Reykjum sem seljanda og hreppsnefndarinnar í Sauðárhrepp sem kaupanda um sölu á Hólkoti á Reykjaströnd til handa styrktarsjóði Sauðárhrepps (gjöf Sigurðar Guðmundssonar) fyrir 1000 krónur. Téður kaupsamningur var samþykktur af sýslunefndinni.

## 4. Búnaðarskóli.

Eptir tillögu sýslunefndarmannsins í Seiluhrepp, sem er einn í stjórn búnaðarskólans á Hólum, var samþykkt í einu hljóði, að senda alþingi bænarskrá um 4000 króna tillag til skólans fyrir hvert ár um næsta fjárhagstímabil, og þingmönnum sýslunnar falið að styðja hana á þinginu.

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson
Magnús Jónsson  Sveinn Sölvason  J. Jónsson
Guðm. Jónsson  St. Sveinsson  Árni Ásgrímsson
Jóh. P. Pjetursson  Sigurður Jónsson
Bessi Steinsson  Jónas Jónsson
Rögnvaldur Bjarnason  Jón Jónsson

Ár 1887, laugardaginn 8. októbermánaðar, var á Sauðárkrók haldinn aukafundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar nema Akrahreppi og Sauðárhreppi

Á fundinum voru tekin til meðferðar þessi mál:

## 1. Hallærismál.

Oddviti nefndarinnar skýrði frá, að beiðni sýslunefndarinnar á aukafundi 15. júní þ. á. um hallærislán úr landssjóði hefði haft þann árangur, að fyrirheit væri fengið um 10000 kr. lán gegn 4% vöxtum árlega og endurborgun á 10 árum. Jafnvel þó skilmálarnir fyrir lánveitingunni sjeu talsvert harðari enn farið var fram á á aukafundinum í vor, kom öllum nefndarmönnum saman um að þiggja lánið með þessum kjörum, þareð lántakan yrði að álítast óumflýjanlega nauðsynleg til að bæta úr yfirvofandi bjargarvandræðum á næstkomandi vetri. Í því tilliti gáfu nefndarmenn munnlega skýrslu um almenningshag og bjargræðisástand hver fyrir sinn hrepp, og lýsti það sjer, að útlitið er mjög ískyggilegt í flestum hreppunum og engu betra enn á síðastliðnu vori.



Af upphæð lánsins eru ársvextirnir 400 kr. og með því sumir nefndarmanna ljetu í ljós að sveitungum þeirra yrði að líkindum erfitt að svara þessari upphæð í peningum þegar á næsta ári, varð það að samkomulagi, að taka fyrirfram af láninu hina umræddu ársvexti, en að öðru leyti var láninu úthlutað eptir tillögum nefndarmanna til hinna einstöku hreppa á þessa leið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. til | Holts | hrepps | 1100 kr. |
| 2. — | Fells | " | 700 — |
| 3. — | Hofs | " | 900 — |
| 4. — | Hóla | " | 500 — |
| 5. — | Viðvíkur | " | 200 — |
| 6. — | Akra | — | 1100 — |
| 7. — | Lýtingstaða | — | 900 — |
| 8. — | Seilu | — | 900 — |
| 9. — | Staðar | — | 800 — |
| 10. — | Sauðár | — | 500 — |
| 11. — | Skefilstaða | — | 1100 — |
| 12. — | Rípur | — | 900 — |

Samtals 9600 kr.

Eptir að oddviti nefndarinnar er búinn

að gjöra ráðstöfun til, að lánsfjeð verði sent hingað norður, er svo ráð fyrir gjört, að upphæð sú, er hverjum hrepp hefur hlotnast, verði afgreidd til hlutaðeigandi sýslunefndarmanns, er afhendir það hreppsnefndinni peningana móti því að hún öll í heild sinni undirskrifi skuldbindingarbrjef eptir fyrirlagi oddvita sýslunefndarinnar. Jafnframt taka nefndarmenn að sjer að vera í ráðum með hreppsnefndunum bæði í tilliti til innkaupa á kornvöru fyrir peningana og að því er snertir útbýtingu lánsins yfir höfuð, og ennfremur hafa þeir að annast um að útvega í tæka tíð greinilegar og áreiðanlegar skýrslur um útbýtinguna.

## 2. Útsvarsniðurjöfnun

Hreppsnefndin í Staðarhreppi hefur í brjefi dags. í gær, er var framlagt, leitað samþykkis sýslunefndarinnar til þess, að á þessu hausti verði að samtöldu tíund í hreppnum meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð hreppsins að meðaltali um næstliðin 3 ár, og er þetta samþykkt af nefndinni samkvæmt 26. gr. sveitarstjórnarlaganna.

## 3. Hreppsnefndarkosning

Framlagt var brjef frá hjeraðslækni Árna Jónssyni dags. í gær, þar sem hann leggur það undir úrskurð sýslunefndarinnar, hvort hann sje skyldur að taka kosningu í hreppsnefnd, og ef hún álítur svo, fer hann þess á leit að verða leystur frá þeim starfa. Nefndin úrskurðaði það með atkvæðafjölda, að Árni læknir sje kjörgengur í hreppsnefnd, og finnur eigi næga ástæðu til að veita honum neina undanþágu í því tilliti.

Fundi slitið

Johannes Ólafsson. J. Jónsson. S. Salómonsson. J. Jónsson. B. Sveinsson. Árni Sigurðsson. S. Jónsson. Jón Jónsson. Joh. P. Pétursson. G. Jónsson. Eyjólfur Hannsson

Ár 1888, þriðjudaginn 21. febrúar-
mánaðar, á Sauðárkróki var haldinn
aðal-ársfundur sýslunefndarinnar í Skaga-
fjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita
nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar.

Á fundinum voru tekin til meðferðar
þessi mál:

## 1. Sýslureikningar.

Reikningar um tekjur og gjöld sýslunnar
1887, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins og um
þurfamannaflutning, voru framlagðir með fylgi-
skjölum og yfirlitum af nefndarmönnum.
Að því leyti sem samþykki amtsráðsins
útheimtist til einhverrar útborgunar úr
sýslusjóðnum samkvæmt 43. gr. tilsk. 4.
maí 1872, óskar sýslunefndin, að slíkt
samþykki verði veitt. Eptir að nefndar-
menn höfðu kynnt sjer reikningana, lýstu
þeir yfir því, að þeir hefðu ekkert sjerstak-



legt við þá að athuga. Til að endurskoða
reikningana í stað Sveins Sölvasonar á
Skarði, er gekk úr sýslunefndinni á síðastliðnu
sumri, var kosinn sýslunefndarmaðurinn í
Staðarhreppi, Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum,
og voru honum afhentir reikningarnir. Verða
þeir síðan sendir til amtsráðsins, en ágrip af
þeim til hreppsnefndanna í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar.

Þá voru framlagðir sveitarsjóðsreikningar
hreppanna í sýslunni 1886-87 með fylgiskjölum,
og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar
Jónssonar til Lýtingsstaðahrepps og Sigurðar
Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig
reikningar hreppsvegasjóðanna og kláfanna
á Jökulsá 1887, ennfremur áætlanir um
tekjur og gjöld sveitarsjóða og skrár um
niðurjöfnun aukaútsvars 1887-88. Eptir
að þessi skjöl höfðu verið yfirfarin, án
þess nefndarmenn fyndu ástæðu til, að

gjöra við þau verulegar athugasemdir, var endurskoðun reikninganna falin Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum.

Oddviti lagði fram athugasemdir við sveitarsjóðsreikning Viðvíkurhrepps 1885-86, og skýrði frá, að fyrverandi oddviti hreppsnefndarinnar hefði skorast undan að fullnægja athugasemdunum, sjerstaklega 3. tölulið, er snertir vantalin tillög búlausra manna, að upphæð 18 kr. Sýslunefndin úrskurðar, að reikningshaldari sje skyldur að standa skil á nefndum 18 kr., og felur oddvita að annast um, að þessum úrskurði verði fullnægt hið bráðasta.

## 3. Yfirsetukvennamál.

Framlagt var brjef frá yfirsetukonu Pálínu Björnsdóttur dags. 4. apríl þ. á., þar sem hún fer þess á leit að fá að halda fullum yfirsetukonulaunum fardagaárið 1887-88 fyrir þjónustu sína í Viðvíkur- og Rípur-



hreppum, jafnvel þó hún hafi verið búsett á Dýrfinnastöðum, sem er næsti bær fyrir utan takmörk Viðvíkurhrepps. Og var þetta samþykkt af sýslunefndinni.

Í brjefi dags. 17. f. m. hefur nefnd yfirsetukona ennfremur farið þess á leit, að verða sett til að gegna yfirsetustörfum í tjeðu umdæmi fardagaárið 1888-89 gegn fullum launum, en megi þó eigi að síður halda bústað sínum fyrir utan takmörk umdæmisins. Þessa beiðni vill sýslunefndin fyrir sitt leyti taka til greina, og felur oddvita að útvega samþykki amtsráðsins til þess.

Í annan stað hefur Guðrún Guðmundsdóttir, yfirsetukona í Hólahrepp og Miklabæjar sókn, farið til Ameríku á síðastliðnu sumri, án þess að oddviti sýslunefndarinnar hafi fengið neina tilkynningu um það, og því hefur ekki verið hlutast til um, að önnur yrði sett í hennar stað.

En þar á móti hefur presturinn að Við-
vík, síra Zóphonías Halldórsson, í brjefi dags.
26 f. m. skýrt frá, að ljósmóðurstörfum
hafi verið gegnt af Jóhönnu Magnúsdóttur
í Langhúsum, er hafi reynst mjög heppin
við slík störf, og sækir hann um, fyrir hennar
hönd, að hún fái full yfirsetukonulaun
fyrir fardagaárið 1887-88, en þareð hún hefur
ekki verið sett af sýslumanninum til að gegna
þessum störfum, getur eigi komið til mála,
að veita henni laun úr sýslusjóði til þessa
tíma. Að því er snertir þjónustu umdæmis-
ins framvegis, kom til tals, að setja nefnda
konu til bráðabirgða, en með því hún hefur
ekki tekið próf nje fengið meðmæli hlutað-
eigandi hjeraðslæknis, skortir heimild til
að svo stöddu að setja hana til þess.
Oddvita er því falið að útvega aðra lærða
yfirsetukonu, sem er til heimilis í Ásgeirs-
brekku, til að takast þessa starfa á



hendur, en bregðist það, er sýslunefndin því
samþykk, að Jóhanna Magnúsdóttir verði
með ráði hjeraðslæknis til bráðabirgða sett
til að gegna yfirsetukonustörfum í þessu
umdæmi. × [sjá næstu síðu].

Framlagt var brjef hreppsnefndaroddvitans
í Fellshreppi dags. 18. þ.m., er fer þess á
leit, að í þessum hreppi verði stofnað nýtt
yfirsetukonuumdæmi, einkum af þeim ástæðum,
að yfirsetukonan í hinu núverandi umdæmi
Fellshrepps og Hofssóknar sje nú búsett
innarlega í Hofshreppi. Að vísu virðist
tiltækilegt, að hlutaðeigandi hreppsnefndir
hlutist til um, að yfirsetukona umdæmis-
ins flytji bústað sinn á einhvern af
ytri bæjum í Hofssókn. En að öðru
leyti er frestað úrslitum um stofnun
nýs umdæmis í Fellshreppi, þangað til
takmörk umdæmanna í sýslunni geta
í heild sinni orðið tekin til athugunar.

× Sýslunefndarmanninum í Hólahreppi var falið á hendur að útvega skilríki til að læra yfirsetukvennafræði, er síðan gæti orðið skipuð yfirsetukona í Hólahreppi og Miklabæjarsókn, en verði honum ekkert ágengt í þessu efni, tók hann að sjer að tilkynna oddvita það í tæka tíð.

---

## 4. Styrkur til sveitakennara

Í brjefi dags. 16. þ. m. hefur Guðvarður Guðvarðsson frá Á óskað eptir meðmælum sýslunefndarinnar til þess að fá styrk sem sveitakennari samkvæmt fjárl. 13. gr. B.V.b.2. Þareð nefndinni er kunnugt, að hann um mörg undanfarin ár hefur stundað barnakennslu, og er í alla staði vel fallinn til þess starfa, vill sýslunefndin veita honum sín beztu meðmæli til þess, að verða hins umbeðna styrks aðnjótandi.



Ennfremur hefur Konráð Arngrímsson frá Hofstöðum, sem lokið hefur burtfararprófi við Möðruvallaskólann og í fyrravetur var kennari við barnaskólann á Sauðárkróki, leitað meðmæla til að fá styrk sem sveitakennari, og vill sýslunefndin veita því sín eindregin meðmæli.

Í þriðja lagi mælir sýslunefndin með að Stefán Sigurðsson frá Bæ í Fljótum fái hluttekt í styrk þeim, sem ákveðinn er í umræddri grein fjárlaganna.

## 5. Hallærislán

Oddviti lagði fram samrit af skuldabrjefi fyrir 10000 kr. láni, er Skagafjarðarsýslu hefur verið veitt til að afstýra hallæri í sýslunni, samkvæmt landshöfðingjabrjefi dags. 7. nóv. f. á., gegn 4% vöxtum og endurborgun á 10 árum með 1/10 hluta á ári. Það skuldabrjef var undir-

ritað með eiginhandarnöfnum allra sýslu-
nefndarmanna.

## 6. Drangeyjar afnot.

Þá var framlagt bréf frá Konráði Jónssyni í Miðhúsum sem umsjónarmanni við Drangey dags. 16. des. f. á., þar sem hann skýrir frá, að á síðastliðin vori hafi engin bjargfuglaveiði orðið stunduð á bátum við eyjuna sökum hafíss, né fiskiför haft þar viðdvöl, svo að enginn fjörutollur hafi goldist af eynni. Jafnframt sækir hann um að fá Drangey leigða næstkomandi ár fyrir sama eptirgjald og verið hefur. Í bréfi dags. 10. þ. m. hefur Ólafur Sigurðsson í Ási boðið 30 kr eptirgjald eptir Drangey næsta ár, og sama eptirgjald býður Konráð Jónsson. Sýslunefndin ákveður að byggja Konráði Drangey næstkomandi



krossmessuár móti 30 kr landskuld og að öðru leyti með sömu skilmálum og í fyrra, þó með þeirri takmörkun, að fuglveiði í bjarginu verði að eins stunduð með einum vaði.

## 7. Almenn greiðasala.

Sýslunefndinni er kunnugt, að í ýmsum hreppum sýslunnar hafa komið fram uppástungur um, að koma á samþykktum um almenna greiðasölu, þannig að bændur undirgangist að láta ferðamönnum í té næturgreiða fyrir sanngjarna borgun. Að vísu hafa slíkar samþykktir ekki komist almennt á, heldur að eins tekin upp greiðasala á einstökum bæjum. Samt sem áður álítur sýslunefndin, að þetta málefni sé þess vert, að sveitarstjórnir eigi hlut að því, að koma góðu skipulagi

á þetta mál, einkum í því tilliti, að
með því fáist betri jöfnuður og meiri
samkvæmni í sölunni. Að því er snertir
upphæð borgunarinnar þykir að svo stöddu
ótiltækilegt, að ákveða víst verð fyrir hverja
einstaka tegund, sem er úti látin, heldur
að eins að næturgreiði megi almennt ekki
yfirstíga 40 aura fyrir 1 mann, því að
þótt greiðinn geti verið svo úti látinn,
að hjeð borgun sje enganveginn fullnægjandi,
liggur það í augum uppi, að þar sem mikil
umferð er af gestum og gangandi, er þó
sú borgun betri enn engin, og getur auk
þess miðað til að takmarka óþarfa ferðir,
sem allt of mikil brögð eru að, einkum
á vetrum. Samkvæmt þessu er sýslu-
nefndarmönnum falið, að gangast fyrir
að koma á samþykktum hjer að lútandi,
hver í sinni sveit. Jafnframt er



oddvita falið á hendur, að auglýsa í
blaði, að eptirleiðis verði tekin upp
almenn greiðasala í sýslunni.

## 8. Markaðssala.

Sýslunefndarmaðurinn í Sauðárhreppi
hefur í brjefi 10. þ. m. og Pjetur Pjetursson á Gunnsteinsstöðum í brjefi 17. s. m. hreift því, að
kaupmönnum verði gert að skyldu að
auðkenna greinilega sauðfje og hross, er
þeir kaupa á mörkuðum, og að ráðstafanir
verði gjörðar til að afstýra því, að menn
geti selt heimildarlaust fje á mörkuðum,
eins og átt hefur sjer stað á síðastliðnu
hausti. Sýslunefndin álítur mikils-
vert að koma betra skipulagi á þetta
mál enn verið hefur, og afræður því að
kjósa 3 manna aukanefnd til að koma
fram með uppástungur þar að lútandi.
Til þessa starfa eru kosnir sýslu-
nefndarmennirnir í Staðar, Sauðá-

og Rípur hreppum, Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum, Jón Guðmundsson í Brennigerði og Jónas Jónsson í Hróarsdal. Og skulu þeir hafa lokið starfa sínum fyrir næsta nefndarfund.

## 9. Ferjumála.

Ferjumaðurinn í Eyhildarholti Sigfús Pjetursson hefur í brjefi dags. 20. þ.m. farið fram á, að losast við ferjuhald eptirleiðis, einkum að ferja norður yfir Kvíslina, enda eigi það sje öðru stað, að ferjumenn sjeu skyldaðir til að ferja frá báðum löndum, auk þess sem ferjustaðurinn sje mjög óhentugur að því leyti, að sandarnir vestan við Borgareyna sjeu orðnir lítt færir. Sýslunefndin álítur að svo stöddu engin tök á að flytja lögferjuna frá Eyhildarholti, en samþykkir þar á móti eptir varauppástungu Sigfúsar, að hækka



ferjutollinn uppí 25 aura fyrir manninn.

Þareð dagur var kominn að kveldi, var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir, miðvikudaginn 22. febrúarmánaðar, var fundinum fram haldið.

## 10. Útsvarsmála.

Sýslunefndinni hafa borist kærur um útsvör haustið 1887 frá þessum mönnum:

1. frá Árna hreppstjóra Þorleifssyni á Ystamói í Holtshrepp, dags. 24. nóvbr. f.á., borin upp á hreppsnefndarfundi 21. f.m., vísað til sýslunefndar 12. þ.m.

Til að segja álit sitt um þetta mál var kosin 3 manna aukanefnd, sýslunefndarmennirnir úr Lýtingstaða, Sauðár og Rípur hreppum, og skulu þeir láta uppi þar að lútandi álit sitt, áður en þessum fundi verður slitið.

2. frá kaupmanni L. Popp á

Sauðárkróki, dags. 1. nóvbr. þ. á., borin upp á hreppsnefndarfundi 17. desbr., vísað til sýslunefndar 5. þ. m.

Hreppsnefndaroddvitinn í Sauðárhrepp hefur í brjefi frá í dag krafist, að þessari kæru verði vísað frá, vegna þess, að kærandi hafi hvorki fengið eptirrit af kæruskjalinu, nje úrskurði hreppsnefndarinnar, og hafi því ekki getað löglega áfrýjað honum til sýslunefndarinnar. En þareð úrskurðurinn eigi að síður liggur fyrir nefndinni, þótt hann fylgdi eigi brjefi kæranda, heldur væri sendur beinlínis af oddvitanum, var með atkvæðafjölda samþykkt, að taka þetta mál til meðferðar. Eptir almiklar umræður voru sýslunefndarmennirnir úr Hofs, Akra og Staðar hreppum kosnir til að lýsa áliti sínu um málið fyrir fundarlok.

3. frá Sigfúsi bónda Pjeturssyni á Eyhildarholti í Rípurhreppi, dags. 3.



nóvbr. þ. á., borin upp á hreppsnefndarfundi 21. s. m., vísað til sýslunefndar 8. desbr.

Eptir framkomnum skýrslum hefur kærandi $30\frac{6}{10}$ hdr. til ábúðar, tíundar 19 lausafjárhundruð og er eigandi að ábúðarjörð sinni, en aptur á móti er það upplýst, að jörðin er veðsett eigi að eins með 1. heldur einnig 2. og 3. veðrjetti, og þar að auki er lausafje hans að miklu leyti veðsett fyrir peningaskuldum, þannig að vextir þeir, er hann greiðir árlega, nema um 590 kr. Aukaútsvar það, sem honum hefur verið gert að greiða til hreppsins, er að upphæð 83 kr. 1 e., en það hefur hann heimtað lækkað um 40 kr., í samanburði við útsvör annara hreppsbúa, sjerstaklega Jóns Guðmundssonar á Egg, Ingimundar Friðrikssonar á Hellulandi og Magnúsar Árnasonar á Utanverðunesi. Og hefur hann jafnframt krafist, að útsvör þessara manna yrðu hækkuð, en þá kröfu finnur sýslunefndin eigi

ástæðu til að taka til greina, en þar á móti
er það samhuga álit nefndarinnar, að útsvar
Sigfúsar sje of hátt sett, og var því með
atkvæðafjölda úrskurðað að lækka það
um 20 kr.

4. frá Guðmundi bónda Pjeturssyni á
Ytrikotum í Akrahreppi dags. 19. nóvbr. f. á.,
borin upp á hreppsnefndarfundi 29. s. m.,
vísað til sýslunefndar 16. f. m.

Kærandi býr á 17.1 hdr., tíundar 5 lausa-
fjárhundruð, og var upphaflega gert 18 kr
aukaútsvar, er hann heimtaði niðursett
um 4 kr., í samanburði við útsvar Stefáns
Eiríkssonar á Höskuldsstöðum. Þessa kröfu
tók hreppsnefndin ekki til greina, en að-
hylltist þar á móti kröfu Magnúsar Eiríks-
sonar í Miðhúsum um 3 kr. hækkun á
útsvari kæranda, svo að nú er útsvar hans
ákveðið 21 kr. Eptir framkomnum upp-
lýsingum úrskurðar sýslunefndin, að



aukaútsvar Guðmundar, eins og það er nú
ákveðið af hreppsnefndinni, standi óbreytt.

5. frá Birni bónda Jónssyni á
Heiði í Sauðárhreppi, en þareð brjef kær-
anda til sýslunefndarinnar dags. 20. f. m.
barst ekki til hennar fyrr en nú á fundinum,
auk þess sem úrskurður hreppsnefndarinnar
fylgdi því ekki og liggur ekki fyrir, úr-
skurðar sýslunefndin, að þetta mál geti
ekki orðið tekið til meðferðar.

6. frá Guðmundi Jónssyni á Efrihól í
Hofshreppi, en þareð kæran byggist á því,
að kærandi sje ekki útsvarsskyldur, af
þeirri ástæðu, að hann sje þurfamaður
Viðvíkurhrepps, álítur sýslunefndin, að
þetta mál heyri undir dómstólana, og
vísar því frá sínum aðgjörðum

7. frá Jóni bónda Jónssyni á Reyni-
stað í Staðarhrepp, en þareð brjefi
kæranda til sýslunefndarinnar dags. 12. f. m.

fylgdi ekki úrskurður hreppsnefndarinnar í málinu, var kæranda veittur frestur til morguns til að útvega nauðsynleg fylgiskjöl og leggja þau fyrir fundinn.

## 11. Hreppstjórakosning

Í stað Sveins Sölvasonar á Skarði, sem fór til Ameríku á síðastliðnu sumri, voru þessir menn kosnir til hreppstjóra í Sauðárhrepp:

1. Jón Guðmundsson bóndi í Brennigerði
2. Stefán Sveinsson bóndi á Skarði
3. Vigfús Guðmundsson borgari á Sauðárkrók.

## 12. Lántaka Akrahrepps.

Framlagt var bréf hreppsnefndarinnar í Akrahrepp dags. 16. þ. m., er fer þess á leit, að fá samþykki sýslunefndarinnar til 500 kr. lántöku, er hreppurinn hafi neyðst til að fá á næstliðnum vetri, til að bæta



úr bjargarvandræðum hreppsbúa, og var hið umbeðna samþykki veitt samkvæmt 26. gr. sveitarstjórnarlaganna.

## 13. Meðlagsupphæð.

Þá var framlagt bréf frá Agli Steingrímssyni á Merkigili dags. 15. desbr. f. á., þar sem hann áfrýjar til sýslunefndarinnar úrskurði hreppsnefndarinnar í Akrahreppi, viðvíkjandi meðlagi sveitarómagans Jóns Baldvinssonar. Úrskurður hreppsnefndarinnar er upphveðinn 29. nóvbr. f. á. af meiri hluta nefndarinnar, með sjerstöku ágreiningsatkvæði oddvitans, og gengur í þá átt, að lækka meðlagið úr 94 kr. ofaní 80 kr. um árið, af þeirri ástæðu, að annar hreppsbúi, Þorkell Pálsson í Flatatungu, bauðst til á miðju fardagaárinu að taka ómagann fyrir svo sem svarar 66 kr. ársmeðgjöf, þrátt fyrir það, að meðlagsupphæðin hefði áður verið ákveðin 94 kr.

Þareð sýslunefndin álítur, að ákvörðunin um, að meðlagsupphæðin skyldi vera 94kr, sje bindandi fyrir hreppsnefndina, svo að hún hafi ekki haft vald til að breyta upphæðinni, án samþykkis þess manns, er ómagann hjelt, er framannefndur úrskurður meiri hluta nefndarinnar úr gildi felldur.

## 14. Borgun fyrir grenvinnslu.

Framlagt var brjef frá Jóni Jónssyni á Gilsbakka og Agli Steingrímssyni á Merkigili dags. 16 desbr. f.á., þar sem þeir áfrýja til sýslunefndarinnar úrskurði hreppsnefndarinnar í Akrahreppi, sem er uppkveðinn 29. nóvbr. og lýtur að því, að nefndum Jóni og vinnumanni Egils beri engin borgun fyrir tilraun þá, er þeir gjörðu til að vinna Miðhúsagren í Austurdal á síðastliðnu vori, fyrir



þá sök, að þeir hafi brotið á móti 9. gr. reglugjörðar um grenjaleitir og melrakkaveiðar 30. maí 1879, með því að yfirgefa grenið óunnið, áður en fullir 3 sólarhringar voru liðnir, tvisvar sinnum, og í seinna skiptið að minnsta kosti án lögmætra orsaka. Sýslunefndin álítur, að nefndum mönnum beri borgun fyrir þá 2 sólarhringa, er þeir dvöldu á greninu í fyrra sinnið, og er því úrskurði hreppsnefndarinnar breytt á þá leið, að þeim beri hálf laun fyrir dvöl sína á greninu.

Í öðru lagi var framlagt brjef frá hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahrepp dags. 10. f.m., þar sem hún leggur undir úrskurð sýslunefndarinnar ágreining milli hennar og Ólafs bónda Guðmundssonar á Giljum um það, hver bera eigi kostnað við grenvinnslu á Keldudal, sem að undanförnu hefur

heyrt undir Hafsafrjett, en nýlega lagst undir Gilji eptir samkomulagi Hafs og Gilja eiganda, en úrslit þessa ágreinings eru undir því komin, hvort landspartur sá, sem þannig hefur gengið frá Hafi undir Gilji, er eptir sem áður skoðaður sem afrjettarland eða heimaland frá Giljum. Þetta ágreiningsatriði heyrir að vísu eptir skoðun sýslunefndarinnar undir dómstólana, en samt vill nefndin láta í ljós það álit sitt, að þangað til dómsúrslit eru fengin, sje rjett, að kostnaður við grenvinnslu á Keldudal sje greiddur á sama hátt og að undanförnu, sem sje af þeim, er hafa landið til eignar og afnota.

Þareð dagur var kominn að kveldi, var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir, fimtudaginn 23. febrúarmánaðar, var fundinum fram haldið.



## 15. Útsvarsmál b.

Aukanefnd sú, er í gær var kosin til að segja álit sitt um útsvarskæru Árna Þorleifssonar, lagði fram álitsskjal, er leggur það til, að útsvarið verði sett niður um 35 kr. Eptir framkomnum skýrslum hefur kærandi 25.6 hdr. til ábúðar, tíundar 12 lausafjárhundruð og hefur 384 kr. fasteignartekjur. Aukaútsvar það, sem honum hefur verið gert að greiða til hreppsins, er að upphæð 230 kr. en það hefur hann heimtað lækkað um 70–80 kr. í samanburði við útsvör annara hreppsbúa, sjerstaklega Rögnvaldar Rögnvaldssonar á Lambanesreykjum, Hermanns á Reykjarhóli og Sigurðar á Melbreið, er hann jafnframt krefst að sjeu hækkuð um 10–20 kr. Hina síðarnefndu kröfu finnur sýslunefndin eigi næga ástæðu til að taka til greina, en þar á móti fellst hún á álit aukanefndarinnar, og úr-

skurdar nefndin því, að útsvar Árna færist úr 230 kr. niður í 195 kr.

## 16. Póstmál.

Þá var framlagt bréf frá prestunum Zóphonías Halldórssyni og Páli Jónssyni á Víðirík dags. 21. þ. m., þar sem því er hreift, að bréfhirðing verði stofnuð á Víðirík eða þar í grennd, til þess að komist yrði hjá, að póstsendingar, sem eiga að fara í Viðvíkursveitina eða Hjaltadalinn, þurfi að fara fram hjá þeim stöðvum út á Hofsós. Það sýslunefndin álítur, að fleiri póstmál þurfi að búa undir næsta alþingi, og að þá fyrst sé nokkur von um að fá þeim framgengt, er afráðið að fresta hinu umrædda máli að svo stöddu.

## 17. Vegamál.

Framlagt var bréf amtsráðsins í Norður og austurumdæminu dags. 20. júní f. á.



er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athugavert við sýsluvegasjóðsreikninginn 1886.

Þá var framlagt bréf amtmannsins yfir Norður og austur umdæminu dags. 5. f. m., er skorar á sýslunefndina að láta uppi tillögur

1) um það, hvar aðalpóstleið skuli liggja um sýsluna.

2) um það, hverjir vegir skuli vera sýsluvegir.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir liggja, eru tillögur nefndarinnar þessar:

### A. Aðalpóstleið.

1. Vegurinn frá sýslumótum Húnavatns og Skagafjarðar sýslna, við Arnarvatnslæk á Vatnskarði, ofan hjá Víðimýri Húsey og Völlum, yfir Hjeraðsvötn, upp fyrir utan Miniakra, fram Blönduhlíð og Norðurárdal, norður Öxnadalsheiði að Vatnsgötu á takmörkum Skagafjarðar og Eyjafjarðar sýslna.

## B. Sýsluvegir.

1. Vegurinn austan Skagafjarðar og Hjeraðsvatna, frá fjallveginum yfir Siglufjarðarskarð á aðalpóstleiðina í Blönduhlíð:

a) í Haltshreppi, frá Hraunum, hjá Neðra Haganesi og Reykjarhóli, inn að Stafá

b) í Fellshreppi, hjá Keldum og Felli inn að Höfðahólum

c) í Hofshreppi, hjá Höfða og Hofi inn að brúnni á Kolbeinsdalsá

d) í Hólahreppi, yfir Ásturgu að brúnni á Hjaltadalsá

e) í Viðvíkurhreppi, hjá Brimnesi, Lóni og Hafdölum að Kirfisá

f) í Akrahreppi, hjá Þverá, á aðalpóstleiðina utan við Miniakra.

2. Vegurinn vestan Hjeraðsvatna

a) í Lýtingstaðahreppi, frá Lýtingstöðum vestur yfir Svartá, hjá Starrastöðum, út fyrir Borgará

b) í Seiluhreppi, hjá Reykjarhóli, út eptir Langholti

c) í Staðarhreppi, hjá Stóragróf og Hafsteinsstöðum, út að hreppamótum

d) í Sauðárhreppi, um Sauðárkrók eptir Hvíarsgötum að Lambá

e) í Skefilstaðahreppi hjá Skíðastöðum út að Skefilstöðum

3. Vegurinn frá Sauðárkrók, yfir Hjeraðsvatnaósana og Hegranesið, að Lóni.

4. Vegurinn frá Borgartjörn að Kárastaðaferju, yfir Hegranesið hjá Ási, austur yfir Hjeraðsvötn uppá sýsluveginn í Hofstaðabrúnum.

5. Vegurinn frá brúnni á Kolbeinsdalsá, eptir Ásturgu, fram Hjaltadal að Hólum.

Frá Hafs, Akra, Lýtingstada og Stadar hreppum hafa komið skýrslur um ásigkomulag veganna í þeim hreppum og tillögur um vegabætur á næsta vori. Að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar hjer að lútandi, hver fyrir sinn hrepp. Þarfufraunt voru framlögð bréf frá Jóni Gíslasyni á Þorleifsstöðum og Lilju Sölvadóttur á Keldum dags. 14. og 16. þ. m., er fara þess á leit, að fje verði veitt til að leggja veg fyrir ofan túnin á þeim jörðum, þareð þau verði fyrir miklum skemmdum af umferð manna.

Með tilliti til þessara skýringa var samin

## Áætlun

um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1888.

| Tala. | Tekjur | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Sjóður við árslok 1887 | | 17.59½ |
| II | Sýsluvegagjald 1888 | | 970.00 |
| | Samtals | | 987.59½ |



| Tala | Gjöld | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Endursgjald 1500 kr. láns úr viðlagasjóði | | |
| | a. ársleiga af 700 kr. | 28.00 | |
| | b. 9. afborgun lánsins | 100.00 | 128.00 |
| II | Sýsluvegabætur 1888 | | |
| | 1. í Holts hreppi | 50.00 | |
| | 2. í Fells –"– | 35.00 | |
| | 3. í Hofs –"– | 100.00 | |
| | 4. í Hóla –"– | –"– | |
| | 5. í Viðvíkur –"– | 20.00 | |
| | 6. í Akra –"– | 200.00 | |
| | 7. í Lýtingstada –"– | 165.00 | |
| | 8 í Seilu –"– | 150.00 | |
| | 9 í Stadar –"– | 40.00 | |
| | 10 í Sauðár –"– | 40.00 | |
| | 11 í Skefilstada –"– | 30.00 | |
| | 12. í Rípur –"– | 20.00 | 850.00 |
| III | Óviss gjöld | | 9.59½ |
| | Samtals | | 987.59½ |

Sýslunefndarmenn tóku að sjer, með ráði

og tilstyrk tiltakandi hreppsnefndaroddvita, að sjá um vegabætur hver í sínum hreppi, og senda oddvita sýslunefndarinnar í tæka tíð nákvæmar skýrslur um tilkostnaðinn.

Oddvita var falið á hendur að sækja um fjárstillag til nauðsynlegra vegabóta á aðalpóstleiðinni í Akra og Seilu hreppum af fje því, sem þarfast er veitt í fjárlögunum.

Þareð dagur var kominn að kveldi var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir, föstudaginn 24. febrúarmánaðar, var fundinum fram haldið.

## 18. Kláfdráttur.

Þá var framlagt brjef ábúendanna á Merkigili, Ábæ og Skatastöðum dags. 5. þ. m., þar sem þeir fara þess á leit, að sýslunefndin veiti 100 kr. styrk til kláfdrátta á austari Jökulsá, móti því að hreppsnefndin í Akrahreppi og þeir Austurdalsbúar leggi jafn-



~~þar sem fara þar á leit~~ upphæð til sama fyrirtækis. Að vísu vill sýslunefndin styrkja þetta fyrirtæki, en sökum fjárskorts sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til þess meira en 50 kr. þetta ár.

## 19. Útsvarsmál.

Þá var framlagt endurrit af gjörðabók hreppsnefndarinnar í Staðarhrepp 8. 12. og 30. desbr. f. á., innihaldandi úrskurð hreppsnefndarinnar í útsvarsmáli Jóns Jónssonar á Reynistað. Áður en þetta mál kom til umræðu, lýsti oddviti hreppsins, er var við staddur, yfir því, að hann mótmælti öllum afskiptum sýslunefndarinnar af málinu, með því það væri ekki formlega upp borið fyrir henni, þar sem brjef hæranda þar að lútandi hefði ekki fram komið fyrr en nú á fundinum. Í tilefni af þessum ummælum tók einn nefndarmanna það fram, að formgallar við útsvarskæru hefðu einungis þá þýðingu, að sýslunefndin

gæti vísað slíkum kærumálum frá fyrir þær sakir, en væri því ekki til fyrirstöðu, að nefndin mætti taka slík mál til meðferðar. Var þá gengið til atkvæða um það, hvort mál þetta mætti koma til umræðu og meðferðar, og var það samþykkt með atkvæðafjölda.

Eptir framkomnum skýrslum hefur kærandi 43.1 hdr. til ábúðar, tíunda 20 lausafjárhundruð og hefur 600 kr. atvinnutekjur. Aukaútsvar hans á síðastliðnum hausti er að upphæð 300 kr., en það hefur hann heimtað sett niður um 160 kr., í samanburði við útsvör ýmsra annara hreppsbúa, sjerstaklega Jóns Jónssonar á Bessastöðum og Árna Sveinbjarnarsonar á Sólheimum, er báðir eiga talsverða fasteign, þar sem kærandi á enga. Samkvæmt upplýsingum þeim, er framlögð skjöl hafa að geyma, og að öðru leyti eptir því sem einstökum nefndarmönnum er kunnugt um ástæður



kæranda og þeirra, er hann hefur tekið til samanburðar, úrskurðar sýslunefndin með meiri hluta atkvæða, að aukaútsvar hans setjist niður um 43 kr.

Aukanefnd sú, er í fyrradag var kosin til að láta álit sitt um útsvarskæru L Popps, lagði fram álitsskjal, er leggur til af tilgreindum ástæðum, að útsvar hans verði fært niður um 40 kr. Eptir framkomnum skýrslum hafa verið frá Popps verzlun útfluttar vörur að verðhæð 25451 kr. 87 a. Þar að auki er þess að geta, að kaupmaðurinn veitir sjálfur verzlun sinni forstöðu, og er það upplýst, að hann eigi 50000 kr. höfuðstól, sem mestpart er fólginn í húsum, vörubirgðum og útistandandi skuldum. Ennfremur má geta þess, að útsvar sonar hans Chr. Popps, sem er í hans þjónustu, að upphæð 15 kr., er innifalið í aukaútsvari kæranda, samtals 340 kr. Þetta

útsvar hefur hann heimtad lækkad um 90kr. í samanburdi vid útsvar Gránufjelags, er næstlidid ár hefur útflutt vörur fyrir 32543 kr. 19 a., og verzlunarstjóra þess. Sýslunefndin fellst á álit aukanefndarinnar, og úrskurdar, ad útsvar L. Popps færist úr 340 kr. nidur í 300 kr. en útsvar Gránufjelags standi óbreytt.

## 20. Fjallskilamál a.

Framlagt var brjef Jóhanns Sigvaldasonar í Mjóadal í umbodi Laxdælinga og Skardamanna dags. 20. þ. m., þar sem því er hreift, ad sýslunefndin hlutist til um, ad Laxdælir, sem lönd eiga ad Stadarfjöllum og nota heimalönd sín til upprekstrar, verdi losadir vid gangnaskil á Eyvindarstadaheidi, sem þeir hafa verid skyldadir til af sýslunefndinni í Húnavatnssýslu, á þann hátt, ad Skagfirdingar leggi til gangna med Bólstadarhlídarhrepps mönnum 4 menn eda eins og krafist verdur af Laxdælum til Eyvindarstadaheidar. Í ödru lagi er farid fram á, ad Skagfirdingar byggi fjárrjett nálægt mynni Litlavatnsskards vid Vídidalsá, þar sem rjettad sje fje þad, er fyrirfinnst á Laxárdalsfjöllum og Vídidal í seinni göngum. Þared sýslunefndin treysti sjer ekki til, ad svo stöddu, ad taka neina fasta ákvördun í máli þessu, er oddvita falid á hendur ad leita hjeradlútandi álita allra hreppsnefnda í Stadarfjalla og Eyvindarstadaheidar afrjettarfjelögunum, og leggja þær álitsgjördir fyrir næsta nefndarfund.

Þá voru framlagdar tillögur allra hreppsnefnda í sýslunni um þad, hvada jardir tilheyri hverju upprekstrarsvædi og hvar skuli vera fjárrjettir, sem og hvada upprekstrarsvædi tilheyri hverri adalrjett. Samkvæmt þessum tillögum og ad ödru leyti eptir uppástungum einstakra nefndarmanna var samþykkt

skrá yfir uppreksturlönd sýslunnar, (aðalrjettir og aukarjettir og jafnvel þær, er tilheyra hverju afrjettarfjelagi.

## 21. Ferjumál b.

Í brjefi dags. í gær hefur ferjumaðurinn (að vestanverðu við vesturós Hjeraðsvatnanna, Guðmundur Sigurðsson á Tjörn, skýrt frá, (að hann standi í 50 kr skuld fyrir andvirði ferjubáts, er hann hafi fengið hjá sýslunefndarmanninum í Holtshreppi, Sveini Sveinssyni á Haganesi, samkvæmt tilboði hans, er kom fram á sýslunefndarfundi 28. jan. 1885 (undir tölul. 8). Og hefur hann jafnframt farið fram á, (að fá styrk til (að standast þessi ferjukaup. Í þessu skyni samþykkti sýslunefndin (að veita 30 kr, með því skilyrði, (að beiðandi undirgangist (að skila hinum umrædda ferjubát í hendur sýslunefndarinnar við burtför sína frá Tjörn í ferjufærum standi.



## 22. Þófvjelastyrkur.

Framlagt var brjef Sigurðar Ólafssonar í Vatnskoti dags. 20. þ. m., þar sem hann sækir um styrk til (að koma upp þófaramyllu, sem hann áætlar (að muni með öllum áhöldum kosta 2060 kr. Að vísu eru nefndarmenn samdóma um, (að slíkt fyrirtæki sje mjög þarflegt, en á hinn bóginn er (að svo stöddu ekkert fje fyrir hendi til (að styrkja það. Er því afráðið (að fresta endilegum úrslitum málsins til næsta fundar.

## 23. Búnaðarskóli.

Oddviti framlagði brjef frá formanni skólastjórnar búnaðarskólans á Hólum dags. 8. þ. m. með mörgum fylgiskjölum, þar á meðal fundargjörðum 10.–11. júní, 8. júlí, og 1–2. nóvbr. síðastl., reikningum yfir tekjur og gjöld skólans og efnahag skólabúsins 1886 og 87.

Í nefndu brjefi hefur skólastjórnin skýrt frá, að 2 piltar í Þingeyjarsýslu hafi áformað að sækja til sýslunefndarinnar þar um styrkveitingu til náms á Hólaskóla næsta ár, og að líkindum muni einnig koma fyrir sýslunefndina í Eyjafjarðarsýslu. En með því skólastjórninni ber eptir erindisbrjefi sínu að veita að eins piltum úr Húnavatns og Skagafjarðarsýslum inntöku á skólann, skorar formaður hennar á sýslunefndina hjer að veita samþykki sitt til, að veita megi inntöku á skólann piltum úr Þingeyjar og Eyjafjarðar sýslum, gegn því, að sýslurnar leggi til skólans hið árlega búnaðarskólagjald sitt, eða að öðrum kosti með því skilyrði, að piltarnir gefi með sjer meiri eða minni upphæð eptir samkomulagi. Var þessi tillaga samþykkt, að því áskildu, að piltar úr



Húnavatns og Skagafjarðarsýslum sitji í fyrirrúmi, ef fleiri sækja en veitt verður.

Á annan stað hefur skólastjórnin skýrt frá, að enginn piltur úr Skagafjarðarsýslu hafi í vetur sótt um inntöku á skólann, og var skorað á nefndarmenn að eiga góðan hlut að því að auka aðsókn til hans.

Samkvæmt 3 gr. reglugjörðar fyrir búnaðarskólann voru kosnir ~~þessir~~ menn til vara í skólastjórnina, á þann hátt, að hver sýslunefndarmaður greiddi atkvæði um þrjá menn, og hlutu þessir atkvæði:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum | 11 |
| 2. | Erlendur Pálmason í Tungunesi | 8 |
| 3. | Jónas Jónsson í Hróarsdal | 8 |
| 4. | Jósef Bjarnarson á Hólum | 2 |
| 5. | Konráð Jónsson í Miðhúsum | 2 |
| 6. | Rögnvaldur Bjarnarson í Réttarholti | 2 |
| 7. | Pjetur Pjetursson á Gunnsteinsstöðum | 1 |
| 8. | Jón Guðmundsson í Brennigerði | 1 |
| 9. | Helgi Benediktsson á Svínavatni | 1 |
| | = | 36 |

Þá var framlagt brjef amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 7. oktbr. f. á. með nokkrum fylgiskjölum, þar sem hann tilkynnir tilboð Stiptsyfirvaldanna að kaupa nokkra tiltekna forngripi úr Hólakirkju handa forngripasafninu í Reykjavík fyrir 500 kr., og leggur meðmæli sín með því, að sýslunefndin taki vel í þetta mál. Þetta vill sýslunefndin taka til greina, og felur skólastjórninni að semja um kaupin með sanngjörnu verði.

## 24. Kvennaskóli.

Oddviti framlagði brjef frá Árna Þorkelssyni á Geitaskarði, í umboði forstöðunefndar kvennaskólans á Ytriey, dags. 26. f. m. með fjárhagsreikningi skólans 1886–87 og mannskrá skólans í fardögum 1887. Og sækir nefndin um 150 kr. styrk til skólans úr sýslusjóði. Hinn umbeðni styrkur, að upphæð 150 kr., er veittur, að því áskildu,



að sýslunefnd Húnvetninga veiti skólanum jafna upphæð.

## 25. Brúamál.

Þá var framlagt brjef frá síra Tómasi Hallgrímssyni í Viðvík dags. 25. f. m., er skýrir frá, að nauðsyn beri til að endurbæta brýrnar á Kolbeinsdalsá og Hjaltadalsá, og leggur til að fengnir verði til aðgerðarinnar sá maður, er stóð fyrir smíði brúarinnar á Grafará. Jafnframt framlagði oddviti brjef frá Einari Guðmundssyni á Hraunum dags. 29. oktbr. f. á., þar sem hann lætur í ljós álit sitt um það, hvernig best sje að haga aðgerðinni á brúnum. Var samþykkt að vinda bráðan bug að viðgerðinni og að minnsta kosti endurbæta að fullu Kolbeinsdalsár brúna, á þann hátt, er oddvita sýslunefndarinnar og Einari á Hraunum kemur saman um, og ef fje vinnst til, einnig Hjaltadalsárbrúna. Til að standa fyrir aðgerðinni er Einar kjörinn

í einu hljóði. Til að standast þennan kostnað er ákveðið að jafna niður búnaðargjaldi á næsta vori með 2 aurum af hverju jarðar og lausafjár hundraði.

## 26. Útsvarsniðurjöfnun.

Hreppsnefndin í Sauðárhreppi hefur í brjefi dags. í gær leitað samþykkis sýslunefndarinnar til þess, að á síðastliðnu hausti voru að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útsvör en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð hreppsins að meðaltali um næstliðin 3 ár, og er þessi ráðstöfun samþykkt eptir 26. gr. sveitarstjórnarlaganna.

## 27. Fiskiveiðasamþykkt.

Í brjefi dags 8. þ.m. hefur Ólafur Sigurðsson á Ási hreift því, að sýslunefndin hlutaðist til um að koma á fiskiveiða samþykkt fyrir sýsluna, sjerstaklega



til þess að takmarka lóðabrúkun framan af sumri. Ýmsir nefndarmenn ljétu í ljós álit sitt um málið og gáfu bendingar því til skýringar. Einkum lögðu sumir þeirra áherslu á, að bannað sje að brúka tálbeitu, svo sem nýja síld, við Drangey á vorum. Og voru allir á einu máli um það, að vilja sinna málinu og vanda undirbúning þess sem best. Í því skyni tóku nefndarmenn úr sjávarhreppunum að sjer, að semja hjeraðlútandi tillögur með ráði hreppsbúa sinna, og senda þær til sýslunefndaroddvita fyrir miðjan aprílmánuð, en oddvita er falið að semja frumvarp til fiskiveiðasamþykktar og leggja það fyrir almennan sýslufund á næsta vori.

## 28. Laxfriðun.

Þareð lítið er um laxveiði í þessari sýslu, þykir ekki nauðsyn til bera að kveða skýrara á um það, sem fyrir er

mælt í lögum 19. febrúar 1886 um friðun á laxi, að setja um það reglugjörð samkvæmt 7. gr. nefndra laga. Eptir 1. gr. laganna er svo ákveðið, að veiðitíminn skuli byrja um miðjan maímánuð ár hvert og enda í miðjum ágústmánuði.

## 29. Yfirskattanefnd

Í stað þeirra Magnúsar Jónssonar á Fjalli, sem er farinn til Ameríku, og Egils Gottskálkssonar á Skarðsá, er andaðist á síðastliðnu sumri, eru eptir 19. gr. laga 14. desbr. 1877 kjörnir í yfirskattanefnd sýslunnar:
a. sem aðalmaður: Ólafur Sigurðsson í Ási
b. til vara: Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum

## 30. Fjallskilamál b.

Í skrá þeirri yfir upprekstrarlönd sýslunnar, er samþykkt var hjer á fundinum í dag (undir tölul. 20), er ákveðið, að Glaumbær eigi upprekstur á Reynistaðarafrjett, en þareð hinn núverandi ábúandi á Glaumbæ hefur um nokkur undanfarin ár rekið fje sitt á Eyvindarstaðaheiði, vill hann vera laus við gangnaskil á Staðarfjöllum, meðan svo er. Að veita slíka undanþágu heyrir að vísu undir hlutaðeigandi hreppsnefndir eptir 7. gr. reglugjörðar um afrjettir, fjallskil og meðferð á óskilafje 27. febr. 1879, en þareð sú ákvörðun þykir ekki alls kostar heppileg, er tjeðri grein reglugjörðarinnar hjermeð breytt á þá leið að í stað: „hlutaðeigandi hreppsnefndir" komi: „sýslunefnd". Samkvæmt þessari nýju ákvörðun samþykkir sýslunefndin að veita hinum núverandi ábúanda á Glaumbæ undanþágu frá því, að gjöra gangnaskil á Staðarfjöllum, meðan hann notar upprekstur á Eyvindarstaðaheiði.

## 31. Sýslusjóður.

Framlagt var bréf amtsráðsins í Norður og austur umdæminu dags. 20. júní þ. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athugavert við sýslusjóðsreikninginn 1886. Ákveðið er að jafna niður sýslusjóðsgjaldi þetta ár með 8 aurum af hverju jarðar og lausafjárhundraði. Síðan var samin:

### Áætlun

### um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1888

| Tala | Tekjur | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Sjóður við árslok 1887 | | 194.05 |
| II | Sýslusjóðsgjald 1888 | | 795.00 |
| III | Afgjald af Drangey 1888 | | 50.00 |
| | Samtals | | 1039.05 |

| Tala | Gjöld | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| I | Sýslunefndarkostnaður 1888 | | 300.00 |
| II | Yfirsetukvennalaun 1888 | | 375.00 |
| III | Kvennaskólastyrkur 1888 | | 150.00 |
| | Flyt | | 825.00 |



| Tala | Gjöld | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 825.00 |
| IV | Endurgjald 1200 kr. láns úr landssjóði | | |
| | a. ársleiga af 1100 kr. | 44.00 | |
| | b. 1. afborgun lánsins | 100.00 | 144.00 |
| V | Styrkur til kláfdráttar | | 50.00 |
| VI | Styrkur til ferjukaupa | | 20.00 |
| VI | Óviss gjöld | | 0.05 |
| | Samtals | | 1039.05 |

## 32. Niðurjöfnun aukaútsvara.

Sýslunefndarmaðurinn í Staðarhrepp framlagði frumvarp til reglugjörðar um niðurjöfnun aukaútsvara í sýslunni, er inniheldur ýmsar leiðbeiningar fyrir hreppsnefndir til hliðsjónar við framkvæmd þessa vandasama verks. Var málið nokkuð rætt, en til að undirbúa það undir næsta nefndarfund og lýsa áliti sínu um frumvarpið var

samþykkt að kjósa aukanefnd, og í nefndina kosnir: oddviti sýslunefndarinnar, Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum og Jónas Jónsson í Hróarsdal.

Fundi slitið

Johannes Olafsson. Jón Jónsson Joh. P. Pétursson

Guðmundsson Sigurður Jónsson B. Steinsson

Rögnvaldur Bjarnason. J. Björnsson

Guðm Jónsson Eyjólfur Hannsson

Jónas Jónsson Sv Sveinsson

Árni Ásgrímsson.

Ár 1888 miðvikudaginn 9. maímánaðar var á Sauðárkrók haldinn aukafundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr Holts Fells, Hofs, Viðvíkur, Seilu, Staðar, Sauðár, Skefilstaða og Rípur, en þar á móti eigi úr Hóla, Akra og Lýtingstaða hreppum.



Á fundinum voru tekin til meðferðar þessi mál:

## 1. Búnaðarstyrkur.

Oddviti lagði fram bréf amtmannsins í norður og austuramtinu dags. 20. marz þ. á., er leiðir athygli að auglýsingu landshöfðingja 22. febrúar um úthlutun á þeim 6000 kr., sem með 10. gr. C. 4. d. fjárlaganna 1888–89 eru veittar til eflingar búnaði fyrir árið 1888. Samkvæmt bónarbréfi frá Sigurði Ólafssyni í Vatnskoti, er var framlagt á aðalfundi 24. febrúar þ. á., var samþykkt að leggja það til, að hlutdeild sýslunnar í téðum búnaðarstyrk að upphæð 460 kr. verði veitt nefndum Sigurði upp í kostnað við að koma upp þófaramylnu, móti því að hann setji fulla tryggingu fyrir því, að fyrirtækið komist á.

## 2. Styrkur til búnaðarfjelaga.

Þá var framlagt bréf amtmanns, er tilkynnir bréf landshöfðingja dags. 31. janúar þ. á. viðvíkjandi styrk þeim til búnaðarfjelaga, sem veittur er í fjárlögunum 10. gr. C. 4. c.

Sýslunefndin leggur það til að búnaðarfjelögin í Hofs, Seilu Staðar, Sauðár og Rípur hreppum verði samhuga um búnaðarskóla þeirra, aðnjótandi hlutdeildar í fje þessu að tiltölu við starf þeirra á móts við önnur búnaðarfjelög í amtinu.

## 3. Búnaðarskólamál.

Þareð endurskoðunarmaður skólareikninganna, Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum, hefur náð kosningu í stjórn skólans, getur hann ekki lengur gegnt starfa sínum sem endurskoðandi. Í stað hans var því til þess starfa kosinn til 4 ára fyrverandi skólastjóri Jósef Björnsson á Bjarnastöðum, og til vara: hjeraðslæknir Árni Jónsson í Glæsibæ.

Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu dags. 9. f. m., er skorar á sýslunefndina að endurborga 500 kr., er sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu á sínum tíma lagði til búnaðarskólans á Hólum. Þareð sýslunefndin getur alls eigi viðurkennt þetta



tillag sem skuld á sýslusjóði Skagafjarðarsýslu, eins og hún áður þykist hafa sýnt fram á með fullum rökum. Var því samþykkt í einu hljóði að neita með öllu umræddri kröfu.

## 4. Lántaka Hofshrepps.

Í brjefi dags. 4. þ. m. hefur hreppsnefndin í Hofshreppi farið þess á leit að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess að hún megi taka lán handa hreppnum úr landsbankanum að upphæð 840 kr. til þess að standast óumflýjanlegar hreppsþarfir. Hið umbeðna samþykki var veitt.

## 5. Fjallskilamál.

Þá var tekið til meðferðar erindi Laxdælinga, er kom fram á aðalfundi 24. febr. þ. á., þess efnis, að þeir verði losaðir við fjallskil á Eyvindarstaðaheiði, með því, að Skagfirðingar leggi 4 menn til göngu þar á heiðinni með Bólstaðarhlíðar-

hreppsmönnum, og að fjárrjett verði byggð
við Víðidalsá til að rjetta í fje úr Laxár-
dalsfjöllum og af Víðidal í sömu göngum.
Til undirbúnings þessu máli hefur oddviti
leitað álita hreppsnefndanna í Lýtingsstaða,
Seilu, Staðar og Sauðár hreppum, sem
eru í afrjettarlögum Eyvindarstaðaheiðar
og Staðarfjalla. Samhvæmt þeim
undirtektum, er mál þetta hefur fengið
í álitsgjörðum hlutaðeigandi hreppsnefnda,
er voru framlagðar, getur sýslunefndin
eigi sjeð neinn veg til að koma því í
það horf, sem Laxdælir hafa farið fram á.

## 6. Markaðssala

Nefnd sú, er á síðasta aðalfundi var
kosin til að semja frumvarp til reglugjörðar
um kaup og sölu sauðfjár og hrossa á
mörkuðum, kom fram með frumvarp þar
að lútandi, og skýrði frá ástæðum fyrir því.
Var það tekið til umræðu, og eptir nokkrar



umræður samþykkt sem gildandi reglugjörð
fyrir sýsluna, að áskildu samþykki
amtsins, er oddvita er falið að útvega.

## 7. Aukaútsvarsniðurjöfnun.

Aukanefnd sú, er á aðalfundi 24.
febrúar þ. á. var kosin til að segja álit
sitt um frumvarp til reglugjörðar um niður-
jöfnun aukaútsvars, lagði fram álitsskjal
dags. 30. f. m. ásamt nýju frumvarpi til
slíkrar reglugjörðar og sýnishorni af
niðurjöfnun eptir þeim reglum, sem þar
er stungið upp á. Þareð nefndarmenn
treystust eigi til, á þeim stutta tíma
er þessi fundur stendur, að átta sig á
reglum þessum, var samþykkt að
fresta málinu til næsta aðalfundar.
Jafnframt var oddvita falið að láta taka
eptirrit af skjölum þessum á kostnað sýslu-
sjóðsins, og senda þau til allra hreppa
sýslunnar fyrir tíundarskipti á næsta
hausti, en nefndarmenn taka að sjer

að bera frumvarpið undir álit hrepps-
búa sinna, og koma fram með tillögur
þar að lútandi á næsta fundi.

## 8. Vegamál.

Þá var fram lagt brjef amtmannsins
yfir norður og austuramtinu dags. 19. f. m.
er tilkynnir, að amtsráðið hafi á fundi
16. s. m. samþykkt tillögur sýslunefnd-
arinnar um sýsluvegi í Skagafjarðar
sýslu.

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson. Jo. Sveinsson
J. Jónsson Eyjólfur Hannsson J. Jónsson
Bessi Steinsson Guðm. Jónsson S. Jónsson
Guðmundsson Jón Jónsson

Ár 1889, miðvikudaginn 20. febrúarmán-
aðar, á Sauðárkróki var haldinn aðalársfundur
sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn



sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum
sýslunnar nema Holtshreppi.

Á fundinum voru tekin til meðferðar þessi
mál:

## 1. Sýslureikningar.

Reikningar um tekjur og gjöld sýslunnar
1888, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins og um þurfa-
mannaflutning, voru framlagðir með fylgiskjölum
og yfirlitum af nefndarmönnum. (Að því leyti
sem samþykki amtsráðsins útheimtist til
einhverrar útborgunar úr sýslusjóðnum samkvæmt
42 gr. tilsk. 4. maí 1872, óskar sýslunefndin, að
slíkt samþykki verði veitt. Eptir að nefndar-
menn höfðu kynnt sjer reikningana, og leitað
ýmsra skýringa þeim viðvíkjandi, lýstu þeir
yfir því, að þeir hefðu ekkert sjerstaklegt við
það að athuga. Til að endurskoða reikningana
var kosinn Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum,
og voru honum afhentir reikningarnir. Að lok-
inni endurskoðun verða þeir sendir til amts-
ráðsins, en ágrip af þeim til hreppsnefndanna
í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar.

Þá voru framlagðir sveitarsjóðsreikningar hreppanna í sýslunni 1887-88 með fylgiskjölum og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar Jónssonar til Lýtingstaðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig reikningar hreppavegasjóðanna og klafanna á Jökulsá 1888, ennfremur áætlanir um tekjur og gjöld sveitarsjóða og skrár um niðurjöfnun aukaútsvara 1888-89. Eptir að þessi skjöl höfðu verið yfirfarin, án þess nefndarmenn fyndu ástæðu til, að gjöra við þau verulegar athugasemdir, var endurskoðun reikninganna falin Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum. Eptir áskorun oddvita tóku nefndarmenn að sjer að brýna fyrir hreppsnefndaroddvitum að senda eptirleiðis áætlanir um tekjur og gjöld hreppanna í tæka tíð.

Oddviti lagði fram athugasemdir við endurskoðanda við sveitarsjóðsreikningana fyrir fardagaárið 1886-87, ásamt svörum reikningshaldara; var úrskurður lagður á athugasemdirnar, og



reikningarnir samþykktir, að því áskildu, að athugasemdunum verði fullnægt.

## 3. Bygging Drangeyjar.

Fram lagt var brjef frá Konráði Jónssyni í Miðhúsum dags. 8. þ. m., þar sem hann falar Drangey til afnota næstkomanda fardagaár með sömu skilmálum sem yfirstandanda ár. Einnig var framlagt brjef frá Ólafi Sigurðssyni í Ási dags 12. þ. m., þar sem hann býður 32 kr. eptirgjald eptir eyna næsta ár, og jafnframt býðst hann til að innheimta hinn ákveðna fjörutoll, ef fuglveiði verður þar stunduð í vor. Eptir allmiklar umræður samdist svo, að eyjan var byggð þeim báðum, Konráði og Ólafi, fyrir 45 kr. landskuld fardagaárið 1889-90, og var þeim jafnframt falið að innheimta fjörutollana, Konráði austan Skagafjarðar og Ólafi vestan fjarðar.

## 4. Heilbrigðissamþykkt[?] / Heilbrigðisásigkomulag.

Oddviti brýndi fyrir nefndarmönnum ákvarðanir reglugjörðar 19. júní 1886, er skipar svo fyrir, að sýslunefndin hafi umsjón með, að

hreppsnefndir rækji vandlega eptirlit það, sem þeim er falið með heilbrigðisásigkomulagi manna á milli, og tóku nefndarmenn að sjer að hafa vakandi auga á þessu máli, og vera hreppsnefndum samtaka um tíð lögboðna eptirlit samkvæmt sveitarstjórnartilskipun 4. maí 1872 15. gr.

## 5. Útsvarskærumál a.

Sýslunefndinni hefir borist kærur um útsvör haustið 1888 frá þeim bræðrum Birni og Sigurði Pjeturssonum á Hafstöðum dags. 20. nóv. f. á., borna upp á hreppsnefndarfundi 15. desbr., vísað til sýslunefndarinnar með brjefum 2. og 7. f. m. Jafnframt var lagt fram brjef oddvitans í Víðivíkurhreppi 18. þ. m. ásamt skýrslu um reglu þá, sem fylgt hefur verið við útsvarsálagninguna í hreppnum. Framannefnd skjöl voru upp lesin, og urðu allmiklar umræður um málið; var samþykkt að kjósa 3 manna aukanefnd til að segja um það álit sitt. Fyrir þeirri kosningu urðu sýslu-



nefndarmennirnir á Hofs, Staðar og Rípur hreppum, Konráð Jónsson, Jón Jónsson og Jónas Jónsson, og var þeim falið að láta uppi þar að lútandi álit sitt fyrir miðjan dag á morgun.

## 6. Markaskrá.

Eptir tillögu oddvita var samþykkt að prenta upp að nýju markaskrá sýslunnar, og var ákveðið, að fjármörkum, hrossamörkum og brennimörkum sýslubúa yrði safnað af hlutaðeigandi hreppstjóra í hverjum hrepp á næstkomandi sumri og hausti. Skulu markaskýrslurnar úr hreppunum vera komnar til oddvita sýslunefndarinnar fyrir októbermánaðarlok næstkomandi. Um leið og mörkunum er safnað, er hreppstjórum falið að innheimta, til lúkningar prentunarkostnaði markaskrárinnar, 25 aura gjald fyrir hvert eyrnamark og 5 aura gjald fyrir hvert brennimark, og senda upphæðina til sýslumanns innan tiltekins tíma. Til að

semja aðal-markaskrána og láta hana undir prentun var kosinn sýslunefndarmaðurinn í Rípurhreppi, Jónas Jónsson í Hróarsdal, gegn borgun eptir reikningi, er sýslunefndin samþykkir. Sú uppástunga kom fram, að hreppabrennimörkunum í sýslunni yrði breytt á þá leið, að sýslan væri táknuð með S, og hrepparnir einkenndir með tölunum 1 til 12, þannig að Holtshreppur hefði brennimarkið S.1., Fellshreppur S.2. o.s.frv. á venjulegri röð. Eptir nokkrar umræður var samþykkt, að meiri hluti hreppsbænda skyldi ráða brennimarkinu fyrir hvern hrepp.

## 7. Yfirsetukvennamál.

Oddviti tilkynnti nefndinni, að yfirsetukona Þorbjörg Arnadóttir hefði verið sett til að gegna yfirsetukonustörfum í Hólahreppi með Miklabæjarsókn frá 14. apríl til 15. septbr. f.á., er yfirsetukona Guðrún Jóelsdóttir tók við [illegible] sýslunni. Var samþykkt að veita Þorbjörgu



laun úr sýslusjóði að tiltölu við tíma þann, er hún hefur gegnt þeim störfum.

Þareð sýslunefndinni er ekki kunnugt, að prentuð hafi verið í Stjórnartíðindunum auglýsing um yfirsetukvennahjeruð í norður og austuramtinu, eins og birt er í B. deild tíðindanna slík auglýsing fyrir suðuramtið og vesturamtið 3. júlí 1877, sem þó virðist heppilegt, — var oddvita falið að koma því til leiðar.

Oddviti brýndi fyrir nefndarmönnum, að þeir í sambandi við hlutaðeigandi hreppsnefndir hafi vakandi auga á, að yfirsetukonur rækji vandlega störf sín, og sjái um, að vel fari um verkfærin, sem yfirsetukvennahjeruðunum eiga að fylgja, svo að þau verði afhent með fullum skilum við yfirsetukvennaskipti.

## 8. Búnaðarfjelagastyrkur

Þá var framlagt brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 22 septbr f.á., er tilkynnir þá meðal annars, að búnaðarfjelögum sýslunnar hefðu af styrk-

sem til eflingar búnaði fyrir árið 1888 verið veittar 200 kr, nefnil. Hofshreppi 50 kr Sauðárhreppi 50 kr, Staðarhreppi 30 kr, Seiluhreppi 40 kr. Rípurhreppi 30 kr.

Að því er snertir úthlutun styrks þess fyrir árið 1889, sem með 10. gr. C. 4. c. fjárlaganna er veittur búnaðarfjelögum, var fram lagt brjef amtmanns 21. nóvbr. f. á. Jafnframt voru fram lagðar skýrslur um unnar jarðabætur frá búnaðarfjelögunum í Hofs Staðar, Sauðár og Rípur hreppum, samda eptir reglum þeim, sem amtsráðið hefur samið og prentaðar eru í stjórnartíðindunum 1882 B. bls. 110, ásamt bónarbrjefum þeirra um fjárstyrk. Þareð sýslunefndin álítur, að í skýrslum búnaðarfjelaganna sjeu jarðabæturnar hæfilega metnar til dagsverka, samþykkti hún að öllu leyti þeirra jarðabótaskýrslur, og mæli sem best fram með því, að þær verði teknar til greina af amtsráðinu, er það semur tillögur sínar um útbýtingu þeirra fjárveitingar.



# 9. Búnaðarstyrkur.

Kom til umræðu, hvernig verja skyldi hlutdeild þeirri, er sýslunni hefði veitt í þeim 6000 kr, sem með 10. gr. C. 4. d. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889 eru lagðar til eflingar búnaði fyrir árið 1889. Var samþykkt að veita Sigurði bónda Ólafssyni á Hellulandi 200 kr styrk til að fullkomna þófaramylnu, þá, er hann hefur í smíðum, móti því að hann setji fulla tryggingu fyrir, að fjeð komi að tilætluðum notum.

Afgangurinn af búnaðarstyrk sýslunnar var ákveðið að verja til að styrkja menn til að koma á æðarvarpi, þar sem það hefur ekki áður verið, þannig að 4 af umsækjendum, þeir er mestu hafa til kostað, fái hlutdeild í umræddum fjárstyrk.

Þareð dagur var kominn að kveldi, var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir, fimmtudaginn 21. febrúarmánaðar, var fundinum fram haldið.

## 10. Hreppsnefndarkosning.

Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Akrahreppi dags. 12. þ. m., er skýrir frá, að þar í hreppi hafi kosning í hreppsnefnd fram farið ári síðar en í öðrum hreppum sýslunnar; er þess farið á leit, að sýslunefndin úrskurði, að eldri deild hreppsnefndarinnar skuli víkja úr sæti næstkomandi vor og yngri deildin vorið 1892, og að nýjar kosningar skuli þá fram fara á sama tíma sem annarstaðar í sýslunni. Málaleitun þessi var felld með atkvæðafjölda.

## 11. Marklýsingar óskilafjár.

Þá var framlagt brjef frá Jónasi Jónssyni í Hróarsdal dags. 18. þ. m., þar sem hann skýrir frá, að gjald það, sem ákveðið er í 24. gr. fjallskilareglugjörðarinnar frá 1879, til lúkningar kostnaði við prentun á lýsingum yfir óskilafje, sem selt hefur verið í sýslunni, hrökkvi ekki fyrir kostnaðinum, og þannig hafi í fyrra vantað 3 kr. 60 a. samkvæmt framlögðum



reikningi. Fer hann þess á leit, að upphæð sú, er til vantar, verði greidd af sýslusjóði, og er það samþykkt af nefndinni, þannig að umgetnar 3 kr. 50 a. komi til útgjalda í næsta reikningi. Jafnframt var samþykkt sú breyting á 24. gr. fjallskilareglugjörðarinnar, að hreppstjórar sendi af verði óskilafjárins 50 aura fyrir hverja kind í prentunarkostnað marklýsinga og þóknun til þess, sem býr þær undir prentun.

## 12. Markaðssala.

Oddviti lagði fram brjef amtmannsins yfir norður og austur amtinu dags. 17. septbr. f. á., þar sem hann tilkynnir sýslunefndinni synjun um staðfesting á reglugjörð þeirri um kaup og sölu sauðfjár og hrossa á mörkuðum, er samþykkt var á fundi 9. maí síðastl., af þeim ástæðum, að reglugjörðin hefði inni að halda ýmsar ákvarðanir, sem eigi sje heimild fyrir og eigi verði settar nema með lögum.

Frá mönnum þeim, er sömdu frumvarpið til hjeraðsreglugjörðar, kom fram krafa um

10 kr. í ómakslaun fyrir starfa sinn, og var tjeð krafa samþykkt, þannig að upphæðin komi til útgjalda í næstu sýslusjóðsreikningi.

## 13. Póstmál.

Í brjefi dags. 14. þ. m. hefir sveitarstjórnin í Lýtingsstaðahreppi óskað tilhlutunar sýslunefndarinnar til að stofnuð verði aukapóstferð frá Víðimýri þar fram í hreppinn, og sömuleiðis hefir því verið hreift, að brjefhirding verði komið á fót á nokkrum stöðum í sýslunni, þar sem mest nauðsyn ber til. Þessar tillögur vill sýslunefndin styðja með meðmælum sínum, og er því samþykkt að fara þess á leit við póststjórnina:

a) að í hvert sinn er póstarnir koma að sunnan, verði aukapóstur látinn fara frá Víðimýri um Mælifell að Bústaðum og sömu leið tilbaka

b) að stofnuð verði brjefhirding á Bústöðum, svo og á aðalpóstleiðinni í Miklabæ í Blönduhlíð og á leið Siglu-



fjarðarpóstsins á Lóni í Viðvíkurhreppi.

## 14. Útsvarskærumál.

Aukanefnd sú, er í gær var kosin til að segja álit sitt um útsvarskærur þeirra Björns og Sigurðar Pjeturssona, lagði fram álitsskjal, er leggur það til, að útsvörum þeirra bræðra verði haldið óbreyttum, en útsvar föður þeirra Pjeturs Jónssonar á Hafsteinsstöðum, verði sett niður um 3 kr. Eptir framkominni skýrslu hefir Björn Pjetursson 20.2 hdr til ábúðar, tíundar 15 lausafjárhundruð og hefir 326 kr. fasteignatekjur. Aukaútsvar það, sem honum hefir verið gert að greiða til hreppsins, er að upphæð 52 kr., en það hefir hann heimtað lækkað um 12 kr. í samanburði við aðra hreppsbúa, sjerstaklega hreppsnefndarmennina Guðmund Pjetursson í Hafdölum, Björn Pálmason í Ásgeirsbrekku og Þorgrím Ásgrímsson í Hafstaðaseli. Sigurður Pjetursson hefir 20.3 hdr. til ábúðar, tíundar 13½ lausafjárhundruð og hefir 30 kr. fasteignar

tekjur. Aukaútsvar hans til hreppsins er að upphæð 38 kr. og föður hans Pjeturs Jónssonar 14 kr., en hann tíundar 1 lausafjárhundrað og hefur í fasteignartekjur 234 kr. Útsvör þeirra beggja hefur hann krafist að verði lækkuð um 14 kr. í samanburði við sömu menn, sem áður eru nefndir og nokkra fleiri hreppsbúa.

Sýslunefndin fellst algjörlega á álit aukanefndarinnar og ákvarðar nefndin því

a) að útsvör þeirra Björns og Sigurðar Pjeturssona á Hofstöðum haldist óbreytt

b) að útsvar Pjeturs Jónssonar samastaðar færist úr 14 kr. niður í 11 kr.

## 15. Búnaðarskóli.

Oddviti lagði fram brjef frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum dags. 30. f. m. með 9 fylgiskjölum til upplýsinga um fjárhag skólans í síðastliðnum fardögum og framkvæmdir nefndarinnar á umliðnu ári, nefnil. efnahagsreikning skólabúsins og



fjárhagsreikning skólans ásamt innstæðuskrá búsins og skólasjóðsins, fundargjörðir skólanefndarinnar 14.-16. maí, 16.-17. júní, 20.-21. oktbr og 4. desbr, svo og brjef um skólasamband til sýslunefndanna í Eyjafjarðar, Suður Þingeyjar og Norður Þingeyjar sýslum og til amtmannsins yfir norður og austuramtinu, ásamt svarbrjefi amtmannsins til nefndarinnar viðvíkjandi tilboði til sýslunefndanna í nefndum sýslum um að ganga í samband um búnaðarskólann við vestursýslur amtsins. Að því er snertir tjeð tilboð, lýsti sýslunefndin því yfir í einu hljóði, að hún væri mjög meðmælt þar að lútandi ályktun og aðgjörðum skólanefndarinnar.

Þareð formaður stjórnarnefndar búnaðarskólans Erlendur Pálmason í Tungunesi andaðist á síðastliðnum hausti, ber samkvæmt 3. gr. skólareglugjörðarinnar að kjósa mann í hans stað í skólastjórnina til 1 árs, er hann átti eptir að vera í nefndinni. Kosningin fór fram á þann hátt

að hver nefndarmaður kaus 1 mann, og hlutu þessir atkvæði:

1. Rögnvaldur Bjarnarson í Rjettarholti – 9
2. Jónas Jónsson í Hróarsdal – 1
3. Guðmundur Pjetursson á Hafdölum – 1

Þá voru fram lögð brjef amtmannsins yfir norður og austur amtinu dags. 20. júlí, 30. nóvbr. og 27. desbr. f. á., þar sem hann tilkynnir ályktun amtsráðsins á aðalfundi 28. júní s. á. viðvíkjandi endurborgun 500 kr. er sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu lagði til skólans úr sýslusjóði 21. ágúst 1883, með 100 kr. vöxtum, á þá leið, að þjeð upphæð til samans 600 kr. verði borguð á 6 árum með 100 kr. afborgun á ári. Tjeð ályktun amtsráðsins var lögð fyrir stjórnarnefnd skólans á fundi hennar 20. oktbr. f. á., en stjórnarnefndin áleit sjer eigi heimilt upp á sitt eindæmi að borga úr skólasjóði þá 100 kr., er fallnar voru til borgunar 21. ágúst síðastl., heldur yrði hún fyrst að



fá heimild til þess frá hlutaðeigandi sýslunefndum sem eigendum skólastofnunarinnar. Jafnvel þó sýslunefndin hafi að undanförnu þegar krafa hefur komið frá sýslunefnd Eyfirðinga um endurborgun tjeðra 500 kr., eigi viljað viðurkenna tillag þetta sem skuld á sýslusjóði Skagafjarðarsýslu, sjer hún sjer eigi fært, eptir því sem málið nú horfir við, að sporna móti því, að upphæðin verði greidd úr skólasjóði, á þann hátt, sem amtsráðið hefur ákveðið, en á hinn bóginn verður hún að láta í ljós þá von sína, að Eyjafjarðarsýsla samkvæmt framkomnu tilboði gangi í samband um skólann, og að sýslunefndin þá láti sjer lynda, að skólastofnunin fái að njóta umræddrar fjárveitingar endurgjaldslaust. En geti slíkt samband einhverra orsaka vegna eigi komist á, er samþykkt, að apt. nefndar 500 kr. verði borgaðar sýslusjóði Eyfirðinga samkvæmt ályktun amtsráðsins úr búnaðarskólasjóði, að því áskildu, að

sýslunefndin í Húnavatnssýslu setji sig ekki á móti þessum úrslitum málsins.

## 16. Kvennaskóli

Oddviti fram lagði bréf frá forstöðunefnd kvennaskólans á Ytriey dags. 24. nóvbr. f. á., ásamt ágripi af reikningi skólans fyrir árið 1887–88, þar sem nefndin óskir fyrir um 150 kr. fjárstyrk úr sýslusjóði fyrir yfirstandandi ár. Hinn umbeðni styrkur er veittur, þannig að upphæðin 150 kr verði færð til útgjalda í næsta reikningi.

Eptir uppástungu sýslunefndarmannsins í Rípurhreppi var samþykkt að skora á forstöðunefnd kvennaskólans, að senda sýslunefndinni framvegis eptirrit af athugasemdum þeim, sem gjörðar eru við fjárhagsreikning skólans ásamt þaraðlútandi úrskurði.

## 17. Fiskiveiðasamþykkt.

Fram lagt var bréf amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 25. júlí f. á.,



þar sem hann af tilgreindum ástæðum neitar að samþykkja frumvarp það til samþykktar um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, er gjört var á almennum fundi, er sýslunefndin hjelt 9. maí f. á. Þareð öllum nefndarmönnum kemur saman um, að mál þetta sje einkar mikilsvarðandi og áríðandi, að það komist sem fyrst í æskilegt horf, er samþykkt með atkvæðafjölda að taka það nú þegar til meðferðar að nýju. Eptir alllangar umræður um mál þetta í heild sinni og einstök þaraðlútandi atriði var samhuga tillögum nefndarmanna samið frumvarp til fiskiveiðasamþykktar, og jafnframt ákveðið, að bera frumvarpið undir atkvæði almenns fundar, er haldinn verður hjer á staðnum á morgun.

## 18. Sundkennsla.

Í bréfi, dags. 17. þ. m. hefur Stefán Stefánsson á Heiðarseli skorað á sýslunefndina að taka þátt til um, að stofnuð

verði sundkennsla á hentugum stað í
sýslunni. Þareð nefndin í heild sinni
er máli þessu mjög hlynnt, en það er
eigi nægilega undirbúið til þess, að nú
verði tekin ákvörðun um, hvar kennslan
eigi fram að fara eða hvernig henni skuli
haga, var afráðið að kjósa 3 manna
aukanefnd til að undirbúa málið og gera
nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að það
fái sem bestan framgang. Fyrir þeirri
kosningu urðu sýslunefndarmennirnir í
Akra, Lýtingsstaða og Seilu hreppum,
Rögnvaldur Björnsson í Rjettarholti,
Jóhann Pjetursson á Brúnastöðum og Eyjólfur
Hannsson í Valadal. Jafnframt var sam-
þykkt að veita úr sýslusjóði 50 kr. styrk
til endurgjalds nauðsynlegum kostnaði við
aðgjörð sundstæðisins.

## 19. Vegamál.

Þá var framlagt brjef amtsráðsins í
norður og austur amtinu dags. 16. júlí f. á.



er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athuga-
vert við sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir árið
1887, nema vöntun 2 fylgiskjala, er síðan
hafa verið send forseta amtsráðsins.

Í brjefum dags. 20. oktbr., 14. desbr. og 16.
f. m. hafa sýslunefndarmaðurinn og hrepp-
nefndaroddvitinn í Akrahreppi og Jón bóndi
Stefánsson á Völlum skýrt frá, að á næst-
liðnu vori hafi verið öldungis nauðsynlegt
að gera við torfærur á aðalpóstleiðinni í
Akra og Seilu hreppum, og fyrir því hafi
verið varið nokkru fje til þeirra aðgjörða,
sem óumflýjanlegar voru til þess að gjöra
veginn færan, og hafa þeir jafnframt gjört
reikning fyrir kostnaðinum, samtals að
upphæð 59 kr. Sýslunefndin vill sem
best mæla með því, að umræddur kostn-
aður fáist greiddur úr landssjóði, og felur
oddvita að hlutast til um það.

Frá Fells, Hofs, Akra og Seilu hrepp-
um hafa komið skýrslur um ásigkomu-
lag veganna í þeim hreppum og tillögur

um vegabætur á næsta vori, að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar hjer að lútandi hver fyrir sinn hrepp.

Með tilliti til þessara skýringa var samin

# Áætlun

## um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1889.

| Tala | Tekjur | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1 | Sýsluvegagjald 1889 | | 900.00 |
| | Gjöld | | |
| 1 | Endurborguð skuld við reikningshaldara | 110.34 | 110.34 |
| 2 | Endurgjald 1500 kr. láns úr viðlagasjóði | | |
| | a) ársleiga af 600 kr | 24.00 | |
| | b) 10. afborgun lánsins | 100.00 | 124.00 |
| 3. | Sýsluvegabætur 1889 | | |
| | 1) í Holts hreppi | 30.00 | |
| | 2) í Fells — " — | 40.00 | |
| | 3) í Hofs — " — | 50.00 | |
| | Flyt | 120.00 | 234.34 |



| Tala | Gjöld | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | 120.00 | 234.34 |
| | 4) í Hóla hreppi | 40.00 | |
| | 5) í Viðvíkur — " — | 50.00 | |
| | 6) í Akra — " — | 80.00 | |
| | 7) í Lýtingsstaða — " — | 50.00 | |
| | 8) í Seilu — " — | 100.00 | |
| | 9) í Staðar — " — | 80.00 | |
| | 10) í Sauðár — " — | 80.00 | |
| | 11) í Skefilsstaða — " — | 30.00 | |
| | 12) í Rípur — " — | 35.00 | 665.00 |
| 4 | Ýmiss gjöld | | 0.66 |
| | Samtals | | 900.00 |

Sýslunefndarmenn tóku að sjer, með ráði og tilstyrk hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að sjá um vegabætur hver í sínum hreppi, og senda oddvita sýslunefndarinnar í tæka tíð nákvæmar reikningsskýrslur um tilkostnaðinn.

Oddvita var falið á hendur að sækja um

fjártillag til nauðsynlegra vegabóta á aðalpóstleiðinni í Akra og Seilu hreppum af fje því, sem þartil er veitt í fjárlögunum.

## 20. Aukaútsvarsniðurjöfnun.

Eins og ráð var fyrir gert á síðasta aukafundi, var frumvarp til reglugjörðar um niðurjöfnun aukaútsvars í sýslunni sent af oddvita sýslunefndarinnar til allra hreppsnefnda í sýslunni, fyrir tíundarskipti á síðastliðnu hausti, til þess að það væri haft til hliðsjónar við útsvarsálagninguna, og hreppsnefndir gætu svo sagt álit sitt um frumvarpið fyrir þennan fund. Slíkar álitsgjörðir hafa sýslunefndinni borizt frá hreppsnefndunum í Hofs, Akra, Lýtingsstaða, Seilu og Rípur hreppum, og koma þar fram ýmsar athugasemdir og breytingartillögur við frumvarpið. En með því enn vanta álitsgjörðir frá 7 hreppsnefndum í sýslunni, er frestað



að samþykkja frumvarpið sem gildandi reglugjörð, en þar á móti er ætlast til, að hreppsnefndir hafi hana til hliðsjónar við útsvarsniðurjöfnunina framvegis, svo að meiri og betri reynsla fáist fyrir því, hvernig reglur þær, sem hún hefur inni að halda, komi út í einstökum tilfellum, og að hve miklu leyti breytingar á þeim eru nauðsynlegar. Þetta er oddvita falið að tilkynna hreppsnefndunum og jafnframt leita eptir ítarlegra áliti sumra þeirra.

Þareð dagur var kominn að kveldi, var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir, föstudaginn 22. febrúarmánaðar, var fundinum fram haldið.

## 21. Þjóðjarðabygging.

Með brjefi dags. 31. f. m. hefur amtmaðurinn yfir norður og austur amtinu sent byggingaruppástungur hlutaðeigandi umboðsmanns fyrir Reynistaðarklausturs jörðunum Hólakoti með Fossárteig, Heyjólfs-

stöðum, Holtsmúla, Breiðstöðum, ½ Borgarlæk, ⅓ Mallands og Keldudal, til álita sýslunefndarinnar, í tilefni af því, að sá leigumáli eigi hefur boðist fram, sem amtið hefur vald til að samþykkja samkvæmt brjefi stjórnarráðsins 25. maí 1880.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem téð skjöl hafa inni að halda, og að öðru leyti komu fram á fundinum, aðhylltist sýslunefndin tillögur umboðsmanns að því er snertir þessar jarðir, nefnil. að

1) Hólakot með Fossárteig verði byggt til æfilangrar ábúðar með 90 álna landskuld
2) Herjólfsstaðir til æfilangrar ábúðar með 60 álna landskuld
3) Holtsmúli um víst árabil fyrir 80 álnir
4) ½ Borgarlæku " " " " 15 —
5) ⅓ Mallands " " " " 25 —
6) Keldudalur " " " " 60 —

Viðvíkjandi Breiðstöðum skal þess getið, að nú á fundinum kom fram 50 álna eptirgjaldstilboð frá núverandi ábúanda jarðarinnar



Jónasi Jónassyni, og hefur jafnframt hreppsnefndin boðist til að ganga í ábyrgð fyrir lögskil af jörðinni um ábúðartíma hans. Jafnvel þó þetta afgjaldstilboð sje eigi hærra en það, sem tekið er fram í byggingaruppástungu umboðsmanns, álítur meiri hluti sýslunefndarinnar haganlegra að byggja jörðina hinum núverandi ábúanda.

Umboðsmaður Reynistaðarklausturs, sem var við staddur, bar undir álit sýslunefndarinnar þau afgjaldstilboð, sem fram hafa komið í jarðirnar Efranes, Hvammkot, Ípishól og ½ Selá, og lætur hún í ljós það álit sitt, að hyggilegra sje að taka þeim boðum, sem gjörð hafa verið og sem eru hin hæstu, er líkindi eru til að fáist, heldur en bjóða þær upp til afgjalds, og er nefndin því meðmælt, að

a) Efranes verði byggt um víst árabil fyrir 40 álnir
b) Hvammkot " " " " " 30 —
c) Ípishóll " " " " " 50 —
d) ½ Selá " " " " " 25 —

Ennfremur skýrði umboðsmaður frá, að ekkert afgjaldstilboð væri fram komið í 1/3 Hraunsá, og álítur sýslunefndin ekki önnur úrræði en að byggja hjeðan jörðina fyrir hvað sem býðst, þó ekki væri hærra en 10 álnir.

## 22. Styrkur til sveitakennara.

Framlagt var brjef stiptsyfirvaldanna dags. 17. septbr. f. á., er tilkynnir, að sveitakennara Guðvarði Guðvarðssyni á Ht. hafi verið veittur 35 kr. styrkur fyrir árið 1888 af fje því, sem þartil er veitt í fjárlögunum, og sömuleiðis inniheldur brjefið upplýsingar um, hvað til þess útheimtist, að umsóknir um slíkan styrk geti orðið teknar til greina framvegis.

Í brjefi dags. 16. þ. m. hefur áðurnefndur Guðvarður Guðvarðsson óskað eptir meðmælum sýslunefndarinnar með umsóknarbrjefi hans um að fá styrk sem sveitakennari samkvæmt fjárlögunum 13. gr. B. V. b. 2.



Þar eð nefndinni er kunnugt, að hann er í alla staði vel fallinn til barnakennslu, vill hún veita honum ~~[illegible]~~ sín beztu meðmæli til þess að verða hins umbeðna styrks aðnjótandi.

## 23. Brúarmál.

Oddviti lagði fram reikning um tekjur og gjöld brúarsjóðsins fyrir árin 1887 og 1888, og var hann í öllum greinum samþykktur.

Eptir uppástungu sýslunefndarmannsins í Sauðárhreppi var samþykkt að endurbæta brúna á Gönguskarðsá. Til að standast þann kostnað, og sömuleiðis kostnaðinn við að fullkomna aðgjörðina á Kolbeinsdalsár og Hjaltadalsárbrúnum, var ákveðið að gefa niður brúargjaldi á næsta vori með 2 aurum á hvert jarðar og lausafjár hundrað.

Oddviti skýrði frá, að enn væri ekki búið að ráðstafa viðnum úr Valagilsárbrúnni, sem brotnaði í vatnsflóði fyrir nokkrum árum. Þar eð nefnd á er á aðalpóstleið sýslunnar, og almennt er viðurkennt, að mesta nauðsyn sje að koma brúnni aptur

á ána, var samþykkt að bjóða landstjórninni viðinn, ef hún vildi endurreisa brúna, og var oddvita falið að bera tilboð þetta fram við amtsráðið.

## 24. Sýslusjóður.

Framlagt var brjef amtsráðsins dags. 16. júlí f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athugavert við sýslusjóðsreikninginn 1887. Ákveðið var að jafna niður sýslusjóðsgjaldi þetta ár með 8 aurum á hvert jarðar og lausafjárhundrað. Síðan var samin

### Áætlun

um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1889

| Tala | Tekjur | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1 | Sjóður við árslok 1888 | | 159.94 |
| 2 | Sýslusjóðsgjald 1889 | | 800.00 |
| 3 | Afgjald af Drangey 1889 | | 80.00 |
| | Samtals | | 1039.94 |



| Tala | Gjöld | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1 | Sýslunefndarkostnaður 1889 | | 300.00 |
| 2 | Yfirsetukvennalaun 1889 | | 375.00 |
| 3 | Kvennaskólastyrkur 1889 | | 150.00 |
| 4 | Endurgjald 1200 kr láns úr landssjóði | | |
| | a) árleiga af 1000 kr | 40.00 | |
| | b) 2. afborgun lánsins | 100.00 | 140.00 |
| 5 | Styrkur til sundkennslu | | 50.00 |
| 6 | Óviss gjöld | | 24.94 |
| | Samtals | | 1039.94 |

## 25. Fiskiveiðasamþykkt.

Oddviti lagði fram frumvarp það til fiskiveiðasamþykktar, er sýslunefndin samdi á fundinum í gær, svo og breytingaruppástungur, er gjörðar voru við frumvarpið á almennum fundi sýslubúa í dag. Þareð nefndinni þóttu þær á rökum byggðar, setti hún þær inn í frumvarpið, og var það síðan með áorðnum breytingum samþykkt af

sýslunefndinni með atkvæðafjölda og ákvað að senda það amtmanni til staðfestingar.

Fundi slitið

Jóhannes Ólafsson. Jóh. P. Pétursson

[illegible] Jónsson Rögnvaldur Bjarnarson

[illegible] Guðmundsson Jón Jónsson

Bessi Steinsson S. Jónsson

Árni Ásgrímsson. Eyjólfur Hannesson

Jónas Jónsson G. Jónsson

Ár 1889, föstudaginn 31. maímánaðar, var á Sauðárkrók haldinn aukafundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr Hóla, Viðvíkur, Akra, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár og Rípur hreppum.

Á fundinum voru fyrir tekin þessi mál.

1. Búnaðarskólamál.

Oddviti fram lagði útdrátti úr gjörðabókum



sýslunefndanna í Eyjafjarðarsýslu og Suður Þingeyjarsýslu frá 6. marz og 6. apríl síðastl., viðvíkjandi fyrirhugaðri sameiningu alls norðlendingafjórðungs um búnaðarskólann á Hólum. Á sýslunefndarfundi Suðurþingeyinga var ályktað að skora á aðrar sýslunefndir fjórðungsins að kjósa hver fyrir sig 2 erindsreka á sameiginlegan fund til að ráðgast um málið og ráða því til lykta. Er sá fundur fyrirhugaður á Akureyri 5. júní næstk. og hefur amtmaðurinn yfir norður og austuramtinu tekið að sjer að gerast forseti fundarins.

Til að mæta á þeim fundi með fullu umboði til að semja um málið fyrir hönd sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu voru kosnir:

1. alþm Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum með 8 atkv.
2. kand. Jón Jakobsson á Víðimýri með 6 atkv.

og tóku ~~að sjer~~ þeir báðir kosningunni.

2. Fiskiveiðamál.

Fram lagt var brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 29. marz þ. á., er tilkynnir, að hann hafi staðfest samþykkt þá, sem sýslunefndin gjörði á fundi 20.–23. febr. síð.

ætt, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar
á opnum skipum á Skagafirði; þó svo, að
samþykktin nái eigi gildi fyr en 1. ágúst næstk.

## 3. Heiðurslaun.

Þá var fram lagt bréf Jóns bónda Stefánssonar á Völlum dags. 16. þ. m., þar sem hann leitar meðmæla sýslunefndarinnar með bónarbréfi sínu um að verða aðnjótandi heiðursgjafar af styrktarsjóði Christians konungs IX. Þareð sýslunefndinni er kunnugt, að Jón bóndi hefir með umfangsmiklum jarðabótum gert sig fullkomlega verðan slíkra verðlauna, eins og meðfylgjandi vottorð 2 skilríkra manna ber ljósan vott um, vill nefndin veita honum sín beztu meðmæli að hann verði aðnjótandi hinna umræddu heiðursgjafar.

Fundi slitið.

Jóh. Ólafsson. Ólafur Briem Jón Jónsson
Guðmundsson Bessi Steinsson
Jónas Jónsson Rögnvaldur Björnsson
Eyjólfur Hansson Hermann Jónasson



Ár 1890, miðvikudaginn 12. febrúarmánaðar, var á Sauðárkróki haldinn aðalársfundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

Þess skal getið, að á síðustu manntalsþingum voru kosnir nefndarmenn í 6 hreppum sýslunnar, og urðu fyrir kosningu:

1. í Holtshrepp: Einar Guðmundsson á Hraunum
2. í Hofshrepp: Rögnvaldur Þorleifsson á Óslandi
3. í Hólahrepp: Hermann Jónasson á Hólum
4. í Lýtingsstaðahrepp: Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum
5. í Skefilstaðahrepp: Hjörtur Hjálmarsson á Skíðastöðum
6. í Rípurhrepp: Jónas Jónsson í Hróarsdal, endurk.

Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar. ×

× Varaoddviti var kosinn Hermann Jónasson, en skrifari: Ólafur Briem.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

## 1. Sýslureikningar.

Reikningar um tekjur og gjöld sýslunnar 1889, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins og um þurfamannaflutning voru framlagðir með fylgiskjölum og yfirlitum af nefndar-

mönnum. Að því leyti sem samþykki amtsráðsins útheimtist til einhverrar útborgunar úr sýslusjóðnum samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, óskar sýslunefndin að slíkt samþykki verði veitt. Eptir að nefndarmenn höfðu kynnt sjer reikningana og leitað ýmsra skýringa þeim viðvíkjandi, lýstu þeir yfir því, að þeir hefðu ekkert sjerstaklegt við þá að athuga. Til að endurskoða reikningana var kosinn Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum, og voru honum afhentir reikningarnir. Að lokinni endurskoðun verða þeir sendir til amtsráðsins, en ágrip af þeim hefur verið sent til hreppsnefndanna í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar.

Þá voru fram lagðir sveitarsjóðsreikningar hreppanna í sýslunni 1888-89 með fylgiskjölum og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar Jónssonar til Lýting-



staðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig reikningar hreppsvegasjóðanna og kláfanna á Jökulsá 1889, enn fremur áætlanir um tekjur og gjöld sveitarsjóða og skrár um niðurjöfnun aukaútsvars 1889-90. Eptir að skjöl þessi höfðu verið yfirfarin, án þess nefndarmenn fyndu ástæðu til að gjöra við þau verulegar athugasemdir, var Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum kosinn til að endurskoða reikningana. Eptir áskorun oddvita tóku nefndarmenn að sjer að brýna fyrir hreppsnefndaroddvitum að senda alla framannefnda reikninga og skýrslur í tæka tíð, þannig að þær sjeu komnar til oddvita sýslunefndarinnar í síðasta lagi fyrir nóvemberlok.

Oddviti lagði fram athugasemdir endurskoðanda við sveitarsjóðsreikningana fyrir fardagaárið 1887-88, ásamt svörum reikningshaldara. Þareð athugasemdunum hefur verið fullnægt, voru reikningarnir

samþykktir.

## 3 Bygging Drangeyjar.

Fram lagt var brjef frá Ólafi Sigurðssyni og Konráði Jónssyni dags. 6 f.m., þar sem þeir fala Drangey til afnota næstkomanda fardagaár fyrir 32 kr landskuld, og jafnframt bjóðast þeir til að innheimta hinn ákveðna fjörutoll. Konráð Jónsson, er var inn staddur, skýrði frá, að á eynni væru 2 tygi, er þar hefðu legið frá fyrri tíð, án þess að þau kæmu að neinum notum, og skaut því til sýslunefndarinnar að ráðstafa þeim. Í annan stað skýrði hann frá, að uppi í Lambhöfðanum hefði verið stigi, sem nú væri genginn úr sjer, og fór hann þess á leit, að sýslunefndin vildi styrkja til að koma á nýjum keðjustiga uppí nefndan höfða. Eptir nokkrar umræður samdist svo, að eyjan var byggð nefndum mönnum fyrir



32 kr landskuld fardagaárið 1890-91, og var þeim jafnframt falið að innheimta fjörutollana, Ólafi vestan fjarðarins og Konráði austan fjarðar. Enn fremur tóku þeir að sjer að koma upp umræddum stiga móti því að sýslunefndin afhenti þeim til eignar tygi þann, sem áður var nefnd, og var það samþykkt. Eptir uppástungu sýslunefndarmannsins úr Rípurhreppi var samþykkt að leggja fram úr sýslusjóði kostnað við að gera greiðari uppgönguna á eyna með því að búa um öflugan kaðal á brúninni og á snösinni við svonefnt Tæpaskeið. Var Konráði falið að annast þennan útbúnað og gjöra reikning fyrir kostnaðinum.

## 4. Útsvarskærumál

Oddviti lagði fram brjef amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 23. júní f.á., er tilkynnir úrskurð amtsráðsins um útsvarskærumál Jóns Jónssonar frá

Reynistað, er borið var upp á fundi sýslu-
nefndarinnar 21. febrúar 1888 (tölul. 19);
hefir amtsráðið ályktað, að málið skuli
við svo búið standa, en jafnframt skorað
á sýslunefndina að vísa þeim útsvars-
kærum frá, sem koma of seint til oddvita
samkvæmt 1. gr laga 9. jan. 1880 um breyting
á tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872.

Sýslunefndinni hafa borist kærur
um útsvör haustið 1889 frá þessum
mönnum:

1. frá Stefáni Sigurðssyni á Minnibakka
í Holtshreppi dags. 24. oktbr. f. á., borin
upp á hreppsnefndarfundi 2. desbr. s. á.
og úrskurðuð á sama fundi, barst til
sýslunefndar með bréfi dags 15. f. m.
2. frá Jósef Jónssyni á Sjóbúð í sama
hreppi dags. 23. oktbr. f. á., borin upp
og úrskurðuð af hreppsnefnd á sama
fundi, barst til sýslunefndar með
sama bréfi.



3. frá Sigfúsi Pjeturssyni á Eyhildarholti
í Rípurhreppi dags. 9. nóvbr. f. á., borin
upp á hreppsnefndarfundi 15. s. m., og
úrskurðuð á sama fundi, barst til
sýslunefndar með bréfi dags. 10. desbr. f. á.
4. frá Ólafi Sigurðssyni í Ási í sama
hreppi dags. 12. nóvbr. f. á., borin upp
og úrskurðuð á sama hreppsnefndar-
fundi, barst til sýslunefndar 20. f. m.

Þareð það upplýstist um allar
þessar kærur, að lengri tími en hinn
lögákveðni 3 vikna frestur hafði liðið
frá því er úrskurðir hreppsnefndanna
voru birtir hlutaðeigendum, til þess er
þeim var skotið til sýslunefndarinnar,
var með atkvæðafjölda ályktað að
vísa kærunum frá.

5. Aukaútsvarsniðurjöfnun.

Framlagt var álit hreppsnefndarinnar

í Hólahreppi um reglugjörðarfrumvarp sýslunefndarinnar um aukaútsvarsniðurjöfnun, sömuleiðis athugasemdir Ólafs Sigurðssonar við frumvarpið, er innihalda ýmsar breytingartillögur. Var stungið upp á að kjósa aukanefnd til að endurskoða frumvarpið, og koma fram með breytingartillögur við það, ef hún vildi að hyttast eitthvað af tillögum þeim, sem fram hafa komið þessu máli viðvíkjandi á þessum fundi og á fundinum 20. febr. 1889. Þessi nefndarkosning var felld með atkvæðafjölda. Þá voru bornar undir atkvæði ýmsar breytingartillögur við frumvarpið, en þær voru allar felldar.

Þareð dagur var kominn að kvöldi, var fundinum frestað til morguns.

Dagin eptir hinn 13. febrúar var fundinum fram haldið.

## 6. Sveitaverzlunarleyfi.—



Eptir ósk Sveins Árnasonar á Ytanvi í Holtshreppi var honum veitt leyfi til sveitaverzlunar samkvæmt 5. gr. laga 7. nóvbr 1879.

## 7. Ferjutollar.—

Samkvæmt ósk ferjumannanna á Ási og Kárastöðum var samþykkt að hækka ferjutollinn á þeim stöðum úr 16 a. upp í 20 a. fyrir hvern mann með reiðtygjum.

Ferjumennirnir á Völlum og Syðstugrund hafa í bréfi 8. þ. m. gjört fyrirspurn um hvina ákveðin upphæð ferjutollsins fyrir sauðkindur, og var oddvita falið að tilkynna þeim, að tollurinn sje 4 aurar fyrir hverja kind (haustlömb eins), sbr. sýslunefndarfund 25. jan. 1886 (tölul. 5).

Þareð ferjumaðurinn á Tjörn, sem áður var, er farinn þaðan, og gat eigi skilað ferjubátnum, er að nokkru leyti var kostaður af sýslusjóði, er þar nú ferjulaust, og vantar því algjörlega ferju að vestanverðu við vesturós Hjeraðsvatnanna. Var

samþykkt að kaupa hinn vantandi ferjubát á kostnað á sýslusjóðsins, og var oddvita falið á hendur að koma til leiðar, að landeigandi, sem sje eigandi Sjávarborgar, taki að sje ferjuhaldið.

8. Markaskrá

Eptir ályktun sýslunefndarinnar á fundi 20. febrúar 1889 hefur verið safnað mörkum í sýslunni og innheimt gjald fyrir þau, að upphæð 368 kr. 45 a., og er langt komið að búa markaskrána undir prentun. Í brjefi 28. febr. f. á. hefur Björn Jónsson prentari á Akureyri boðist til að taka skrána til prentunar (og sjá um prófarkalestur), og er tjeð tilboð þegið. Fyrir að undirbúa skrána undir prentun var samþykkt að borga 45 kr. þóknun, er þegar var útborguð. Sú uppástunga var samþykkt, að hreppsbrennimörkin í sýslunni verði táknuð með



S. og hrepparnir einkenndir með tölunum 1. til 12, þannig að Holtshreppur hafi brennimarkið S. 1, Fellshreppur S. 2. o. s. frv. í venjulegri röð.

9. Fiskiveiðasamþykkt.

Oddviti lagði fram og las upp samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á Skagafirði, staðfest af hlutaðeigandi amtmanni 29. marz f. á. (sbr. Stjórnartíðindi B. 61)

10. Sýning í Eyjafirði.

Oddviti skýrði frá, að hann hefði fengið tilkynningu um að í ráði væri að halda hjeraðshátíð í Eyjafirði til minningar um 1000 ára byggingu hjeraðsins, og jafnframt að halda sýningu, er þessari sýslu sem öðrum stöðum til boða að taka þátt í. Nefndarmenn lýstu yfir því, að þeir væru þakklátir þessu tilboði Eyfirðinga, og kváðust fúsir til að bera það upp við hreppsbúa sína og hlynna að því, að það fengi góðar

inditekti.

11. Heilbrigðisásigkomulag m. m.

Oddviti byrjaði enn einu sinni fyrir nefndarmönnum ákvæði reglugjörðar 19. júní 1886 um heilbrigðisásigkomulag manna á milli, þar á meðal að þeir ásamt hreppsnefndum gjörðu gangskör að því hver í sínum hreppi:

1. að húsráðendur byggðu salerni á heimilum sínum, svo hinn gamli ósómi, er enn sjest víða kringum bæina, hyrfi með öllu.

2. að þeir byggðu forir á afviknum stöðum, og notuðu þær til áburðar

3. að þeir vönduðu heimilisfólk við að láta hunda sleikja innan matarílát, eður komast að neyzluvatni, sem væri hinn mesti háski búinn af.

Tóku nefndarmenn að sjer að stuðla að þessu eptir ýtrasta megni, og vera öðrum til fyrirmyndar í því, að því leyti sem kringumstæður leyfa.

12. Styrkveiting

Í brjefi 5. þ. m. hefur Gísli Sigmundsson á Ljótstöðum skýrt frá framkvæmdum sínum til að bæta ýms búnaðaráhöld, þá sem hann fyrst og fremst hefur fundið upp og smíðað ávinnsluverkfæri, er þegar hefur fengið mikla útbreiðslu og komið að góðum notum, og í annan stað hefur hann nú í smíðum verkfæri, sem gjört er ráð fyrir að geti orðið að liði við túnasljettun og sparað vinnukrapt. Sem styrk til þess að fullkomna tjeða sljettunarvjel, var samþykkt að veita honum 50 kr úr sýslusjóði, og jafnframt vildi sýslunefndin veita honum sín beztu meðmæli til þess, að amtsráðið veiti honum enn fremur sem ríflegastan fjárstyrk ⌊ til að gjöra við smíði tjeðrar sljettunarvjelar.

13. Sundkennsla.

⌊ úr búnaðarsjóði amtsins,

Aukanefnd sú, er á fundi 20. febrúar f. á. (tölul. 18) var kosin til að undirbúa það, sem þyrfti til þess að sundkennsla kæmist á í sýslunni, skýrði frá aðgjörðum sínum í þessu efni. Sundstað það, er þeir völdu, er hin svonefnda Steinstaðalaug fyrir framan Reyki, og var garður hlaðinn fyrir laugina, er kostaði 50 kr. Síðan fór fram sundkennsla á tilsettum tíma, en daginn áður en henni átti að vera lokið, bilaði garðurinn, svo að sama sundstaði verður eigi notað, nema garðurinn sje endurbættur. Til þeirra endurbóta voru veittar 10 kr. úr sýslusjóði. Sömuleiðis var samþykkt að leggja 25 kr. til að undirbúa sundstaði í Fljótum, og gaf sýslunefndarmaðurinn þaðan von um, að hreppsmenn mundu skjóta saman jafnri upphæð til að standast kostnaðinn við aðgjörðina.

## 14. Amtsráðskosning

Oddviti lagði fram og las upp bréf



amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 3. f. m., er fyrirskipar kosningu eins amtsráðsmanns, eins vara-amtsráðsmanns til 6 ára og eins vara-amtsráðsmanns til 3 ára, í stað þeirra Benedikts Blöndals í Hvammi, Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum og Olafs Briems á Álfgeirsvöllum. Var síðan gengið til kosningar, á þann hátt að hver sýslunefndarmaður greiddi atkvæði um þrjá menn, og hlutu þessir atkvæði:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Olafur Briem á Álfgeirsvöllum — | 12 |
| 2. | Benedikt Blöndal í Hvammi — | 7 |
| 3. | Einar Guðmundsson á Hraunum — | 7 |
| 4. | Pjetur Jónsson á Gautlöndum — | 3 |
| 5. | Jóhannes sýslumaður Ólafsson — | 2 |
| 6. | Hermann Jónasson á Hólum — | 2 |
| 7. | sr. Árni Jónsson á Skútustöðum | 2 |
| 8. | Jón Jónsson á Reykjum — | 1 |
| 9. | Jón Jónsson á Sleðbrjót — | 1 |
| 10. | Jónas Jónsson í Hróarsdal — | 1 |
| 11. | Guðmundur Klemensson Bólstaðarhlíð | 1 |
| | | = 39 |

## 15. Rjettafærsla

Framlagt var brjef bænda í Hólahreppi dags. 27. f. m., er skora á sýslunefndina að gera ráðstafanir til að færa göngur og rjettir í þá stefnu, er John Coghill fer fram á í auglýsingu sinni í Ísafold í haust. En þareð flestir nefndarmanna voru eindregið á móti svo mikilli færslu, var því hreyft, að taka uppástungu Coghills til greina á þann hátt að binda göngur og rjettir við vissa mánaðardaga, og var sú tillaga samþykkt í einu hljóði, þannig að göngur fram fari svo tímanlega, að rjettir geti verið um garð gengnar, þegar fjármarkaðir byrja. Þessa ályktun er oddvita falið að tilkynna öllum hreppsnefndum í sýslunni og skora á þær að hlutast til um að göngurnar fram fari í rjettri röð og reglu.

## 16. Fjármarkaðir.

Sýslunefndin ályktar að ákveða sauðamarkaði árlega á 4 stöðum í sýslunni vissa mánaðardaga, og eru markaðirnir tilteknir þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | í Gröf á Höfðaströnd | 23. september |
| 2. | á Flugumýri | 24. —"— |
| 3. | á Víðimýri | 25. —"— |
| 4. | á Sauðárkróki | 26. —"— |

Þessa markaði er oddvita falið að auglýsa í blöðum, innlendum og útlendum, með nægum fyrirvara. Borgun fyrir markaðshald er ætlast til að greiðist á sama hátt sem opt að undanförnu, með 2 aurum, er leggist á hverja kind, sem seld er, og er ákveðið að fara þess á leit við fjárkaupmennina, að halda gjaldi þessu eptir af fjárverðinu, og greiða það af hendi til ábúanda jarða þeirra, þar sem markaðirnir eru haldnir.

Til að fyrirbyggja misgrip á fje því,

sem á mörkuðum er selt, er áætlað að
2 menn, er hlutaðeigandi hreppsnefnd
til þess kveður, skoði fjeð jafnóðum
og það er selt á hverjum fjármarkaði.
Kaup skoðunarmanna er áætlað 2 kr.
á dag, og samþykkt að greiða það úr
sýslusjóði.

Þareð dagur var kominn að kvöldi, var
fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 14. febrúar var
fundinum ~~frestað til morguns~~ fram haldið.

17. Kolbeinsdalsafrjett.

Fram lagt var brjef frá Bjarna Jóhannes-
syni á Fjalli dags. 10. þ.m., þar sem hann
kvartar yfir ágangi af fje úr Kolbeinsdals-
afrjett, og óskar tilhlutunar sýslunefndarinnar
til þess að hann fái þann skaða bættan,
þannig að hann fái borgun fyrir ómak
sitt við fyrirstöðu á afrjett~~ar~~peningi sam-
kvæmt samningi frá 18. júní 1823, er



skipar svo fyrir, að sá, sem afrjettina tekur,
skuli borga fyrirstöðutoll 2 mönnum, nefnil.
á Bjarnastöðum og Fjalli. Þess skal getið,
að stjórnarnefnd Hólaskóla hefur leigt Jósef
Björnssyni á Bjarnastöðum afrjettina til
6 ára frá fardögum 1889. Þareð 3. gr. reglu-
gjörðar um afrjetti, fjallskil og meðferð
á óskilafje kveður svo á, að afrjettarbóndi
er taki fyrirstöðutoll, sje skyldur að kosta
rekstur sauðfjár, sem kemur af afrjettum
á sumrum í búfjárhaga manna, álítur
sýslunefndin vafalaust, að Jósef sje skyldur
til að borga Bjarna kostnaðinn við rekstur
fjár til afrjettar eða fyrirstöðutoll eptir
því sem um semur, þrátt fyrir það, þó
þetta sje ekki sjerstaklega tekið fram í
leigusamningnum við Jósef frá 14. maí 1889.

18. Meðferð óskilafjár.

Í brjefi 10. þ.m. hefur hreppsnefndar-
oddvitinn í Staðarhreppi kært þá aðferð
hreppsnefndarinnar í Rípurhreppi að láta

ekki ómaga, sem þar hafi komið fyrir í hreppinn, ganga í útsvörunum, er geymdur sje hjá hreppstjóranum í Staðarhreppi, og álítur oddvitinn að þessi aðferð komi í bága við 23. gr. fjallskilareglugjörðarinnar. Meiri hluti sýslunefndarinnar álítur, að nefndri grein reglugjörðarinnar sje fullnægt með því að óskilakindur sjeu seldar til hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem kindurnar koma fyrir eptir rjettir, og finnst því eigi ástæða til að gjöra neinar ráðstafanir út af nefndri kæru. Sýslunefndarmaðurinn í Staðarhreppi tók það fram, að meðan útsvörunum væri geymdur í hreppi þeim, þar sem skilarjettin er, sje samkvæmt áðurnefndri grein reglugjörðarinnar skylt að reka þangað óskilakindur, sem fyrir þann tíma koma fyrir í hreppum þeim, sem eru í sama afrjettarfjelagi. Þessari skýringu var mótmælt af sýslunefndarmanninum í Ripurhreppi.

## 19. Kvennaskóli. –

Oddviti lagði fram bréf frá forstöðunefnd kvennaskólans á Ytriey dags. 28. nóvbr. f. á., ásamt skýrslu um eignir skólans í næstliðnum fardögum, útdrætti úr fjárhaldsreikningi skólans næstliðið ár, og skrá yfir skuldir annara við skólann. Ennfremur var fram lagt brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu dags. 18. f. m., er fer þess á leit, að sýslunefndin gangi í sjálfskuldarábyrgð fyrir 1200 kr. láni af eldsafje hins ómyndnga Árna Árnasonar frá Höfnum, og var það samþykkt.

Þareð reikningar skólans sýna, að þar sem hann nú er settur, gengur árlega allmikill kostnaður til aðflutninga, er að miklu leyti mundi sparast við það ef hann stæði á verslunarstað, var því hreift að skólinn yrði fluttur frá Ytriey til Sauðárkróks. Þetta álítur nefndarmenn í ýmsu tilliti haganlegt, bæði fyrir skólastofnunina sjálfa og námsmeyjar þar, er

á skólann ganga, og var því oddvita falið að leita samkomulags við sýslunefndina í Húnavatnssýslu um þetta mál.

Til að mæta á aðalfundinum skólanefndarinnar af hendi sýslunefndarinnar hjer í sýslu samkvæmt 2. gr. í skipulagsskrá skólans, voru kosin:

1. Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum
2. Halldóra Pjetursdóttir á Álfgeirsvöllum
3. Guðrún Ólafsdóttir á Páfastöðum

Samþykkt var að veita skólanum 200 kr. fjárstyrk fyrir þetta ár, að því áskildu, að sýslunefnd Húnvetninga veiti honum jafnmikla fjárupphæð.

Þareð reikningar skólans sýna, að hann á yfir 1500 kr. útistandandi, var oddvita falið að skora á forstöðunefndina að annast um, að innheimtu á slíkum skuldum sje stranglega fram fylgt eptirleiðis. Ennfremur er samþykkt að skora á forstöðunefndina að láta stúlkur úr Húnavatns og Skagafjarðar sýslum sitja fyrir inntöku á skólann, ef þær sækja um það í tæka tíð.

## 20. Búnaðarskóli.

Þá var fram lagt brjef frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum dags. 4. þ. m. með 10 fylgiskjölum til upplýsingar um fjárhag skólans í síðastliðnum fardögum og framkvæmdir nefndarinnar á umliðnu ári, nefnil. efnahagsreikning skólabúsins og fjárhagsreikning skólans, ásamt innstæðuskrá búsins og skólasjóðsins, fundargjörðir skólanefndarinnar 14.–16. maí 1889, 5.–6. nóvbr. s. á. og 1. þ. m., svo og ýms skjöl viðvíkjandi fyrirhuguðum búskaupum handa skólanum. Einnig var lögð fram og lesin upp fundargjörð frá fulltrúafundi á Akureyri 5. júní f. á., er ályktaði, að Eyfirðinga og Suður Þingeyjar gengju í samband við Húnvetninga

og Skagfirðinga með búnaðarskólahaldið
á Hólum, með þeim kjörum, að því er
snerti fjárframlög til skólastofnunarinnar,
að til hennar gangi óskertur hluti hinna
tveggja fyrtöldu sýslna í búnaðarskólasjóði
norður og austuramtsins og hið árlega bún-
aðarskólagjald þeirra. Jafnframt var upp
lesinn 21. töluliður í fundargjörð amts-
ráðsins 3.–5. júní síðastl. og ennfremur
brjef landshöfðingja 4. septbr. f.á., er
fellst á, að Hólaskólinn verði sameiginleg
búnaðarkennslustofnun fyrir Húnavatns,
Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Suðurþingeyja-
sýslur og hluti hinna tveggja síðastnefndu
sýslna í búnaðarskólasjóði amtsins verði
lagður til skólans og að búnaðarskólagjaldið
nú þeim gangi eptirleiðis til hans.

Sýslunefndin er skólanefndinni
samdóma um, að nauðsynlegt sje að fara
að undirbúa húsbygginguna á skólasetrinu



og álítur að heppilegt sje að kaupa hús
það í Hrísey, er skólanum stendur til boða,
með því það bæði álítst hæfilega stórt til
að setjast upp í sama formi og grindin í
því hin traustasta og með betra verði en
líkindi eru til að fáist annarstaðar.
Ályktun skólanefndarinnar viðvíkjandi þessum
húskaupum er því samþykkt í einu hljóði.
Um fyrirkomulag byggingarinnar urðu
nákvæmar umræður, en þareð ekki er búizt
við að byrjað verði á húsasmíðinu fyrr en
sumarið 1891, er frestað að taka fastar
ákvarðanir þar að lútandi.

Þá var fram lagt brjef amtmannsins
yfir norður og austuramtinu dags. 30. desbr
f.á. og þar með fylgjandi frumvarp til
nýrra reglugjörðar fyrir Hólaskóla, er sýslu-
nefndin á að segja álit sitt um. Var
frumvarpið fyrst lesið upp í heild sinni,
og síðan rædd hver grein út af fyrir sig,
og borin undir atkvæði, er fjellu þannig:

1.–16. gr. samþykktar óbreyttar.
17. gr. felld, og í hennar stað samþykkt ný grein svolátandi:
17. gr. Leggist piltur veikur, skal með það farið eptir tilskipun 26. janúar 1866 um vinnuhjú á Íslandi, að svo miklu leyti sem hún á við.
18. gr. samþykkt með þessum viðauka: Ef piltum er veitt burtfararleyfi frá skólanum frá vori til hausts, meðan annir standa yfir, skulu þeir borga búinu 1 kr. fyrir hvern virkan dag, sem þeir eru burtu.
19.–25. gr. samþykktar óbreyttar.

Oddviti gat þess, að á næstkomandi vori væri út runninn kjörtími hinnar núverandi skólanefndar, en þareð fulltrúafundurinn á Akureyri kvað svo á, að hin núverandi skólastjórn skyldi hafa á hendi stjórnina þangað til hin nýja reglugjörð og skólastjórn væri á komin, þótti eigi að svo stöddu við eiga að kjósa menn í stjórnarnefndina að nýju.

## 21. Sveitakennarar.

Fram lögð voru umsóknarbrjef með fylgiskjölum frá 4 sveitakennurum, um fjárstyrk samkvæmt fjárlögunum 13. gr. B.v.b.2., og vill sýslunefndin mæla sem bezt fram með því að eptirnefndir menn fái hluttöku í nefndri fjárveitingu:

1. Guðvarður Guðvarðsson frá Á
2. Eiríkur Eiríksson frá Skatastöðum
3. Jón Sigurðsson frá Skíðulandi
4. Baldvin Bergvinsson frá Flatatungu

## 22 Búnaðarfjelög

Þá voru fram lögð umsóknarbrjef frá búnaðarfjelögunum í Hofs, Akra, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár og Rípur hreppum um fjárstyrk samkvæmt fjárlögunum 13. gr. C.4.b., og fylgja

þar með skýrslur um unnar jarðabætur
í fjelögunum, samdar eptir reglum þeim,
sem amtsráðið hefur samið og prentaðar
eru í Stjórnartíðindum 1882 B. bls. 110.
Til að meta jarðabæturnar til dagsverka
voru kosnir 3 nefndarmenn, Einar
Guðmundsson í Hraunum, Hermann
Jónasson á Hólum og Ólafur Briem á
Álfgeirsvöllum, og skulu þeir hafa lokið
því starfi, áður en fundur byrjar á
fyrra málið.

## 23 Brúarmál.–

Oddviti framlagði reikning um tekjur
og gjöld brúarsjóðsins fyrir árið 1889, og
var hann í öllum greinum samþykktur.
Enn fremur var fram lagt brjef frá Pjetri
Bjarnasyni í Hofsós dags 6 þ. m., er fer
þess á leit að brúuð verði Hofsá í vor
komandi og sömuleiðis brjef frá hrepps-
nefndinni í Hofshreppi, dags 1. s. m.
þar sem nefndin fyrir hönd hrepps-
búa lofar að leggja til nefndrar brúargjörðar
40 til 50 dagsverk borgunarlaust til grjót-
flutnings í stöpla brúarinnar. Einnig
skýrði oddviti frá, að kaupmaður L. Popp
hefði boðist til að gefa 100 kr. til þessa
fyrirtækis og lána til bráðabirgða fje það,
er á kynni að vanta til að fullkomna
það. Þá var fram lögð til sýnis teikn-
ing af hinni fyrirhuguðu brú, sem á að
vera 35 al. löng, ásamt áætlun yfir verð
á efninu í brúna, að upphæð 607 kr. 50 a.
Var oddvita falið að sjá um innkaup
á efniviðnum á komanda sumri, en
Einari Guðmundssyni á Hraunum er
falið á hendur að sjá um smíði brúar-
innar og standa fyrir verkinu að öllu
leyti og gjöra reikning fyrir kostnaðinum.
Í brjefi dags. 12 þ. m. hefur Zophonías
prestur Halldórsson í Viðvík skýrt frá að
nauðsyn beri til að endurbæta brúna
í Kolbeinsdalsá, með því að hefja

hana upp, og að mála beði hana og brúna á Hjaltadalsá. Var samþykkt að láta aðgerð þessa fara fram á næsta vori, og var Konráð Jónsson á Bæ kjörinn til að standa fyrir henni, og gjöra reikning fyrir kostnaðinum, er greiðist úr brúarsjóði.

Að lokum var ákveðið að jafna niður brúagjaldi á næsta vori með 3 aurum af hverju jarðar og lausafjárhundraði.

## 24. Búnaðarstyrkur.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 6. ágúst f. á., er tilkynnir að landshöfðinginn hafi samþykkt að 200 kr af styrknum til eflingar búnaði fyrir árið 1889 veittar Sigurði Ólafssyni á Hellulandi, til að fullkomna þófaramylnu sína, og hefur upphæð þessi verið honum borguð. En þær 260 kr, sem þá eru eptir af



hlutdeild sýslunnar í nefndu fje, eiga eptir ákvörðun sýslunefndarinnar á fundi 20. febrúar f. á. (tölul. 9) að ganga til styrktar mönnum til að koma á æðarvarpi, þar sem það hefur ekki áður verið og er sú uppástunga samþykkt af landshöfðingja. Um hlutdeild í fje þessu hafa sýslunefndinni borist bónarbrjef frá 5 mönnum, ásamt skýrslum um framkvæmdir þeirra í þessa stefnu og yfirlit yfir tilkostnaðinn. Til að gjöra uppástungu um skiptingu styrksins milli umsækjendanna voru kosnir 3 nefndarmenn, Rögnvaldur Bjarnarson í Rjettarholti, Eyjólfur Hannsson í Valadal og Jón Guðmundsson í Brennigerði, og skulu þeir hafa lokið því starfi, áður en fundur byrjar í fyrramálið.

## 25. Þjóðjarðarsala.

Í brjefi 8. þ. m. hefur ábúandi þjóðjarðarinnar Hafragils í Skefilstaðahreppi skýrt frá skemmdum, er jörðin hafi orðið fyrir hin síðustu ár, einkum 1887,

og fe hann þess á leit, að sýslunefndin meti hann upp að nýju og lækki verð það, er nefndin áleit hæfilegt á fundi 23. maí 1885 (tölul. 4), úr 2400 kr. í 2000 kr. En þareð eigi liggur fyrir álit hlutaðeigandi umboðsmanns um þetta mál, getur sýslunefndin eigi tekið það til meðferðar að svo stöddu, en felur oddvita að útvega álit umboðsmannsins þar að lútandi.

Þareð dagur var kominn að kvöldi, var fundi frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 15. febrúar var fundinum fram haldið.

## 26. Vegamál

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 25. júní f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athugavert við sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir árið 1888, en samt óskar amtsráðið að eptirleiðis verði send með vegasjóðsreikningnum endurrit af matsgjörðum þeim á sumum vegagjörðum,



sem gert er ráð fyrir í 24. gr. laga 10. nóvbr. 1887.

Frá Hofs, Akra og Lýtingstaða hreppum hafa komið skýrslur um ásigkomulag veganna í þeim hreppum og tillögur um vegabætur á næsta vori. Að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar hjer að lútandi hver fyrir sinn hrepp.

Sýslunefndin álítur, að matsgjörðir þær, er 24. gr. vegalaganna gjörir ráð fyrir, eigi einkum við stærri vegabætur, en síður við smá-aðgjörðir á vegum, og með því slíkar matsgjörðir mundu baka vegasjóðnum allmikinn kostnað, og þannig valda því, að vegabæturnar yrðu þeim mun minni, vonar sýslunefndin, að amtsráðið gangi ekki strangt eptir umræddum matsgjörðum framvegis.

Sýslunefndarmaðurinn úr Hólahreppi hreifði því, að sýsluveginum þar í hreppnum yrði breytt þannig, að hann verði lagður frá Hrísháls til fjallvegarins yfir Hjaltadalsheiði, og að nýr sýsluvegur verði lagður um Viðvíkursveit frá Hríshálsi niður hjá Lóni, en

það slíkur vegur mundi kosta árið 1890, sem ekki er fyrir hendi, sá nefndin sjer ekki fært að fara fram á neina breytingu í þessu tilliti að svo stöddu, og var uppá-stungan því felld með atkvæðafjölda.

Því næst var samin svolátandi

# Áætlun

## um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1890.

| Tala | Tekjur | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| 1 | Sýsluvegagjald 1890 | | 850.00 |
| | Gjöld | | |
| 1 | Endurborguð skuld við reikningshaldara | | 47.59 |
| 2 | Endurgjald 1500 kr láns úr viðlagasjóði | | |
| | a) ársleiga af 500 kr | 20.00 | |
| | b) 11. afborgun lánsins | 100.00 | 120.00 |
| 3 | Sýsluvegabætur 1890 | | |
| | 1) í Holts hreppi | 90.00 | |
| | 2) í Fells —"— | 40.00 | |
| | Flyt | 130.00 | 167.59 |



| Tala | Gjöld | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| | Flutt | 130.00 | 167.59 |
| | 3) í Hofs hreppi | 50.00 | |
| | 4) í Hóla —"— | 45.00 | |
| | 5) í Viðvíkur —"— | 60.00 | |
| | 6) í Akra —"— | 80.00 | |
| | 7) í Lýtingsstaða —"— | 50.00 | |
| | 8) í Seilu —"— | 90.00 | |
| | 9) í Staðar —"— | 45.00 | |
| | 10) í Sauðár —"— | 50.00 | |
| | 11) í Skefilsstaða —"— | 40.00 | |
| | 12) í Rípur —"— | 40.00 | 680.00 |
| 4 | Óviss gjöld | | 2.41 |
| | Samtals | | 850.00 |

Sýslunefndarmenn tóku að sjer, með ráði hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að sjá um vegabætur hver í sínum hreppi, og senda oddvita sýslunefndarinnar í tæka tíð nákvæmar skýrslur og reikninga um tilkostnaðinn.

27. Búnaðarfjelög &c

Fram lagt var álit þeirra manna, er

á fundinum í gær vorn komin til að mæla til dagsverka jarðabætur þá, er unnar hefðu verið í búnaðarfjelögunum, og er dagsverkatalan þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. í búnaðarfjelagi | Hofshrepps | — — | 92 |
| 2. í | — " — | Akra — " — | — — 120½ |
| 3. í | — " — | Lýtingstaða — " — | — — 219 |
| 4. í | — " — | Seilu — " — | — — 142 |
| 5. í | — " — | Staðar — " — | — — 313 |
| 6. í | — " — | Sauðár — " — | — — 145 |
| 7. í | — " — | Rípur — " — | |

Samkvæmt skýrslunni eru dagsverkin 2002 en þá dagast eptir áliti aukanefndarinnar, er sýslunefndin samþykkir 133 | 67½

Samtals 1099

Sýslunefndin vill mæla sem bezt fram með því, að jarðabætur þessar verði teknar til greina af amtsráðinu, er það semur tillögur sínar um útbýtingu styrksins til eflingar búnaði samkvæmt fjárlögunum 12 gr. C. 4. b.



28. Búnaðarstyrkur b.

Fram lagt var álit þeirra manna, er á fundinum í gær voru kosnir til að koma fram með uppástungu um skiptingu þeirra 260 kr., er samþykkt hefir verið að (verja til að) styrkja menn til að koma upp æðarvarpi, þar sem það hefir ekki áður verið, og eru tillögur þeirra samþykktar, þannig að umrædd fjárupphæð skiptist á milli eptirnefndra manna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | til Árna læknis Jónssonar Glæsibæ | — | 90 kr. |
| 2. | — Jóns Jónssonar Hafsteinsstöðum | — | 60 — |
| 3. | — Guðmundar Jónssonar Lónkoti | — | 45 — |
| 4. | — Jóhannesar Ólafssonar Gili | — | 40 — |
| 5. | — Konráðs Jónssonar Bæ | — — — | 25 — |
| | Verði upphæðirnar þegar útborgaðar hlutaðeigendum | — | 260 kr. |

Skýrslur um framkvæmdir styrknjótendanna í þessu tilliti skulu sendar amtmanni.

29. Sýslusjóður

Framlagt var brjef amtmannsins yfir norður og austuramtinu dags. 25. júní þ. á. er tilkynnir, að ekkert hafi fundist athuga-

vert við sýslusjóðsreikninginn fyrir árið 1888.

Þá var fram lagður reikningur Jóns Jakobssonar á Víðimýri yfir kostnað við ferð hans til fulltrúafundarins á Akureyri 5. júní f. á. samkvæmt kosningu sýslunefndarinnar á fundi Bl. mar s. á., og er samþykkt að greiða upphæðina 42 kr. úr sýslusjóði, þó með þeim fyrirvara, að fulltrúar hinna sýslnanna gjöri ekki tilkall til ferðakostnaðar úr búnaðarskólasjóðunum.

Ákveðið var að jafna niður sýslusjóðsgjaldi þetta ár með 8 aurum á hvert jarðar og lausafjárhundrað.

Þvínæst var samin svolátandi:

## Áætlun
um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1890.

| Tala | Tekjur | Kr. a. |
|---|---|---|
| 1 | Sjóður við árslok 1889 | 204.06 |
| 2 | Sýslusjóðsgjald 1890 | 830.00 |



| Tala | Tekjur | | Kr. a |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 1034.06 |
| 3 | Afgjald af Drangey | | 80.00 |
| | Samtals | | 1114.06 |
| | **Gjöld** | | |
| 1 | Sýslunefndarkostnaður | | 300.00 |
| 2 | Yfirsetukvennalaun | | 375.00 |
| 3. | Kvennaskólastyrkur | | 200.00 |
| 4 | Endurgjald 1200 kr. láns úr landssjóði | | |
| | a) ársleiga af 900 kr | 36.00 | |
| | b) 3. afborgun lánsins | 100.00 | 136.00 |
| 5 | Styrkur til að fullkomna skjöttunarvjel | | 50.00 |
| 6 | Styrkur til sundkennslu | | 35.00 |
| 7 | Ýmiss gjöld | | 18.06 |
| | Samtals | | 1114.06 |

30. Þjóðjarðabygging

Umboðsmaður Reynistaðarklausturs ber upp tillögu um, að þjóðjörðin Efranes í Skefilstaðahreppi verði byggð um 1 ár þótt

Jónssyni, sem þar er nú, fyrir 30 álna landskuld, auk leigna eptir 2 kúgildi, jafnvel þó þessi upphæð sje að eins helmingur af landskuld þeirri, er amtsráðið hefur samþykkt eptir uppástungu sýslunefndarinnar, með því ekkert annað tilboð hefur komið fram, og engin líkindi til, að hærra landskuldarboð fengist, þó jörðin væri boðin upp.

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson. Ólafur Briem
Eyjólfur Hannsson G. Jónsson
Rögnvaldur Þorleifsson Bessi Steinsson
Jón Jónsson. Jónas Jónsson
Hjörtur Hjálmarsson
Guðmundsson E. Guðmundsson
Rögnvaldur Björnsson. Hermann Jónasson



Ár 1891, þriðjudaginn 24. febrúarmánaðar, var á Sauðárkróki haldinn aðalársfundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar.

Varaoddviti var kosinn Hermann Jónasson og skrifari Ólafur Briem.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

## 1. Sýslureikningar

Oddviti fram lagði reikninga um tekjur og gjöld sýslunnar fyrir árið 1890, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins og um þurfamannaflutning, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, og voru þeir yfirlitnir af nefndarmönnum. Að því leyti sem samþykki amtsráðsins útheimtist til einhverrar útborgunar úr sýslusjóðnum samkvæmt 43. gr. tilsk. 4. maí 1872, óskar sýslunefndin að slíkt samþykki verði veitt. Eptir að nefndarmenn höfðu kynnt sjer

reikningana, lýstu þeir yfir því, að þeir hefðu ekkert sjerstaklegt við þá að athuga. Til að endurskoða reikningana var kosinn sýslunefndarmaðurinn í Lýtingstaðahreppi, og var honum afhentir reikningarnir. Að lokinni endurskoðun verða þeir sendir til amtsráðsins, en ágrip af þeim hefur verið sent til hreppsnefndanna í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar.

Þá voru fram lagðir sveitarsjóðsreikningar hreppanna í sýslunni fyrir fardagaárið 1889–90 með fylgiskjölum og reikningar um gjafir þeirra Jóhannesar Þórssonar til Lýtingstaðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps, einnig reikningar hreppsvegasjóðanna og kláfanna á Jökulsá 1890, enn fremur áætlanir um tekjur og gjöld sveitarsjóða



og skrár um niðurjöfnun aukaútsvars 1890–91. Eptir áskorun oddvita tóku nefndarmenn að sjer að brýna fyrir hreppsnefndaroddvitum að senda sveitarsjóðsáætlanir hreppanna árlega í tæka tíð.

Sýslunefndarmaðurinn í Staðarhreppi vakti athygli á, að kostnaður sá til vegabóta, sem til færður er í vegasjóðsreikningi hreppsins, að upphæð 44 kr., hefði gengið til vegalagningar yfir Víkurmýrar, en þar væri eigi samþykktur hreppsvegur, enda væru flestallir bændur í hreppnum því mótfallnir, að sá vegur væri tekinn í hreppsvegatölu. Eptir nokkrar umræður bar oddviti tjeðan reikning undir atkvæði, er fjellu svo, að honum var hafnað samþykkis, og leiðir þar af, að umræddar 44 kr. verða að teljast sem eptirstöðvar til næsta árs, í viðbót við sjóðinn hjá reikningshaldara 116 kr. 87 a., samtals 160 kr. 87 a.

Eptir að framannefnd skjöl höfðu verið yfirfarin af nefndarmönnum, án þess þeir fyndi ástæðu til að gjöra við þau aðra athugasemdir en þá, sem þegar er getið, var sýslunefndarmaðurinn í Lýtingstaðahreppi kosinn til að endurskoða reikningana.

3. Endurskoðun hreppsreikninga frá f. á.

Oddviti lagði fram athugasemdir endurskoðanda við sveitarsjóðsreikningana fyrir fardagaárið 1888-89, ásamt svörum reikningshaldara. Að því leyti sem tjeðar athugasemdir gefa tilefni til leiðrjettinga á hinum fyrirliggjandi reikningum, hefur þeim verið fullnægt, en sumpart hafa þær verið teknar til athugunar og eptirbreytni framvegis. Voru því reikningarnir samþykktir.

4. Bygging Drangeyjar.

Fram lagt var brjef frá Konráði



Jónssyni dags. 23. þ. m., þar sem hann skýrir frá, að þeir Ólafur Sigurðsson hafi samkvæmt því, sem þeim var falið á hendur af sýslunefndinni í fyrra, sett duglegan keðjustiga á Lambhöfðann og sömuleiðis sett kaðal á brúnarhelluna. En þar á móti hafi þeir eigi getað komið því við, að setja kaðal fyrir svokallaða Tepuskeið. Uppí kostnað þann, er þeir hafa haft út af þessu, segjast þeir eigi ætlast til frekari borgunar enn að halda spítum þeim, er sýslunefndin afhenti þeim til eignar í fyrra.

Eptir uppástungu nokkurra sýslunefndarmanna var samþykkt að leyfa eigi framvegis eggjatöku nje fuglaveiði í bjárgum. Sýslunefndarmaðurinn í Rípurhreppi óskaði að fá leyfi til eyða rissunugum í bjárgum með skotum, eptir að svartfuglinn væri búinn að yfirgefa það, en þetta var fellt með atkvæðafjölda. Þar á móti var það samþykkt að veita Jónasi Jónssyni í Hróarsdal einka-

leyfi til þess að eyða rissuungum með
snarstöng eða yfir höfuð öðrum ráðum
en skotum, ef því 15 vikur væru af
sumri. Samkvæmt tilboði Jóhannesar
Jóhannessonar á Sævarlandi var sam-
þykkt að byggja honum grasnyt alla af
Drangey bæði til slægna og kindagöngu
fardagaárið 1891-92, móti því að hann
greiði opinber gjöld af eyjunni á lögákveðn-
um tíma, svo og annist um hreinsun
bjargsins á vanalegan hátt.

Þá var fram lagt bréf frá Bjarna
Jónassyni á Sauðárkrók dags. 18. þ. m.,
er inniheldur ýmsar athugasemdir við
reglugjörð þá, er sýslunefndin hefur
samþykkt um afnot Drangeyjar, veiði
þar og fl. Eptir nokkrar umræður voru
samþykktar eptirfylgjandi breytingar
við reglugjörðina:

við 7. gr. Orðin: „eða fjórar óskemmdar
langvíur“ falli burt.



við 10. gr. Í staðinn fyrir: „Fá þeir í ómaks-
laun 1/6 en 5/6 skili þeir sýslumanni“
komi: Fá þeir í ómakslaun
5 af hundraði, en að öðru leyti
skili þeir sýslumanni gjaldinu.

Samkvæmt 10. gr. reglugjörðarinnar voru
þeir Bjarni Jónasson og Bjarni Jónsson
í Sauðárkrók kjörnir umsjónarmenn
við eyjuna næsta fardagaár. Tóku þeir
að sjer þann starfa, og var þeim falið
á hendur að framfylgja reglugjörðinni
sem best, og sjerstaklega hlutast til um,
að gerðar verði tilraunir til að komast
hjá hinni illu meðferð á hinum svo-
kölluðu bandingjum, t. d. með því að
nota fuglshami eða dauða fugla í
stað lifandi fugla, til að hæna fugl
að flekunum. Enn fremur var þeim
falið að safna skýrslum um fuglveiðina
við Drangey á næsta vori svo ná-
kvæmum sem unnt er, og senda þær
sýslumanni.

Sýslunefndarmaðurinn í Rípurhrepp bar fram þá uppástungu að lagt verði fje úr sýslusjóði til að betra vatnsból á eyjunni. En því máli var frestað, þangað til búið væri að útvega nánari upplýsingar þar að lút- andi og þar á meðal áætlun um til- kostnað þann, er þetta fyrirtæki hefði í för með sjer.

Var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 25. febrúar var fundinum fram haldið.

5. Kvennaskóli

Oddviti lagði fram brjef frá forstöðu- nefnd kvennaskólans á Ytriey dags. 17. þ. m. með þessum fylgiskjölum:

a) reikningi um tekjur og gjöld kvennaskólans fardagaárið 1889-90

b) skrá yfir útistandandi skuldir skólans í fardögum 1890

c) skýrslu um innstæðu skólans samkvæmt úttekt í fardögum 1890



d) athugasemdum endurskoðanda reikninga skólans fyrir árið 1889-90

e) skrá yfir nöfn námsmeyja, kennslukvenna og vinnukona á skólanum þetta skólaár.

Í nefndu brjefi skýrir forstöðunefndin frá ýmsum atriðum viðvíkjandi ástandi og fjármálum skólans. Sjerstaklega ber að skýrla með sjer, að á þessu ári hefur húsrúm skólans tekið allmiklum bótum, þar sem skólahúsið hefur verið lengt um 6 al., og með því aukist pláss á svefnloptinu fyrir 6 rúm, og hinum eldri svefnherbergjum breytt til batnaðar, auk annara endurbóta, sem á húsinu hafa verið gerðar, og hefur kostnaðurinn við bygginguna orðið um 1200 kr. Að öðru leyti hafa útgjöld skólans aukist talsvert þetta ár, og er allur útgjalda- auki, sem á skólann fellur þetta ár, áætlaður um 1600 kr.

Forstöðunefndin skýrir frá, að hún hafi gert þann samning við forstöðukonu

skólans að hækka kennslukaupið
um 300 kr., með því nefndin hafi
sannfærst um, að forstöðukonan hefði
ekki einungis sanngirniskröfu heldur
jafnvel geti hún gert rjettarkröfu
til tjeðrar upphæðar. Var þessi samn-
ingur samþykktur.

Í annan stað er skýrt svo frá, að
sýslunefnd Húnavatnssýslu hafi ákvað-
ið, að til eptirlits með heilbrigðis-
ástandi á skólanum skuli hjeraðs-
læknir gera eina ferð á hverju hausti
og aðra síðar, ef forstöðukona óskar
og forstöðunefnd samþykkir, og að
kostnaður sá, sem af þessu leiðir, borg-
ist úr skólasjóði. Sýslunefndin
fellst á þessi ákvæði fyrir sitt leyti.

Eptir uppástungu forstöðunefndar-
innar var samþykkt, að aðalfundur
kvennaskólastjórnarinnar, sem haldinn
hefur verið í júlímánuði, megi á



næsta vori haldast að afstöðnu vorprófi
jafnframt og úttektarfundur.

Samþykkt var að veita skólanum
200 kr. styrk fyrir þetta ár.

Oddvita var falið á hendur að
mæla sem best með því við amtsráðið,
að það veiti skólanum af jafnaðar-
sjóði þetta ár 400 kr., og í annan stað
að styðja með bestu meðmælum þá
beiðni til næsta alþingis, að með
fjárlögunum verði skólanum veitt
2000 kr. tillag hvert ár um næsta
fjárhagstímabil.

Viðvíkjandi reikningi kvennaskól-
ans 1889-90 hreifðu nokkrir nefndar-
menn því, að gjaldliðir 2, að upphæð
60 kr., væri ef til vill eigi rjett til
færður, en þareð tilheyrandi fylgiskjal
var eigi við hendina, gat nefndin eigi
fullkomlega áttað sig á þessu atriði.
Formaður kvennaskólanefndarinnar,
sem var við staddur, lýsti yfir því, að

hann væri fús til að útvega nánari
upplýsingar um þetta. Með þeim
fyrirvara, að þetta vafaatriði verði
upplýst, yjettlett eða leiðrjett, svo
að fullnægjandi sje, var reikningurinn
samþykktur.

Þá var fram lagt brjef frá oddvita
sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu
dags. 18. þ. m., er skýrir frá, að sýslu-
nefndin hafi á aðalfundi sínum á
öndverðum þessum mánuði veitt kvenna-
skólanum 200 kr. úr sýslusjóði yfir-
standandi ár.

Að endingu var fram lagður útdrátt-
ur úr gjörðabók sýslunefndar Húna-
vatnssýslu af fundi hennar 3. marz
þ. á., viðvíkjandi þeirri uppástungu
sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu
á aðalfundi 14. febr. f. á. (Atbl. 19),
að kvennaskólinn á Ytriey verði
fluttur á Sauðárkrók. Ber útdrátt-

urinn með sjer, að þessari uppástungu
var í einu hljóði hafnað af sýslunefnd
Húnavatnssýslu. Jafnvel þó nefndin
sjái sjer ekki fært að halda þessu
máli frekara fram í bráð, vona þó
nefndarmenn á því að vilja halda því
vakandi, til þess að hreifa því aptur,
ef betra færi gefst, þegar fram líða
stundir.

## 6. Búnaðarskóli

Oddviti lagði fram brjef frá stjórnar-
nefnd búnaðarskólans á Hólum
dags. 30. f. m., með þessum fylgiskjölum

a) efnahagsreikningi skólabúsins fyrir
reikningsárið 1889–90

b) reikningi um tekjur og gjöld skóla-
sjóðsins fyrir sama ár

c) yfirliti yfir fjárhag búnaðarskólans
14. maí 1890

d) aðalfundi stjórnarnefndarinnar
12–14. maí 1890

e) (að) aðalfundi nefndarinnar 6.-7. nóvbr. s. á.
f) aukafundi nefndarinnar 26.-27. f. m.
g) skýrslu um búnaðarskólann fyrir skólaárið 1889-90.

Enn fremur voru framlögð þessi skjöl:

h) athugasemdir endurskoðenda við búreikningana 1889-90 dags. 12. des. f. á.
i) brjef endurskoðenda til stjórnarnefndarinnar dags. s. d., er inniheldur ýmsar bendingar áhrærandi skólastofnunina.
k) svör skólastjóra gegn athugasemdunum og áminnstu brjefi, dags. 21. f. m.

Í áðurnefndu brjefi sínu hefur stjórnarnefnd skólans sjerstaklega leitt athygli (að) þeirri bendingu endurskoðenda, (að) með því hagur sá, er búið hefur haft af kaupfjelagsverslun sinni virðist eigi mikill á móts við vörukaup á móti peningum, en töluverð áhætta (að) senda



sauði til Englands fyrir eigin reikning, þá virðist vafasamt, hvort ekki sje rjett, (að) búið sem opinber eign hafi eigi slíkt í hættu framvegis. Jafnframt óskir stjórnarnefndin álits sýslunefndarinnar um það, hvort ráðlegt sje (að) framhalda vörupöntun og sauðasölu fyrir skólabúið í ~~áðurnefndu~~ kaupfjelagi Skagfirðinga á líkan hátt og undanfarandi ár. Eptir allmiklar umræður var þetta atriði borið undir atkvæði, og voru 9 nefndarmenn meðmæltir því, (að) hluttöku skólans í kaupfjelagsverslunendi fram haldið, en 1 á móti.

Þá voru lesnar upp athugasemdir endurskoðenda og brjef þeirra, svo og svör skólastjóra og álit stjórnarnefndarinnar um þau atriði, sem endurskoðendur benda á. Um þessi atriði urðu allmiklar umræður, og komu fram ýmsar frekari skýringar af hálfu skóla-

svo og frá öðrum endurskoðanda Jósef
Björnssyni, er var við staddur. Ljetu
nefndarmenn í ljós álit sitt um einstök
atriði, en yfir höfuð fann nefndin ekki
ástæðu til að taka neinar ákvarðanir
út af þeim.

Þarnæst voru lesnir upp þeir þættir
í fundargjörðum stjórnarnefndarinnar,
er við koma byggingu hins fyrirhugaða
skólahúss. Á haustfundi nefndarinnar
var svo ráð fyrir gert, að smíði hússins
verði byrjað í næstkomandi júnímánuði.
En formaður nefndarinnar skýrði frá,
að sökum hinna óvanalega litlu
snjóa og ísalaga í vetur hefði verið
ómögulegt að koma í verk hinum
fyrirhugaða akstri á efnivið og grjóti
til hússins, svo að sá flutningur
verði að bíða næsta sumars og vetrar.
Afleiðingin af þessu yrði sú, að eigi
væri hægt að hugsa til að byrja
byggingunni fyrr en vorið 1892. En
samt sem áður kom nefndarmönnum
saman um, að nauðsynlegt væri að fram-
kvæma sem mest af flutningnum á
komanda sumri.

Þá var fram lagður útdráttur úr
gjörðabók sýslunefndar Húnavatnssýslu
af fundi hennar 3 þ. m., viðvíkjandi
fyrirkomulagi Hólaskóla, er lýsir því,
að undir umræðunum um tjeðan skóla
hafi komið fram samhuga og eindregið
álit sýslunefndarmanna um það, að
brýnustu nauðsyn bæri til, að kennslu-
störf og bústjórnarstörf við skólann væri
ekki falin einum manni á hendur,
með því að ókleyft virtist fyrir hann
að leysa þau störf fullnægjandi af hendi.
Til þess að koma máli þessu í hreif-
ingu, höfðu 3 sýslunefndarmenn Benedikt
G. Blöndal, Árni Þorkelsson og síra
Stefán Jónsson verið kosnir til að framfylgja
því, og eru nefndir menn mættir

tjer á fundinum. Eptir allmiklar umræður um þetta mál, er beði fulltrúar Húnvetninga, sýslunefndarmenn, þar á meðal núverandi skólastjóri, svo og fyrverandi skólastjóri Jósef Björnsson tóku þátt í, var það samþykt álit allra sýslunefndarmanna, að nauðsynlegt væri að auka kennslukrapta skólans, og var oddvita falið að rita þaraðlútandi áskorun til hinnar nýju stjórnarnefndar Hólaskóla.

Fram lagt var brjef amtmanns dags. 30. desbr. f. á., er inniheldur áskorun til sýslunefndarinnar að kjósa einn mann í stjórnarnefnd skólans samkvæmt 3. gr. hinnar nýju skólareglugjörðar og annan til vara. Í nefndina var kosinn Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum og til vara Einar Guðmundsson á Hraunum fyrir næstu 6 skólaár frá 14. maí 1891.



Endurskoðandi búnaðarskólareikninganna Jósef Björnsson lýsti því yfir, að hann væri ófús á að hafa á hendi endurskoðun þeirra reikninga framvegis.

## 7. Búnaðarsamkoma

Fram lagt var brjef frá skólastjóra Hermanni Jónassyni dags. 23 þ. m., þar sem hann hreifir því, að sýslunefndin hlutist til um, að nokkrir beztu búhöldar sýslunnar ætti fund með sjer fyrir næstkomandi fardaga, til að ræða um búnaðarmálefni. Var þessu máli gefinn góður rómur, og af ráðið að skora á búnaðarfjelög sýslunnar að senda fulltrúa á slíkan fund, er nefndin áleit hyganlegast að yrði haldinn á Hegranesi. Jafnframt var formanni búnaðarfjelagsins í Rípurhreppi falið á hendur að útvega fundarstað, til taka fundardag, og senda fundarboð til formanna búnaðarfjelaganna í tæka tíð

## 8. Búnaðarfjelög

Þá voru fram lögð umsóknarbrjef frá búnaðarfjelögunum í Holts, Akra, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár og Rípur hreppum um fjárstyrk samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. 4. b, og fylgja þarmeð skýrslur um unnar jarðabætur í fjelögunum. Til að meta jarðabæturnar til dagsverka voru kosnir 3 menn: Einar Guðmundsson á Hraunum, Hermann Jónasson á Hólum og Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum, og skulu þeir hafa lokið starfa sínum, áður en fundur byrja í föstudaginn.

## 9. Sveitakennarar

Fram lögð voru umsóknarbrjef með fylgiskjölum frá 6 sveitakennurum um fjárstyrk samkvæmt fjárlaganna 13. gr. B. V. b. 2., og vill sýslunefndin mæla sem best fram með því, að eptirnefndir menn fái hluttöku í nefndri fjár-



veitingu:
1. Hólmfríður Friðfinnsdóttir Hraunum
2. Einar Gíslason frá Hraunum
3. Guðvarður Guðvarðsson frá st.
4. Eiríkur Eiríksson frá Skatastöðum
5. Baldvin Bergvinsson frá Hatatungu
6. Guðmundur Jónsson frá Brennigerði.

## 10. Ferjumál

Fram lagt var brjef frá kaupmanni L. Popp og fl. dags. 20. þ.m., þar sem þess er farið á leit, að ferjan á Lóni verði flutt að Bakka í Viðvíkursveit, með því Lónsferjan bæði sje í slæmu standi og einnig allopt eigi til staðar, þegar á þarf að halda. Þessu var sýslunefndin samþykk að sínu leyti, og var oddvita falið að leita þar að lútandi samninga við Bakkabóndann, og ef hann gefur kost á að taka að sjer ferjuna, var samþykkt að hækka metti ferjutollinn uppí 50 aura.

En verði Bakkabóndinn ófáanlegur til þessa, er af ráðið að skora á Lónsbóndann að hafa ferjuna í gildu standi og til taks, þegar á þarf að halda.

Sýslunefndarmaðurinn í Rípurhreppi bar upp þá tillögu, að ferjan á Eyhildarholti verði flutt að Húsabakka, með því ferjustaðurinn í Eyhildarholti sje mjög óhentugur, að því leyti, að sandarnir vestan við Borgareyju sje opt lítt færir. Var þetta samþykkt af hálfu sýslunefndarinnar, og oddvita falið að leita þar að lútandi samninga við Húsabakkabóndann.

Þá var fram lagt brjef frá ferjumanninum á Syðstugrund Jóni Jónssyni dags. 20. þ. m., þar sem hann sækir um að ferjutollurinn fyrir manninn með reiðtýgjum verði hækkaður úr 16 aurum upp í 25 aura og þar að auki hækkaður ferjutollurinn fyrir annan flutning. Var samþykkt að hækka ferjutollinn á Syðstugrund uppí 20 aura fyrir manninn, en að öðru leyti haldist hann óbreyttur eins og verið hefur.

Oddviti skýrði frá, að ferjubátur sá, sem á fundi 13 febr. þ. á. (tölulið 7) var ákveðið að kaupa á kostnað sýslusjóðsins til að setja á vesturós Hjeraðsvatnanna, sje nú fullsmíðaður, og var oddvita falið að afhenda hann Sjávarborgarbónda sem fyrst móti skriflegum samningi, og hlutast til um, að hann taki að sjer ferjuhaldið.

Var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 26. febrúar var fundinum fram haldið.

## 11. Sveitaverslunarleyfi

Fram lagt var brjef frá Jóhannesi bónda Jóhannessyni á Sævarlandi í Skefilstaðahreppi dags. 24 þ. m., þar sem hann sækir um leyfi til sveitaverslunar

samkvæmt 5. gr. laga 2. nóvbr. 1879. Var honum veitt hið umbeðna leyfi.

12. Hreppstjórakosning

Oddviti tilkynnti nefndinni, að hreppstjórinn í Holtshreppi Árni Þorleifsson hefði andast á síðastliðnu hausti, svo að kjósa ætti 3 menn til þeirrar sýslunnar í hans stað. Fyrir þeirri kosningu urðu:

1. Einar Guðmundsson á Hraunum
2. Sveinn Sveinsson í Haganesi
3. Friðrik Jónsson á Brúnastöðum

13. Amtsráðskosning

Þá var fram lagt bréf amtmanns dags. 25. oktbr. f. á., er inniheldur áskorun til sýslunefndarinnar um að kjósa einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í amtsráð norðuramtsins samkvæmt 2. gr. laga 11. júlí 1890. Var fyrst kjörinn aðalfulltrúi, og varð fyrir þeirri kosningu



Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum með 12 atkv. Varafulltrúi var kosinn Einar Guðmundsson á Hraunum með 7 atkv.

14. Yfirsetukvennamál.

Oddviti tilkynnti nefndinni, að yfirsetukonan í Skefilsstaðahreppi hafi andast á síðastliðnu sumri. Hefur stúlka ein í Reykjavík, að nafni Ástríður Jónsdóttir, gefið kost á sjer til að læra yfirsetukvennafræði og að aflokinu námi verða yfirsetukona í nefndum hreppi. Þessu tilboði er sýslunefndin samþykk, og felur oddvita að gera þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu tilliti. Í sambandi við þetta framlagði oddviti bréf amtmanns dags. 2. f. m. þar sem samþykkt er að nefnd stúlka læri yfirsetufræði hjá landlækninum.

Sýslunefndarmaðurinn í Holtshreppi tilkynnti nefndinni, að yfirsetukonan þar í hreppnum hefði sagt af sjer þeirri

sýsluna, og var sú uppsögn tekin gild.
Jafnframt var sjerhverjum sýslunefndarmanni
falið á hendur að útvega aðra stúlku
til að læra yfirsetukvennafræði, svo að
hún geti orðið skipuð þar yfirsetukona.
Þá var fram lagt brjef frá Jónasi
Jónssyni á Eyri dags. 24. f.m., þar sem
hann fyrir hönd konu sinnar, sem
er yfirsetukona í Víðvíkur og Rípur
hreppum, sækir um 20 kr. launaviðbót
á ári samkvæmt 3. gr. laga 17. des. 1875.
En þareð nefnd lagagrein bindur slíka
veitingu við 10 ára góða þjónustu, en
umrædd yfirsetukona hefur að eins
þjónað í 6 ár, sá sýslunefndin sjer
eigi fært að veita hina umbeðnu
launaviðbót að svo stöddu. Þar á móti
tók sýslunefndarmaðurinn í Víðvíkurhrepp
að sjer, að bera það upp við sveitunga
sína, að þeir veiti henni nokkurn
fjárstyrk til uppbótar á laununum



hennar.
Eptir beiðni Guðbjargar Sigurðardóttur
yfirsetukonu í Akrahreppi, er þjónað
hefur yfirsetustöðunni í 26 ár, var henni
veitt 5 kr. launahækkun samkvæmt
3. gr. yfirsetukvennalaganna í viðbót við
áður veitta 15 kr. hækkun, svo að hún
framvegis fái 60 kr. í laun á ári.

15. Lög um styrktarsjóði handa alþýðu.

Oddviti las upp lög 11. júlí 1890, um
styrktarsjóði handa alþýðufólki. Þareð
svo er ákveðið í 9. gr. nefndra laga, að
sýslunefnd hafi eptirlit með því í hrepp-
unum, að lögum þessum sje hlýtt, tóku
nefndarmenn að sjer að framkvæma þetta
eptirlit hver í sínum hrepp. Var
því hreift, hvort húsmenn ættu að greiða
gjöld samkvæmt 2. gr. tjeðra laga, og komu
fram deildar meiningar um rjettan skiln-
ing þeirrar greinar, án þess sýslunefndin
vildi láta uppi neitt ákveðið álit þar
að lútandi.

## 16 Markaskrá

Oddviti lagði fram markaskrá sýslunnar, er prentuð var í fyrra, ásamt handriti þess manns, er bjó skrána undir prentun, og hreppaskránum. Hefur það komið fram, að í hinni prentuðu markaskrá eru ýmsar villur, og var það nú að gætt, hvað þeim villum hefur valdið, og eru margar þeirra að kenna undirbúningnum úr hreppunum. Til að bæta úr þessum göllum er samþykkt að prenta viðbæti og leiðréttingar við markaskrána, og eru undirbúningsskýrslur þegar komnar frá flestum hreppunum. Samkvæmt tilboði Björns Jónssonar prentara á Oddeyri í bréfi dags 20. okt. f. á. er samþykkt að fela honum prentun viðbætisins.

Eins og tekið var fram á fundi 13. febr. f. á. (tölul. 8), var þá innheimt gjald fyrir mörkin, að upphæð 368 kr.



45 a., en eptir það bættist við fyrir ný mörk 7 kr. 25 a., samtals 375 kr. 70 a. Þaraf er útborgaður þessi kostnaður:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | fyrir að undirbúa skrána til prentunar | 45.00 |
| 2. | — prófarkalestur | 28.00 |
| 3. | — prentun m. m. | 265.00 |
| 4. | bindargjald m. m. | 3.25 |
| | | = 341.25 |

Er þá afgangs 34 kr. 45 a., sem koma upp í prentun viðbætisins, en að því leyti sem þessi afgangur, ásamt gjaldinu fyrir ný mörk, vinnst eigi fyrir þeim kostnaði, er samþykkt að greiða hann úr sýslusjóði. Að undirbúa viðbætirinn undir prentun var falið sýslunefndarmanninum í Rípurhreppi.

## 17. Varnarreglur gegn sullaveiki

Oddviti leiddi athygli að 6. gr. laga 22. maí 1890 um hundaskatt og fleira, þar sem sýslunefnd er veitt heimild til að gjöra ~~[illegible]~~ ráðstafanir til varnar gegn sullaveiki, og bar það upp, hvort nefndinni

virtist nauðsynlegt að semja þar að lútandi reglur með samráði við hlutaðeigandi hjeraðslækni. Var oddvita falið að skora á hjeraðslækninn að semja frumvarp til slíkrar reglugjörðar, er síðan verði borið undir næsta nefndarfund.

## 18. Slátrunaraðferð.

Sýslunefndarmaðurinn í Hólahrepp vakti athygli á, að sú aðferð, sem hingað til hefur víðasthvar tíðkast við slátrun sauðkinda, að skera þær niður í trog, sje næsta hrottaleg og kvalafull fyrir skepnurnar, og hreifði hann því, að þessari aðferð væri breytt á þann hátt, að sauðkindur væru rotaðar með hamri. Var samþykkt að skora á kaupmenn hjer á Sauðárkrók að hlutast til um, að þessi aðferð verði tekin upp við slátrun á fje, sem lagt er inn í verslanir þeirra. Í annan stað tóku nefndarmenn að sjer að gera sjer



far um að fá hreppsbúa sína til að taka upp umrædda slátrunaraðferð.

## 19. Reglugjörðir

Fram lagt var brjef amtmanns dags. 30. júní f. á., er leiðir athygli að lögum 22. marz 1890 um löggilta reglugjörðir sýslunefnda, og innihelldur það jafnframt áskorun um að senda til amtsins reglugjörðir sýslunefndarinnar, um fjallskil og refaeyðing, til staðfestingar og löggildingar á næsta fundi amtsráðsins. Þareð nefndinni virtist nauðsynlegt, að reglugjörðir þessar væru endurskoðaðar, áður en þær næði löggildingu, var samþykkt að kjósa 3 manna nefnd til endurskoða þær og semja við þær breytingartillögur, ef þurfa þykir, að fengnu áliti allra hreppsnefnda í sýslunni. Í nefnd þessa voru kosnir

1. Jón Jónsson á Hafsteinstöðum
2. Jónas Jónsson í Hróarsdal
3. Eyjólfur Hansson í Valadal

Skulu þeir hafa lokið starfa sínum fyrir næsta aðalfund sýslunefndarinnar.

Þá voru fram lagðar reglugjörðir fyrir kláfdrættina á Hjeraðsvötnunum og á Vestari Jökulsá útgefnar af hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahreppi 18. þ.m. Voru báðar þessa reglugjörðir samþykktar óbreyttar.

## 20. Útsvarskæra

Sýslunefndinni hefur borist kæra um útsvar haustið 1890 frá Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi dags. 12. nóvbr. f.á. Var þessi útsvarskæra borin upp á hreppsnefndarfundi 4. desbr. s.á. og úrskurðuð á ~~sama~~ fundi sama dag, barst til sýslunefndar með brjefi dags. 12. s.m. Eptir framkominni skýrslu hefur Jón Jónsson 26.5 hundruð til ábúðar, tíunda 10 lausafjárhundruð og hefur fyrir 5 ómögum að sjá. Aukaútsvar það, sem honum hefur verið gert að greiða til hreppsins, er að upphæð 18 kr., en það hefur hann heimtað lækkað um 6 kr. í samanburði við aðra hreppsbúa, sjerstaklega hreppsnefndarmennina, Árna bónda Jónsson, Þorleif Bjarnason og Jón Pálmason, og ábúendurna á Reynistað, Sigurð Jónsson og Ingveldi Jónsdóttur, en fái ekki krafa hans um útsvarslækkunina framgang, hefur hann heimtað að útsvör áðurtaldra manna, er hann hefur borið sig saman við, verði hækkuð um 1/3, nema Þorleifs Bjarnasonar að eins fært upp í 10 kr. 50 a.

Eptir að skjöl málsins höfðu verið upplesin og nefndarmenn höfðu kynnt sjer málavöxtu, úrskurðar nefndin:

a) að útsvar Jóns hreppstjóra Jónssonar færist úr 18 kr. niður í 15 kr.

b) að útsvör þeirra manna, er hann ber sig saman við, haldist óbreytt.

## 21. Útsvarsniðurjöfnun.

Þá var framlagt brjef frá Þorvaldi Arasyni á Flugumýri dags. 5. þ. m., er inniheldur áskorun til sýslunefndarinnar að taka til endurskoðunar frumvarp það til reglugjörðar um niðurjöfnun aukaútsvara, er nefndin samdi 1888 og sendi hreppsnefndunum til álitsgjörðar við þennan vandasama starfa. Var stungið uppá að kjósa 3 manna nefnd til að endurskoða frumvarpið og koma fram með breytingartillögur, er hagfelldar kynnu að virðast. Tillaga þessi var samþykkt og í nefndina voru kosnir:

1. Rögnvaldur Bjarnarson í Rjettarholti.
2. Hermann Jónasson á Hólum
3. Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum

## 22. Kæra fyrir óhlýðni við rjettarstjóra

Fram lagt var brjef frá oddvitanum í Staðarhreppi dags. 17. þ. m., þar sem hann kærir Jón Gíslason vinnumann



á Hellulandi, samkvæmt fjallskilareglugjörðinni, til sekta fyrir óhlýðni við hann sem rjettarstjóra í Staðarrjett á síðastliðnu hausti og fyrir að hafa sýnt sig drukkinn í rjettinni, og fylgir þessu erindi brjef frá sama oddvita til hreppsnefndarinnar í Rípurhreppi dags 26. septbr. f. á. viðvíkjandi þessu máli; sömuleiðis brjef frá tjeðri hreppsnefnd dags 3. desbr. s. á., þar sem hún neitar að úrskurða sekt á hendur áðurnefndum Jóni Gíslasyni. Var það borið undir atkvæði, hvort maður þessi skyldi sæta sektum samkvæmt 33. gr. fjallskilareglugjörðarinnar sbr. 14. gr., en það var fellt með atkvæðafjölda.

## 23. Sundkennsla.

Þareð eigi var völ á mönnum til að kenna sund í fyrra vor, hvorki við sundstæðið í Fljótum nje við sundstæðið í Lýtingsstaðahreppi, var eigi notaður fjárstyrkur sá, er á fundi 13. febr. f. á. (tölul. 13) var

veittur úr sýslusjóði til að endurbæta sundstaðinn. Voru nú aptur veittar 25 kr. til að undirbúa sundstaði í Fljótum og allt að 15 kr. til að endurbæta garðinn fyrir framan hina svo nefndu Steinstaðalaug. Tóku sýslunefndarmennirnir í Holts og Lýtingsstaðahreppum að sjer að sjá um aðgerð sundstaðanna og reyna að útvega hæfa sundkennara, en sýslunefndarmenn yfir höfuð tóku að sjer að reyna að útvega pilta til að taka þátt í sundkennslunni. Einnig undirgengust þeir að auglýsa það framvegis, hver í sínum hreppi, að piltum gefist kostur á sundkennslu, og komast eptir því fyrir hvern sýslunefndarfund, hversu margir piltar vilji taka þátt í henni.

## 24. Þjóðjarðasala

Þá voru fram lögð brjef frá leigu-



liðum þjóðjarðanna Páfastaða, Varmalands og Geirmundarstaða í Staðarhreppi, dags. 18. desbr. f. á. 7. og 2. f. m., þar sem þeir æskja tilhlutunar til að þeir fái ábúðarjarðir sínar keyptar. Jafnframt voru við hendina lýsingar umboðsmanns dags 20. þ. m., er sýslunefndin álítur rjettar eptir þeirri þekkingu, sem nefndarmenn hafa til jarðanna. Sýslunefndin metur jarðirnar þannig:

1. Páfastaðir ...... 2500 kr.
2. Varmaland ..... 1250 kr.
3. Geirmundarstaðir ... 2750 kr.

## 25. Hreppsvegir

Fram lagt var brjef amtmanns dags. 24. maí f. á., er tilkynnir brjef landshöfðingja frá 8. april næst á undan, áhrærandi aðalpóstleiðina um Skagafjarðarsýslu, hvar hún skuli liggja. Jafnframt æskir amtmaður að fá skrá yfir hreppsvegi í sýslunni. Oddvitinn skýrði frá, að hann hefði viljað gefa

hreppsnefndinni kost á að koma
fram með ný ákvæði um hreppsveg-
ina, og eru þau ákvæði nú komin
fyrir fundinn frá hreppsnefndunum í
Holts, Fells, Hóla, Lýtingsstaða,
Seilu, Staðar, Sauðár, Skefilstaða
og Rípur hreppum. Hjer að lútandi
ákvæði hreppsnefndanna voru samþykkt,
nema töluliður 3 í hreppsvegaskrá
hreppsnefndarinnar ~~var felldur~~. í
Staðarhreppi var felldur. Þareð
ákvæði hreppsnefndanna í Hofs,
Viðvíkur og Akra hreppum um hrepps-
vegina voru eigi fyrir hendi, var
oddvita falið að útvega þau, til þess
að þau verði borin undir samþykki
sýslunefndarinnar á næsta fundi
hennar.

Þá var fram lagt brjef frá Jóhanni
Guðmundssyni á Hryggjum dags. 20.
þ. m., er skýrir frá, að veginum frá



Skollatungu fram að Gvendarstöðum sje
lítt fær yfirferðar, og óskir hann tilhlutunar
sýslunefndarinnar til þess, að áminstur
vegur fái nauðsynlega endurbót. Var
samþykkt að fela oddvita að leita sam-
komulags við hreppsnefndirnar í Staðar
og Sauðárhreppum, að þær leggi nokkurt
fje til aðgerða á þessum vegi úr hrepps-
vegasjóði, til þess að gera hann færan í
bráð. Að öðru leyti álítur sýslunefndin
það liggja beinast við, að þessi svo-
nefndi Kambavegur, sem er þjóðfarinn
lestavegur úr austurhluta Húnavatns-
sýslu norður í Sauðárkrók, verði tek-
inn í fjallvegatölu, og er oddvita
falið að mæla sem bezt fram með því
við landshöfðingja.

26. Þófaramylla

Oddviti lagði fram brjef frá Sigurði
Ólafssyni á Hellulandi dags. 17. þ. m.
ásamt lýsingu á þófaramyllunni á

Hellulandi, er hefur kostað 1630 kr.
Sýslunefndin lýsir ánægju sinni yfir því, að þessu þarfa fyrirtæki hefur fengið heppilegan framgang fyrir stakan dugnað og hugvit Sigurðar, og viðurkennir, að fullnægt sje skilmálunum fyrir fjárstyrk þeim, er til þess var lagður af sýslunefndinni.

Var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 27. febrúar var fundinum fram haldið

## 27. Sýsluvegir

Sýslunefndarmaðurinn í Holtshreppi hreifði því, að veginum frá fjallveginum yfir Siglufjarðarskarð fram Austurfljót að sýslutakmörkum á Lágheiði væri tekinn upp í tölu sýsluvega. Þessa tillögu aðhylltist sýslunefndin, og felur oddvita að fá því framgengt.

Þá var framlagt brjef amtmanns dags. 2. júlí þ. á., er tilkynnir, að ekkert



hafi fundist athugavert við sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir árið 1889. Jafnframt hefur hann tilkynnt, að amtsráðið hafi fallist á, að matsgjörðir þær eða úttektir, sem nefndar eru í 24. gr. laga 10. nóvbr. 1887 um vegi væru ekki nauðsynlegar og mættu falla niður, þar sem að eins um smáaðgjörðir væri að ræða.

Frá Hofs, Hóla og Lýtingstaða hreppum hafa komið skýrslur um ásigkomulag veganna í þeim hreppum og tillögur um vegabætur á næsta vori. Að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar hjer að lútandi hver fyrir sinn hrepp.

Því næst var samin svolátandi

## Áætlun
### um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1891

| Tala | Tekjur | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1 | Í sjóði við árslok 1890 | | 51.46 |
| 2 | Sýsluvegagjald 1891 | | 880.00 |
| | Samtals | | 931.46 |

| Tala | Gjöld | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| 1 | Endurgjald 1500 kr. láns úr viðlagasjóði | | |
| | a) ársleiga af 400 kr. | 16.00 | |
| | b) 12. afborgun lánsins | 100.00 | 116.00 |
| 2 | Sýsluvegabætur 1891 | | |
| | 1 í Holts hreppi | 115.00 | |
| | 2 í Fells " | 50.00 | |
| | 3 í Hofs " | 80.00 | |
| | 4 í Hóla " | 55.00 | |
| | 5 í Viðvíkur " | 60.00 | |
| | 6 í Akra " | 90.00 | |
| | 7 í Lýtingsstaða " | 70.00 | |
| | 8 í Seilu " | 80.00 | |
| | 9 í Staðar " | 30.00 | |
| | 10 í Sauðár " | 80.00 | |
| | 11 í Skefilsstaða " | 40.00 | |
| | 12 í Rípur | 40.00 | 790.00 |
| 3 | Óviss gjöld | | 25.46 |
| | Samtals | | 931.46 |

Sýslunefndarmenn tóku það sjer, með ráði hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að sjá um vegabætur hver í sínum hreppi, og senda



oddvita sýslunefndarinnar í tæka tíð nákvæmar skýrslur og reikninga um tilkostnaðinn. +

## 28. Brúarmál

Þá var fram lagt brjef amtmanns dags. 26. nóvbr. f. á., er tilkynnir, að landshöfðingi hefi afráðið að brúargjörðum á Valagilsá og Kotá í Norðurárdal verði frestað fyrst um sinn, og ber því að varðveita viðina úr gömlu Valagilsárbrúnni, sem nú eru undir umsjón Steingríms bónda Jónssonar á Silfrastöðum.

Í brjefi dags. 2. júlí f. á. hefur amtmaður tilkynnt, að við brúarsjóðsreikninginn 1889 hafi amtsráðið ekkert að athuga.

Oddviti skýrði frá, að hin fyrirhugaða

---

\+ Oddviti skýrði frá, að á umliðnu ári hefðu verið unnar vegabætur á aðalpóstleiðinni í Blönduhlíð og á Norðurárdal fyrir 768 kr. 50, og á fjallveginum yfir Öxnadalsheiði fyrir 301 kr.

brú á Hofsá hefði verið smíðuð og sett
á ána í fyrra sumar, en þareð hún
þarf endurbóta, verður eigi að þessu sinni
fram lagður endilegur reikningur yfir
brúarkostnaðinn. Sýslunefndarmaðurinn
í Holtshreppi gerði ýtarlega grein fyrir
brúargjörðinni í heild sinni, og sjerstaklega
skýrði hann frá atvikum að bilun þeirri,
er brúin varð fyrir. Jafnframt var
til sýnis reikningur um smíðalaun
m. m. við brúna, og kom það fram, að
skuld brúarsjóðsins mundi vera nálægt
1100 kr. Það sem eptir er ~~að gera~~ að
gera við brúna tekur sýslunefndarmaður
Einar Guðmundsson að sjer að sjá um
að öllu leyti, og er honum falið að sæta
besta færi til að setja brúna á ána.

Til að borga skuld brúarsjóðsins og áfall-
andi kostnað hefur sýslunefndin ekkert
fje fyrirliggjandi, en treystir því, að kaup-
maður L. Popp verði fáanlegur til að lána
fjárupphæð þá, sem vantar í bráð,



móti því að lánið endurgreiðist jafnóðum
og brúargjaldið innheimtist.

Ýmsir sýslunefndarmenn hreifðu því, að
brýna nauðsyn bæri til að endurbæta
brúna á Kolbeinsdalsá, stöplana undir
henni og veginn að henni. En sökum
fjeskorts sá nefndin sjer ekki annað fært
en að fresta aðalaðgerð brúarinnar að
svo stöddu. Samt sem áður kom
öllum nefndarmönnum saman um að
brúin þyrfti mikillar endurbótar svo
fljótt sem því verður við komið, annað-
hvort með því að hækka brúna og hlaða
upp stöplana eða með því að flytja
hana á annan hentugri stað. Sýslu-
nefndarmaðurinn í Holtshreppi tók að
sjer að skoða brúna og alla aðstöðu sem
nákvæmlegast og segja álit sitt um,
hvernig aðgerðinni verði haganlegast
fyrir komið og hve mikið hún muni
kosta. Á hinn bóginn var sýslu-
nefndarmanninum í Hofshreppi falið að

hafa eptirlit með brúnni, og láta fram koma þá aðgerð, er bráðnauðsynlegust kynni að virðast.

Að lokum var ákveðið að jafna niður búnaðargjaldi á næsta vori með 6 aurum af hverju jarðar og lausafjár hundraði.

## 29. Búnaðarfjelög.

Framlagt var álit þeirra manna, er á fundinum í fyrra dag voru kosnir til að meta til dagsverka jarðabætur þær, er sumar hafa verið í búnaðarfjelögunum og er dagsverkatalan þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | í búnaðarfjelagi | Holtshrepps | 216½ |
| 2. | í — | Akra — | 258½ |
| 3. | í — | Lýtingsstaða — | 202 |
| 4. | í — | Seilu — | 114 |
| 5. | í — | Staðar — | 309 |
| 6. | í — | Sauðár — | 80 |
| 7. | í — | Rípur — | 160 |

Samkvæmt áliti nefndarinnar, er sýslunefndin aðhylltist, á dagsverka-



talan í Akrahreppi að hækka um 7, og verður því í stað 258½ — 265½

En í Rípurhreppi á dagsverkatalan að lækka um 102, og verður því í stað 160 — 58

Verða því allar jarðabætur búnaðarfjelaganna dagsverk 1245

Sýslunefndin vill mæla sem bezt fram með því, að jarðabætur þessar verði teknar til greina af amtsráðinu, er það semur tillögur sínar um útbýtingu styrksins til eflingar búnaði samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. 4. b.

## 30. Sýslusjóður

Framlagt var brjef amtmanns dags 2 júlí f. á., er tilkynnir, að ekkert hafi fundizt athugavert við sýslusjóðsreikninginn fyrir árið 1889.

Í annan stað var lagt fram brjef amtmanns 3. s. m., er inniheldur tilkynning um að amtsráðið hafi á

fundi sínum 16.–18. júní f. á., veitt samþykki sitt til ýmsra fjárveitinga úr sýslusjóði, er nefndin ákvað á síðasta aðalfundi.

Ákveðið var að jafna niður sýslusjóðgjaldi þetta ár með 10 aurum á hvert jarðar og lausafjárhundrað.

Þvínæst var samin svolátandi

## Áætlun

## um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1891

| Tala | Tekjur | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1 | Sjóður við árslok 1890 | | 137.23 |
| 2 | Sýslusjóðgjald 1891 | | 1000.00 |
| 3 | Afgjald af Drangey 1891 | | 80.00 |
| | Samtals | | 1217.23 |
| | **Gjöld** | | |
| 1 | Sýslunefndarkostnaður | | 300.00 |
| 2 | Yfirsetukvennalaun | | 375.00 |
| 3 | Kvennaskólastyrkur | | 200.00 |
| 4 | Endurgjald 1200 kr. láns úr landssjóði | | |



| Tala | Gjöld | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 875.00 |
| | a) ársleiga af 800 kr. | 32.00 | |
| | b) 4. afborgun lánsins | 100.00 | 132.00 |
| 5 | Styrkur til sundkennslu | | 40.00 |
| 6 | Óviss gjöld | | 170.23 |
| | Samtals | | 1217.23 |

## 31. Fiskiveiðasamþykkta

Oddviti lagði fram bréf frá almennum fundum í Fells, Hofs og Sauðár hreppum, er innihalda áskoranir til sýslunefndarinnar að taka fiskiveiðasamþykkt sýslunnar til endurskoðunar, og hafa bréfin jafnframt að geyma ýmsar breytingartillögur við téða samþykkt. Einnig var við hendina uppdráttur af Skagafirði. Framannefnd skjöl voru upp lesin. Eptir allmiklar umræður um mál þetta í heild sinni og einstök þar að lútandi atriði var samið nýtt frumvarp til fiskiveiðasamþykktar, og jafnframt ákveðið að

bera frumvarpið undir atkvæði almenns fundar, er haldinn verður hjér í Staðnum á morgun.

Var fundinum frestað til morguns

Daginn eptir hinn 28. febrúar var fundinum fram haldið

~~32. Fiskiveiðasamþykkt~~ b

## 32. Þjóðjarðasala b

Þá voru framlögð bréf frá leigulíðum þjóðjarðanna Skíðastaða og Hafragils í Skefilstaðahreppi dags. 20. þ. m., þar sem þeir óska tilhlutunar til, að þeir fái ábúðarjarðir sínar keyptar. Jafnframt voru við hendina lýsingar umboðsmanns á jörðunum dags. s. d., er sýslunefndin álítur rjettar eptir þeirri þekkingu, sem nefndarmenn hafa til jarðanna. Sýslunefndin metur jarðirnar þannig:

1. Skíðastaði með Herjólfsstöðum . 4800 kr
2. Hafragil - - - - - - - 2400 kr



## 33. Þjóðjarðarbygging

Umboðsmaður Reynistaðarklausturs bar upp tillögu um, að þjóðjörðin Efranes í Skefilstaðahreppi verði byggð um 1 ár Jóni Jónssyni, sem þar er nú, fyrir 30 álna landskuld, auk leigna eptir 2 kúgildi, jafnvel þó þessi upphæð sje að eins helmingur af landskuld þeirri, er amtsráðið hefir samþykkt eptir uppástungu sýslunefndarinnar. Með því ekkert annað tilboð hefir komið fram, og engin líkindi til, að hærra landskuldarboð fengist, þó jörðin væri boðin upp, álítur sýslunefndin sjálfsagt að þiggja boðið.

## 34. Fiskiveiðasamþykkt b

Oddviti lagði fram frumvarp það til fiskiveiðasamþykktar, er sýslunefndin samdi á fundinum í gær, svo og fundargjörð hins almenna fundar, er haldinn var hjér á staðnum í dag, og hefir fundurinn samþykkt eina breytingartillögu við frumvarpið. Þareð nefndinni þótti

umrædd breytingartillaga í sökum byggði, setti hún hana inn í frumvarpið, og var það síðan með áorðinni breytingu samþykkt af sýslunefndinni, og ákveðið að senda frumvarpið amtmanni til staðfestingar.

Fundi slitið

Jóh. Ólafsson. Jón Jónsson.
Hermann Jónasson Guðmundsson
Rögnvaldur Bjarnarson. Eyjólfur Hansson
Rögnvaldur Þorleifsson Guðm. Jónsson
[illegible] B. Steinsson
Ólafur Briem Jónas Jónsson
Hjörtur Hjálmarsson



Ár 1892, þriðjudaginn 2. febrúarmánaðar, var á Sauðárkróki haldinn aðalársfundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

Fundinn sóttu auk oddvita nefndarmenn úr öllum hreppum sýslunnar, nema Fells og Skefilstaða hreppum, er höfðu tilkynnt oddvita forföll sín.

Varaoddviti var kosinn sýslunefndarmaðurinn úr Hólahrepp og skrifari fundarins sýslunefndarmaðurinn úr Lýtingsstaðahrepp.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

## 1. Sýslureikningar.

Oddviti lagði fram reikninga um tekjur og gjöld sýslunnar fyrir árið 1891, sýslusjóðsins, sýsluvegasjóðsins og um þurfamannaflutning, ásamt öllum tilheyrandi fylgiskjölum, og voru þeir yfirfarnir af nefndarmönnum.

Að því leyti sem samþykki amtsráðs

útheimtist til einhverra útborgunar úr sýslusjóði samkvæmt 43. gr. tilskipunar 4. maí 1872, óskar sýslunefndin að slíkt samþykki verði veitt.

Eptir að nefndarmenn höfðu kynnt sjer reikninga þessa, tók sýslunefndarmaðurinn úr Staðarhreppi það fram, að hreppstjórinn í Skefilsstaðahreppi mundi hafa gleymt að gjöra reikning fyrir fátækraflutningi þaðan úr hreppnum til Sauðárhrepps. Að því leyti sem hlutaðeigandi sleppir eigi hafa síðan til endurgjalds á þeim kostnaði, verður honum að tilfæra upphæðina í næsta árs reikningi yfir þurfamannaflutning.

Eins og sýsluvegasjóðsreikningurinn ber með sjer, er þar talið með tekjum 20 kr. tillag úr hreppsvegasjóði Holtshrepps. Sýslunefndarmaðurinn þaðan skýrði frá, að á almennum hreppsfundi 7. júní þ. á., og þar á eptir á hreppsnefndarfundi, hefði verið ákveðið með öllum samhljóða atkvæðum, að leggja árlega áðurnefnda upphæð af hreppsvegasjóði til sýsluvegarins fram Austurfljót. Þessi ráðstöfun var samþykkt af sýslunefndinni í einu hljóði, sbr. 16. gr. laga 10. nóvbr. 1887.



Til að endurskoða reikningana var kosinn sýslunefndarmaðurinn í Lýtingsstaðahreppi, og voru honum afhentir reikningarnir. Að lokinni endurskoðun verða þeir sendir til amtsráðsins, en ágrip af þeim hefur verið sent til allra hreppsnefnda í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar og fl.

Því næst fram lagði oddviti:

a. sveitarsjóðsreikninga hreppanna í sýslunni fyrir fardagaárið 1890–91 með fylgiskjölum

b. reikninga um gjafir þeirra

Jóhannesar Jónssonar til Lýtingstaða-
hrepps og Sigurðar Guðmundssonar
til Sauðárhrepps fyrir sama fardagaár.
c. reikninga hreppsvegasjóða allra hreppa
í sýslunni fyrir árið 1891
d. reikning kláfdráttanna í Hjeraðs-
vötnunum undan Flatatungu og á
Jökulsá undan Goddölum fyrir fardaga-
árið 1890-91
e. áætlanir um tekjur og gjöld sveitar-
sjóða fyrir fardagaárið 1891-92.

Eins og hreppsvegasjóðsreikningur
Lýtingstaðahrepps ber með sjer, hafa
nokkrir hreppsvegir þar verið hafðir
mjórri en til skilið er í lögum 10. nóvbr.
1887, og hefur hreppsnefndin farið þess
á leit, að veitt yrði undanþága í þessu
tilliti frá ákvæðum nefndra laga. Var
slík undanþága samþykkt í einu hljóði,



sbr. lög 2. febrúar 1890.

Sýslunefndarmaðurinn í Staðarhreppi
lýsti yfir því, að hann mótmælti fyrsta
útgjaldalið í hreppsvegasjóðsreikningi
Staðarhrepps, er svo hljóðar: „1. Vegur
keyptur yfir Víkurmýrar 54.00", með því
slík kaup á óuppgjörðum vegi væri bæði
ólögmæt í sjálfu sjer, enda væri vegurinn
lítt fær.

Eptir að framannefnd skjöl höfðu
verið yfirfarin af nefndarmönnum, án
þess þeir fyndu ástæðu til að gjöra við
þau aðrar athugasemdir en nú var
getið, var sýslunefndarmaðurinn í
Lýtingstaðahreppi kosinn til að endur-
skoða reikningana.

3. Endurskoðun hreppsreikninga frá f. á.

Oddviti lagði fram athugasemdir
endurskoðanda við sveitarsjóðsreikn-
ana fyrir fardagaárið 1889-90, ásamt

svörum reikningshaldara. Þareð athugasemdunum hefir verið fullnægt, voru umræddir reikningar samþykktir.

## 4. Bygging Drangeyjar.

Þá var fram lagt bréf frá aðrum umsjónarmanni við Drangey yfirstandandi fardagaár, Bjarna Jónssyni á Sauðárkrók, dags. 20. f. m., þar sem hann gjörir nokkrar athugasemdir við reglugjörð um afnot eyjarinnar, veiði þar og fleira. Eptir nokkrar umræður voru samþykktar eptirfylgjandi breytingar við reglugjörðina:

1. Aptan við 7. gr. bætist:
Kaupmenn, sem hafa fisktökur á Drangeyjarfjöru, eigi skyldir að greiða í fjörutoll 3 kr. á ári, án tillits til staða svæðis þess, er þeir nota.
2. Niðurlag 8. gr. orðist svo:



og skal formaður standa skil á þessu gjaldi fyrir skipshöfn sína.
3. Síðasta málsgrein 9. gr. orðist svo:
Einnig skal hann skyldur að láta kauplaust sigtadla og hreinsa bjargið yfir fjörunni á sinn kostnað í byrjun hverrar vertíðar, en skyldur skal hver, sem til Drangeyjar rær og fuglútveg hefur:
1. að taka þátt í bjarghreinsun eptir ákvæði hans gegn hæfilegri borgun.
2. að greiða honum 1 langvíu fyrir bjarghreinsun, og standa hver formaður skil á þessu gjaldi fyrir skipshöfn sína fyrir part vertíðar.

Kom fram tillaga um að leyfa eggjatöku í Drangeyjarbjargi til maímánaðarloka, en sú uppástunga var felld með 6 atkvæðum gegn 4.

Oddviti fram lagði bréf amt-

manns frá 11. júní þ. á., þar sem
hann skýri frá þeirri skoðun amts-
ráðsins, að lög 22. mars 1890 um lög-
giltar reglugjörðir sýslunefnda eigi
naumast við um slíka reglugjörð sem
þá, er sýslunefndin hefur samið um
notkun Drangeyjar og fleira. En samt
sem áður geti sýslunefndin sett þar
reglur um notkun eyjarinnar, sem henni
sýndist, ef eigi kæmi í bága við lög.
Sektir sje því eigi hægt að kveða á um
í reglugjörðinni, en þar megi ákveða fjárút-
lát fyrir brot á móti hinum settu reglum,
er sje að skoða sem nokkurs konar skaða-
bætur fyrir samningsrof. Samkvæmt
þessari bendingu var samþykkt að
12. gr. reglugjörðarinnar orðist svo:
~~Fyrir~~ Öll brot móti reglugjörð þessari
varða skaðabótum eptir úrskurði



sýslunefndar.
Enn fremur var samþykkt sú breyting
við 10. gr. reglugjörðarinnar, að ómaks-
laun umsjónarmanna sjeu framvegis
6 (í stað 5) af hundraði af gjaldi því,
er þeir innheimta.
Samkvæmt 10. gr. reglugjörðarinnar
var Bjarni Jónsson á Sauðárkrók
kjörinn umsjónarmaður við eyjuna
næsta fardagaár. Tók hann að sjer
þann starfa, og var honum falið að fram-
fylgja reglugjörðinni sem best, einnig að
safna skýrslum um fuglaveiðina við
Drangey í næsta vor með sama fyrir-
komulagi og síðastliðið vor. Fyrir
þann starfa var samþykkt að veita
5 kr. þóknun árlega úr sýslusjóði fyrir
næstliðið ár og eptirleiðis.
Var samþykkt að leigja Jóhannesi
bónda Jóhannessyni á Sævarlandi.

grasnyt alla af Drangey, bedi til slægna og kindagöngu, fardagaárið 1892-93, móti því að hann greiði opinber gjöld af eyjunni í lögákvednum tíma, svo og annist hreinsun bjargsins samkvæmt ákvæðum reglugjörðarinnar.

Var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 3. febrúarmánaðar var fundinum fram haldið.

5. Styrktarsjóðir alþýðufólks.

Oddviti leiddi athygli nefndarmanna að eptirliti því, er nefndin á að hafa með því, að hlýtt sje lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki samkvæmt 9. gr. nefndra laga, og brýndi fyrir þeim að framkvæma þetta eptirlit hver í sínum hrepp. Sýslunefndarmaðurinn í Holtshrepp hreifði því, að skýrslur og reikningar styrktarsjóðanna væru ritaðir í sjerstaka bók. Þessa tillögu aðhylltist sýslunefndin



og áleit hreppsnefndum heimilt að taka verð bókarinnar af styrktarsjóðsgjaldinu.

6. Sala Grímstaða og Miðvalla.

Þá var fram lagt brjef hreppsnefndarinnar í Lýtingsstaðahreppi dags. 24. f. m., er leitar samþykkis sýslunefndarinnar til þess að selja megi fasteign hreppsins jörðina Grímstaði með hjáleigunni Miðvöllum, 14.2 hundruð að dýrleika, fyrir 1400 kr. og annaðhvort leggja andvirðið í sjóð eða verja því til að kaupa aðra betri fasteign. Á fundinum var það upplýst, að fasteign þessi væri upphaflega gefin af Jóni prófasti Konráðssyni á Mælifelli, en með því gjafabrjefið er glatað, vita menn eigi með vissu, hvernig gjöfinni skuli varið eða vöxtum af henni, en að undanförnu hefur þeim verið varið í hreppsþarfir. Af ástæðum þeim, er hreppsnefndin

hefur tekið fram í bréfi sínu, og komið hefur fram á nefndarfundi 19. maí f. á., veitir sýslunefndin í einu hljóði samþykki sitt til sölu hinnar umræddu fasteignar fyrir hið tiltekna verð, með því áskildu, að höfuðstállinn haldist óeyddur og verði vel tryggður. Að öðru leyti leiðir það af sjálfu sjer, að ef áminnst gjafabrjef kemur fyrir, er hreppsnefndinni skylt að sjá um, að vöxtunum af gjöfinni verði varið eptir tilætlun gefandans.

## 6. Varnarreglur gegn sullaveiki.

Þá var framlagt frumvarp til reglugjörðar um hundahald í sýslunni, er hlutaðeigandi hjeraðslæknir hefur samið eptir áskorun sýslunefndarinnar á fundi 26. febrúar f. á. (tölul. 17) til varnar gegn útbreiðslu sullaveikinnar. Sýslu-



nefndarmaðurinn í Holtshreppi lagði það til, að máli þessu væri frestað að sinni, með því eigi yrði auðvelt að fram fylgja reglum þeim, sem áðurnefnt frumvarp fer fram á, enda mundu þær að svo komnu naumast ná fylgi almennings. Mál þetta stæði einnig í sambandi við nýja slátrunaraðferð, er sýslunefndin vildi koma á, svo að hentast væri að taka bæði málin fyrir í einu lagi. Sýslunefndarmaðurinn í Rípurhreppi lagði það til, að öllum hreppsnefndum í sýslunni væri sent eptirrit af frumvarpinu og álits þeirra leitað um það. Var sú tillaga samþykkt, og oddvita falið að framkvæma hana.

## 7. Útsvarsmál.

Sýslunefndinni hefur borizt kæra um útsvar haustið 1891 frá Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum

í Staðarhreppi dags. 31. oktbr. f. á. Var þessi útsvarskæra borin upp á hreppsnefndarfundi 18. nóvbr. og úrskurðuð á sama fundi; barst til sýslunefndar með bréfi dags. 3. desbr. s. á.

Enn fremur hefur nefndinni borist útsvarskæra frá Jóni hreppsnefndarmanni Pálmasyni á Auðunum í sama hreppi dags. 12. nóvbr. f. á., er fer því fram, að útsvar Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum verði hækkað. Kæra þessi var borin upp á hreppsnefndarfundi 18. s. m. og úrskurðuð á sama fundi. Þeim úrskurði hefur kærandi áfrýjað til sýslunefndarinnar 7. desbr. næst á eptir.

Eptir framkomnum skýrslum hefur hreppsnefndin í Staðarhreppi upphaflega að eins lagt 2 kr. 32 a. aukaútsvar á Jón hreppstjóra Jónsson, og í úrskurði



sínum hefur nefndin hækkað það um 20 aura. Krafa Jóns Jónssonar er sú, að útsvarið verði enn hækkað allt að 8 kr. En aptur á móti hefur Jón Pálmason krafist, að aukaútsvar Jóns hreppstjóra verði hækkað upp í 18 kr. 63 a. Eptir ýmsum þar að lútandi atvikum álítur sýslunefndin, að þessi síðastnefnda krafa geti eigi komið til greina.

Eptir að öll skjöl þessu máli viðvíkjandi höfðu verið upp lesin og nefndarmenn höfðu kynnt sjer málavöxtu, úrskurðar sýslunefndin, að aukaútsvar Jóns hreppstjóra Jónssonar færist úr 2 kr. 52 a. upp í 10 kr. 52 a.

Í sambandi við þetta mál var samþykkt með 7 atkvæðum, að fela oddvita að rita hreppsnefndinni í Staðarhreppi og lýsa fyrir henni óánægju sýslunefndarinnar yfir meðferð hennar á málinu.

Í annan stað hefur sýslunefndinni
borizt kæra frá kaupmanni V. Claessen
á Sauðárkrók dags. 5. nóvbr. f. á., þar
sem hann ber sig upp um það, að hrepps-
nefndin í Skefilstaðahreppi hefur gjört
honum að greiða 15 kr. útsvar til þess
hrepps haustið 1891, af þeirri ástæðu, að
hann hefur salthús á Sævarlandi og
Selnesi og lætur taka þar á móti fiski,
sem síðan er fluttur til Sauðárkróks
og útskipað þaðan. Slík salthús með
þar til heyrandi fisktöku álítur kærandi
að eigi geti skoðazt sem sjerstakar versl-
unar stofnanir, er eigi að bera útsvar
eptir lögum 9. nóvbr. 1889 um viðauka
við lög 9. janúar 1880 um breyting á
tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi
4. maí 1872, með því afhending sú
á salti og fisktaka, sem fram fer við
salthúsin, standi í svo nánu sam-



bandi við hlutaðeigandi verslun, að
hið eina eðlilega og rjetta sje það, að
umræddur atvinnurekstur sje eingöngu
tekinn til greina við útsvarsálagninguna
á verzluninni í þeim hrepp, þar sem
hún er rekin. Enda muni þetta vera
föst regla um allt land, þar sem slík
salthús eiga sjer stað. Kæra þessi
var borin upp á hreppsnefndarfundi
8. desbr. síðastl. og úrskurðuð á sama
fundi, barst til sýslunefndar með brjefi
dags. 30. s. m.

Eptir framkomnum upplýsingum
er það álit sýslunefndarinnar, að
kaupmaður V. Claessen á Sauðárkrók
sje eigi útsvarsskyldur í Skefilstaða
hreppi, en að öðru leyti álítur hún
að málið eptir eðli sínu heyri undir
úrslit dómstólanna og verður nefndin
að vísa því frá sjer.

## 8. Sveitakennarar.—

Fram lögð voru umsóknarbrjef með fylgiskjölum frá 8 sveitakennurum um fjárstyrk samkvæmt fjárlögunum 13. gr. B. v. b. 2. og sömuleiðis er búist við, að sams konar bónarbrjef komi frá 2 slíkum kennurum, er báðir nú og að undanförnu hafa haft á hendi barnakennslu. Vill sýslunefndin mæla sem best fram með því, að eptirnefndir menn fái hlutdeild í nefndri fjárveitingu:

1. Þorsteinn Kristjánsson á Hugljótsstöðum
2. Guðvarður Guðvarðsson á Ak
3. Benedikt Hannesson á Hofstaðaseli
4. Halldóra Bjarnadóttir á Veðramóti
5. Hólmfríður Friðfinnsdóttir á Hvammi
6. Guðmundur Jónsson á Stóruökrum
7. Sigurður Björnsson á Tjarnesi
8. Benedikt Sigmundsson á Hofi



9. Eiríkur Eiríksson á Skatastöðum
10. Baldvin Bergvinsson á Ulfsstöðum

Oddviti fram lagði brjef stiptsyfirvaldanna dags. 29. septbr. f. á., er sýnir að fyrir síðastliðið ár hafi 4 sveitakennarar orðið aðnjótandi hins umrædda styrks, alls að upphæð 165 kr.

## 9. Hreppstjórakosning.—

Fram lagt var brjef hreppstjóra í Seiluhreppi Eyjólfs Hanssonar dags. 30. f. m., þar sem hann segir af sjer hreppstjórn í næstu fardögum. Ber því að kjósa 3 menn til þeirrar sýslunar í hans stað, og urðu fyrir þeirri kosningu:

1. Árni Jónsson á Marbæli
2. Jón Jakobsson á Víðimýri
3. Sigurður Jónsson á Litluseilu

## 10. Markaskrárviðbætir m. m.

Oddviti lagði fram viðauka og leið-

rjettingar við markaskrá sýslunnar,
er prentaður var síðastliðið ár, ásamt
handriti þess manns, er bjó við-
aukann undir prentun. Eins og
tekið var fram á fundi 26. febrúar f. á.
(tölul. 16) voru þá afgangs af inn-
heimtum gjöldum fyrir markaskrána

| | | |
|---|---|---|
| sjálfa | kr. | 34.45 |
| þarvið bætist innheimt gjöld fyrir ný mörk í viðaukanum | — | 34.05 |
| | Samtals kr. | 68.50 |

Þar af er útborgaður þessi
kostnaður:

| | |
|---|---|
| 1. fyrir að undirbúa viðaukann undir prentun | 10.00 |
| 2. burðargjald | 1.25 |
| 3. prentun, prófarkalestur m. m. | 42.10 |
| 4. mismunur leggst í sýslusjóð | 15.15 |
| Samtals | 68.50 |

Þá var fram lagt brjef amtmanns
dags. 16. septbr. f. á., þar sem hann



samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja
út af þingmálafundarályktun Árnes-
inga á síðastliðnu vori leitar álits
sýslunefndarinnar um, hvort það
mundi æskilegt að breyta sauðfjár-
mörkum þannig, að hver sýsla hafi
eitt ákveðið yfirmark á hægra eyra
og auk þess ákveðna undirben á
sama eyra fyrir hvern einstakan
hrepp í sýslunni, en á vinstra eyra
fjármark hvers einstaks markeiganda
í hverjum hrepp.

Nefndarmenn verða fyrst og fremst
að álíta vafasamt, hvort breyting sú
á sauðfjármarka fyrirkomulagi, sem
hjer er stungið upp á, sje æskileg í
sjálfu sjer, og þar að auki hljóta þeir
að leggja mikla áherslu á, hversu
örðugt það yrði og umsvifamikið að
koma slíkri breytingu á, ekki síst

sökum fastheldni manna við erfða-
mörk sín og önnur þau mörk, er
þeir hafa notað hingað til. Sýslu-
nefndin er því mótfallin hinni um-
ræddu breytingu.

## 11. Yfirsetukvennamál.

Fram lagt var bréf oddvita hrepps-
nefndarinnar í Holtshreppi dags. 20.
oktbr. f. á., þar sem hann æskir til-
hlutunar til, að lærð yfirsetukona
fáist í Holtshrepps umdæmi sem
fyrst að hægt er. Oddviti sýslunefnd-
arinnar skýrði frá, að hann hefði gjört
ýmsar tilraunir til að fá þessu fram-
gengt, en þær hefðu reynst árangurs-
lausar. Nefndin sá eigi önnur ráð
til þess en að auglýsa sýslunina
lausa í blöðunum, en jafnframt tóku
nefndarmenn að sjer að reyna til að



útvega stúlku til að læra yfirsetu-
fræði, er fús sje til að gjörast yfir-
setu(kona) í Holtshreppi að afloknu
námi.

Í bréfi dags. 28. f. m. hefur yfirsetu-
kona í Sauðárhreppi, Guðrún Eldjárns-
dóttir, sótt um 20 kr. árlega launa-
viðbót eptir 12 ára þjónustu samkvæmt
3. gr. yfirsetukvennalaganna 17. desbr.
1875. Var samþykkt að veita henni
10 kr. launaviðbót á ári.

## 12. Hreppsnefndarkosning.

Þá var fram lagt bréf amtmanns
dags. 11. júní f. á., þar sem hann leitar
álits sýslunefndarinnar um erindi
hreppsnefndarinnar í Akrahreppi, er
skýrir frá, að kosningar í hreppsnefnd
fram fari á öðrum tímum þar en í
hinum hreppum sýslunnar og óskar eptir
að fá þetta lagfært. Sýslunefndin

er amtmanni samdóma um, að best sje að koma slíkri lagfæringu á með því, að þegar kosningar framfara 1893 í Akrahreppi, sje kosið til 5 ára og svo til 5 ára aptur, þegar kosið er 1896.

## 13. Kvennaskólamál.

Oddviti lagði fram brjef frá forstöðunefnd kvennaskólans á Ytriey dags. 1. apríl f. á. til upplýsingar um 2. gjaldlið í reikningi kvennaskólans 1889–90, er óskað var skýringar um á fundi 25. febr. f. á. (tölul. 5), og voru þessar upplýsingar álitnar fullnægjandi.

Þá var fram lagt brjef amtmanns dags. 24. júní f. á., þar sem hann leitar álits sýslunefndarinnar um frumvarp til skipulagsskrá fyrir kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga á Ytriey, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefur



samið og sent amtsráðinu til staðfestingar. Var það frumvarp lesið upp og síðan borið undir atkvæði grein fyrir grein. Við 2. gr. frumvarpsins var samþykkt sú breytingartillaga, að í síðustu málsgrein komi í stað „árs fyrirvara“ ½ árs fyrirvara. Að öðru leyti var frumvarpið samþykkt breytingalaust.

Oddviti gat þess, að til sín hefði eigi borist neinar skýrslur eða reikningar viðvíkjandi skólastofnuninni fyrir síðastliðið fardagaár, nje heldur bónarskrá um styrk til skólans úr sýslusjóði. Urðu nokkrar umræður um, hvort þörf væri á að veita skólanum nokkurn styrk þetta ár. Samt sem áður varð sú niðurstaðan, að veita kvennaskólanum 150 kr. fjárstyrk úr sýslusjóði fyrir árið 1892, með því skilyrði, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu veiti skólanum jafnmikinn styrk að minnsta kosti, og enn fremur með þeim fyrir-

var, að forstöðunefnd skólans sendi oddvita sýslunefndarinnar þar að lútandi beiðni ásamt nauðsynlegum skilríkjum, þar á meðal reikningi um tekjur og gjöld kvennaskólans fardagaárið 1890-91. Einnig e samþykkt, að helmingur fjártillagsins til skólans megi greiðast með innskript í verzlun í Sauðárkrók.

## 14. Búnaðarskóli.–

Þá var fram lagt bréf amtmanns dags. 13. oktbr. f. á., ásamt 14 eintökum af hinni nýju reglugjörð fyrir búnaðaskólann á Hólum, og var téðri reglugjörð skipt meðal nefndarmanna.

Enn fremur var fram lagt bréf stjórnarnefndar skólans dags. 30. desbr. f. á., ásamt endurriti af fundargjörð nefndarinnar frá 21.-25. maí síðastl.,



og 15 eintök af skólaskýrslunni fyrir árið 1890-91. Fundargjörðin var lesin upp og rætt um einstök atriði í henni, en skólaskýrslunni var útbýtt til nefndarmanna.

## 15. Búnaðarfjelög a.

Í bréfi dags. 12. oktbr. f. á. hefur amtmaðurinn tilkynnt, að af upphæð þeim, sem veitt e í 10. gr. C. 4. b. í ~~hinum nýgildandi~~ fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891 hafi 7 búnaðarfjelögum hjer í sýslu verið veittur styrkur, eins og hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| búnaðarfjelagi | Holtshrepps | kr. 28.00 |
| — " — | Akrahrepps | — 71.00 |
| — " — | Lýtingsstaðahrepps | — 65.00 |
| — " — | Seiluhrepps | — 37.00 |
| — " — | Staðarhrepps | — 92.00 |
| — " — | Sauðárhrepps | — 25.00 |
| — " — | Rípurhrepps | — 19.00 |

Þá var fram lagt bréf amtmanns

dags. 11. júní f. á., þar sem hann tilkynnir reglur þær, er amtsráðið hefur gefið út um það, hvernig meta skuli til dagsverka jarðabótaskýrslur þær, sem fylgja eiga kvörtunum búnaðarfjelaga.

Þá voru fram lögð umsóknarbrjef frá búnaðarfjelögunum í Hofs, Akra, Lýtingstaða Seilu og Staðar hreppum um fjárstyrk samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. 4. b., og fylgja þar með skýrslur um unnar jarðabætur í fjelögunum. Til að meta jarðabæturnar til dagsverka voru kosnir 3 menn, nefnilega:
1. Einar Guðmundsson á Hraunum
2. Rögnvaldur Bjarnarson í Réttarholti
3. Hermann Jónasson á Hólum
og skulu þeir hafa lokið starfa sínum, áður en þessum fundi er lokið. Voru þeim síðan afhentar skýrslurnar.

## 16. Ferjumál.

Í brjefi dags. 2 þ. m. hefur Hallur Jóhannsson í Garði, ferjumaður að vestanverðu við austurós Hjeraðsvatnanna, skýrt frá, að hann vestliðið sumar hafi orðið fyrir því áhappi að missa ferju sína í stórflóði og ofsaveðri, og sækir hann um 30 kr. styrk úr sýslusjóði til að koma upp nýjum ferjubát. Var samþykkt að veita honum hinn umbeðna styrk úr sýslusjóði.

## 17. Lántaka Sauðárhrepps.

Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Sauðárhreppi dags. 28. f. m., þar sem þess er farið á leit, að sýslunefndin veiti samþykki sitt til þess, að tekið verði 2000 kr. lán úr landsbankanum á ábyrgð hreppsfjelagsins til kirkjubyggingar á Sauðárkróki. Sýslunefndin

veitti í einu hljóði samþykki sitt
til umræddrar lántöku samkvæmt
26. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um
sveitarstjórn á Íslandi.

## 18. Svifferjur.

Eins og kunnugt er, veitti síðasta alþingi í fjárlögunum 2400 kr fjárstyrk til þess að koma svifferjum á Hjeraðsvatnaósana, móti því að sýslufjelagið leggi fram það fje, sem til vantar.

Eptir tilhlutun oddvita hefur sýslunefndarmaðurinn í Holtshreppi, Einar Guðmundsson á Hraunum, látið í ljós hugmynd sína um dragferju á Hjeraðsvatnaós, og auk þess sent til teikningar af slíkri ferju, ásamt áætlun um kostnað við að koma, að upphæð 1651 kr. Sömuleiðis hefur Sigurður bóndi Ólafsson á Hellulandi samið



sýnishorn af svifferju með kostnaðaráætlun, er nemur 1500 kr. Umræddar teikningar og áætlanir voru nú fram lagðar til sýnis. Var nú af ráðið að vinda bráðan bug að því að koma upp svifferju eða dragferju fyrst á Vesturósinn. Að panta efni til ferjunnar var falið Einari Guðmundssyni á Hraunum, en til að standa fyrir smíðinni og öllum útbúnaði voru þeir kjörnir Einar Guðmundsson og Sigurður Ólafsson á Hellulandi, og tóku þeir þennan starfa að sjer í sameiningu. Jafnframt var oddvita falið á hendur að hlutast til um útborgun fjárstyrksins úr landssjóði sem allra fyrst, svo að fjeð sje á reiðum höndum til endurgjalds á efni og annara þarfa, sem fyrirtækið hefur í för með sjer.

19. Framkvæmd fiskiveiðasamþykktar.

Í bréfi dags. 30. f. m. hefur Björn Bjarnason í Skíðastöðum vakið athygli á því, að nauðsynlegt sje að hlaða vörður til leiðbeiningar mönnum um línu þá, sem hugsast dregin úr suðurenda Málmeyjar í Selnesið samkvæmt fiskiveiðasamþykkt. þeirri, er samþykkt var á sýslunefndarfundi 28. febrúar f. á. (tölul. 34). Sömuleiðis kom það fram, að þörf væri á að hlaða fleiri vörður eptir ákvæðum samþykktarinnar. Til að standast kostnað við tjeða vörðuhleðslu var samþykkt að veita 30 til 40 kr. úr sýslusjóði.

Fundinum var frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 4. febrúarmánaðar var fundinum fram haldið.



20. Reglugjörðir. —

Aukanefnd sú, er sýslunefndin á fundi sínum 26. febrúar f. á. (tölul. 19) kaus til að endurskoða fjallskilareglugjörð og refaveiðareglugjörð sýslunnar, hefur samið ný frumvörp til slíkra reglugjörða, og sent þau til sýslunefndarinnar með bréfi dags. 3. desbr. f. á. Voru þessi skjöl nú fram lögð og upp lesin.

Fyrst var tekið til umræðu frumvarp til reglugjörða fyrir Skagafjarðarsýslu um afrjettir, notkun þeirra, fjallskil, rjettahöld og meðferð á óskilafje. Var hver einstök grein rædd og síðan borin undir atkvæði, ásamt þar til heyrandi breytingartillögum frá einstökum nefndarmönnum. Var því næst frumvarpið í heild sinni samþykkt sem gildandi reglugjörð fyrir sýsluna, og oddvita falið að senda hana amt-

manni til staðfestingar og löggildingar samkvæmt lögum 22. marz 1890.

Í annan stað var tekið til umræðu frumvarp til reglugjörðar um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu. Var hver einstök grein rædd og borin undir atkvæði nefndarmanna. Að því búnu var frumvarpið í heild sinni samþykkt sem gildandi reglugjörð fyrir sýsluna, og verður hún send amtmanni til staðfestingar.

## 21. Afrjettarmál.

Hreppstjórinn í Bólstaðarhlíðarhreppi, Jóhann Sigvaldason í Mjóadal, mætti á fundinum, og skýrði frá, að eptir ályktun sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu væri bændum í Fremri Laxárdal gjört að skylda, að gjöra fjallskil á Eyvindarstaðaheiði og ganga heimalönd sín til Stafnsrjettar. En þetta fyrirkomulag væri mjög svo óhentugt, bæði fyrir Laxdæli sjálfa, er hafa víðlönd og góð heimalönd, sem þeir að undanförnu hafa notað til upprekstrar, og sömuleiðis fyrir Skagfirðinga, er reka á Staðarfjöll, með því Laxárdalsfjöllin eru áföst þar við, og allmargt af því fje, er þar kemur fyrir á haustum, er eign Skagfirðinga, svo að sú fyrirskipun, að reka það fje til Stafnsrjettar í Húnavatnssýslu, hlýtur að valda afarmiklum flæking á fjenu. Til að koma betra skipulagi á þetta mál, væri nauðsynlegt, að sýslunefndirnar í Húnavatns og Skagafjarða sýslum semdu um

málið, til þess að fá því til leiðar komið, að Laxdælir, sem lönd eiga að Staðarfjöllum, frá Litla Vatnsskarði að Vatnshlíð, megi nota heimalönd sín til upprekstrar og vera í fjallskilafjelagi við þá, er nota upprekstur í Staðarfjöll, en gjöri aptur á móti lausir við fjallskil í Eyvindarstaðaheiði. Kom hann því næst fram með þá tillögu, að sýslunefndin kysi 1 eða 2 menn til að mæta á næsta sýslunefndarfundi Húnvetninga til að semja um málið.

Oddviti sýslunefndarinnar tók það fram, að til að undirbúa þetta mál sem best, væri hentugt, að kosnir menn af öllum hlutaðeigandi hreppsnefndum kæmu saman á fund til að ráðgast um það



og senda sýslunefnd Húnvetninga tillögur sínar þar að lútandi. Á þetta fjellust nefndarmenn, og var teim fyrirhugaði samkomulagsfundur ákveðinn að Víðimýri 18. dag febrúarmánaðar næstkomandi eða, ef veður hamlar, næsta færan dag. Var oddvita falið að rita hreppsnefndinni í Bólstaðarhlíðarhreppi og skora á hana að taka þátt í fundinum með því að senda þangað fulltrúa sinn. En sýslunefndarmenninnir í Staðar, Seilu, Sandár, Rípur og Lýtingstaða hreppum tóku að sjer að hlutast til um, að hreppsnefndirnar í þeim hreppum sendu kosna menn á fundinn.

Svo framarlega sem hinn fyrirhugaði fundur ferst fyrir eða getur

eigi leitt til samkomulags, er
ákveðið að senda 1 mann á norð-
sýslunefndarfund Húnvetninga
til að semja um málið af hálfu
Skagfirðinga, og var til þess kjörinn
sýslunefndarmaðurinn í Rípurhrepp,
Jónas Jónsson í Hróarsdal.

## 22. Sundkennsla.

Þá var fram lögð skýrsla Einars
Guðmundssonar á Hraunum, dags.
7. f. m., um sundkennslu í Fljótum
á síðastliðnu vori og kostnaðinn við
hana, alls að upphæð 89 kr. 65 a.,
þar af hefur verið borgað með tillagi
úr sýslusjóði 25 kr. og úr Holtshrepp
14 kr., en af áðurgreindum kostnaði
er í skuld 50 kr. 65 a. Til að greiða
þessa skuld og til styrktar fram-



haldandi sundkennslu í Fljótum
fer hann þess á leit, að sýslunefndin
veiti nokkra upphæð úr sýslusjóði
og útvegi tiltölulegan fjárstyrk úr
landssjóði af því fé, sem veitt er
í fjárlögunum til þeirra hluta.

Enn fremur var framlögð
skýrsla Páls Ólafssonar um sund-
kennsluna við Steinstaðalaug á
síðastliðnu vori, er sýnir, að alls
tóku 26 piltar þátt í kennslunni,
sem ekki höfðu áður lært sund, og
þar að auki voru 6 piltar um tíma
til að æfa sig. Jafnframt hefur hann
vakið athygli á, að sundlaugin
þurfi nokkurrar aðgjörðar til þess
að þar geti sundkennsla fram farið
á næsta vori.

Eptir allmiklar umræður var
samþykkt að fram halda sund-

kenslu á næsta vori í sama horfi og síðastliðið ár, bæði við sundlaugina á Lambanesreykjum í Fljótum og við Steinsstaðalaug. Til kenslunnar var ákveðið að veita úr sýslusjóði 100 kr., þar af 60 kr. til sundkenslu í Fljótum og 40 kr. til kenslunnar við Steinstaðalaug. Var álitið bráðnauðsynlegt að koma sem fyrst upp skýlum við laugarnar, og þareð slíkt útheimti allmikinn kostnað, var oddvita falið að sækja um 200 kr. úr landssjóði af fje því, sem veitt er til sundkenslu í fjárlögunum.

23. Sveitaverslunarleyfi.

Oddviti skýrði frá, að Einari Jónssyni í Lónkoti, hefði upp á væntanlegt samþykki sýslunefndarinnar



verið veitt leyfi til sveitaverslunar samkvæmt 5. gr. laga 7. nóvbr. 1879, og var þetta leyfi samþykkt af nefndinni í einu hljóði.

24. Hreppsvegir.

Þar eð ákvæði hreppsnefndanna í Hofs, Viðvíkur og Akra hreppum um hreppsvegi í þeim sveitum lágu eigi fyrir aðalfundi sýslunefndarinnar í fyrra vetur, þegar nefndin tók það mál til meðferðar, voru þau ákvæði nú lögð fyrir þennan fund og samþykkt óbreytt. Jafnframt var oddvita falið að senda amtmanni skrá yfir hreppsvegi sýslunnar í heild sinni samkvæmt bréfi hans frá 24. maí 1890.

Fundinum var frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 5. febrúarmánaðar var fundinum fram haldið.

## 25. Þjóðjarðarbygging.

Umboðsmaður Reynistaðarklausturs bar upp tillögu um, að þjóðjörðin Efranes í Skefilstaðahreppi verði byggð nú 1 ár Jóni Jónssyni, sem þar er nú, fyrir 30 álna landskuld, auk leigu eptir 2 kúgildi, jafnvel þó þessi uppæð sé að eins helmingur af landskuld þeirri, er amtsráðið hefur samþykkt eptir uppástungu sýslunefndarinnar. Með því ekkert annað tilboð hefur komið fram, og engin líkindi til, að hærra landskuldarboð fengist, þó jörðin yrði boðin upp til ábúðar, álítur sýslunefndin eigi annan kost vænni, en að taka því boði.

## 26. Útsvarsniðurjöfnun.

Aukanefnd sú, er sýslunefndin á fundi sínum 26. febrúar f. á. (tölul. 21)



kaus til að endurskoða reglugjörð sýslunnar um niðurjöfnun aukaútsvara, hefur samið nýtt frumvarp til slíkrar reglugjörðar, og sent það til sýslunefndarinnar með bréfi dags. 6 þ. m. Skjöl þessi voru nú fram lögð og upp lesin. Frumvarpið var því næst tekið til umræðu og hver einstök grein rædd og borin upp til atkvæða, ásamt breytingartillögum þeim, er fram komu frá einstökum nefndarmönnum. Að því búnu var frumvarpið í heild sinni samþykkt sem reglugjörð fyrir sýsluna, og oddvita falið að senda öllum hreppsnefndum endurrit af reglugjörðinni til leiðbeiningar.

## 27. Slátrunaraðferð.

Fram lagt var bréf frá sýslunefndarmanninum í Holtshreppi dags. í dag, þar sem hann kveifir

því, að tekin sje upp ný slátrunar-
aðferð í sauðfje í samræmi við það,
er kom fram á sýslunefndarfundi
næstliðið ár (tölul. 18). Leggur hann
það til, að menn hjer í sýslunni fari
almennt að taka lífið af sauðkind-
um, þegar þeim er slátrað, með því
annaðhvort að rota eður svæfa þær,
áður enn þær eru skornar til að ná
úr þeim blóðinu. Jafnframt hafði
hann til sýnis helgrímu, er hann
hafði búið til, til afnota við rotun
á sauðfje, og skýrði frá því, að þetta
verkfæri hefði verið prófað og reynst
vel. Að þessari tillögu var gjörður
góður rómur, og vildi sýslunefndin
hlutast til um, að hún fengi sem
bezt fylgi meðal almennings. Til
þess að gjöra mönnum sem hægast
fyrir, að útvega sjer áðurnefnt



verkfæri, var samið við kaupmann
L. Popp um að láta smíða eptir
helgrímunni, og hafa slíkar grímur
framvegis til sölu í verslun sinni
með sanngjörnu verði.

## 28. Bryggjusmíði. —

Oddviti lagði fram uppástungu frá
Sigurði Ólafssyni á Hellulandi um, að
sýslunefndin hlutist til um, að smíðuð
verði föst bryggja á Sauðárkrók, er
bæði þoli brimrót og ísrek. Uppá-
stungunni fylgdi sýnishorn ~~[illegible]~~
af slíkri bryggju 30 álna langri, og
er kostnaðurinn áætlaður 5000 kr.
Að vísu gat nefndarmönnum eigi
dulist, að fyrirtæki þetta sje mjög
mikils varðandi, ef það gæti komist
á og orðið að fullum notum, eptir
tilætlun uppástungumanns, til
fyrirgreiðslu fyrir uppskipun og

útskipun á vörum og lifandi fje.
Ýmsir fundarmenn treystu því, að
hæpið væri, að slík bryggja gæti
svarað kostnaði, enda væri annað
fyrirtæki, sem lægi nær og ætti að
sitja í fyrirrúmi, ef kostur væri
á að koma því upp, sem sje að bæta
höfnina á Sauðárkrók, með því að
búa til grjótgarð með hjáveitandum-
búnaði út af Gönguskarðsárnesinu.
En með því sýslunefndin áleit málið
í heild sinni naumast nógu vel
athugað eða undirbúið, var það afráðið
að kjósa 2 menn til að skoða alla
afstöðu og lýsa áliti sínu um málið.
Fyrir þeirri kosningu urðu þeir Einar
Guðmundsson á Hraunum og Sigurður
Ólafsson á Hellulandi. Jafnframt
var skorað á kaupmenn þá, sem búsettir



eru á Sauðárkrók, að láta uppi álit
sitt um þessi fyrirtæki, sjer í lagi að
því er snertir hagsmuni þá, er af
þeim mætti vænta. Er svo til
ætlast, að umræddar skoðanir og álits-
gjörðir verði lagðar fyrir næsta aðalfund
sýslunefndarinnar, svo að henni
gefist kostur á að taka málið þá aptur
fyrir til nýrrar athugunar og fram-
kvæmda, ef ráðlegt sýnist.

## 29. Búnaðarfjelög. —

Nefnd sú, er á fundinum í fyrra
dag var kosin til að segja álit sitt
um jarðabótaskýrslur búnaðarfjelag-
anna í sýslunni, lýsti yfir því,
að fæstar af þeim væru í því formi,
sem áskilið er í auglýsing lands-
höfðingja frá 28. desbr. f. á., svo að
nauðsynlegt væri að endursenda
þær hlutaðeigendum til lagfæringar

samhvæmt nefndri auglýsingu.
Enda var það álit þeirra, að jarða-
bótaskýrslurnar þyrfti eigi að koma
til umsagnar eða álits sýslunefndar,
með því að það væri eigi tekið fram
í auglýsingunni. Þetta álit að-
hylltist sýslunefndin, og voru því
skýrslurnar afhentar hlutaðeigendum,
svo að þeim gefist kostur á að
laga þær og senda þær þvínæst sýslu-
manni áleiðis til landshöfðingja.

Til að skoða jarðabætur búnaðar-
fjelaganna eptirleiðis og semja skýrsl-
ur um þær, voru útnefndir þessir menn:

í Holtshrepp

1. aðalmaður Óli Sveinsson Langhúsum
2. varamaður Hermann Þorsteinsson Reykjarhóli

í Hofshrepp

1. aðalmaður Sigtryggur Sigmundsson Ljótstöðum



2. varamaður Þorgrímur Kristjánsson Enni

í Hólahrepp

1. aðalmaður Árni Ásgrímsson Kálfstöðum
2. varamaður Magnús Ásgrímsson Sleitustöðum

í Akrahrepp

1. aðalmaður Rögnvaldur Bjarnason Réttarholti
2. varamaður Magnús Gíslason Frostastöðum

í Lýtingsstaðahreppi

1. aðalmaður Páll Ólafsson Litladalskoti
2. varamaður Hannes Pjetursson Álfgeirsvöllum

í Seiluhrepp

1. aðalmaður Jón Ásgrímsson Húsey
2. varamaður Pjetur Stefánsson Reykjarhóli

í Staðarhrepp

1. aðalmaður Guðmundur Einarsson Reynistað
2. varamaður Jón Pálmason Auðnum

í Sauðárhrepp

1. aðalmaður Magnús Sigurðsson Sauðárkróki
2. varamaður Björn Jónsson Veðramóti

í Rípurhrepp
1. aðalmaður Sigurður Ólafsson Hellulandi
2. varamaður Halldór Jóhannsson Gauti.

30. Kjörfundarstaður.—

Þareð Rípur þingstaður, sem næstur er miðju kjördæmisins, er að sumu leyti óhentugur til alþingiskosninga, vill sýslunefndin leggja það til, að kjörþing það, sem haldast á í septembermánuði næstkomandi, verði haldið á Sauðárkrók.

31. Kjörstjórn til alþingis.—

Í kjörstjórn til alþingis samkvæmt 19. gr. laga 14. septbr. 1877 eru kosnir:
1. Ólafur Briem á Álfgeirsvöllum
2. Þorvaldur Arason á Flugumýri

32. Kjörstjórnir til sýslunefnda—

Á næstu manntalsþingum á að



kjósa sýslunefndarmenn í 7 hreppum sýslunnar, og eru samkvæmt 29. gr. tilskipunar 4. maí 1872 kosnir í kjörstjórnir:

í Fellshrepp
1. Friðrik alþingismaður Stefánsson Skálá
2. Sveinn bóndi Árnason Felli

í Viðvíkurhrepp
1. Zophonías prófastur Halldórsson Viðvík
2. Björn bóndi Pjetursson Hofstöðum

í Akrahrepp
1. Gísli hreppstjóri Þorláksson Frostastöðum
2. Þorvaldur bóndi Arason Flugumýri

í Seiluhrepp
1. Árni óðalsb. Jónsson Marbæli
2. Jón kandidat Jakobsson Víðimýri

í Staðarhrepp
1. Árni læknir Jónsson Glæsibæ
2. Albert bóndi Kristjánsson Páfastöðum

í Sauðárhrepp

1. Vigfús hreppstjóri Guðmundsson Sauðárkrók
2. Björn oddviti Jónsson Veðramóti

í Skefilsstaðahrepp

1. Sigfús prestur Jónsson Hvammi
2. Jóhannes bóndi Jóhannesson Sævarlandi

## 32. Sýsluvegir

Þá var fram lagt bréf amtmanns dags 11. júní f. á., er tilkynnir, að amtsráðið hafi á fundi sínum 3.–6. s. m. samþykkt, að vegurinn frá fjallveginum yfir Siglufjarðarskarð fram Austurfljót að sýslutakmörkum á Lágheiði skyldi tekinn upp í tölu sýsluvega samkvæmt tillögu sýslunefndarinnar á fundi 27. febrúar f. á. (tölul. 27)

Í bréfi dags. 25. júní síðastl. hefur amtmaður tilkynnt, að amtsráðið



á sama fundi hafi samþykkt sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir árið 1890.

Frá Hofs og Lýtingsstaða hreppum hafa komið skýrslur um ásigkomulag veganna í þeim hreppum og tillögur um vegabætur á næsta vori. (Að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar þar að lútandi hver fyrir sinn hrepp.

Því næst var samin svolátandi

### Áætlun

### um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1892.

| Tala | Tekjur | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| 1 | Í sjóði við árslok 1891 | | 205.35 |
| 2 | Sýsluvegagjald 1892 | | 900.00 |
| | Samtals | | 1105.35 |
| | **Gjöld** | | |
| 1 | Endurgjald 1500 kr. láns úr landssjóði | | |
| | a) ársleiga af 300 kr. | 12.00 | |
| | b) 13. afborgun lánsins | 100.00 | 112.00 |
| | Flyt | | 112.00 |

| Tala | Gjöld | | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt | | | 112.00 |
| 2 | Sýsluvegabætur 1892 | | | |
| | a) í Holts | hreppi | 170.00 | |
| | b) í Fells | — " — | 50.00 | |
| | c) í Hofs | — " — | 80.00 | |
| | d) í Hóla | — " — | 60.00 | |
| | e) í Viðvíkur | — " — | 50.00 | |
| | f) í Akra | — " — | 90.00 | |
| | g) í Lýtingsstaða | — " — | 90.00 | |
| | h) í Seilu | — " — | 80.00 | |
| | i) í Staðar | — " — | 70.00 | |
| | k) í Sauðár | — " — | 80.00 | |
| | l) í Skefilstaða | — " — | 60.00 | |
| | m) í Rípur | — " — | 60.00 | 940.00 |
| 3 | Ýmiss gjöld | | | 53.35 |
| | Samtals | | | 1105.35 |

Oddvita var falið að semja við Albert hreppstjóra Kristjánsson á Páfastöðum um að standa fyrir vegabótum í



Staðarhrepp. Að öðru leyti tóku sýslunefndarmenn að sér, með ráði hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að sjá um vegabætur hver í sínum hrepp og senda oddvita sýslunefndarinnar í tæka tíð nákvæmar skýrslur og reikninga um tilkostnaðinn.

## 33. Aðalpóstleið.

Í bréfi dags. 5. f. m. hefur amtmaður skýrt frá, að hann hafi lagt það til við landshöfðingja, að hann veitti allt að 100 kr. til framhalds aðgerða á brúnni fyrir neðan Víðimýri á aðalpóstveginum þar, og jafnframt hefur hann skipað svo fyrir, að bætt yrði úr þeim torfærum á Vatnsskarðsveginum, sem vegfarendum geti beinlínis verið hætta að, en að svo komnu eftir bréfi hans eigi hægt að vænta fjárveitingar til almennrar aðgerðar á

þeim vegi.

## 34. Brúarmál. —

Þá var fram lagt brjef Einars Guðmundssonar á Hraunum dags. 26. marz þ. á., þar sem hann lýsir áliti sínu um það, hvernig gjöra mætti við veginn báðumegin við brúna yfir Kolbeinsdalsá með sem minnstum kostnaði: Var tjeð aðgjörð falin sýslunefndarmanninum í Hofshreppi eptir samráði við nefndarmanninn í Holtshreppi.

Í sama brjefi skýrir hann frá, að hann hefi athugað brúarstæði það á Kolku niður undan ármótunum, sem til rætt var um á sýslunefndarfundinum í fyrra vetur (tölul. 28), og álítur hann það með öllu ótiltækilegt. Enn fremur skoðaði hann nákvæmlega brúarstöplana og brúar-



trjen, og sannfærðist um, eins og honum var áður fullkunnugt, að trjen væru enn þá alveg ófúin og gallalaus. Grjótstöplarnir undir endunum sjeu í mjósta lagi, en þeir sjeu óhallaðir og vel hlaðnir.

Eptir uppástungu sýslunefndarmannsins í Holtshreppi var samþykkt að bera tjöru á brýrnar yfir Kolbeinsdalsá, Hjaltadalsá og Gönguskarðsá, og var hlutaðeigandi sýslunefndarmönnum falin umsjón þess. Enn fremur var ákveðið að hækka brúna á Hofsá upp um 1/2 alin og Konráði hreppstjóra Jónssyni í Bæ falið á hendur að standa fyrir því.

Oddviti lagði til sýnis reikning yfir smíði Hofsárbrúarinnar og skýrði frá fjárhag brúarsjóðsins.

Var ákveðið að jafna niður brúa-
gjaldi á næsta vori með 6 aurum
á hvert jarðar og lausafjárhundrað.

## 35. Sýslusjóður.—

Í bréfi dags. 24. júní f. á. hefur amtmaður tilkynnt, að amtsráðið á fundi sínum 3.–6. s. m. hafi samþykkt sýslusjóðsreikninginn fyrir árið 1890, sem ekkert hafi fundist athugavert við.

Ákveðið var að jafna niður sýslusjóðsgjaldi þetta ár með 10 aurum á hvert jarðar og lausafjárhundrað.

Þarnæst var samin svolátandi

## Áætlun
### um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1892

| Tala | Tekjur | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| 1 | Sjóður við árslok 1891 | | 410.95 |



| Tala | Tekjur | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 410.95 |
| 2 | Sýslusjóðsgjald 1892 | | 1000.00 |
| 3 | Afgjald af Drangey | | 80.00 |
| | Samtals | | 1490.95 |
| | **Gjöld** | | |
| 1 | Sýslunefndarkostnaður | | 300.00 |
| 2 | Yfirsetukvennalaun | | 385.00 |
| 3 | Kvennaskólastyrkur | | 150.00 |
| 4 | Endurgjald 1200 kr. láns úr landssjóði | | |
| | a) ársleiga af 700 kr. | 28.00 | |
| | b) 5. afborgun lánsins | 100.00 | 128.00 |
| 5 | Styrkur til sundkennslu | | |
| | a) í Fljótum | 60.00 | |
| | b) við Steinstaðalaug | 40.00 | 100.00 |
| 6 | Styrkur til að koma upp ferjubát á austurós Héraðsvatna | | 30.00 |
| 7 | Kostnaður við að hlaða vörður eptir ákvæðum fiskiveiðasamþykktar | | 30.00 |
| 8 | Fyrir að safna skýrslum um | | |
| | Flyt | | 1123.00 |

| Tala | Gjöld | | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt | | 1123.00 |
| | Fuglveiði við Drangey | | | 5.00 |
| 9 | Ýmiss gjöld | | | 362.95 |
| | | Samtals | | 1490.95 |

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson. Hermann Jónasson
Ólafur Briem Jón Jónsson. Guðmundsson
Rögnvaldur Bjarnarson Bessi Steinsson
Eyjólfur Hansson Jónas Jónsson
~~Guðmundsson~~ Rögnvaldur Þorleifsson

Ár 1892 mánudaginn 4. aprílmánaðar var á Ríp haldinn aukafundur af sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu. Fundinn sátu oddviti nefndarinnar og nefndarmennirnir úr Viðvíkur, Akra, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár og Rípur hreppum.



Til meðferðar voru tekin þessi mál:

1. Lántaka Sauðárhrepps.

Framlagt var bréf hreppsnefndarinnar í Sauðárhreppi, þar sem þess er farið á leit, að sýslunefndin veiti samþykki sitt til þess, að tekið verði 2000 kr. lán úr landsbankanum á ábyrgð hreppsfjelagsins handa sveitinni. Sýslunefndin veitti í einu hljóði samþykki sitt til umræddrar lántöku samkvæmt 26. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

2. Sameining búnaðarskóla.

Oddviti lagði fram bréf amtmannsins yfir norður og austuramtinu, dags. 29. janúar þ. á., þar sem hann samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja leitar álits sýslunefndarinnar um sameining

hinna núverandi búnaðarskóla, og
leiddi jafnframt athygli hennar að
429. þingskjali í C. deild alþingistíð-
indanna 1891. Sýslunefndin fellst
að mörgu leyti á álit nefndar þeirrar,
er síðasta alþingi kaus til að íhuga
mál þetta. En þó verður nefndin að
halda fast fram þeirri skoðun, að lands-
lag og búnaðarhættir sjeu ólíkir á
suður- og vesturlandi annarsvegar og á
norður- og austurlandi hinsvegar, svo að
þegar af þeirri ástæðu sje ekki hentugt,
að hafa að eins einn búnaðarskóla fyrir allt
landið. Einnig verður nefndin að leggja
áherslu á, að landsmönnum sje talsvert
óhægra að sækja einn slíkan skóla af öllu
landinu, svo að frá þeirri hlið sje hagan-
legra að hafa skólana tvo, enda megi þá
fremur búast við samkeppni milli þeirra.
Enn fremur þykir það takandi til greina,



að vandfengin mundi hentug jörð handa
búnaðarskóla fyrir allt landið, með því
hvert væri við, að þar sem gjöra mætti ráð fyrir
aðsókn pilta á einn stað af öllu
landinu, mundi naumast endast svo
margbreytt verkefni til langframa, sem
þörf væri á við búnaðarskóla, þar sem
verklegt nám á að vera stundað.
Aptur á móti er nefndin á þeirri
skoðun, að eigi sje nauðsynlegt að hafa
jafnmarga búnaðarskóla í landinu, sem
nú eru. Og er það því eindregið álit
hennar, að hentugast sje, þegar á allt
er litið, að búnaðarskólarnir sjeu tveir,
annar fyrir suður- og vesturland og hinn
fyrir norður- og austurland.

3. Styrkur til sveitakennara.

Þá var fram lagt brjef með fylgiskjöl-
um frá sveitakennara í Víðidalshreppi
Sigrúnu Daníelsdóttur, þar sem hún

sækir um fjárstyrk samkvæmt fjár-
lögunum 13. gr. B.V. b. 2. Vill sýslu-
nefndin mæla sem best fram með
því, að nefnd stúlka fái hluttöku í
nefndri fjárveitingu.

4. Kynbætur hesta.

Oddviti leiddi athygli nefndarinnar
að lögum 11. desbr. 1891 um samþykkti
um kynbætur hesta. Var þetta mál
rætt, og samþykkt að kjósa 3 manna
aukanefnd til að segja um það álit
sitt. Ef nefndin vill styðja málið,
er ætlast til að hún semji frumvarp
til slíkrar samþykktar og sendi það
oddvita til framlagningar á næsta aðal-
fundi sýslunefndarinnar.

5. Hreppstjórakosning.

Hreppstjórinn í Viðvíkurhreppi, Bessi
Steinsson, hefur sagt af sér hreppstjórn



frá næstu fardögum. Ber því að kjósa
3 menn til þeirrar sýslunar í hans
stað, og urðu fyrir þeirri kosningu:
1. Björn Pjetursson í Hofstöðum
2. Guðmundur Pjetursson í Hafdölum
3. Jósef Björnsson frá Bjarnastöðum,
er flytst að Ásgeirsbrekku í næstu fardögum.

6. Ferja á Lóni.

Þareð komið hafa kvartanir um, að
ferjubáturinn á Lóni, yfir Austurós
Hjeraðsvatnanna, sje eigi í gildu standi,
var oddvita falið á hendur, að fengnu
áliti skynberandi manna, að áminna
ferjumanninn, Gunnar bónda Ólafsson,
að hafa framvegis gildan bát til flutn-
inga yfir ósinn, að viðlögðum sektum,
ef eigi er að gjört.

7. Fjármarkaðir.

Sýslunefndin ályktar að ákveða

sauðamarkaði næsta haust á 5 stöðum í sýslunni, og eru mark-aðirnir til teknir þannig:

1. í Gröf á Höfðaströnd 21. september
2. í Brimnesi 22. —"—
3. á Flugumýri 23. —"—
4. á Víðimýri 24. —"—
5. á Sauðárkrók 26. —"—

Þessa markaði er oddvita falið á hendur að auglýsa í Ísafold. Borgun fyrir markaðshald er ætlast til að greið-ist á sama hátt og að undanförnu af kaupendum eða seljendum fjárins.

Fundi slitið.

Jóh. Ólafsson. Guðmundsson B. Steinsson
Eyjólfur Hansson Jón Jónsson Olafur Briem
Jónas Jónsson. Rögnvaldur Bjarnarson



Ár 1893 þriðjudaginn 14. dag febrúar-mánaðar á Sauðárkróki var haldinn aðalársfundur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

Fundinn sóttu auk oddvita nefndar-menn úr öllum hreppum sýslunnar

Varaoddviti var kosinn sýslunefndar-maðurinn í Hólahreppi og skrifari fundarins sýslunefndarmaðurinn í Sýtings-staðahreppi.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

1. Sýslureikningar

Oddviti lagði fram reikninga um tekjur og gjöld sýslunnar fyrir árið 1892

a. sýslusjóðsins, og er samkvæmt honum í sjóði 602 kr. 57 a

b. sýsluvegasjóðsins, og er eptir honum í sjóði 178 kr. 22 a.

c. um þurfamannaflutningskostnað og niðurjöfnun hans.

Reikningar þessir ásamt öllum tilheyrandi fylgiskjölum voru yfirfarnir af nefndarmönnunum.

Eins og sýsluvegasjóðsreikningurinn ber með sjer, er þar talið með tekjum 54 kr tillag úr hreppsvegasjóði Staðarhrepps. Var framlagt brjef frá hreppsnefndinni dags. 12 nóvbr. f. á., þar sem hún skýrir frá, að nefndin hafi komið sjer saman um að veita tjeða upphæð til aðgerðar á sýsluvegi hreppsins, með því hreppsvegasjóðurinn hafi að undanförnu átt talsvert fje í sjóði, og nauðsynlegir hreppsvegir í viðunanlegu standi. Var þessi ráðstöfun samþykkt af sýslunefndinni í einu hljóði, sbr. 16. gr. laga 10. nóvbr. 1887.

Að því leyti sem samþykki amtsráðs útheimtist til einhverrar útborgunar úr sýslusjóði samkvæmt 43. gr. tilskipunar 4 maí 1872, óskar sýslunefndin að slíkt samþykki verði veitt.

Til að endurskoða reikningana var kosinn sýslunefndarmaðurinn í Lýtingsstaðahreppi, og voru honum afhentir reikningarnir. Að lokinni endurskoðun verða þeir sendir til amtsráðsins, en ágrip af þeim til allra hreppsnefnda í sýslunni.

## 2. Hreppsreikningar o. fl.

Þvínæst framlagði oddviti:

a. sveitarsjóðsreikninga hreppanna í sýslunni fyrir fardagaárið 1891-92 ásamt tilheyrandi fylgiskjölum

b. reikninga um gjafir þeirra Jóhannesar Jónssonar til Lýtingsstaðahrepps og Sigurðar Guðmundssonar til Sauðárhrepps fyrir sama fardagaár

c. reikninga hreppsvegasjóða allra hreppanna í sýslunni fyrir árið 1892

d. reikninga kláfdráttanna í Hjeraðs-

vötnunum undan Flatatunga og
á Vestari Jökulsá undan Goddölum
undan fyrir fardagaárið 1891–92
er áætlanir um tekjur og gjöld sveitar-
sjóða fyrir fardagaárið 1892–93
f. skrá um niðurjöfnun aukaútsvara
í hreppunum fyrir sama fardagaár.

Viðvíkjandi hreppsvegasjóðsreikn-
ingunum kom það fram, að vegagjaldið
í sumum hreppum er ekki reiknað
eptir rjetti verðlagsskrá, og tóku
nefndarmenn að sjer að birta það
fyrir hlutaðeigandi oddvitum, að
gjald þetta eigi að reiknast eptir
verðlagsskrá þeirri, sem er í gildi
þegar verkfæraskýrslan er samin í
aprílmánuði, alveg eins og sýsluvega-
gjaldið.

Til að endurskoða reikningana
var kosinn sýslunefndarmaðurinn



í Lýtingsstaðahreppi, og voru honum
afhentir reikningarnir.

3. Endurskoðun hreppsreikninga frá f. á.

Oddviti lagði fram athugasemdir
endurskoðanda við sveitarsjóðsreikn-
ingana fyrir fardagaárið 1890–91 ásamt
svörum reikningshaldara. Athuga-
semdunum hefur verið fullnægt, og
voru reikningarnir samþykktir.

4. Hallærislán Staðarhrepps

Þá voru fram lagðar athugasemdir
núverandi oddvita við reikningsskil
fyrverandi oddvita hreppsins fyrir
hallærisláni því, er hreppurinn
fjekk úr landssjóði árið 1887. En
þareð nægilegar upplýsingar þessu að
lútandi enn eigi fyrir hendi, verður
sýslunefndin í þetta sinn að leiða
hjá sjer að taka málið til endilegra

úrslita, en felur oddvita sínum að
útvega hinar vantandi skýringar og
sannanir, að því leyti sem unnt er.
Að öðru leyti álítur sýslu-
nefndin það leiða af sjálfu sjer, að
hlutaðeigandi sveitarsjóði verði að
borga þann hluta hallærislánsins,
sem reynist ófáanlegur hjá einstökum
mönnum, er lánsins hafa notið.

## 4. Bygging Drangeyjar

Fram lagt var brjef núverandi
leiguliða Drangeyjar, Jóhannesar Jóhannes-
sonar á Sævarlandi, þar sem hann
afsalar sjer umráðum eyjarinnar næst-
komandi ár. Jafnframt var lagt
fram brjef frá Ólafi Grímssyni á Selnesi,
er falar eyna með sömu skilmálum
og undanfarandi ár. Ýms fleiri
framboð komu fram um að taka
eyna á leigu; hæsta eftirgjaldsboð



kom frá Halldóri Stefánssyni í Sjávar-
borg, að upphæð 30 kr, og var samþykkt
að leigja honum Drangey fardagaárið
1893–94 fyrir téð eftirgjald með öllum
rjettindum og skyldum samkvæmt
þar að lútandi reglugjörð.
Samkvæmt 10. gr reglugjörðarinnar
var Bjarni Jónsson á Sauðárkrók
kjörinn umsjónarmaður við eyna næsta
fardagaár, og voru ómakslaun hans
hækkuð úr 6 uppí 10 af hundraði
af gjaldi því, er hann innheimtir.
Tók hann þennan starfa að sjer, og
var honum einnig falið að safna skýrslum
um fuglveiði við Drangey næsta vor.
Slík skýrsla fyrir síðastliðið vor var
fram lögð, og ber hún með sjer, að
við eyna hafa í því vori veiðst
83,220 fuglar. Fyrir starfa þennan
greiðist 5 kr þóknun úr sýslusjóði árlega
eins og að undanförnu.

## 5. Útsvarsmál[a]

Sýslunefndinni hafa borist kærur um útsvör haustið 1892 frá þessum mönnum:

1. Guðmundi Pjeturssyni á Hofdölum í Víðivíkurhreppi dags. 18. nóvbr. f. á., borin upp á hreppsnefndarfundi 28. s. m., barst til sýslunefndar með brjefi dags. 20. f. m.
2. Þorgrími Ásgrímssyni í Hafstaðaseli í sama hreppi dags. í nóvbr. f. á., borin upp á hreppsnefndarfundi 28. s. m., barst til sýslunefndar með brjefi dags. 19. f. m.

Skjöl þessi voru upp lesin, og var samþykkt að kjósa 3. manna nefnd til að segja álit sitt um málin, áður en sýslunefndin leggur á þau endilegan úrskurð. Fyrir þessari kosningu urðu sýslunefndarmennirnir í



Víðivíkur, Rípur og Sjávarborgar hreppum, og skulu þeir hafa látið uppi álit sitt, áður en fundinum er lokið.

## 6. Útsvarsreglugjörð

Þá var fram lagt brjef frá nokkrum mönnum í Víðivíkurhreppi, er fara þess á leit að útsvarsreglugjörð sýslunnar verði tekin til endurskoðunar, og henni breytt í þann hátt, að hún gefi hreppsnefndum meira svigrúm í tilliti til álagningar útsvaranna, eða fella reglugjörðina úr gildi að öðrum kosti. Þareð umrædd reglugjörð hefur að eins verið gefin út til leiðbeiningar fyrir hreppsnefndir, án þess þær sjeu skyldaðar til þess að binda sig við ákveð. reglugjörðarinnar fremur en þeim sýnist, var samþykkt að láta hana haldast óbreytta að þessu sinni.

Var fundinum frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 15. febrúarmánaðar var fundinum fram haldið

## 7. Sveitakennarar

Oddviti lagði fram bréf stiptsyfirvaldanna dags. 17. oktbr. f. á., er sýnir að fyrir síðastliðið ár hafa 9 sveitakennarar í þessari sýslu orðið aðnjótandi styrks úr landssjóði samkvæmt fjárlaganna 13. gr. B. VI. b 2, alls að upphæð 385 kr.

Fram lögð voru umsóknarbrjef frá 12 sveitakennurum um fjárstyrk úr landssjóði af fje því, sem veitt er til sveitakennara í fjárlögunum. Vill sýslunefndin mæla sem bezt fram með því, að eptirnefndir menn fái hlutdeild í nefndri fjárveitingu þetta ár:

1. Guðvarður Guðvarðsson Á
2. Þorsteinn Kristjánsson Hryggjkstöðum



3. Jón Sveinsson Skefilstöðum
4. Sigurður Björnsson Fagranesi
5. Guðmundur Jónsson Brennigerði
6. Sigríður Daníelsdóttir Framnesi
7. Benedikt Hannesson Framnesi
8. Tómas Pálsson Bústöðum
9. Eiríkur Eiríksson ~~Nautabúi~~ Skatastöðum
10. Sólveig Pálsdóttir Lek
11. Benedikt Sigmundsson Gjótstöðum
12. Gísli Björnsson Frostastöðum

## 8. Yfirsetukvennamál

Þá var fram lagt brjef frá yfirsetukonu í Akrahreppi, Guðbjörgu Sigurðardóttur, dags. 13. þ. m., þar sem hún sækir um lausn frá sýslan sinni eptir fullra 30 ára góða þjónustu í [illegible] umdæmi. Jafnframt sækir hún um hæfileg eptirlaun úr sýslusjóði.

Þareð sýslunefndinni er kunnugt að nefnd yfirsetukona bæði var sjálf

að kosta nám sitt og í öðru lagi gegndi yfirsetukonustörfum um mörg ár launalaust, var samþykkt í einu hljóði að veita henni lausn með 40 kr. eptirlaunum árlega.

Fram lögð voru bænarbrjef frá yfirsetukonunum í Lýtingsstaðahreppi og Seilu og Staðahreppum, Helgu Indriðadóttur í Gilhaga og Ingibjörgu Jónsdóttur í Halldórsstöðum, um 20 kr. árlega launaviðbót, og bera bjóðir með sjer, að báðar hafi þar þjónað meira en 10 ár, enda er fram komin vottorð um það, að þær hafi staðið vel í stöðu sinni. Var samþykkt með atkvæðum fjölda að veita þeim, hvorri um sig, 10 kr. viðbót við laun þeirra árleg framvegis.

Sýslunefndarmaðurinn í Holtshreppi bar fram tillögu um, að nefndum hreppi



verði skipt í 2 yfirsetukvennaumdæmi, sökum þess hve víðlendur hreppurinn sje og illur yfirferðar einkum á vetrum, auk þess sem það umdæmi er hið fjölbyggðasta af yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar. Að þessu var gefinn góður rómur af ýmsum nefndarmönnum, en jafnframt var því hreift, að ástæða gæti verið til að breyta takmörkum fleiri yfirsetukvennaumdæma austan Vatna. Þareð mál þetta er eigi nægilega undirbúið, var samþykkt að kjósa 3 manna aukanefnd til að koma fram með tillögur sínar í þessu efni fyrir næsta sýslunefndarfund. Fyrir þessari kosningu urðu:

1. Einar Guðmundsson Hraunum
2. Hermann Jónasson Hólum
3. Friðrik Stefánsson Skálá

## 9. Kvennaskólamál.

Framlagt var bréf amtmanns dags. 14. júní f. á., er tilkynnir að amtsráðið hafi á fundi 1.-3. s. m. staðfest frumvarp til reglugjörð skipulagsskrár fyrir kvennaskólann á Ytriey, með þeim breyting, er sýslunefndin hafði stungið uppá á fundi sínum 3. febrúar f. á. (tölul. 13)

Þá var fram lagt bréf frá forstöðunefnd kvennaskólans dags. 6 febr. 1892 ásamt reikningum þeim og skýrslum, fyrir fardagaárið 1890-91, er eigi voru komnar til sýslunefndarinnar á fundi hennar í fyrra, nefnil:

a. reikningur yfir tekjur og gjöld skólans 1890-91

b. skrá yfir skuldir við kvennaskólann í fardögum 1891

c. skrá yfir skuldir skólans við aðra á sama tíma

d. ágrip af innstæðu skólans sam-



kvæmt úttekt 16. maí s. á.

e. skrá yfir nemendur skólaárið 1891-92

Skjöl þessi voru yfirfarin af nefndarmönnum, og hafði nefndin ekkert við þau að athuga.

Enn fremur voru fram lögð þessi skjöl:

a. reikningur um tekjur og gjöld skólans árið 1891-92

b. skrá yfir skuldir skólans í fardögum 1892

c. skrá yfir innistandandi skuldir hjá skólanum í fardögum 1892

d. útdráttur úr gjörðabók skólans af aðalfundi 17-18. maí f. á. og aukafundum 16. ágúst og 10. f. m.

e. bónarbréf frá forstöðunefnd skólans dags. 7. þ. m. um fjárstyrk úr sýslusjóði fyrir þetta ár, að minnsta kosti 200 kr

Í síðastnefndu bréfi er það tekið fram, að forstöðukona skólans hafi sótt um það til forstöðunefndarinnar

að greitt yrði af skólasjóði
1. fyrir keyptar bækur til bókasafnsins í Ytriey 291 kr 80 a
2. í kennslukostnað fyrir veturinn 1891–92 fram yfir það, sem sýslunefnd Húnvetninga hefur ákveðið 102 kr 70 a.
3. laun handa þriðju kennslukonu veturinn 1892–93 200 kr og fæðiskostnað hennar með fl., í hið minnsta 120 kr

og hefur forstöðunefndin vísað þessum fjárumsóknum frá sjer, en beint þeim til hlutaðeigandi sýslunefnda

Að því er kennslukostnaðinn snertir, veitir sýslunefndin fyrir sitt leyti eindregið samþykki til þess, að hann verði greiddur úr skólasjóði, en í tilliti til bókakaupanna vill sýslunefndin, áður en hún afræður neitt um það, fá til yfirlits (skrá yfir) bækur þær, sem keyptar hafa verið handa skólanum.



Samþykkt var að veita 200 kr styrk til skólans úr sýslusjóði fyrir árið 1893, þannig að helmingur fjártillagsins greiðist í innskript á Sauðárkrók. Einnig er upphæð styrksins bundin því skilyrði, að sýslunefnd Húnvetninga veiti skólanum að minnsta kosti jafna upphæð

Þá var fram lagt brjef (frá) sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu dags. 21. marz f. á., ásamt útdrætti úr gjörðabók sýslunefndarinnar frá 9. s. m., er sýnir, að sýslunefnd Eyfirðinga hefur ályktað að leita samkomulags við sýslunefndir Skagfirðinga og Húnvetninga um sameining kvennaskólans eyfirska við þeirra kvennaskóla. Jafnframt var fram lagt brjef Árna Þorkelssonar á Geitaskarði dags 9. þ. m., þar sem hann minnist á, að það hafi heyrzt sjer talsverð óánægja með að hafa Ytriey fyrir kvennaskólasetur, og

bendir jafnframt á tækifæri til að
fá annað hentugra skólasetur innan
takmarka þeirra sýslna, er kvenna-
skólann hafa stofnað, með því að
svo hagi til, að í Blönduósi sje
fáanlegt íbúðarhús kaupmanns
Jóhanns Möllers, sem sje sjerstaklega
traust og vandað hús. Enn fremur
er þess getið að auðgert muni að
fá kaupmann Möller til að taka
jörðina Ytriey og húsin þar í fullu verði fyrir
hús sitt í Blönduósi. Þrátt fyrir
þennan kost álítur sýslunefndin,
að svo framarlega sem skólinn yrði fluttur
frá Ytriey, væri nauðsynlegt að útvega
honum annan hentugri stað en
Blönduós, sjerstaklega fyrir þá ástæðu,
að þar sje eigi hentugar gufuskipa-
stöðvar, svo að óvíst sje, að strand-
ferðaskip fáist til að koma þar við.

Aptur á móti var gefinn góður



rómur að erindi sýslunefndarinnar
í Eyjafjarðarsýslu um að leita sam-
komulags um sameining kvennaskól-
anna, án þess neitt sje fyrirfram
ákveðið um, hvar hinn sameinaði kvennaskóli eigi að
standa.

## 10. Búnaðarskólamál

Fram lagt var brjef stjórnarnefndar
Hólaskóla dags. 31. desbr. f. á., er
fer þess á leit, að sýslunefndin
ásamt sýslunefndunum í Húnavatns
Eyjafjarðar og Suður Þingeyjarsýslu
gangi í ábyrgð fyrir peningaláni allt
að 8000 kr. upp í kostnað við bygging
skólahúss á Hólum. Jafnframt
var til sýnis lýsing skólahússins,
skrá yfir herbergjaskipun þess og
yfirlit yfir byggingarkostnaðinn, sem
alls er áætlaður 20000 kr. Eptir
nokkrar umræður samþykkti sýslu-
nefndin að taka að sjer ábyrgðina, að

áskildu samþykki amtsráðsins í
norðuramtinu, og var þar að lútandi
álitsgjörðarskjal undirritað af oddvita
sýslunefndarinnar og öllum sýslunefnda-
mönnunum.

Enn fremur var fram lögð fundargjörð
stjórnarnefndarinnar frá 9.-12. maí f. á.

## 11. Búnaðarfjelög

Í brjefi dagsettu 19. septbr. f. á.
hefur amtmaður tilkynnt, að lands-
höfðingi hafi veitt 4 búnaðarfjelögun-
um hjer í sýslu fjárstyrk af upphæð
þeirri, sem veitt er í 10. gr. C. 4. b.
hinna núgildandi fjárlaga, eins og
hjer segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| búnaðarfjelagi | Akra | hrepps | kr. 134.40 |
| — " — | Lýtingstaða | — — | — 56.90 |
| — " — | Seilu | — — | — 69.20 |
| — " — | Staðar | — — | — 64.10 |

Í Viðvíkur hreppi er nýstofnað bún-



aðarfjelag. Til að skoða jarðabætur
fjelagsins og semja skýrslu um þær
hefur oddviti til bráðabirgða útnefnt
Björn Pjetursson á Hofstöðum sem
aðalmann og Gunnar Ólafsson á Lóni
sem varamann, og var þessi útnefning
samþykkt af sýslunefndinni.

## 12. Varnarreglur gegn sullaveiki

Samkvæmt ályktun sýslunefnd-
arinnar á fundi 3. febr. f. á. (tölul. 6)
hefur verið leitað álits hreppsnefnda
um frumvarp það til reglugjörðar um
hundahald í sýslunni, er hlutaðeig-
andi hjeraðslæknir hafði samið eptir
áskorun sýslunefndarinnar. Álitsskjöl
hreppsnefndanna voru nú fram lögð
og bera þau með sjer að almennings-
álitið hneigist að því, að reglugjörð
geti eigi orðið framkvæmd nema
6 gr. hennar, er svo hljóðar:
„Alla hunda skal hreinsa að

„minnsta kosti einu sinni á ári
„með kamaladupti eða öðru við-
„eigandi efni eða meðali eptir ráði
„heilbrigðisstjórnarinnar."

Þessi ákvörðun var samþykkt í einu hljóði. Oddvita var falið að hlutast til um, að hjeraðslæknirinn birgði sig upp með nægu kamaladupti, en nefndarmenn tóku að sjer að brýna fyrir hreppsnefndunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar áðurnefndri ákvörðun.

## 13. Sauðárkrókshöfn.

Þá var fram lagt álitsskjal þeirra Einars Guðmundssonar á Hraunum og Sigurðar Ólafssonar á Hellulandi, er á fundi sýslunefndarinnar í fyrra vetur (tölul. 28) voru kosnir til að skoða afstöðuna við Sauðárkróks-



höfn og láta uppi álit sitt um, hvort tiltækilegt sje að leggja kostnað í eitthvert mannvirki til að bæta höfnina. Hafa þeir athugað eyrina fyrir utan Krókinn og mælt dýpi sjávarins fram af eyrinni, þar sem hún skagar lengst fram. Hefir þeir mælt dýpið þannig

| | | |
|---|---|---|
| 30 faðma | undan landi | 4 álnir |
| 60 — | — — | 7 — |
| 90 — | — — | 11 — |

Eru þeir á því máli, að takast mætti að búa til þann öldubrjót fram af eyrinni, er nokkuð tryggði höfnina ef fje væri fyrir hendi, en sökum fjárskortsins hallast þeir helzt að því, að búinn væri til malarkambur fram af eyrinni, er staðið gæti í móti brimróti utan frá, en til að auka aðburð að slíkum malarkambi, væri nauðsynlegt að veita Gönguskarðsánni beint fram eyrina, eins og hún hefur áður runnið, í

stað þess að hún nú rennur út
undir melskorninnið þar fyrir ofan.

Enn fremur var fram lagt álits-
skjal kaupmanna á Sauðárkrók þessu
máli viðvíkjandi. Að því er snertir
byggingu fastrar uppskipunarbryggju,
er kom til umræðu á sýslunefndar-
fundinum í fyrra, ráða þeir fast-
lega frá, að farið verði að leggja út
stórfje til þess fyrirtækis, með því
slík bryggja mundi varla geta stað-
ist vegna sjóróts og kynni að verða
fyrir skemmdum af hafísreki.
Aptur á móti eru þeir mjög með-
mæltir byggingu öldubrjóts fram af
Gönguskarðsáreyrinni, með því fyrir-
komulagi, sem þeir Einar Guðmunds-
son og Sigurður Olafsson hafa
stungið upp á. Jafnframt lýsa þeir
áliti sínu um hagsmuni þá, er
slík hafnarbót mundi hafa í



för með sjer fyrir sýslufjelagið.

Að máli þessu var gjörður góður
rómur og buðust ýmsir nefndar-
menn, kaupmenn og fleiri utan-
fundarmenn, sem við staddir voru,
til að styrkja það með frjálsum
fjártillögum, til þess að gera megi
til reynslu dálitla byggingu í þessa
átt. En með því málið er bæði
mjög mikilsvarðandi í sjálfu sjer
og athugavert í ýmsu tilliti, var
eptir tillögu sýslunefndarmannsins
í Holtshrepp samþykkt að kjósa
3 manna nefnd til þess enn
betur að íhuga það og koma fram
með beinar tillögur þar að lút-
andi. Fyrir þeirri kosningu urðu
sýslunefndarmennirnir í Holts,
Hóla og Sauðár hreppum, og
skulu þeir koma fram með til-

lögur sínar, áður en fundinum er lokið.

14. Gufubátsferðir á

Þá var fram lagt brjef frá sýslunefndarmanninum í Holtshreppi dags. 4. f. m., þar sem því er hreift, að sýslunefndin eigi hlut að því að sínu leyti, að gufubátsferðir komist á milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar og um báða þá firði. Skýrði hann munnlega frá hugmynd sinni um þetta fyrirtæki og kostnað þann, sem af því mundi leiða. Um mál þetta urðu allmiklar umræður, er lyktuðu með því, að samþykkt var að vísa því til nefndar þeirrar, er kosin var til að undirbúa hafnarmálið, og var nefndinni falið að koma fram með álit sitt og gjöra tillögu um hina fyrirhuguðu gufubátsferðir.



15. Dragferja á Austurósum.

Oddviti lagði fram brjef landshöfðingja 3. maí f. á. og 30. nóvbr. síðastl. viðvíkjandi útborgun þeirra 2400 kr., sem veittar voru til þess að koma svifferjum á Hjeraðsvatnaósana. Eins og kunnugt er, var slík ferja sett á Vesturósinn á síðastliðnu sumri. En eptir áliti skynberandi manna er Austurósinn örðugri viðfangs. Og því getur verið spurning um, hvort ekki sje heppilegra að hafa ferjuna dálítið framar en við sjálfan ósinn, undan svonefndu Kiðanesi. Til að athuga þetta mál, áður en því verði ráðið til lykta, var samþykkt að vísa því til sömu nefndar, sem hefur til meðferðar málið um gufubátsferðir, og er svo til ætlast, að hún komi fram með álit sitt, áður en fundi er lokið.

### 16. Hreppsnefndarkosning

Þá var fram lagt brjef amtmanns dags. 14. júní f.á. er skýrir frá, að amtsráðið á fundi sínum 1.–3. s.m. hafi ályktað, að þegar hreppsnefndarkosningar fóru fram í Akrahreppi 1893 og 1896, skyldi (að eins kosið) til 5 ára (sbr. fundargjörð 3. febr. f.á. tölul. 12).

### 17. Lántaka Sauðárhrepps

Fram lagt var brjef hreppsnefndarinnar í Sauðárhreppi dags. 12. þ.m., þar sem þess er farið á leit, að sýslunefndin veiti samþykki sitt til að hreppsnefndin taki 500 kr peningalán úr landsbankanum (eða öðrum gr. sjóði) til sveitarþarfa Sauðárhrepps. Sýslunefndin samþykkti í einu hljóði umrædda lántöku samkvæmt 26. gr tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.



### 18. Lánveiting Sauðárhrepps

Samkvæmt fundarályktun hreppsnefndarinnar í Sauðárhreppi 11. þ.m. hefur oddviti nefndarinnar í brjefi 13. s.m. farið þess á leit, að sýslunefndin veiti samþykki til þess, að hreppsnefndin megi veita Sauðárkrókskirkju 500 kr lán úr sveitarsjóði Sauðárhrepps, og var þetta samþykkt af sýslunefndinni í einu hljóði.

### 19. Styrktarsjóðir alþýðufólks.

Oddviti leiddi athygli nefndarmanna að eptirliti því, sem sýslunefndin á að hafa með framkvæmd laga 16. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki samkvæmt 9. gr. nefndra laga. Jafnframt lagði hann fram reikninga yfir styrktarsjóðsgjöldin í hinum ýmsu hreppum samda eptir fyrirmynd, er hann hefur sent öllum hreppsnefndum. Við reikninga þessa

fannst ekkert að athuga. Fólu nefndar-
menn að sjá að sjá um, að slíkir
reikningar yrðu árlega eptirleiðis sendir sýslu-
nefndinni í tæka tíð.

Var fundinum frestað til morguns

Daginn eptir hinn 16 dag febrúar-
mánaðar var fundinum fram haldið

## 20. Ullarvöndun.

Í bréfi dags. 11. þ. m. hafa kaupmenn
á Sauðárkrók ~~hafa~~ leitt athygli að
því, að verkun á ull hafi að undan-
förnu verið mjög ábótavant, en þar af
hafi aptur leitt mikil verðlækkun á
þessari vörutegund. Skora þeir upp á,
að sýslunefndin hlutist til um þetta
mál, og benda jafnframt á það fyrirkomu-
lag er þeir álíta hagkvæmast til að hrinda
því áleiðis. Tillögur þeirra lúta að
því:

1. að matsmenn sjeu útnefndir af
sýslumanni til að meta ull þá,



er látin er í verzlun og ætluð er til
útflutnings, og skipta ullinni í flokka
eptir gæðum.

2. að verðmunur sje gerður á ullinni eptir
flokkaskiptingu matsmanna.
3. að kaup matsmanna sje greitt að hálfu
úr sýslusjóði og að hálfu af kaup-
mönnum.

Að máli þessu var gerður góður rómur
og eptir nokkrar umræður var samþykkt
að kjósa 3 manna nefnd til að íhuga
það og láta uppi álit sitt um það
áður en fundinum er lokið. Fyrir
þeirri kosningu urðu sýslunefndar-
mennirnir í Holts, Viðvíkur og
Staðar hreppum.

## 21. Heilbrigðismál

Formaður heilbrigðisnefndarinnar
í Sauðárhreppi hefur í bréfi dags.
8. þ. m. leitt athygli að ýmsum
óþrifnaði í Sauðárkrók, er geti valdið

sóttnæmi, auk þess sem að slíkt
sje hin mesta viðurstygð. Stingur
hann uppá, að hlutast verði til um,
að salerni verði byggt við hvert íbúðar-
hús á staðnum, svo og 2 - 3 slík hús
fyrir ferðamenn, er sækja til Sauðár-
króks. Sýslunefndin álítur þetta
nauðsynjamál og felur oddvita að skora
á hreppsnefndina í Sauðárhreppi að
gera gangskör að því að kippa því í
lag með tilstyrk lögregluvaldsins.

## 22. Útsvarsmál b.

Nefnd sú, er á fundinum í fyrra dag
var kosin til að segja álit sitt um
útsvarskærur úr Viðvíkurhreppi, hefur
komið fram með tillögur sínar þar að
lútandi. Var álitsskjalið upp lesið og
sömuleiðis bréf frá hreppsnefndinni
dags. 14. þ. m., er inniheldur ýtarlegri



ástæður fyrir úrskurðum hennar
frá 28. nóvbr. f. á.

Þess skal getið, að Guðmundur
Pjetursson hefur krafist 6 kr. lækk-
unar á aukaútsvari sínu, en Þor-
grímur Ásgrímsson 6 kr. 50 a. lækk-
unar á sínu útsvari, og jafnframt
hefur hann krafist, að útsvör Björns
Pjeturssonar og Sigurðar Pjeturssonar
verði hækkuð um 3 kr. 25 a. hvors
um sig. Eptir öllum málavöxtum
var á hinar framkomnu kærur lagður
svofelldur úrskurður:

1. Að útsvar Guðmundar Pjeturssonar
á Hafdölum færist niður um 1 kr. 50 a.
2. Að útsvar Þorgríms Ásgrímssonar
í Hafstaðaseli lækkist um 3 kr.
3. Að aukaútsvör þeirra bræðra Björns
Pjeturssonar og Sigurðar Pjeturssonar
á Hafstöðum færist upp um
2 kr. hvors um sig.

## 23. Ferjumál

Fram lagt var brjef frá Sigmundi Jóhannssyni á Húsabakka dags 15. þ.m. þar sem hann skýrir frá, að hann sje ófáanlegur til að taka að sjer ferjuhald á Húsabakka, eins og sýslunefndin hefur farið fram á, nema því að eins að hann fái 30 kr styrk til ferjukaupa. Sýslunefndin samþykkti, að á Húsabakka verði stofnuð lögferja, og að ferjutollurinn fyrir lausamann sje ákveðinn 20 aurar. Ennfremur var samþykkt að veita Sigmundi Jóhannssyni hinn umbeðna 30 kr styrk úr sýslusjóði til ferjukaupa, móti því að hann á sínum tíma gefi bátinn falan fyrir það verð sem hann kann að verða virtur umfram tjeðar 30 kr. Eptir tillögu sýslunefndarmannsins í Seiluhreppi var



samþykkt, að ferja sú, sem hingað til hefur verið á Eyhildarholti, leggist niður.

Þá var framlagt brjef frá ferjumanninum að austanverðu við Vesturós Hjeraðsvatnanna, Magnúsi bónda Árnasyni í Utanverðunesi, dags. í dag, þar sem hann gerir þá fyrirspurn, hvort honum sje eigi frjálst að sækja þá, sem óska þess, vestur yfir ósinn, en verði þessari fyrirspurn svarað neitandi, krefst hann þess að ferjutollurinn verði hækkaður. Sýslunefndin álítur, að ferjumaðurinn í Utanverðunesi verði að vera háður þeim ákvörðunum, sem almennt eiga sjer stað um lögferjur, að hann megi að eins ferja af sínu landi. Þó finnur sýslunefndin ástæðu til að gera þá undantekningu frá hinni almennu reglu, að ferjumaðurinn í Utanverðunesi megi sækja þá menn

vestu yfir ósinn, sem vilja leggja
og þá af leiðandi þurfa að flytja
féð sinni, en í þeim tilfellum
skulu ferðamenn borga 15 aura um
fram hinn ákveðna ferjutoll, er
innheimtist af ferjumanninum í
Utanverðunesi og greiðist til ferjumanns-
ins á Tjörn. Jafnframt var sam-
þykkt að hækka ferjutollinn í
Utanverðunesi úr 33 a. upp í 50 aura
fyrir lausan mann með hest, móti
því að ferjumaðurinn taki að sjer alla
umsjón með dragferjunni, setji hana
fram á vorin og upp á haustin á
sinn kostnað.

## 24. Kynbætur hesta.

Þá var fram lagt brjef frá þeim
Rögnvaldi Bjarnasyni, Þorvaldi Arasyni
og Gísla Þorlákssyni dags. 8. þ. m., ásamt
frumvarpi til reglugjörðar um kynbætur



hesta, er þeir hafa samið eptir áskorun
frá oddvita sýslunefndarinnar. Eptir
nokkrar umræður var samþykkt að
fela oddvita að senda öllum hrepps-
nefndum í sýslunni endurrit af téðu
frumvarpi, skora á þær að gera til-
raunir í þá átt, sem frumvarpið
bendir til, og senda síðan til
oddvita sýslunefndarinnar álit sitt
og athugasemdir við frumvarpið,
er síðan verði lagðar fram á næsta
aðalfundi sýslunefndarinnar.

## 25. Hluttaka í Chicagosýningunni.

Sýslunefndarmaðurinn í Seilu-
hreppi, alþingismaður Jón Jakobsson,
vakti máls á því, að því hefði
verið hreift bæði í blöðunum og á
mannfundum í öðrum hjeruðum,
að Ísland taki þátt í heimssýn-
ingunni í Chicago í sumar með

því að senda þangað fulltrúa fyrir sína hönd, og til þess hefði verið nefndur þjóðskáldið Matth. Jochumsson, er að allra dómi væri manna best til þess kjörinn. En þessu gæti eigi orðið framgengt, nema því að eins að þjóðin legði fram hinn nauðsynlega fjáreyri. Enda gæti enginn vafi um það verið, að fjárveitingarvaldið á sínum tíma mundi samþykkja slíka fjárveitingu. En með því útborgun fjárins mætti ekki bíða þess, að næsta Alþingi kæmi saman, væri eigi annað að fyrir hendi en að landsstjórnin veitti fjeð fyrir fram upp á væntanlegt samþykki löggjafarvaldsins.

Allir fundarmenn voru einhugaum, að það væri sómi fyrir þjóðina,



að taka þátt í hinni umræddu heimssýningu með þeim hætti, er stungið hefur verið upp á, og til að greiða fyrir málinu, var samþykkt í einu hljóði að senda áskorun til landshöfðingjans um að hlutast til um, að skáldinu Matth. Jochumssyni verði í tæka tíð veittur sæmilegur fjárstyrkur til að mæta sem fulltrúi fyrir Íslands hönd á Chicagosýningunni á komandi sumri. Var alþm. Ól. Briem kjörinn til að senda landshöfðingja áskorun þessa.

26. Afrjettarmál.

Oddviti lagði fram brjef frá prófasti hon. J. Hallssyni dags. 5. þ. m., þar sem hann sem eigandi Reynistaðar býður þeim hreppum, sem upprekstur eiga á Reynistaðarafrjett, að leigja þeim afrjettina til lengri eða skemmri tíma fyrir ákveðið

eptirgjald árlega. Til þess að breyta
því fyrirkomulagi í tilliti til af-
gjaldanna, sem að undanförnu
hefur átt sjer stað, er nauðsynlegt,
að eigandi hennar komi sjer saman
við hlutaðeigandi hreppsnefndir
um upphæð leigunnar og aðra leigu-
~~samninga~~ skilmála. Sýslunefndin
er því fyllilega samþykk, að hlut-
aðeigandi hreppsnefndir geri gild-
andi samninga um þetta mál
á þann hátt, sem best þykir henta
fyrir viðkomandi sveitarfjelög.

27. Hreppstjórakosning.

Þareð fyrverandi hreppstjóri í
Sauðárhreppi Vigfús Guðmundsson
fluttist til Vesturheims á síðast-
liðnu sumri, ber að nefna til 3
menn í hans stað og undir þessi
fyrir kosningu.



1. Björn Jónsson Veðramóti.
2. Jón Guðmundsson Brennigerði.
3. Benedikt Sölvason Ingveldarstöðum

28. Sveitaverzlunarleyfi.

Oddviti skýrði frá, að Konráð
hreppstjóri Jónsson í Bæ hefði
sótt um leyfi til sveitaverzlunar
samkvæmt 5. gr. laga 7. nóvbr. 1879.
Sýslunefndin samþykkti í einu
hljóði, að veita hið umbeðna leyfi.

Fundinum var frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 17. febrúar-
mánaðar var fundinum fram haldið.

29. Kláfdráttur á Hjeraðsvötnum.

Oddviti lagði fram brjef hreppsnefnd-
arinnar í Lýtingsstaðahreppi dag. 28. júní
f. á., þar sem hún skýrir frá, að
Þorkell bóndi Pálsson í Flatatungu
hefði neitað að taka að sjer umsjón

kláfdráttarins á Hjeraðsvötnunum með þeim kjörum, sem reglugjörð kláfdráttarins til tekur, og sjerstaklega þverneitað að hafa á hendi nokkra innheimtu til viðhalds honum. Hefur hann skotið því til sýslunefndarinnar, að taka að sjer kláfdráttinn til allrar umsjónar og viðhalds framvegis, með því hann að öðrum kosti mundi leggjast niður, enda hefði orðið að grípa til þess óyndisúrræðis á síðastliðnu vori, að loka kláfnum sökum undanfærslu Flatatungubóndans. Eptir alllanga umræðu varð sú niðurstaðan, að sýslunefndin vildi eigi að svo stöddu veita neinn styrk til viðhalds kláfnum eða hafa neina frekari umsjón með honum en reglugjörðin ákveður.

## 30. Breyting á aðalpóstleið

Þá var fram lagt brjef frá oddvitanum í Lýtingsstaðahreppi dags. 30. f. m., þar sem því er hreift, að í stað þess að aðalpóstleiðin nú liggur þvert yfir hjeraðið frá Víðimýri ofan hjá Völlum, verði hún framvegis látin liggja frá Víðimýri um Reyki í Tungusveit fram Dalsplás og yfir Vötnin nálægt Flatatungu. Í sambandi við þetta er því hreift, að byggja brú yfir Hjeraðsvötnin á þessari leið. Sýslunefndin fann að svo stöddu ekki ástæðu til að fara fram á hina áminnstu breytingu á póstleiðinni.

## 31. Fjallskilareglugjörð

Fram lagt var brjef amtmanns dags. 14. júní f. á., ásamt útdrætti úr fundargjörð amtsráðsins 1.–3. s. m., er inniheldur ýmsar athugasemdir við frumvarp til reglugjörðar fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil a. fl., er eigi náði staðfestingu amtsráðs-

ins á síðasta fundi þess. Jafnframt var téð frumvarp lagt fram, lesið upp og borið undir atkvæði ásamt þar að lútandi breytingartillögum. Þvínæst var frumvarpið í heild sinni með á orðnum breytingum samþykkt í einu hljóði, og oddvita falið á hendur að senda það amtsráðinu til staðfestinga og löggildingar samkvæmt lögum 22. marz 1890.

## 32. Refaveiðareglugjörð

Þá var fram lagt frumvarp til reglugjörðar um grenjaleitir og refaeyðingu í sýslunni, er í fyrra vetur var sent amtsráðinu til staðfestingar og löggildingar, en eigi náði staðfesting amtsráðsins á fundi þess 1.–3. júní f. á. Frumvarpið var nú lesið upp og borið undir atkvæði ásamt breytingartillögum þeim, er fram hafa komið. Þvínæst



var frumvarpið í heild sinni með á orðnum breytingum samþykkt og oddvita falið að senda það amtsráðinu til staðfestingar samkvæmt lögum 22. marz 1890.

## 33. Rjettarbygging

Í brjefi dags. 3. þ. m. hefur hreppsnefndin í Lýtingsstaðahreppi óskað að sýslunefndin ákveði, að ný aukarjett sje byggð norðanvert við Kiðaskarð. Áður en máli þessu er ráðið til lykta, þykir oss eiga að leita álits hreppsnefndarinnar í Seiluhreppi, sem búist er við að taki þátt í rjettarbyggingunni, ef til kemur.

## 34. Vöruvöndun

Aukanefnd sú, er kosin var til að láta uppi álit sitt um uppástungur kaupmanna á Sauðárkróki áhrærandi mat á ull eptir gæðum, hefur nú lokið starfi sínu og var álitsskjal

~~þeirra~~ nefndarinnar fram lagt, og ber það með sjer, að allir nefndarmenn hafa orðið sammála, nema að því er snertir kaup matsmanna, því að meiri hluti nefndarinnar hefur lagt það til, að upp í þann kostnað greiðist allt að 300 kr. úr sýslusjóði, en minni hlutinn hefur haldið því fram, að allur kostnaðurinn greiðist af kaupmönnum. Að því er snertir aðalefni málsins, álítur nefndin æskilegt, að ull sú, sem tekin er í verslun, sje metin og henni skipt í 3 flokka eptir gæðum, og að mat þetta sje framkvæmt af föstum vörumatsmönnum á þeim stað, þar sem tekið er á móti ullinni, ennfremur, að 5 aur. verðmunur sje gerður á ullinni, eptir því, í hverjum flokki hún er. Kaupmatsmanna þykir hæfilegt að sje 4 kr. um daginn, og



álítst réttast, að tími sá, er matsmenn gegna störfum sínum, fari ekki fram úr 20 virkum dögum, þó svo, að kaupmenn skuldbindi sig til að viðhafa vörumatsmennina á sinn kostnað, ef ull er lögð inn, eptir að hinn ákveðni tími er útrunninn. Tryggilegast þykir að sýslumaður útnefni matsmennina, helminginn eptir uppástungu sýslunefndarinnar og helminginn eptir tillögum kaupmanna. Allar þessar uppástungur voru samþykktar, og sömuleiðis sú tillaga meiri hluta aukanefndarinnar, að helmingur kostnaðarins til vörumatsmannanna greiðist úr sýslusjóði, þó svo, að sú upphæð fari ekki fram úr 300 kr. Sýslunefndarmaðurinn í Staðarhreppi, er var í minni hluta aukanefnd-

arinnar, óskaði bókað, að þessari
síðustu áhöðum, að nokkur hluti
kostnaðarins við ullarmatið greiddist
úr sýslusjóði, væri hann algjörlega
ósamþykkur.

Sem ullarmatsmenn á komand-
sumri kaus sýslunefndin fyrir sitt
leyti:

1. Hermann Þorsteinsson Reykjahlíð
2. Þorgrím Kristjánsson Enni
3. Jón Sigurðsson Skútustöðum
4. Rögnvald Þorleifsson Ósland(i)
5. Gunnar Ólafsson Lóni
6. Albert Kristjánsson Páfastöðum
7. Benedikt Sölvason Ingveldarstöðum
8. Pjetur Sigurðsson Borgargerði

## 35. Gufubátsferðir.

Fram lagt var álitsskjal auka-
nefndar þeirrar, er kosin var til



að lýsa áliti sínu um gufubátsferð-
irnar norðanlands með ströndum fram
Leggur nefndin það til, að sýslunefndin
kjósi 3 manna nefnd til framkvæmda
í máli þessu, og skori á sýslu-
nefndirnar í Eyjafjarðar og Suður-
Þingeyjarsýslum að taka mál þetta
til yfirvegunar, og að þær hver um
sig einnig kjósi 3 menn í nefnd.
Allar þessar 3 manna nefndir skulu
svo mynda eina sístarfandi nefnd
í málinu, er leiti allra upplýsinga
utan lands og innan, og gjöri allt,
sem gjörlegt þykir í málinu, með
fullu umboði frá sjálfum sýslu-
nefndunum. Tillögur þessar voru
samþykktar, og urðu fyrir kosningu
í framkvæmdarnefnd málsins:

1. Einar Guðmundsson Hraunum
2. Ólafur Briem Álfgeirsvöllum
3. Jón Jakobsson Víðimýri

og til vara:
Hermann Jónasson Hólum
Oddvita var falið á hendur að
rita sýslunefndunum í Eyjafjarðar
og Suður Þingeyjar sýslum um
málið, og jafnframt að skora á oddvita
sýslunefndar Eyfirðinga að kalla
alla nefndarmenn á fund á Akureyri
á næstkomandi vori, ef sýslu-
nefndinni á annað borð vilja sinna
málinu.

36. Sauðárkrókshöfn.

Eptir uppástungu aukanefndar-
innar, er kosin var til að segja álit
sitt um endurbót á Sauðárkróks-
höfn, var samþykkt í einu hljóði
svohljóðandi fundarályktun:
„Að svo fljótt sem ástæður leyfa
„sje grjót tekið upp og flutt að
„syðri hluta eyrartangans norðan



„við Krókinn, og enn fremur að ánni
„þar sem hún skal stýflast. Ánni
„sje veitt eptir farvegum beint niður
„eyrina, og stutt fyrir sunnan ós
„hennar sje hlaðinn breiður garður
„5–10 faðma langur fram í sjó.
„Enn fremur felur nefndin oddvita sínum
„að taka á móti samskotum til
„þessa fyrirtækis og styðja að þeim.
„Sýslunefndarmanni Jóni Guð-
„mundssyni í Brennigerði og bónda
„Christian Hansen á Sauðá er
„falið á hendur að standa fyrir
„framkvæmdum verksins. Heim-
„ilt er oddvita, ef nauðsyn krefur,
„að verja allt að 100 krónum úr
„sýslusjóði til þessa fyrirtækis
„verkinu til framkvæmdar, áður
„en sýslunefndin kemur næst
„saman.

Á fundinum söfnuðust 59 krónu samskot til fyrirtækisins.

37. Dragferja á Austurósinum.

Aukanefnd sú, er hafði til meðferðar málið um dragferju á Austurós Héraðsvatnanna, hefur komið fram með tillögur sínar þar að lútandi. Voru þær nú fram lagðar og upp lesnar. Sýslunefndin ályktaði að vinda bráðan bug að því, að koma upp dragferju á Austurósinn. Að panta efni til ferjunnar var falið Einari Guðmundssyni á Hraunum, en til að standa fyrir smíðinni og öllum útbúnaði voru þeir kjörnir Einar Guðmundsson og Sigurður Ólafsson á Hellulandi, þannig að þeir taki þennan starfa að sér í



sameiningu.

38. Brú á Austurvötnin.

Þareð sýslunefndin getur búist við, eptir áliti kunnugra manna, að Austurós Héraðsvatnanna reynist ekki heppilegur staður fyrir dragferju, en álítur þar á móti, að allgott brúarstæði muni fást á Vötnunum nokkru sunnar, undan svonefndu Krakanesi norðanvert við Gljúfrá, ályktar nefndin að byrja þegar á undirbúningi til þess að brúa þar á nefndum stað. Með því nefndinni er kunnugt, að almenningur austan Vatna hefur mikinn áhuga á þessu máli, felur hún sýslunefndarmanninum í Viðvíkurhreppi að leita samskota til fyrirtækis

þessa. Samskotum þeim, er kunna að safnast, skyldi varið til að byggja gjótgarð, sem álitst að annars vegar við brúarstæðið. Enn fremur tók hann að sjer að sjá um upptekt á grjóti á næsta hausti og flutning þess til brúarstæðisins eptir að vetri.

Jafnframt var samþykkt, að skora á alþingismenn sýslunnar að hlutast til um, að næsta Alþingi veiti fjárstyrk úr landssjóði til hinnar fyrirhuguðu brúargerðar.

39. Brúarmál

Oddviti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld brúarsjóðs sýslunnar fyrir árin 1890, 1891 og 1892 með tilheyrandi fylgiskjölum, og bar hann með sjer, að sjóðurinn er



í skuld um 215 kr. Var reikningurinn yfirlitinn af nefndarmönnum, án þess neitt fyndist við hann að athuga.

Samþykkt var að hakka brýrnar á Hafsá og Kolbeinsdalsá á næsta vori, og tók sýslunefndarmaðurinn í Holtshreppi að sjer framkvæmd þess. Enn fremur var sama manni falið á hendur að skoða nýtt brúarstæði á Gönguskarðsá. Eptir tillögu sýslunefndarmannsins í Hofshreppi var samþykkt, að veita mætti allt að 10 kr. árlega af sýsluvegagjaldi hreppsins til að moka snjó frá Kolbeinsdalsárbrúnni eptir stórhríðar á vetrum.

Var ákveðið að jafna niður brúargjaldi á næsta vori með 6

aurum á hvert jarðar og lausafjár-
hundrað.

Fundinum var frestað til morguns.

Daginn eptir hinn 18. febrúar-
mánaðar var fundinum fram haldið.

## 40. Sýsluvegir a.

Í bréfi dags. 14. júní f. á. hefur amtmaður tilkynnt, að amtsráðið á fundi sínum 1.-3. s. m. hafi ekkert fundið að athuga við sýsluvegasjóðs reikninginn fyrir árið 1891.

Frá Hofs og Sýtingsstaða hreppum hafa komið skýrslur um ástand veganna í þeim hreppum og tillögur um vegabætur á næsta vori. Að öðru leyti gáfu nefndarmenn skýringar hjá að utanáli hver fyrir sinn hrepp.

Þvínæst var samin svolátandi

## Áætlun



um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins árið 1893.

| Tala | | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| | **Tekjur** | | |
| 1 | Í sjóði við árslok 1892 | | 178.22 |
| 2 | Sýsluvegagjald 1893 | | 1000.00 |
| | Samtals | | 1178.22 |
| | **Gjöld** | | |
| 1 | Endurgjald 1500 kr. láns úr landsjóði | | |
| | a. ársleiga af 200 kr. | 8.00 | |
| | b. 14. afborgun lánsins | 100.00 | 108.00 |
| 2 | Sýsluvegabætur 1893 | | |
| | a í Holts hreppi | 80.00 | |
| | b. í Fells — " — | 50.00 | |
| | c. í Hofs — " — | 100.00 | |
| | d. í Hóla — " — | 250.00 | |
| | e í Viðvíkur — " — | 50.00 | |
| | f í Akra — " — | 90.00 | |
| | g í Sýtingsstaða — " — | 50.00 | |
| | h í Seilu — " — | 200.00 | |
| | i í Staðar — " — | 30.00 | |
| | k í Sauðár — " — | 50.00 | |
| | l í Skefilsstaða — " — | 50.00 | |
| | m. í Rípur — " — | 30.00 | 1030.00 |
| | Flyt | | 1138.00 |

| Tala | Gjöld | | Kr. a |
|---|---|---|---|
| | | Flutt | 1138.00 |
| 3 | Ýmiss gjöld | | 40.22 |
| | | Samtals | 1178.22 |

Sýslunefndarmennirnir tóku það að sér, með ráði hlutaðeigandi hreppsnefnda, að sjá um vegabætur hver í sínum hreppi, og senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslur um vegabæturnar og reikninga yfir tilkostnaðinn í síðasta lagi fyrir árslok.

## 41. Sýslusjóður

Í bréfi dags. 14. júní f. á. hefur amtmaður tilkynnt, að amtsráðið hafi á fundi sínum 1.–3. s. m. samþykkt sýslusjóðsreikninginn fyrir árið 1891, sem ekkert hafi fundist athugavert við.

Ákveðið var að jafna niður sýslusjóðsgjaldi þetta ár með 10 aurum á hvert jarðar og lausafjár hundrað.

Þvínæst var samin svolátandi



## Áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðsins árið 1893

| Tala | Tekjur | Kr. a | Kr. a |
|---|---|---|---|
| 1 | Í sjóði við árslok 1892 | | 602.57 |
| 2 | Sýslusjóðsgjald 1893 | | 1000.00 |
| 3 | Afgjald af Drangey | | 100.00 |
| | Samtals | | 1702.57 |
| | **Gjöld** | | |
| 1 | Sýslunefndarkostnaður | | 300.00 |
| 2 | Yfirsetukvennalaun | | 445.00 |
| 3 | Kvennaskólastyrkur | | 200.00 |
| 4 | Endurgjald 1200 kr. láns úr landssjóði: | | |
| | a. árleiga af 600 kr. | 24.00 | |
| | b. 6. afborgun lánsins | 100.00 | 124.00 |
| 5 | Kostnaður við að bæta Sauðárkrókshöfn allt að | | 100.00 |
| 6 | Kostnaður við ullarmat allt að | | 300.00 |
| 7 | Styrkur til að koma upp ferju á Húsabakka | | 30.00 |
| 8 | Fyrir að safna skýrslum um fuglveiði við Drangey | | 5.00 |
| 9 | Styrkur til sundkennslu | | 100.00 |
| | Flyt | | 1604.00 |

| Tala | Gjöld | Kr. a |
|---|---|---|
| | Flutt | 1604.00 |
| 10 | Önnur gjöld | 98.57 |
| | Samtals | 1702.57 |

## 42 Aðalpóstleið.

Oddviti skýrði frá vegabótum þeim, er gerðar hafa verið á aðalpóstleiðinni í sýslunni síðastliðið ár, og var oddvita falið að setja um 70 kr. styrk úr landssjóði til nauðsynlegustu endurbóta á póstvegunum í Akra og Seilu hreppum þetta ár.

## 43. Hreppsvegir

Eptir tillögu hreppsnefndarinnar í Viðvíkurhreppi í bréfi dags. 27. desbr. f. á. var samþykkt að veginum frá Gljúfrá fram að Hofstöðum sé tekinn í hreppsvegatölu, sömuleiðis var samþykkt að hreppsvegur sé lagður frá Glaumbæ fram og upp á sýsluveginn, eins og



hreppsnefndin í Seiluhreppi hefur stungið upp á. Aptur á móti var veginum austur yfir Víkurmýrar fellt úr tölu hreppsvega eptir tillögu hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi.

## 44. Þjóðjarðabygging

Umboðsmaður Reynistaðarklausturs bar upp tillögu um, að þjóðjörðin Efranes í Skefilsstaðahreppi verði byggð um 1 ár með 30 álna landskuld, sem er helmingi lægri en ákveðið er, með því enginn hafi falað jörðina með hærri landskuld. Þessu er sýslunefndin samþykk fyrir sitt leyti.

## 45. Sýsluvegir &c

Fram lagt var bréf hreppsnefndarinnar í Viðvíkurhreppi dags. 27. desbr. f. á., þar sem þess er farið á leit, að sýsluvegur verði lagður yfir Kolbeinsdal, Gröfarháls, Hjaltadal, Hrísháls og til Gljúfrár, svo ofan með Gljúfrá að

norðan til sýsluvegar. Sýslunefndin gaf þessari tillögu góðan róm, en með því ekkert fje er aflögu frá brú-nauðsynlegum vegabótum á þeim stöðunum, sem eru viðurkenndir sýsluvegir, var af ráðið að fresta úrslitum þessa máls að sinni.

46. Sundkennsla

Oddviti lagði fram brjef landshöfðingja dags. 10. júní f. á., þar sem hann veitir 100 kr. til sundkennslu hjer í sýslu næstliðið ár af fje því, sem veitt er í fjárlögunum 13. gr. B. VIII. c.

Samþykkt var að framhalda sundkennslu á næsta vori bæði við sundlaugina í Lambanesreykjum í Fljótum og við Steinstaðalaug í Lýtingsstaðahreppi. Til kennslunnar var ákveðið að veita úr sýslusjóði 100 kr. Jafnframt var oddvita falið að sækja um 100 kr.



úr landssjóði af fje því, sem veitt er til sundkennslu í fjárlögunum. Af fje þessu er ákveðið að launa hinum væntanlegu sundkennurum, svo að kennslan verði ókeypis fyrir pilta þá, er kennslunnar njóta.

47. Þjóðjarðasala.

Þá voru fram lögð brjef frá leiguliðum þjóðjarðanna Skarðsá í Staðarhreppi og Keldudal í Rípurhreppi dags. 26. f. m. og 9. þ. m., þar sem þeir æskja tilhlutunar til að þeir fái ábúðarjarðir sínar keyptar. Jafnframt voru við hendina lýsingar umboðsmanns dags. 10. þ. m., er sýslunefndin álítur rjettar eptir þeirri þekkingu, sem nefndarmenn hafa til jarðanna. Sýslunefndin metur jarðirnar þannig:

1. Skarðsá ........ 2200 kr
2. Keldudal ........ 1900 kr

Enn fremur voru fram lögð brjef
frá leigutökum þjóðjarðanna Sauðár
og Reykja í Sauðárhreppi dags. 23.
f.m. og 15. þ.m., þar sem þeir fara
þess á leit, að fá keyptar ábúðar-
jarðir sínar. En með því eigi voru
fyrir hendi lýsingar á jörðum þessum,
sá sýslunefndin sjer eigi fært að upp-
kveða mat á þeim að svo stöddu.

## 48. Póstmál

Fram lagt var brjef frá kaup-
mönnum á Sauðárkróki dags. í dag,
þar sem þeir fara þess á leit, að
sýslunefndin hlutist til um, að
aukapóstur gangi frá Víðimýri til
Sauðárkróks í hvert skipti eptir
komu norðanpóstsins þangað frá
Akureyri, er snúi samdægurs aptur
að Víðimýri. Sýslunefndin álítur
þessa tillögu á góðum rökum byggða,



og vill því styðja hana með sínum
beztu meðmælum. Felur hún oddvita
sínum að rita landsstjórninni um
málið til þess að fá því til leiðar
komið, að hin umrædda aukapóst-
ferð verði tekin upp.

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson. Ólafur Briem
Hermann Jónasson F. S. Stefánsson
Jón Jakobsson Pál Jónsson Rögnvaldur Þorleifsson
Þ. B. Guðmundsson Jósef J. Björnsson
Sigfús Jónsson Rögnvaldur Bjarnason
Guðmundsson Jónas Jónsson

Ár 1893 fimtudaginn 1. júní var
á Sauðárkrók haldinn aukafundur
sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu
Fundinn sóttu auk oddvita nefndar-
menn úr Hofs, Hóla, Lýtingstaða,
Seilu, Staðar, Sauðár, Skefilstaða

og Rípur hreppum.

Til meðferðar voru tekin þessi mál:

## 1. Sveitakennarar.

Fram lagt var umsóknarbrjef frá sveitakennara Magnúsi Sigurðssyni á Sauðárkrók um fjárstyrk úr landssjóði af fje því, sem veitt er til sveitakennara í fjárlögunum. Vill sýslunefndin mæla sem best fram með því, að hann fái hluttöku í nefndri fjárveitingu þetta ár.

## 2. Ferjumál.

Í brjefi dags. 30 f.m. hefur Hallur Jóhannsson í Garði, ferjumaður að vestanverðu við Austurós Hjeraðsvatna, sótt um 35 kr. styrk til ferjukaupa í staðinn fyrir bát, sem hann hefir misst í ofsaveðri á síðastliðnu vori. Var samþykkt að veita honum umbeðinn fjárstyrk úr sýslusjóði.



## 3. Brúarmál.

Þá var fram lögð skýrsla um skoðun Einars Guðmundssonar á Hraunum á brúarstæði á Austurvötnum dags. 1. apríl þ. á., ásamt áætlun yfir kostnað við þá brúargerð, að upphæð 8500 kr. Var það álitið ofætlun fyrir sýslufjelagið upp á sitt eindæmi að standast allan kostnaðinn við þetta fyrirtæki. En með því það er hið mesta nauðsynjamál, var afráðið að sækja um fjárstyrk úr landssjóði til fyrirtækisins allt að 5000 kr. og oddvita falið að afgreiða þar að lútandi bónarskrá til næsta alþingis. Jafnframt var alþingismönnum sýslunnar falið að styðja þetta mál á þingi með öflugum meðmælum.

## 4. Þjóðjarðasala.

Þá voru fram lögð brjef frá leiguliðum þjóðjarðanna Sauðár og

Reykjá í Sandárhreppi dags. 22 janúar og 15. febrúar þ. á., þar sem þeir æskja tilhlutunar til, að þeir fái ábúðarjarðir sínar keyptar. Jafnframt voru við hendina lýsingar umboðsmanns dags. 10. apríl þ. á.

Sýslunefndin metur jarðirnar þannig:

1. Sandá . . . . . . . . . . 3000 kr
2. Reykir . . . . . . . . . . 2500 kr

5. Heiðurslaun.

Oddviti lagði fram bónarbréf frá Jóhanni hreppstjóra Pjeturssyni á Brúnastöðum um heiðursgjöf af styrktarsjóði Christians konungs hins níunda í minningu þúsund ára hátíðar Íslands ásamt vottorði tveggja manna um aðgerðir hans til framfara í búnaði. Sýslunefndin vill leggja sín beztu meðmæli með því, að umsækjandi verði hinnar umbeðnu heiðursgjafar aðnjótandi.



6. Búnaðarskóli.

Þá var fram lagt bréf frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum dags. 18. f. m. ásamt endurriti af fundargjörð stjórnarnefndar skólans frá 11.-15. s. m., svo og 15 eintök af skólaskýrslunni fyrir árið 1891-92. Fundargjörðin var lesin upp og skólaskýrslunni útbýtt meðal nefndarmanna. Eins og fundargjörð stjórnarnefndarinnar (tölul. 19) ber með sjer, hefur skólastjóri Hermann Jónasson sagt lausri stöðu sinni sem forstjóri búnaðarskólans frá 14. maí 1894. Í sambandi við þetta mál var fram lagt bréf frá námssveinum á Hólum dags. 23. f. m., þar sem þeir æskja tilhlutunar til þess að reynt verði að sjá um, að nefndur skólastjóri fari ekki frá búnaðarskólanum

að svo stöddu. Sýslunefndin er
einhuga í því, að það sje mjög svo
mikils varðandi fyrir skólann að
fá að halda sama skólastjóra sem
nú er, og var samþykkt að senda
honum skriflega áskorun um, að
hann, ef unnt væri, hætti við það
áform að yfirgefa skólann, en með
því þessi sýsla er ekki nema 1/4
hluti úr skólaumdæminu, getur
þessi áskorun eigi haft fulla þýð-
ingu. Þar á móti álítur sýslu-
nefndin eina ráðið til að kippa þessu
í lag sje að fara þess á leit við
amtsráðið, að það sendi skólastjór-
áskorun um að apturkalla lausa-
sögn sína, og gaf skólastjóri von
um að hann mundi verða við
slíkri áskorun, ef hún kæmi frá
amtsráðinu. Var oddvita falið



að rita amtsráðinu um þetta
mál fyrir fund þess í yfirstand-
andi júnímánuði.

7. Póstmál.

Eptir ósk Hegranesbúa í bjef-
dags 31. f. m. var samþykkt að
mæla með því, að bjefhirðing verði
stofnuð að Garði í Hegranesi.

Fundi slitið.

Jóhannes Ólafsson. Ólafur Briem
Rögnvaldur Þorleifsson J. Jónsson
Hermann Jónasson Sigfús Jónsson
Guðmundsson Jón Jakobsson Jón Jónsson

Bók þessi, sem hefir að geyma 221 (tvö hundruð tuttugu og eitt) tölusett blað, og sem er gegnumdregin og útbúin með inn- sigli amtsins, löggildist hjer með sem gjörðabók Skagafjarðarsýslu.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 13. febr. 1884.

J. Havsteen
settur.